
SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ KENNAÐEILDAR HA

Þingvallastræti 23, 600 Akureyri

Sími 463-0570, Fax 463-0997

**SKÓLA- OG
ÆSKULÝÐSMÁL Í
VESTMANNAEYJUM
MATSKÝRSLA**

Trausti Þorsteinsson

Guðmundur Engilbertsson

Sigríður Síta Pétursdóttir

Rósa Eggertsdóttir

Bragi Guðmundsson



Maí 2005

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	5
2.	Gögn og aðferðir	6
3.	Uppeldi og menntun	9
4.	Vestmannaeyjar	13
4.1	Ágrip af sögu	13
4.2	Fólksfjöldaþróun 1901–2004	14
4.3	Aldursdreifing í Vestmannaeyjum	14
4.4	Ánægja með búsetuskilyrði 1997	15
4.5	Hvernig er að búa í Eyjum	15
4.6	Fræðslu- og menningarsvið	17
4.6.1	Leikskólar	18
4.6.2	Grunnskólar	18
4.6.3	Framhaldsskóli og Tónlistarskóli	20
4.6.4	Íþrótta- og æskulýðsfélög	21
5.	Skólastarf	22
5.1	Stefna sveitarfélagsins í skólamálum	22
5.2	Útgjöld til fræðslu- og uppeldismála	24
5.3	Stjórnun leikskóla	25
5.4	Stjórnun grunnskóla	26
5.5	Stjórnun Tónlistarskóla	29
5.6	Stjórnun Framhaldsskólans	29
5.7	Samskipti fræðsluskrifstofu og skóla	30
5.8	Kennarar	34
5.9	Leikskólanemendur	36
5.10	Grunnskólanemendur	37
5.10.1	Deildaskipan	39
5.11	Skólanámskrár leikskóla	40
5.11.1	Kirkjugerði	41
5.11.2	Rauðagerði	42
5.11.3	Sóli	43
5.12	Skólanámskrár grunnskóla	43
5.12.1	Barnaskóli Vestmannaeyja	44

5.12.2	Hamarsskóli.....	46
5.13	Skólanámskrá Framhaldsskóla.....	49
5.14	Skólanámskrá Tónlistarskóla	49
5.15	Nám og kennsla.....	50
5.15.1	Leikskólar.....	51
5.15.2	Grunnskólar.....	55
5.15.3	Framhaldsskóli	59
5.15.4	Tónlistarskóli.....	60
5.16	Agamál	61
5.17	Sérkennsla	64
5.18	Náms- og starfsárangur skólanna	66
5.18.1	Samræmd próf grunnskóla	67
5.18.2	Sjálfsmat skólanna.....	71
5.19	Samstarf heimila og skóla	73
5.20	Líðan nemenda og félagsleg samskipti	79
6.	Íþrótt- og æskulýðsmál.....	82
6.1	Félagsstarf og tómstundir	82
6.2	Félagsmiðstöðin Féló	86
6.3	Íþrótt- og tómstundastarf	88
6.4	Samstarf og tengsl íþrótt- og æskulýðsmála við skólastarf.....	91
6.5	Forvarnarstarf.....	93
7.	Umræða	95
7.1	Að vera Vestmannaeyingur	95
7.2	Viðhorf til menntunar.....	96
7.3	Yfirstjórn og skipulag.....	97
7.3.1	Fræðsluskrifstofa.....	98
7.3.2	Einn grunnskóli eða tveir	99
7.4	Mannauður skólanna	102
7.5	Nám og kennsla.....	104
7.5.1	Þátttaka foreldra í skólastarfi.....	109
7.6	Íþrótt-, félags- og tómstundastarfsemi.....	111
8.	Skólaþróun og umbótastarf	116
9.	Heimildir	122

Myndir

Mynd 1: Fólksfjöldi 1910–2004.....	14
Mynd 2: Fjöldi nemenda í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum 2001–2004.....	20
Mynd 3: Skipulag skólamála í Vestmannaeyjabæ.	22
Mynd 4: Hlutfall fræðslu- og uppeldismála af skatttekjum sveitarfélaga 2003.....	24
Mynd 5: Þátttaka starfsfólks í stefnumótun skólans.....	26
Mynd 6: Afstaða kennara til þess hvort þeir taka þátt í að móta stefnu skólans.	28
Mynd 7: Skipurit Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.	30
Mynd 8: Skipurit fyrir fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyjabæjar.....	31
Mynd 9: Afstaða til þjónustu fræðsluskrifstofu við leikskólana.	32
Mynd 10: Afstaða til aðstoðar utan skóla.....	32
Mynd 11: Afstaða til getuskiptra bekkjardeilda.	40
Mynd 12: Afstaða til samskipta nemenda og kennara.	56
Mynd 13: Afstaða kennara til krafna um reglulegt heimanám.....	58
Mynd 14: Alúð nemenda við heimanámið.....	59
Mynd 15: Afstaða kennara til námsárangurs í skólanum.	67
Mynd 16: Meðalárangur í íslensku (6 stiga kvarði).	70
Mynd 17: Meðalárangur í stærðfræði (6 stiga kvarði).	70
Mynd 18: Framfarastuðull í íslensku 2000–2004.	70
Mynd 19: Framfarastuðull í stærðfræði 2000–2004.	70
Mynd 20: Lengd viðveru barna í leikskólum 1999–2003.....	74
Mynd 21: Samstarf foreldra við leikskólann.....	75
Mynd 22: Aukin þátttaka foreldra í starfi leikskóla.	76
Mynd 23: Aðstaða fyrir foreldra í leikskólum.	77
Mynd 24: Þekking á stefnu skólans.....	78
Mynd 25: Afstaða til félagsstarfs í grunnskólunum.	84
Mynd 26: Afstaða til tómstundastarfs í grunnskólunum.	84
Mynd 27: Afstaða til aðkomu grunnskólanna að íþrótt- og tómstundastarfi.....	85
Mynd 28: Afstaða til félags- og tómstundastarfs utan grunnskóla.	86
Mynd 29: Afstaða til hvers konar listastarfsemi fyrir börn og unglinga í Vestmannaeyjum... 86	
Mynd 30: Afstaða til forvarnarstarfs Félagsmiðstöðvarinnar.	88
Mynd 31: Framlög til æskulýðs- og íþróttamála 2003 sem hlutfall af skatttekjum.	89
Mynd 32: Afstaða til metnaðar íþróttafélaga gagnvart unglingastarfi.	90
Mynd 33: Afstaða til samstarfs íþrótt-, æskulýðsfélaga og skóla.	91

Töflur

Tafla 1: Fólksfjöldi 1910–2004.....	14
Tafla 2: Hlutfallsleg aldursskipting ungs fólks í Vestmannaeyjum árið 2003.....	14
Tafla 3: Ánægja/óánægja með búsetuskilyrði 1997.....	15
Tafla 4: Afstaða til stefnu og metnaðar sveitarfélagsins í skólamálum 2005.	23
Tafla 5: Samskipti starfsfólks leikskóla og umgengnisreglur.	35
Tafla 6: Fjöldi barna sem fædd eru 1999–2003 og leikskólabörn í Vestmannaeyjum.	37
Tafla 7: Þróun nemendafjölda í grunnskólum Vestmannaeyja 2004–2011.	37
Tafla 8: Fjöldi nemenda og deilda í grunnskólum Vestmannaeyja.....	38
Tafla 9: Starfsaðferðir leikskólans.	51
Tafla 10: Vinna leikskólanemenda í hóptímum, hrós, framfarir og erfiðleikar.	54
Tafla 11: Samskipti í leikskóla.....	55
Tafla 12: Ánægja með grunnskólann.	55
Tafla 13: Kennsluaðferðir í grunnskólunum.	56
Tafla 14: Vinna nemenda í kennslutímum.	57
Tafla 15: Afstaða til heimanáms.	58
Tafla 16: Afstaða til reglna, umgengni og hegðunar í leikskólum.....	62
Tafla 17: Reglur í grunnskólum.	62
Tafla 18: Viðbrögð skóla við námserfiðleikum.	66
Tafla 19: Metnaður skóla fyrir hönd nemenda.....	67
Tafla 20: Hlutföll einkunna á normaldreifðum fimm þrepa kvarða.....	68
Tafla 21: Dreifing framfaratalna í skólum með fleiri en 11 nemendur í árgangi.....	68
Tafla 22: Árangur grunnskólanna á samræmdum prófum..	69
Tafla 23: Meðaltal samræmdra grunnskólaeinkunna í samræmdum prófum 2002–2004.	70
Tafla 24: Afstaða foreldra og starfsfólks leikskóla til samstarfs við foreldra.....	75
Tafla 25: Vilji foreldra til samstarfs við skólann og viðhorf þeirra til hans.....	78
Tafla 26: Afstaða til samstarfs kennara og foreldra og upplýsinga milli skóla og heimila.....	79
Tafla 27: Afstaða til aukinnar þátttöku foreldra í skólastarfi.	79
Tafla 28: Afstaða nemenda til skólans og metnaður þeirra til náms.....	81
Tafla 29: Samskipti nemenda í grunnskóla og aðgerðir gegn einelti.....	81

1. Inngangur

Í skýrslu þessari er lýst niðurstöðum úttektar á skóla-, íþrótta- og æskulýðsstarfsemi í Vestmannaeyjabæ. Að frumkvæði framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs bæjarfélagsins var leitað til menntamálaráðuneytisins um aðstoð við gerð heildarúttektar á leik-, grunn- og framhaldsskólum auk tónlistarskóla í Vestmannaeyjum ásamt sambærilegrar úttektar á íþrótta- og tómstundamálum bæjarins og tengslum þess við skólastarf. Í framhaldi af samningi á milli Vestmannaeyjabæjar og menntamálaráðuneytisins var óskað eftir samvinnu við skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri við úttektina. Undirritaður var samningur í september 2004 milli aðilanna þriggja um úttektina og vinnu skólaþróunarsviðs við hana. Í samningnum var kveðið á um það að úttektina skyldi vinna á tímabilinu 14. september 2004 til 23. mars 2005 en þá skyldi skólaþróunarsvið skila lokaskýrslu til samningsaðila.

Af hálfu skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA var sett á laggirnar úttektarteymi sem í sátu Trausti Þorsteinsson, Bragi Guðmundsson, Guðmundur Engilbertsson, Rósa Eggertsdóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir og önnuðust þau framkvæmd verkefnisins.

Í þessari skýrslu verður fjallað um mat á starfi skólanna og aðstæðum barna og ungmenna til félags- og tómstundastarfs. Gerð er grein fyrir hvernig upplýsinga var aflað og helstu niðurstöðum lýst. Fyrst er vikið að stefnu sveitarfélagsins í skólamálum, útgjöldum til fræðslumála, stjórnun skólanna og samskiptum þeirra og fræðsluskrifstofu. Þá er grein gerð fyrir mönnun skólanna, nemendafjölda og rýnt í skólanámskrár. Síðan er fjallað um nám og kennslu í skólunum, agamál, sérkennslu, náms- og starfsárangur, samstarf heimila og skóla og líðan nemenda og félagsleg samskipti. Eftir umfjöllun um starfsemi skólanna er gerð grein fyrir íþrótta- og æskulýðsmálum í Vestmannaeyjum. Greint er frá helstu niðurstöðum gagnaöflunar er varða félagsstarf og tómstundir, Félagsmiðstöðina, íþrótta- og tómstundastarf, samstarf og tengsl skóla og íþrótta-/æskulýðsfélaga og síðast forvarnarstarf.

Í sjöunda kafla eru niðurstöður ræddar og leitast er við að svara þeirri spurningu sem úttektin beindist að. Í lokakafla er örstutt umræða um skólaþróun og dregnar saman meginniðurstöður og gerðar tillögur til umbóta.

Höfundar þessarar skýrslu vilja þakka þeim fjölmörgu sem lagt hafa verkefninu lið. Of langt mál yrði að telja upp alla þá aðila en formleg viðtöl voru tekin við skólastjóra, skólameistara, kennara, foreldra, nemendur, skólanefndarmenn, fulltrúa í menningar- og tómstundaráði og starfsfólk fræðsluskrifstofu. Öllum þessum aðilum eru færðar þakkir fyrir gott samstarf.

Tengiliður höfunda við verkkaupa hefur verið Andrés Sigurvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Vestmannaeyjabæjar. Höfundar vilja þakka honum gott samstarf og alla liðveislu við úttektina. Þá eru fulltrúum úr menntamálaráðuneyti sem þátt áttu í tilurð úttektarinnar færðar þakkir og samstarfsfólki í kennaradeild sem hvöttu höfunda áfram og studdu.

2. Gögn og aðferðir

Eins og segir í verklýsingu er meginmarkmið úttektaþingarinnar að meta stöðu og árangur skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og unglunga í Vestmannaeyjum og í framhaldi af því gera tillögur til úrbóta. Meginspurningin sem lögð var til grundvallar úttektinni var:

Á hvern hátt má styrkja og bæta starfsemi skóla, íþrótt- og tómstunda sem og samhæfingu þessara þátta til hagsbóta fyrir börn og unglunga í Vestmannaeyjabæ?

Áhersla er lögð á að skoða starfsemi leik-, grunn- og framhaldsskóla bæjarins og tengsl þeirra innávið og útávið og samspil skóla og íþrótt- og æskulýðsmála. Lykilþættir sem áhersla er lögð á að skoða eru:

- Stjórnun, forysta, skipulag náms og framtíðarsýn skólanna
- Náms- eða starfsárangur skólanna
- Líðan nemenda (rýnt m.a. í niðurstöður Rannsóknna & greininga)
- Samskipti heimila og skóla
- Félagsstarf og tómstundir
- Íþrótt- og æskulýðsmál
- Samstarf og tengsl íþrótt- og æskulýðsmála við skólustarf

Litið er vítt á ofangreinda þætti þannig að sem allra flest svið séu til athugunar. Við skoðun einstakra þátta er dregin upp mynd af formi eða fyrirkomulagi þeirra, viðhorfum foreldra, kennara og nemenda til þess, hvernig framkvæmd er háttáð og hver framtíðaráform eru (áætlanir). Í ljósi niðurstaðna úttektaþingarinnar eru dregnir fram veikleikar og styrkleikar einstakra þátta og ábendingar settar fram um úrbætur eða tillögur að þróunarverkefnum.

Spurningalistar

Tölfræðileg gagnaöflun fór fram með spurningalistakönnun. Styrkur slíkra kannana er fyrst og fremst sá að safna má fjölbreyttum gögnum á skömmum tíma. Sterk tengsl eru milli þess sem fólk segist gera og þess sem það gerir og gefur það til kynna að spurningalistakönnun sé tiltölulega áreiðanleg gagnasöfnunaraðferð.¹

Gerð spurningalista tekur talsverðan tíma enda er spurningakönnun flókin rannsóknaraðferð. Með hverju nýju viðfangsefni og spurningu þarf að huga að margs konar aðferðafræðilegum atriðum. Spurningar þurfa að vera skýrar og einfaldar, efnislega réttar og ekki leiðandi. Ákveðið var að styðjast við fullyrðingaspurningar í spurningalistunum, allar með sama svar-kvarða. Voru svarendur spurðir hversu sammála þeir væru tiltekinni fullyrðingu og fimm svarmöguleikar gefnir alveg sammála, sammála, ósammála, alveg ósammála og óákveðinn. Reynt var að gæta þess að spurningarnar væru þannig orðaðar að ekki gæti hneigðar til samþykkis umfram höfnunar og öfugt.

Spurningalistarnir voru forprófaðir, sniðnir af þeim agnár og orðalag skerpt og fært í samræmt horf. Listarnir voru lagðir fyrir foreldra, kennara og nemendur og þess m.a. gætt að spyrja hópana sömu eða sambærilegra spurninga til að geta borið saman svör mismunandi hópa. Þess var gætt að ekki væri hægt að rekja svörin til einstaklinga.

Í grunnskólunum voru lagðir spurningalistar fyrir alla kennara, nemendur og foreldra nemenda í 4., 7. og 10. bekk. Í leikskólum voru þeir lagðir fyrir starfsfólk og foreldra.

¹ Þorlákur Karlsson 2003.

Listarnir voru sendir heim til foreldranna sem skiluðu þeim til viðkomandi skóla í lokuðum umslögum og sáu skólarnir um að senda þá til skólaþróunarsviðs HA. Úttektaraðilar önnuðust hins vegar fyrirlögn spurningalista í skólum fyrir nemendur og starfsfólk.

Svörun hópa var misjöfn. Tæp 60% grunnskólakennara svöruðu könnuninni og rúm 86% leikskólakennara. Svörun nemenda í 4. bekk var rúm 81%, svörun nemenda í 7. bekk var tæp 80% og svörun nemenda í 10. bekk var tæp 80%. Foreldrum gafst kostur á að hafna þátttöku fyrir hönd barna sinna en lítið var um það. Hins vegar var svolítið um veikindi nemenda og starfsfólks þegar könnunin fór fram. Svarhlutfall var þó vel við unandi. Erfitt er að segja nákvæmlega til um svörun hjá foreldrum því í sumum tilvikum eiga þeir börn í fleiri árgöngum en einum en svöruðu samt aðeins einum lista. 118 foreldrar svöruðu og ef reiknuð er heildarsvörun miðað við fjölda nemenda var hún rúm 58%. Reikna má með að sú tala sé fulllág af fyrrgreindum ástæðum.

Unnið var úr spurningalistum í tölfræðiforritinu SPSS og áhersla lögð á lýsandi tölfræði við úrvinnslu. Niðurstöður í töfluformi eru í fylgiskjöllum.

Fyrirliggjandi gögn

Rýnt var í fyrirliggjandi gögn frá skólunum og skólaskrifstofu bæjarfélagsins, s.s. skólanámskrár skólanna og niðurstöður samræmdra prófa en jafnframt í rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið á högum og líðan ungs fólks í Vestmannaeyjum og um áfengis- og vímuefnaneyslu meðal barna og unglinga í bæjarfélaginu.

Við athugun á skólanámskrám var lagður til grundvallar *Gátlisti fyrir greiningu og mat á skólanámskrá* sem tekinn var saman í samvinnu skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA og Gunnars Gíslasonar, skólafulltrúa Akureyrarbæjar, með hliðsjón af gátlista Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við KHÍ. Jafnframt var hafður til hliðsjónar fimm stiga matskvarði Hrólfs Kjartanssonar.²

Til greiningar á niðurstöðum samræmdra prófa í grunnskólum var leitað liðsinnis Námsmatsstofnunar sem lagði úttektaraðila til sundurgreiningu á niðurstöðum slíkra prófa sl. fimm ár. Auk meðaltalsútreiknings var reiknaður framfarastuðull sem gefur vel til kynna það veganesti sem skólarnir leggja nemendum til.

Viðtöl og rýnihópar

Eigindlegra gagna var aflað með viðtölum við skólastjórnendur og forystumenn íþrótt- og æskulýðsmála og með vettvangsathugunum. Rætt var einslega við alla skólastjóra leik-, grunn- og framhaldsskóla auk Tónlistarskólans. Þá voru tekin viðtöl við skólamálaráð og menningar- og tómstundaráð. Auk þessa voru settir saman rýnihópar kennara, nemenda og foreldra á öllum skólastigunum þremur, auk forystumanna í íþrótt- og æskulýðsfélögum í bænum. Ekki var stofnaður rýnihópur fyrir börn á leikskólum.

Viðtöl við rýnihópa (focus groups) er eigindleg rannsóknaraðferð sem notuð er til að öðlast skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps gagnvart ákveðnu viðfangsefni. Markmiðið getur verið að sækjast eftir sameiginlegu álitni hóps eða samþykki en ekki síður að skoða mismunandi viðhorf og reynslu.³

² Hrólfur Kjartansson 1991:20.

³ Sóley S. Bender 2003.

Viðtöl við einstaklinga og rýnihópa voru hálfstöðluð á þann hátt að viðtalsrammi var skipulagður fyrirfram, áhersla lögð á meginspurningar og þeim fylgt eftir eins og kostur var. Viðtölin hófust formlega á kynningum spyrna og þátttakenda og lengd þeirra var 1–1,5 klukkustund hvert. Öll viðtölin voru tekin upp á band og unnið úr þeim á þann hátt að ritaðir voru upp mikilvægustu þættir þeirra til frekari skoðunar. Auk þessa var fundað með skólamálaráði og menningar- og tómstundaráði Vestmannaeyja ásamt því að tekin voru viðtöl við starfsfólk fræðsluskrifstofu og til þeirra sóttar ýmsar upplýsingar.

3. Uppeldi og menntun

Í uppvesti hvers barns eru heimilin lykilstofnanir. Foreldrar og fjölskyldur eru fyrstu uppfræðarar barnanna og hafa ríkar skyldur gagnvart farsælu uppeldi og menntun barna sinna. Þeir bera ábyrgð á fyrstu félagshæfingu þeirra og á því að setja þeim andlega og tilfinningalega umgjörð sem byggja má á í skóla og samfélagi þegar þau vaxa úr grasi. Samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna⁴ á hvert barn rétt á að búa í skjóli fjölskyldu við „hamingju, ást og skilning til þess að persónuleiki þess geti mótast á heilsteyptan og jákvæðan hátt.“⁵ Ennfremur segir að það þurfi að búa hvert barn undir að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins og ala það upp í „anda friðar, virðingar, umburðarlyndis, frelsis og samstöðu.“⁶ Veruleikinn er margbrotinn og á það einnig við um stöðu heimila. Á sama tíma og fjöldi fjölskyldna hlúir vel að uppvesti barna sinna eru aðrar fjölskyldur sem hafa minni burði til þess.

Það er fátt í íslensku samfélagi sem býr fólki undir foreldrahlutverkið. Fræðsla um uppvöxt og þroska barna, samskipti og annað sem kemur foreldrum vel liggur ekki á lausu. Fyrir vikið geta foreldrar orðið óöruggir varðandi ákvarðanir í uppeldi barna sinna, einkum þegar þau komast á unglingsár. Það er yfirleitt ekki fyrr en í óefni er komið að samfélagið býður fram aðstoð sem gjarnan kemur allt of seint því hún beinist að því að leysa vanda fremur en að fyrirbyggja hann.

Skólar eru önnur lykilstofnun í uppvesti barna. Í samvinnu við heimilin er hlutverk þeirra að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir eiga að mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Með vísan til hlutverka grunnskóla freistar skólakerfið þess að mæta þeim samfélagsbreytingum sem eiga sér stað. Skólatími barna hefur lengst bæði í leik- og grunnskólum, tími foreldra til samvista með börnum sínum hefur minnkað og aukin uppeldishlutverk þar af leiðandi færst til stofnana samfélagsins, fyrst og fremst leik- og grunnskóla. Eins og heimilin vinna skólar að því að skapa skilyrði fyrir farsælu uppeldi og menntun. Því er mikilvægt að þessar tvær stofnanir, heimili og skóli, vinni saman og styðji hvor aðra því hvorug getur án hinnar verið.

Skólinn hefur tvennan tilgang: að efla hjá nemendum margvíslega þekkingu og færni, bóklega sem vitsmunalega, og gefa þeim kost á að þroska sig sem einstaklinga og félagsverur svo þeir eigi greiðan aðgang að atvinnu- og félagslífi.⁷ Meginviðfangsefni í almennu skólastarfi er að finna leiðir til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Allir skulu t.d. eiga kost á námi í heimaskóla. Kennurum ber að annast kennslu barna með margháttaðar þarfir, félagslegar og andlegar, barna sem áður voru ekki talin skólahæf og vistuð á stofnunum eða í sérskólum. Þeir mega glíma við margháttaðan samfélagsvanda sem börn færa með sér inn í skólana og efnahagslegt umhverfi krefst þess að skólinn skili frá sér „þekkingarstarfsmönnum“ í æ ríkari mæli til þekkingarsamfélags nútímans.⁸ Þetta eru þær aðstæður sem krefjast þess að kennarar séu fagmenn. Sem slíkir hafa þeir það hlutverk að finna leiðir til að hagnýta á hagfelldan hátt tækni framfarir til hagsbóta námi og kennslu og endurskoða stöðu sína og starf í nýju ljósi.

Á grundvelli skólaskyldu eiga foreldrar að geta vænst þess að börn þeirra séu í umsjá hæfra fagmanna sem eru skuldbundnir til að nota bestu aðferðir og þekkingu til að mæta þörfum

⁴ UNESCO 1992.

⁵ Sama heimild.

⁶ Sama heimild.

⁷ Sama heimild bls. 14.

⁸ Holmes Group 1986:7; Darling Hammond 1990:26.

sérhvers nemanda. Á áttunda áratug síðustu aldar tóku kennarar að leita út úr einyrkja-hlutverki sínu í skólastofunni til „samvirkra“ (interdependent) starfshátta með samkennara, nemendur og foreldra sem samstarfsaðila. Ástæður þessarar þróunar telur Hoyle⁹ vera í fyrsta lagi breyttar áherslur í námskrá, kennslufræði og fyrirkomulagi náms og kennslu, og í öðru lagi „félagspólitískar“. Með félagspólitík er átt við að allir sem tiltekin ákvörðun varðar skuli vera aðilar að henni. Þar með lýtur þróunin að því að auka faglegt vald kennara til að stjórna vinnuaðstæðum og að breyta þrepskiptu valdakerfi í sameiginlegt vald með þátttöku allra viðkomandi.

Hargreaves¹⁰ heldur því fram að þessir nýju starfshættir séu í grundvallaratriðum hreyfing frá hefðbundnum faglegum yfirráðum og sjálfstæði kennara til nýrri tegunda samskipta við samkennara, nemendur og foreldra. Flestir foreldrar eru fúsir til að viðurkenna og lúta sérþekkingu kennara á ákveðnum sviðum. En hreyfing í átt til aukins samstarfs foreldra og kennara á jafnræðisgrundvelli felur í sér nauðsyn endurskoðunar á réttindum og ábyrgð hvors aðila þar sem foreldrar hafa skyldur jafnt sem réttindi og kennarar hafa réttindi jafnt sem skyldur.

Flestir eru sammála um að skólastarf sem byggir á að líta yfir farinn veg og meta hvernig til hefur tekist sé vænlegt til árangurs. Hvers konar samantekt upplýsinga, af opinberra hálfu eða kennaranna sjálfra, á að skapa kennurum bestu möguleika til rýni á skólastarfið og áætlaða um umbætur og þróun. Í upplýsinga- og þekkingarsamfélagi verða félagskerfin opnari en áður og aðgengi að upplýsingum og þekkingu verður auðveldara öllum almenningi.

Í þekkingarsamfélagi nútímans hefur menntun fengið nýtt vægi og skólastarf fengið talsvert breyttar áherslur. Skólinn skal taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Hann skal leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun sérhvers nemanda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Börn og unglingar hafa mismunandi þarfir en öll hafa þau sömu þörf fyrir að þrífast í skólanum og ná árangri. Til að svo megi verða þarf þeim að standa til boða vel skipulögð og metnaðarfull kennsla. Mikilvægt er að innan skólasamfélagsins¹¹ sé sköpuð sameiginleg sýn á hlutverk hvers og eins þar sem byggt er á gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun.

Þekkingin þróast ört og þekkingaröflun fer fram á slíkum hraða að enginn getur tileinkað sér hvaðeina sem að gagni má koma. Framtíðin ber því í skauti sér að hver og einn verður einkum að búa yfir tiltekinni grundvallarfærni er varðar lestur og stærðfræði, ásamt skilningi á sögulegum forsendum samfélagsins, atvinnuháttum, menningu, náttúru, fjölskylduábyrgð, fjármálaskyldum, skyldum einstaklingsins og rétti hans.¹² Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar og á að efla gagnrýna hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til að bregðast við nýjum aðstæðum.

Í skýrslu til UNESCO frá alþjóðlegri nefnd um menntun nú á dögum segir að skólamenntun verði að byggja á fjórum grunneiningum. Þessar grunneiningar eru:

- ✚ nám til að öðlast þekkingu,
- ✚ nám til að öðlast færni,
- ✚ nám til að læra að lifa í sátt og samlyndi við aðra,
- ✚ nám til að verða betri manneskja.

⁹ Hoyle, E. 1975:316.

¹⁰ Hargreaves 1994:424.

¹¹ Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 1999:45 segir að skólasamfélagið í hverjum skóla myndi þrír hópar, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar.

¹² Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 1999:16.

Í þessu ljósi mótast umgjörð náms. Fyrir utan grunnþætti menntunar í lestri og stærðfræði þarf daglegt viðfangsefni skólans að stuðla að því að nemendur læri að læra en sú færni er álitin forsenda þess að öðlast þekkingu. Þessi hæfileiki, að læra að læra, felur í sér þá sýn að hver og einn einstaklingur geti á sjálfstæðan hátt þróað með sér aðferðir við að öðlast þekkingu í víðri merkingu. Í nútímasamfélagi tengist þessi hæfileiki tilteknum rannsóknaraðferðum sem byggjast á kerfisbundinni nálgun viðfangsefna – jafnvel þótt viðkomandi viti lítið sem ekkert í upphafi. Þessar rannsóknaraðferðir byggja á því að nemandinn:

- kunni að spyrja spurninga,
- búi yfir þeirri færni að leita svara og
- setji svörin fram á markvissan hátt fyrir sig og aðra.

Ef fallist er á ofangreinda sýn um máttarstoðir menntunar þarf starf skóla að taka mið af því. Þeir verða að leggja áherslu á nám fremur en kennslu. Sem dæmi um hentugt námsumhverfi má nefna félagslega námskrá sem fellur saman við hefðbundna námskrá. Leiðir og skilyrði í námi sem styrkja ofangreinda nálgun fela í sér m.a.:

- Samvinnunám
- Rannsóknarmiðað nám (enquiry / group investigation)
- Sveigjanleika
- Val og ákvarðanatöku nemenda
- Sjálfsmat nemenda
- Ábyrgð og réttindi
- Markmiðabundið nám (ekki námsbókarstýrt)
- Svæðavinnu
- Umræðuhópa

Leggja ber áherslu á að styrkja vinnubrögð kennara í þá veru að sérhverjum nemanda séu sett eftirsóknarverð markmið að hans mati og sem hann er fær um að glíma við. Þannig fær nemandinn að upplifa sigra fremur en niðurlægingu sem eykur vellíðan hans og örvar hann til meiri átaka. Stuðla þarf að auknu samstarfi kennara og þeir styðji hvern annan í vandasömu verkefni sínu en rannsóknir benda til að nemandur nái betri árangri í námi þar sem kennarar skiptast á hugmyndum, vinna saman í starfi og aðstoða hvern annan við að efla faglega færni sína. Umbótastarf felur í sér mikla vinnu starfsfólks skóla og samstillt átak. Saga skólaþróunar staðfestir að ekki er sjálfgefið að umbótastarf takist.

Í skýrslu um úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi er út kom í maí 2003 á vegum menntamálaráðuneytisins¹³ segir að þátttaka ungs fólks í félags- og tómstundastarfi sé einn af hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku þess í samfélaginu. Í fyrsta lagi felur félags- og tómstundastarf í sér uppeldislegt gildi en þátttaka í starfi af því tagi kennir fólki að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra. Í öðru lagi hefur félags- og tómstundastarf forvarnargildi en niðurstöður félagsfræðilegra rannsókna, bæði innlendra og erlendra, benda til þess að þátttaka ungs fólks í félags- og tómstundastarfi sé vænleg leið til þess að stemma stigu við frávíkshæðun. Rannsóknir benda og til þess að skipulagt félagsstarf skapi aukna festu í lífi ungmenna og umgjörð utan um jafningjasamskiptin og jafningjamenninguna. Í þriðja og síðasta lagi, segir í skýrslunni, hefur skipulagt félags- og tómstundastarf orðið mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem boðið er upp á í sérhverju byggðarlagi. Skipulagt félags- og tómstundastarf er í senn vettvangur fyrir afþreyingu og félagsleg samskipti við jafnaldra en hvort tveggja er ungu fólki lífsnauðsyn. Af þessum sökum má ætla að framboð skipulagðs félags- og tómstundastarfs móti mat fólks á því hve aðlaðandi byggðarlagið er. Í

¹³ Menntamálaráðuneytið 2003:5–6.

Þessu ljósi er félags- og tómstundastarf fjárfesting til framtíðar, ekki síst fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni.

Í skýrslunni segir enn fremur að þjóðfélagsbreytingar undanfarna áratugi hafi haft mikil áhrif á valkosti ungs fólks. Þótt skólaskyldu ljúki við útskrift úr grunnskóla eru væntingar um að það haldi áfram námi. Sjálfræðisaldur hefur verið hækkaður upp í 18 ár og það eitt hefur haft í för með sér breytingu á félagslegri stöðu ungmenna. Af þessum sökum hefur tímabil æskuáranna lengst og staða og lífsstíll ungs fólks, 16 ára og eldri, breyst þannig að það öðlast efnahagslegt og félagslegt sjálfstæði síðar á ævinni. Sú breyting að ungmenni eru lengur í námi en áður hefur myndað aukna þörf fyrir félags- og tómstundastarfsemi sem sniðin er að þörfum ungmenna. Mikilvægt er að ungt fólk á þessum aldri hafi vettvang þar sem hæfileikar þess og sköpunargleði fá að njóta sín.

4. Vestmannaeyjar

Í þessum kafla verður gerð stutt grein fyrir sögu Vestmannaeyja, íbúaþróun, aldursdreifingu íbúanna og búsetuskilyrðum eins og Vestmannaeyingar skilgreina þau sjálfir. Gerð er grein fyrir hlutverki fræðslu- og menningarsviðs, skólum, íþrótt- og æskulýðsfélögum.

4.1 Ágrip af sögu

Föst búseta í Vestmannaeyjum hófst seint á landnámsöld eða um 920. Landnámsmaður eyjanna var Herjólfur Bárðarson. Fram um miðja 12. öld voru Vestmannaeyjar í eign bændna en þá voru þær nær allar lagðar til Skálholtsstaðar.

Rétt eftir 1400 komust eyjarnar í einkaeign Noregskonungs og þar með síðar Danakonungs. Í skýrslu Hannesar Pálssonar hirðstjóra frá árinu 1425 segir meðal annars: „Við Ísland liggur eyja nokkur nefnd Vestmannaey. Hún lýtur með sérlegum rétti beint undir Noregskonung, svo að hann er þar algjörlega alráður.“ Vestmannaeyjar voru í konungseign til 1874.

Árið 1609 urðu Vestmannaeyjar sérstök sýsla en sýslumenn sátu þó ekki í Eyjum fyrr en um 1700. Árið 1627 kom til Vestmannaeyja stór hópur sjóræningja frá Alsír. Drápu þeir 36 manns og námu 243 á brott með sér. Þetta var mikið illvirki og lifir enn í hugum eyjarskeggja.

Fyrsta manntalið, frá árinu 1703, ber þess ljóslega vitni að lífsbaráttan hefur verið hörð. Þá voru Vestmannaeyingar 318 talsins og fjölskyldurnar 56. Móðuharðindin sem komu í kjölfar eldgoss í Lakagígum 1783–1784 leiddu af sér aflaleysi og féllu bæði menn og dýr úr hor. Íbúar voru því einungis 173 um 1800. Síðar fjölgaði aftur og árið 1901 voru íbúar orðnir 607.

Um miðja 19. öld tóku Eyjabúar að eignast fiskibáta sína sjálfir og færðist þar með útgerðin meira í þeirra hendur. Við þetta komst á efnahagslegt sjálfstæði í Vestmannaeyjum. Afli áraskipa jókst umtalsvert þegar tekið var að veiða á línu árið 1897. Fyrsti vélbáturinn kom til Vestmannaeyja 1904 og braut sá atburður blað í sögu þeirra. Byggðin stækkaði ört og á vetrarvertíð tók bæjarlífið stakkaskiptum því mikið líf var í kringum sjómennina. Eyjamiðin gáfu vel af sér og fjölgaði því bátum ört.

Sjósókn á þessum litlu bátum var erfið. Frostaveturinn mikla 1918 kól sjómenn illa í róðrum og voru sumir lengi frá vinnu. Björgunarfélag Vestmannaeyja var stofnað árið 1918 í kjölfar tíðra slysa samfara vélvæðingu útgerðarinnar. Fyrsta björgunar- og varðskip Íslendinga, Þór, var keypt tveimur árum síðar.

Vestmannaeyjar fengu kaupstaðarréttindi árið 1918 og var fyrsti bæjarstjórnarfundurinn haldinn í febrúar 1919.

Simastrengur var lagður til Vestmannaeyja árið 1911 frá Landeyjasandi. Rafstöð var reist 1915 og sá hún allri Heimaey fyrir rafmagni til 1962 þegar rafstrengur var lagður til lands. Rafstöðin var nýtt áfram sem vararafstöð á álagstímum þar til hún fór undir hraun í gosinu 1973. Tvær vatnsleiðslur voru lagðar til Vestmannaeyja á árunum 1968 og 1971 frá Landeyjasandi.

Framkvæmdir voru miklar í Eyjum eftir miðja tuttugustu öld og húsakynni og aðstaða öll var eins og best varð á kosið.


Tíu árum eftir Surtseyjargosið gaus á Heimaey. Sprunga opnaðist um 200 metra frá næstu húsum og var byggðin rýmd til að tryggja öryggi íbúanna. Aðeins um tveir þriðju þeirra sneru aftur til heimkynna sinna að hamförunum loknum.

4.2 Fólksfjöldapróun 1901–2004

Íbúum í Vestmannaeyjum fjölgaði alla síðustu öld fram að gosinu 1973. Margir kusu að halda ekki til baka þegar hamförunum línnti og þótt ýmsir flyttu til Eyja sem aldrei höfðu búið þar áður vantaði allmikið upp á að sami íbúafjöldi næðist á ný. Um 1990 tók fólki aftur að fækka í Eyjum og nemur fækkunin 1990–2004 711 einstaklingum eða 14,4%¹⁴ (tafla 1, mynd 1).

Tafla 1: Fólksfjöldi 1910–2004

Ár	Fjöldi íb.	Ár	Fjöldi íb.
1910	1319	1970	5186
1920	2426	1980	4727
1930	3393	1990	4926
1940	3587	2000	4527
1950	3726	2004	4215
1960	4643		



Mynd 1: Fólksfjöldi 1910–2004.

Eins og sjá má bæði á töflu 1 og mynd 1 fjölgaði Vestmannaeyingum fram til 1970. Á árabílinu 1930–1950 hægði nokkuð á íbúafjölguninni en svo kom ört vaxtarskeið. Eldgosið á Heimaey 1973 hafði síðan alvarlegar afleiðingar fyrir búsetu á eyjunni og markar um margt tímamót. Þótt örlítil fjölgun hafi orðið 1980–1990 hefur íbúum fækkað fast að fimmtungi frá því þegar flest var eða um 971 mann á 34 ára tímabili.

4.3 Aldursdreifing í Vestmannaeyjum

Ungt fólk er hlutfallslega margt í Vestmannaeyjum miðað við aldersdreifingu þjóðarinnar í heild.¹⁵ Þannig eru umtalsvert fleiri á aldrinum sex til tuttugu ára en á landinu öllu en hins vegar ívið færri fimm ára og yngri. Aldursárgangar virðast jafnframt vera að minnka og mun það hafa áhrif á skólasókn á öllum skólastigum. Börnum á leikskólaaldri hefur þegar fækkað mikið og gera má ráð fyrir því að börnum á grunnskólaaldri geti fækkað um 20–30% á næstu tíu árum ef þróunin heldur áfram með svipuðum hætti (tafla 2).

Tafla 2: Hlutfallsleg aldursskipting ungs fólks í Vestmannaeyjum árið 2003.

Aldur	Landið allt	Vestmannaeyjar	Fjöldi	Meðalfjöldi í árgangi
–5 ára	8,7%	8,3%	359	61 ¹⁶
6–10 ára	7,6%	8,7%	380	76
11–15 ára	7,9%	8,6%	374	75
16–20 ára	7,1%	8,2%	356	71
–20 ára	29,6%	33,8%	1469	71
21–25 ára	7,5%	6,5%	281	56

¹⁴ Upplýsingar um mannfjölda eru fengnar úr gögnum frá Hagstofu Íslands, vefslóð www.hagstofa.is.

¹⁵ Byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

¹⁶ Sleppt er þeim sem eru á fyrsta ári við útreikning á þessari tölu vegna þess að tölurnar miðast við 1. desember og þar með er aldersárgangurinn ekki heill.

Athyglisvert er hversu árgangarnir 16–20 ára eru sterkir og bendir það til þess að fremur fáir fari í framhaldsskóla utan Eyjanna. Síðan er lítið á tölunum um aldurshópin 21–25 ára að byggja annað en að þar má sjá vísbendingar um það hversu margir hverfa úr Eyjum að loknum framhaldsskóla til háskólanáms, annars náms eða starfa.

4.4 Ánægja með búsetuskilyrði 1997

Vorið 1997 var gerð Landshlutaönnun búsetuskilyrða og voru niðurstöður hennar birtar í nóvember sama ár.¹⁷ Spurt var um afstöðu til 24 aðgreindra búsetuþátta og þeir síðan flokkaðir niður eftir efnisflokkum. Í töflu 3 er sýndur samanburður á svörum Vestmannaeyinga, Sunnlendinga og íbúa landsins alls til þeirra átta meginflokka sem atriðin 24 voru flokkuð í.

Tafla 3: Ánægja/óánægja með búsetuskilyrði 1997.¹⁸

	Hlutfall ánægðra			Hlutfall óánægðra		
	Vestmanna- eyjar	Suður- land	Landið allt	Vestmanna- eyjar	Suður- land	Landið allt
<i>Atvinnumál</i>	36	33	36	29	40	36
<i>Opinber þjónusta</i>	71	82	73	4	4	10
<i>Húsnæðismál</i>	19	45	37	37	21	29
<i>Menning/afþreying</i>	54	56	66	18	15	14
<i>Samgöngur</i>	64	62	55	7	14	17
<i>Verslun/þjónusta</i>	32	46	50	14	14	18
<i>Umhverfisáðstæður</i>	50	63	72	14	11	9
<i>Veðurfar</i>	37	63	66	44	26	24

Við túlkun á niðurstöðum segir m.a. í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, *Búseta á Íslandi*: „Minnst er ... ánægja með búsetuskilyrði á Ísafirði og í sjávarútvegsbæjunum á Austfjörðum (Neskaupstað, Reyðarfirði og Eskifirði), og einnig koma Vestmannaeyjar frekar laklega úr þessu mati.“¹⁹ Við frekari athugun og greiningu á þáttunum 24 kemur fram að 89% Vestmannaeyinga sögðust vera ánægðir með dagvistarmál í sveitarfélaginu, 96% með grunnskólamál, 72% með framhaldsskólamál, 46% með menningarlíf, 33% með skemmtanalíf, 96% með aðstöðu til íþróttaiðkana og 52% með afþreyingaraðstöðu.²⁰

4.5 Hvernig er að búa í Eyjum

Í Vestmannaeyjum er gott að búa og samkvæmt upplýsingum á heimasíðu bæjarfélagsins nefna íbúar oft þessi atriði (sótt á veffangið www.vestmannaeyjar.is í nóvember 2004):

Börn

- Vestmannaeyjar er paradís barnafjölskyldna; uppeldisskilyrði og þjónusta eru með því besta á landinu.
- Bið eftir leikskólaplássi er hverfandi og á döfinni er bygging nýs leikskóla í austurbænum.
- Í Eyjum þykir mjög ódýrt að vera með börnin á íþróttæfingum miðað við sambærilega staði á landinu.

¹⁷ Stefán Ólafsson. 1997.

¹⁸ Sama heimild 106.

¹⁹ Sama heimild 109.

²⁰ Sama heimild 114.

- Vestmannaeyjar eru öruggt samfélag og Eyjan sem leikvöllur ein sér.
- Pysjutíminn er ævintýri sem enginn krakki gleymir.
- Vöruvalsmótið og Shellmótið eru einstök upplifun fyrir alla krakka.

Skólar og námskeið

- Í Vestmannaeyjum eru tveir glæsilegir grunnskólar og það starf sem þar fer fram er til fyrirmyndar.
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum byggir á traustum grunni og hefur verið í töluverðri uppbyggingu síðustu ár.
- Í Eyjum er boðið upp á fjarnám við Háskólann á Akureyri, Tækniháskóla Íslands, Hólaskóla, Háskóla Íslands og Kennaraháskólann auk þess sem nýlega hefur verið opnuð Fræðslu- og símenntunarmiðstöð sem mun styrkja allt framhaldsnám til muna.
- Mikið uppbyggingarstarf hefur átt sér stað í Tónlistarskólanum og þar er boðið upp á mjög fjölbreytta kennslu á góðu verði.
- Í Eyjum er reglulega boðið upp á myndlistarnámskeið fyrir fólk á öllum aldri.
- Boðið er upp á danskennslu í Eyjum

Íþrótt- og félagsstarf

- Íþróttalíf Eyjanna þekkja allir og óhætt er að segja að Vestmannaeyjar séu einn helsti íþróttabær landsins.
- Golfvöllurinn í Eyjum er einstakur og hefur m.a. verið á lista yfir 200 bestu golfvelli Evrópu.
- Öflug líkams- og heilsurækt er í Eyjum, bæði í Hressó og Íþróttamiðstöðinni.
- Í Vestmannaeyjum er ein glæsilegasta íþróttamiðstöð landsins með þremur löglegum handboltavöllum og einni bestu innilaug landsins.
- Menningarlíf og félagsstarf er mjög öflugt í Eyjum og er leitun að eins öflugum félagsstarfi og gerist í Eyjum.
- Frábært félagslíf fyrir fólk á öllum aldri, t.d. tvö kvenfélög, Kvennadeild Slysavarnafélagsins, Akóges, Sinawik, Kiwanis, Lions, Rotary, Frímúrarak, Oddfellowar bæði kvenna- og karlastúka, Tónsmíðafélag, Björgunarfélag, Round table, Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og K., Félagsmiðstöð unglinga, Skátafélagið Faxi. Á þennan lista vantar eflaust eitthvað.
- Kórar: Kirkjukór, Samkór, barnakórinn Litlir Lærisveinar í Landakirkju, barnakórar skólanna. Mjög gott starf er innan félags eldri borgara og ber sérstaklega að geta þúttvallarins sem er í húsnaði Ísfélagsins.

Annað

- Vestmannaeyjar eru ein helsta náttúruperla landsins og það er ekki að ástæðulausu sem þær hafa verið kallaðar „Caprí of the north“.
- Heilbrigðisþjónusta í Eyjum er öflug og nú standa yfir endurbætur á sjúkrahúsinu sem koma til með að styrkja enn frekar það starf sem þar er unnið.
- Í könnun meðal fólks í Vestmannaeyjum kom fram að samkennd Eyjamanna væri einn helsti kostur þess að búa í Eyjum.
- Sökum landfræðilegrar legu er þjónusta í Eyjum mun meiri en hjá sambærilegu sveitarfélagi.

- Í Vestmannaeyjum eru stuttar vegalengdir þannig að lítill tími fer í að skjótask í og úr vinnu eða að sækja krakkana eða skutla þeim í nám eða til æfinga. Þess í stað getur fólk notað tímann til áhugamála eða að slappa af.
- Hagstætt verð er á íbúðarhúsnæði.
- Mjög snjólétt er í Eyjum.

Engin afstaða skal tekin til þessara þátta, aðeins bent á að þeir prýða opinbera heimasíðu bæjarfélagsins og eru þar með hluti þeirrar ímyndar sem Vestmanneyingar vilja hafa af sjálfum sér og veita öðrum.

4.6 Fræðslu- og menningarsvið

Stjórnkerfi Vestmannaeyja er skipt upp í fjögur svið. Eitt sviðanna, fræðslu- og menningarsvið, tekur til grunnskóla, leikskóla, skóladagheimilis, tónlistarskóla, listaskóla, íþróttamála, æskulýðs- og tómstundamála, menningarmála og vinnuskóla. Þá tilheyra ferðamál sviðinu einnig. Innan sviðsins starfa tvær nefndir, skólamálaráð og menningar- og tómstundaráð.

Skólamálaráð starfar skv. bæjarmálasamþykkt og erindisbréfi fyrir skólamálaráð Vestmannaeyja. Ráðið heyrir undir fræðslu- og menningarsvið bæjarins og fer það með málefni leikskóla sbr. *lög um leikskóla nr. 78/1994*, málefni grunnskóla skv. *lögum um grunnskóla nr. 66/1995* og málefni Listaskóla Vestmanneyja sbr. *lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985* og *lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga nr. 87/1989*. Undir Listaskóla Vestmannaeyja fellur Tónlistarskóli Vestmannaeyja og Gamla áhaldahúsið sem er fjölnota salur, notaður undir hvers listsýningar og tómstundanám á sviði listmenntunar.

Menningar- og tómstundaráð starfar skv. bæjarmálasamþykkt og reglugerð fyrir menningar- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar. Ráðið fer með stjórn menningar-, tómstunda- og íþróttamála, að svo miklu leyti sem bæjarfélagið á þar hlutdeild að. Það annast málefni sem tengjast framkvæmd íþrótt- og æskulýðsmála, s.s. nýtingu íþróttamannvirkja og stjórn félagsstarfs á vegum bæjarins. Þá fer ráðið með stjórn safna bæjarins og aðra þá þætti er varða menningarmál á hans vegum sem og málefni sem tengjast *lögum um almenningabókasöfn nr. 36/1997*.

Framkvæmdastjóri fer fyrir fræðslu- og menningarsviði og stýrir fræðsluskrifstofu. Þar starfa auk hans fræðslufulltrúi sem jafnframt er kennsluráðgjafi, menningarfulltrúi, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, leikskólafulltrúi, sálfræðingur, námsráðgjafi og þroskaþjálfari. Tveir hinna síðastnefndu eru staðsettir úti í skólunum en námsráðgjafinn hefur einnig vinnuskyldu á fræðsluskrifstofu. Innan fræðsluskrifstofu er starfrækt sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla skv. *lögum og reglugerð*. Að hluta til er sérfræðiþjónusta skólanna samþætt félagsþjónustu. Þannig starfar sálfræðingur til jafns sem starfsmaður félags- og fjölskyldusviðs.

Hlutverk fræðsluskrifstofu er m.a. að vera faglegt forystuafli í skólum bæjarins, annast yfirstjórn menntamála í umboði bæjaryfirvalda, taka þátt í að móta heildarstefnu um starfsemi og uppbyggingu skóla og stuðla að því að öll börn njóti eins góðrar menntunar og kostur er. Auk þessa annast fræðsluskrifstofa málefni íþrótt-, menningar- og tómstundamála, hefur eftirlit með stjórnun og rekstri íþróttamannvirkja, gæsluvallar og svæða, félagsheimilis og safna.

4.6.1 Leikskólar

Í Vestmannaeyjum eru starfræktir þrír leikskólar, Kirkjugerði, Rauðagerði og Sóli.

Leikskólinn **Kirkjugerði** var reistur fyrir gjafafé úr söfnun Hjálparstofnunar kirkjunnar. Húsið var vígt í október 1974. Skólalóðin er nokkuð rúm og þar eru hefðbundin leiktæki.

Í fyrstu var leikskólinn tveggja deilda en árið 1976 var Viðlagasjóðshúsi komið fyrir á lóðinni. Þar dvöldu 12 börn frá tveggja ára aldri. Ekki var innangengt á milli húsa. Viðlagasjóðshúsið var rífið 1991 og hafist handa við að byggja við leikskólann. Í september sama ár var tekinn í notkun hluti viðbyggingarinnar. Í þeim hluta er núverandi starfsmannaaðstaða og leikfimisalur. Til að byrja með var leikfimisalurinn og hluti af starfsmannaaðstöðunni notaður undir þriðju deildina. Í mars 1994 var nýja álman að fullu tilbúin. Fjórar deildir eru nú í húsinu, tvær hálf dagsdeildir og tvær með sveigjanlegan vistunartíma frá sex tímum upp í tíu tíma vistun.

Frá 1998 hefur verið unnið með umhverfið og náttúruna og ætlunin er að Kirkjugerði verði umhverfisvænn leikskóli með áherslu á umhverfismenntun. Saga eyjanna er nýtt í starfi skólans og m.a. er farið í vettvangs- og skoðunarferðir að ýmsum kennileitum í Vestmannaeyjum.

Leikskólinn **Rauðagerði** hóf starfsemi sína 5. nóvember árið 1973. Í maí 1974 var starfsemin flutt í núverandi húsnæði sem norski Rauði krossinn gaf. Lóð leikskólans er fremur stór og búin hefðbundnum leiktækjum sem eru komin nokkuð til ára sinna. Rauðagerði var heils dags leikskóli frá upphafi og er því eini leikskóli bæjarins þar sem eldað er fyrir börnin í eldhúsi skólans.

Í grófum dráttum er hugmyndafræði Mariu Montessori lögð til grundvallar í starfi leikskólans og á hverri deild er afmarkað horn með heimatilbúnum námsgögnum í anda hennar. Gengið er út frá einstaklingsbundnu námi, áhuga og þroska hvers einstaklings. Tónlistin skipar stóran sess og markviss tónlistarkennsla er hjá öllum börnum. Í svokölluðum skólahópum er unnið með markvissa málörvun og stærðfræði, ritmálið er gert sýnilegt, auk tákns með tali.

Boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma frá sjö klukkustundum upp í tíu klukkustundir á þremur deildum. Aldursskipting barnahópsins er frá 1 árs til 6 ára og samtímis eru 60 börn í skólanum.

Leikskólinn **Sóli** hefur verið starfræktur frá 1960. Áður fyrr var fjöldi barna breytilegur og fór eftir atvinnuástandi hverju sinni. Gat hann orðið meiri en góðu hófi gegndi á sildar- og loðnuvertíðum. Í dag er Sóli þriggja kjarna leikskóli, með börn á aldrinum 16 mánaða til 6 ára og sveigjanlegan viðverutíma en skólinn er opinn kl. 7:30–17:30. Þriðji kjarninn á Sóla var opnaður í apríl 2002 þegar tekið var á leigu húsnæði þar sem Hvítasunnusöfnuðurinn hafði rekið leikskóla. Það hús er ágætt en langt er á milli kjarna. Útisvæði skólans er lítið en lóðin er búin flestum hefðbundnum leiktækjum.

Frá 1998 hefur Sóli lagt Hjallastefnuna til grundvallar í starfsemi sinni. Stefnan byggir m.a. á jákvæðni, kærleika, einfaldleika, aga og jafnrétti. Deildir þriggja til sex ára barna eru aldursblandaðar en kynskiptar. Markmið kynskipts leikskólastarfs er að gera báðum kynjum kleift að mætast á jafningjagrundvelli. Í Litla kjarna eru börn á aldrinum 16 mánaða til 3 ára og þar er kynjaskipt að hluta.

4.6.2 Grunnskólar

Fyrsti barnaskóli landsins var settur á stofn í Vestmannaeyjum árið 1745 og starfaði í fáein ár uns fé þraut til starfsrækslu hans. Aftur var settur á laggirnar barnaskóli í Vestmannaeyjum árið 1880 og hefur hann verið starfræktur samfleytt til dagsins í dag. Allt til ársins 1989

annaðist skólinn aðeins kennslu barna að tólf ára aldri. Á árunum 1990–1992 færðust 8.–10. bekkur smám saman til Barnaskólans og Hamarsskóla úr Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja sem hafði annast kennslu unglingadeilda í Vestmannaeyjum auk þess að starfrækja tveggja ára framhaldsbrautir að loknu lands- eða gagnfræðaprófi. Með þessari breytingu var Gagnfræðaskólinn lagður niður og framhaldsbrautir skólans fluttar til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum sem var stofnaður 1979 og bæði Barnaskóli Vestmannaeyja og Hamarsskóli gerðir að heildstæðum tíu árganga skólum.

Í **Barnaskóla Vestmannaeyja** eru 417 nemendur á aldrinum 6–16 ára í 21 bekkjardeild. Við skólann starfa í misstórum stöðugildum 45 kennarar að meðtöldum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, 14 skólaliðar og 10 stuðningsfulltrúar. Auk þess starfa við skólann húsvörður og skólaritari. Skólahjúkrunarfræðingur kemur frá Heilsugæslustöð Vestmannaeyja. Boðið er upp á hádegismat fyrir nemendur í 1.–7. bekk. Húsnæði skólans er frá mismunandi tímum, elsti hlutinn frá 1917. Síðan hefur verið byggt við fjórum sinnum. Íþróttakennsla fer fram í Íþróttamiðstöðinni við Brimhólalaut. Frá 1995 hefur kennsla verið samfelld við skólann og hann einsetinn.

Barnaskólinn leggur áherslu á að nemendur kynnist sérstöðu heimabyggðar sinnar eins og jarðfræði, dýralífi og sögu. Þá vill skólinn efla samkennd, vináttu og sjálfsöryggi nemenda og er unnið að því m.a. með samveru á sal, íþróttadegi, upplestrarkeppni, útivistardögum, opinni viku, þar sem m.a. menntaður leikstjóri hefur verið til aðstoðar síðustu ár, árshátíð, og ýmsu öðru. Skólinn er virkur þátttakandi í erlendum samskiptum með nýjustu tækni og má þar nefna Jason-verkefnið, þátttöku í Comeniusar-verkefni, GLOBE- umhverfisverkefnið og fleira. Á heimasíðu sinni kynnir Barnaskólinn framtíðarsýn sína á eftirfarandi hátt:

- Við teljum að góður skóli sé stolt hvers sveitarfélags
- Við viljum að námið sé fjölbreytt og hvetjandi
- Við viljum að nemendur temji sér sjálfsaga og metnað, kunni að vinna með öðrum og tjá sig
- Við viljum að samvinna og gagnkvæmur skilningur ríki milli heimilis og skóla
- Við viljum að mannleg samskipti einkennist af heiðarleika, virðingu og tillitssemi
- Við viljum að hrósað sé fyrir vel unnin störf

Hamarsskóli er með sama hætti og Barnaskólinn einsetinn heildstæður grunnskóli með tíu árganga. Skólinn þjónar vestari hluta bæjarins og stendur miðsvæðis í vesturbænum. Hann tók til starfa haustið 1982, nemendur voru þá 250 á aldrinum 6–11 ára í þrettán bekkjardeildum. Nú eru nemendur 312 í átján bekkjardeildum á aldrinum 6–16 ára. Við skólann starfa í misstórum stöðugildum 35 kennarar að meðtöldum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, 12 skólaliðar og 8 stuðningsfulltrúar. Auk þess starfa þar húsvörður og skólaritari. Skólahjúkrunarfræðingur kemur frá Heilsugæslustöð Vestmannaeyja.

Í skólanum er fylgt blöndunarstefnu og eru því fatlaðir og ófatlaðir saman í bekkjardeildum þar sem því er við komið. Í Hamarsskóla er lögð áhersla á jákvæðni, samvinnu, þekkingu og aga. Skólinn er þátttakandi í Comeniusar-verkefni í samvinnu við Barnaskóla Vestmannaeyja. Í skólanum eru ýmsar skemmtilegar hefðir, t.d. vinavika, íþróttadagur, skóladagur og jólaföndurdagur. Skólinn kynnir framtíðarsýn sína á heimasíðu þannig:

- Við temjum okkur öguð vinnubrögð, sjálfstæði og ábyrgð
- Við vinnum saman og erum jákvæð
- Við öflum okkur grundvallarþekkingar á sem flestum sviðum

Að þessu viljum við vinna með því að:


- kenna námstækni og sýna fram á að vönduð vinnubrögð skila árangri
- efla vináttu og innbyrðis kynni

- hrósa og hvetja
- efla samskipti og samvinnu
- fela nemendum hæfilega ábyrgð
- bjóða upp á fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni
- hver einstaklingur fái að njóta sín
- vera virk í eigin þekkingarleit

4.6.3 Framhaldsskóli og Tónlistarskóli

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum tók formlega til starfa haustið 1979. Þá runnu saman í einn skóla Vélskólinn í Vestmannaeyjum, Iðnskólinn í Vestmannaeyjum og framhaldsdeildir Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum. Í ársbyrjun 1997 tók svo Framhaldsskólinn yfir rekstur Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. Fyrstu árin eftir stofnun Framhaldsskólans heyrðu elstu bekkir grunnskólans einnig til hans. Skólameistari Framhaldsskólans var einnig skólastjóri Gagnfræðaskólans og kennarar kenndu gjarnan á báðum skólastigum.

Nemendur fyrsta árið voru 85. Þeim fjölgaði síðan hægt og bítandi til ársins 1997 að nemendafjöldinn náði 300. Síðan hefur nemendum fækkað umtalsvert (mynd 2).



Mynd 2: Fjöldi nemenda í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum 2001–2004.²¹

Eins og sjá má af mynd 2 voru nemendur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 302 árið 1997 en haustið 2004 hafði þeim fækkað í 230 nemendur eða um 24% á átta árum.

Við stofnun skólans voru fimm kennarar í heilli stöðu við skólann og fjórir í hálfri. Árið 1984 voru tíu kennarar í heilli stöðu og árið 2002 voru 18 kennarar fastráðnir. Skólaárið 2004–2005 eru þeir 20. Að auki starfa stundakennarar við skólann. Allt frá stofnun hefur skólinn útskrifað nemendur af mismunandi brautum og með margvísleg réttindi. Hann tók við þar sem forverar hans hættu og brautskráir vélstjóra, iðnaðarmenn, sjúkraliða og frá vori 1984 stúdenta.

Tónlistarskóli Vestmannaeyja hefur starfað síðan árið 1950. Í byrjun byggðist kennslan á einum kennara sem kenndi á píanó og orgel en nú er kennt á nær öll hljóðfæri ásamt söng. Skólinn er starfræktur samkvæmt reglugerð frá 1989 sem sjálfstæð stofnun með skólastjóra sem forstöðumann. Tónlistarskólinn er virkur í samfélaginu, vinnur með ýmis konar félagasamtökum og nemendur hans spila víða. Meira að segja „bílskúrspeyjarnir“ eru í námi við skólann. Mikil aðsókn er að skólanum þannig að ekki er hægt að mæta eftirspurn og tugir

²¹ Hagstofa Íslands 2005.

einstaklinga á öllum aldri eru á biðlista. Nemendafjöldi hefur þrefaldast á skömmum tíma þrátt fyrir að íbúum fækki. Með stækkun skólans hefur kennarahópurinn orðið stöðugri og kennslan stöðug frá ári til árs. Við skólann starfar ritari, sem jafnframt gegnir starfi umsjónamanns og sér hann meðal annars um að halda utan um bókanir í fjölnotasal Gamla Áhaldahússins í samráði við fræðslu- og menningarsvið.

4.6.4 Íþrótt- og æskulýðsfélög

Fjöldi íþrótt- og æskulýðsfélaga er starfandi í Vestmannaeyjum. Mörg félaganna halda úti starfsemi fyrir börn og unglunga. Eftirfarandi er upptalning á íþróttafélögum sem eru með æskulýðsstarf á dagskrá sinni:

Íþrótt-/æskulýðsfélag	Formaður
Björgunarfélag Vestmannaeyja	Bjarni Halldórsson
Fimleikafélagið Rán	Unnur Björg Sigmarsdóttir
Frjálsíþróttafélagið Óðinn	Jóna Björk Grétarsdóttir
Golfklúbbur Vestmannaeyja	Helgi Bragason
Hnefaleikadeild ÍBV	Grétar Ómarsson
Hokkífélagið Jakarnir	Sigurður Einisson
ÍBV – íþróttafélag	Jóhann Pétursson
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	Þór Ísfeld Vilhjálmsson
Íþróttafélag Vestmannaeyja	Arnsteinn I. Jóhannesson
KFUM og KFUK	Hjördís Kristinsdóttir
Körfuboltafélagið ÍV	Hlynur Rafn Guðjónsson
Landakirkja	Þorvaldur Víðisson
Leikfélag Vestmannaeyja	Ásta Steinunn Ástþórsdóttir
Sjóstangaveiðifélag Vestmannaeyja	Elínborg Bernóðusdóttir
Skátafélagið Faxi	Páll Zóphoníasson
Sundfélag ÍBV	Áslaug S. Kjartansdóttir
Taflfélag Vestmannaeyja	Magnús Matthíasson
Ungmennafélagið Óðinn	Jóna Björg Grétarsdóttir
Unglingaráð ÍBV – íþróttafélags	Ingi Sigurðsson
Ægir, íþróttafélag fatlaðra	Aðalsteinn Baldursson

Íþróttafélögin Þór og Týr voru sameinuð í ÍBV – íþróttafélag 30.12.1996. Innan þess eru knattspyrnu- og handknattleiksdeildir. Félagið er jafnframt aðildarfélag Íþróttabandalags Vestmannaeyja sem hefur innan sinna vébanda ýmis félög íþrótt. Íþróttabandalag Vestmannaeyja er bandalag allra þessara félaga og er ÍBV – íþróttafélag þeirra stærst.

5. Skólastarf

Í þessum kafla verður rætt um skólastarf í Vestmanneyjum og fjallað um hlut sveitarfélagsins í rekstri, stjórnun og stefnumótun skólamála. Gerð er grein fyrir stjórnun leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla og fjallað um mannauð skólanna. Þróun nemendafjölda er skoðuð ásamt því að rýnt er í skólanámskrár skólanna. Þá er fjallað um nám og kennslu ásamt því að einstaka þættir er varða innra starf skólanna eru teknir til umfjöllunar. Að lokum verða samstarfi heimila og skóla gerð nokkur skil og líðan nemenda.

5.1 Stefna sveitarfélagsins í skólamálum


Eins og áður hefur komið fram falla málefni skóla- og fræðslumála undir fræðslu- og menningarsvið bæjarfélagsins. Skólamálaráð fer með málefni leikskóla, grunnskóla og listaskóla. Eins og víðar eru fræðslu- og uppeldismál umfangsmesti og útgjaldafrekasti liðurinn í rekstri bæjarfélagsins. Því er mikilvægt að vanda vel til verka á því sviði og setja fram skýra stefnu þess í málaflokknum.

Þann 4. maí 1998 gekk skólamálaráð frá skólastefnu Vestmannaeyjabæjar og hlaut hún staðfestingu í bæjarstjórn 7. maí sama ár. Í skólastefnu þessari segir m.a.:

Það er meginstefna skóla- og bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum að skólarnir starfi sem fræðslu- og menningarsetur, hver á sínu sviði, með áherslur er þjóna hagsmunum nemenda. Í samvinnu við heimilin í bænum er skólunum ætlað að taka virkan þátt í að byggja upp samfélag er tekur tillit til mismunandi sjónarmiða og gilda hins daglega lífs í Vestmannaeyjum. Lögð er áhersla á heilbriggt líferni barna og unglinga og er í því sambandi unnið eftir ákveðinni vímuvarnaráætlun í samstarfi bæjaryfirvalda, heimila, skóla og fagaðila. Leikskólauppeldið og starfið í grunnskólunum er nátengt og ætlað að styðja við og byggja á hvoru öðru.

Megintilgangur skólastefnunnar er sagður vera sá að setja fram með skýrum hætti stefnu skóla- og bæjaryfirvalda til þess að auðvelda þeim starfið sem eftir henni eiga að vinna og gera bæjarbúum aðgengilegt að kynna sér það skipulag og þá stefnu sem ríkjandi er í málefnum skólanna í Vestmannaeyjum.

Í skólastefnunni er kynnt skipulag skólamála og dregið upp skipurit stofnana og viðfangsefna sem heyra undir skólamálaráð (mynd 3).



Mynd 3: Skipulag skólamála í Vestmannaeyjabæ.

Í skólastefnunni er greint frá því að við flutning á öllum rekstri grunnskóla til sveitarfélaga hafi verið ákveðið að stofna eigin skólaskrifstofu í Vestmannaeyjum. Sú skrifstofa tók til starfa 1. ágúst 1996. Um sama leyti tók skólamálaráð við rekstri skóladagheimilis af félagsmálaráði. Í skipuriti er skólaskrifstofan nefnd skólamálaskrifstofa en heiti hennar virðist hafa verið á reiki því síðar í skólastefnunni er hún nefnd skólaskrifstofa.

Helstu áhersluatriði skólastefnunnar um einstaka skóla eða stofnanir er undir skólamálaráð heyra er að gefa öllum börnum á leikskólaaldri kost á því að sækja leikskóla og öðlast með því góðan undirbúning undir nám í grunnskóla. Innra starf leikskólanna skal skipulagt af stjórnendum þeirra innan ramma laga og reglugerða. Áhersla er lögð á að deildir séu aldursskiptar og yfirstjórn á starfsemi þeirra sé í höndum leikskólakennara eða annars uppeldismenntaðs starfsfólks. Í hverjum leikskóla skal vera skipulögð starfsemi fyrir skólahópa þar sem börnin fái undirbúning fyrir þær aðstæður og umhverfi er bíður þeirra við upphaf skyldunáms.

Varðandi grunnskóla leggja bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum áherslu á að á hverjum tíma starfi við grunnskólana hæfasta starfsfólk sem völ er á og með full starfsréttindi. Skólastjórnendur skulu móta stefnu og áherslur í innra starfi í samræmi við gildandi stefnu og út frá þeim forsendum er ríkja hverju sinni. Lögð er áhersla á að skólarnir þrói stöðugt með sér aðferðir til þess að meta jöfnum höndum gæði skólastarfsins og árangur þess. Bent er á mikilvægi samstarfs skóla og heimila og að jákvæð samskipti og virðing auki líkur á því að nemendum líði vel í skólanum og þar með að þeir nái góðum árangri í námi.

Í skólastefnunni er greint frá að Listaskóli Vestmannaeyja hafi byrjað starfsemi sína haustið 1997. Hlutverk hans, segir í stefnunni, er að gefa nemendum kost á að stunda nám í listgrein eða greinum hver eftir áhuga sínum og hæfileikum. Með samþykkt bæjarstjórnar frá 1996 var Listaskólanum ætlað að yfirtaka starfsemi Tónlistarskólans og efla kennslu í tónlist og myndlist og stuðla að aukinni fjölbreytni í listum og menningarlífi í Vestmannaeyjum.

Skólastefnan hefur staðið óbreytt frá því hún var sett að öðru leyti en því að samfara vinnu við gerð nýrrar bæjarmálasamþykktar var ákveðið að fella hlutverk skólamálaskrifstofu undir fræðslu- og menningarsvið og skrifstofa sviðsins nefnd fræðsluskrifstofa.

Af svörum við spurningalistum sem lagðir voru fyrir foreldra og kennara má ráða að stefna sveitarfélagsins í málefnum leik- og grunnskólans sé ekki nægjanlega skýr (tafla 4).

Tafla 4: Afstaða til stefnu og metnaðar sveitarfélagsins í skólamálum 2005.


<i>Stefna sveitarfélagsins í málefnum skólans er skýr (%).</i>					
	Sammála	Alveg sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðin/n
<i>Starfsfólk leikskóla</i>	19,6	16,1	26,8	5,4	32,1
<i>Kennarar grunnskóla</i>	10,6	0	36,2	21,3	31,9
<i>Foreldrar leikskóla</i>	26	17,7	25	8,3	22,9
<i>Foreldrar grunnskóla</i>	22,6	27	16,5	7,8	26,1
<i>Metnaður sveitarfélagsins í að byggja upp góðan skóla er mikill (%).</i>					
<i>Starfsfólk leikskóla</i>	21,8	16,4	30,9	5,5	25,5
<i>Kennarar grunnskóla</i>	21,3	0	25,5	12,8	40,4
<i>Foreldrar leikskóla</i>	22,9	22,9	24	7,3	22,9
<i>Foreldrar grunnskóla</i>	25,2	35,7	12,2	5,2	21,7
<i>Skólanefnd sýnir mikinn áhuga á málum skólans (%).</i>					
<i>Starfsfólk leikskóla</i>	19,6	12,5	23,2	7,1	37,5
<i>Kennarar grunnskóla</i>	10,4	0	29,2	20,8	39,6

Þegar starfsfólk leikskólanna er spurt eru 36% sammála því að stefnan sé skýr, 32% eru því ósammála en 32% segjast óákveðin. Í grunnskólunum eru aðeins 11% kennara því sammála að stefnan sé skýr en 58% ósammála. Tæpur þriðjungur kennara grunnskólanna, 31,9%,

segjast óákveðnir. Þegar foreldrar leikskólabarna eru beðnir að taka afstöðu til sömu fullyrðingar eru svör hins vegar að hluta til önnur, þá eru 44% sammála en 33% eru ósammála fullyrðingunni. Meðal foreldra grunnskólabarna er afstaðan svipuð því 50% þeirra eru sammála því að skólastefna sveitarfélagsins sé skýr, 23% eru því ósammála en 26% eru óviss. 46% foreldra leikskólabarna telja að sveitarfélagið hafi metnað í að byggja upp góða leikskóla, en aðeins 38% starfsfólks leikskólanna telja að svo sé. 61% foreldra grunnskólanemenda eru sammála því að metnaður sveitarfélagsins til að byggja upp góðan skóla sé mikill en 17% eru ósammála og 22% eru óviss. Viðhorf kennara grunnskólanna til sveitarfélagsins eru að þessu leyti mun neikvæðari en annarra er tóku afstöðu til fullyrðingarinnar því aðeins 21% kennara eru sammála henni en 38% ósammála. Þegar starfsfólk leikskóla er beðið að taka afstöðu til fullyrðingarinnar um að skólanefnd sýni málefnum leikskólans áhuga skiptast svörin í þrjá nokkuð jafna hluta, 32% telja að svo sé, 30% telja svo ekki vera og 38% eru ekki viss. Meiri neikvæðni gætti hjá grunnskólakennurum því aðeins 10% þeirra voru sammála því að skólanefnd sýni málefnum grunnskólans áhuga, 50% voru ósammála og 40% voru ekki viss. Viðhorf starfsfólks Kirkjugarðs virðist mun jákvæðara gagnvart metnaði og stefnu sveitarfélagsins og mun herra hlutfall starfsfólks Kirkjugarðs segist sammála því að skólanefnd sýni áhuga á málefnum leikskólans en annarra leikskóla. Svipaður munur kemur fram á milli grunnskólanna og almennt virðast kennarar Hamarsskóla jákvæðari gagnvart metnaði og stefnu sveitarfélagsins. Meðan enginn kennari Barnaskólans segist sammála því að skólanefnd sýni mikinn áhuga á málum skólanna segja 19% kennara Hamarsskóla sig sammála þeirri fullyrðingu.

5.2 Útgjöld til fræðslu- og uppeldismála

Þegar sveitarfélög tóku við öllum rekstri grunnskóla af ríkinu árið 1996 urðu gríðarmiklar breytingar í rekstri þeirra. Tekjur jukust með aukinni hlutdeild í staðgreiðslu skatta og fræðslu- og uppeldismál urðu útgjaldafrekasti liðurinn. Þannig runnu að meðaltali um 55% af skatttekjum sveitarfélaga í landinu til þess málaflokks á rekstrarárinu 2003 (mynd 4).



Mynd 4: Hlutfall fræðslu- og uppeldismála af skatttekjum sveitarfélaga 2003 (*Árbók sveitarfélaga 2004*).

Á mynd 4 má sjá hvernig æ herra hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga rennur til fræðslu- og uppeldismála eftir því sem íbúum fækkar. Í Vestmannaeyjum er kostnaðarhlutfall fræðslu- og uppeldismála af skatttekjum sveitarfélagsins árið 2003 í samræmi við önnur sveitarfélög með

yfir 1000 íbúa, eða 55%. Lægst er hlutfallið í Reykjavík, um 51%, en hæst í sveitarfélögum með færri en 300 íbúa eða 65%. Þetta gefur til kynna að í stærri sveitarfélögum sé hlutfallslegur kostnaður við rekstur skóla lægri en í hinum fámennari. Það ræðst þó fyrst og fremst af því hverjar hópastærðir eru, þ.e. hversu margir nemendur geta verið á bak við hvern kennara, því langstærsti útgjaldaliður í rekstri skóla er kennslukostnaður.

Vífill Karlsson hefur í rannsóknarskýrslu um meðalkostnað við rekstur íslenskra grunnskóla bent á að stærðarhagkvæmni sveiflist nokkuð reglulega í takt við heildarfjölda nemenda. Þegar fleira er skoðað má draga saman og segja „að stærri skólar eru ekki nauðsynlega hagkvæmari en þeir minni ef menn gæta ekki að stærð bekkja og fjölgun annarra starfsmanna samtímis.“ Niðurstaða Vífils er sú að hagræðingu í skólastarfi verði ekki náð með stækkun skóla ef ekki fylgi heppileg stærð bekkjardeilda og varfærni í nýráðningum stjórnenda og skrifstofufólks.²²

Í *Árbók sveitarfélaga* 2004²³ er grein gerð fyrir mismunandi kostnaði sveitarfélaga við rekstur leik- og grunnskóla frá einu sveitarfélagi til annars og segir þar að skýringar geti m.a. verið eftirfarandi:

- Mismunandi er hve stærðarhagkvæmni í rekstri grunnskóla er mikil.
- Mismunur er á landfræðilegum aðstæðum, s.s. stærð sveitarfélags og þéttleika byggðar.
- Breytileiki er í bekkjar- og hópastærð og aldursdreifing barna er mismunandi.
- Kostnaður við skólarekstur er mismunandi, s.s. rekstrarkostnaður skólahúsnæðis, viðhald húsnæðis, húsnæði fyrir starfsfólk og fjármagnskostnaður.
- Launakostnaður kennara er mismunandi, sem kemur til af ýmsum þáttum, s.s. menntun kennara, starfsaldri þeirra og hve sérgreiðslur til kennara eru miklar.
- Hlutfall barna með sérþarfir er mismunandi.
- Þjónusta við börn á leikskólaaldri er mismunandi milli sveitarfélaga.
- Samsetning og menntun starfsfólks leikskóla er mismunandi.
- Opnunartími leikskóla og ýmis önnur þjónusta er mismunandi.

5.3 Stjórnun leikskóla

Allir þrír leikskólar Vestmannaeyja hafa svipaða stjórnunaruppbyggingu að því leyti að leikskólastjóri annast faglega og rekstrarlega stjórnun. Í öllum leikskólunum eru bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í 100% stöðum en hlutverk aðstoðarskólastjóranna eru mismunandi skilgreind. Í Kirkjugerði hefur aðstoðarskólastjóri skilgreint átta stunda stjórnunarhlutverk á viku, sem felst í því að hafa yfirsýn yfir faglega þætti starfsins, m.a. með því að leysa alla deildarstjóra af vegna undirbúnings og einnig hefur aðstoðarskólastjóri yfirumsjón með allri sérkennslu. Í Rauðagerði eru skilgreindar fjórar stundir á viku í samvinnu leikskólastjóra og aðstoðarskólastjóra, auk þess sem aðstoðarskólastjóri sér um vinnuskýrslur starfsmanna og að auðga samskipti við annað starfsfólk. Í Sóla hefur aðstoðarskólastjóri umsjón með sérkennslunni og leysir af vegna undirbúnings. Hvergi eru húsverðir né ritarar.


Í könnun sem lögð var fyrir foreldra og starfsfólk leikskólanna kemur fram að starfsfólk er sammála því (100%) að leikskólastjórarnir veiti skólastarfinu markvissa forystu, 83% foreldra telja svo vera en 17% eru óákveðin. Þegar leitað er eftir afstöðu foreldra og starfsfólks til þess

²² Vífill Karlsson 2003:2–19.

²³ http://www.samband.is/files/715109247_bls_77-163.pdf

hvort stefna leikskólanna sé skýr segja 91% starfsfólks sig sammála því að svo sé. Svipað hlutfall er hjá foreldrum, 90%. Í umræðum við bæði leikskólastjóra og starfsfólk leikskólanna kom fram að síðan 1998 hafa leikskólarnir hver um sig unnið markvisst að mótun eigin stefnu. Sú vinna hefur að mestu farið fram í umræðum á starfsmanna- og skipulagsfundum. Það kom einnig fram í viðtölum við foreldra að sumir þeirra hefðu valið leikskóla fyrir barnið sitt á grundvelli þeirrar stefnu sem leikskólinn kynnti þó algengast væri að foreldrar veldu skóla á grundvelli staðsetningar.

Nær allt starfsfólk leikskólanna, 96%, segist sammála því að það taki þátt í að móta stefnu skólans síns (mynd 5).



Mynd 5: Þátttaka starfsfólks í stefnumótun skólans.

Þegar spurt er hvort hlutdeild starfsfólks í mikilvægum ákvörðunum sé mikil, lýsa 93% sig sammála því að svo sé. 79% starfsfólks eru því sammála að þekking þess og reynsla sé vel nýtt við skipulag starfsins og 72% eru því sammála að þekking þess og reynsla sé vel nýtt við framkvæmd starfsins.

Af svörum starfsfólks má ætla að starfsandi/liðsandi leikskólanna sé góður því 88% segjast sammála því að svo sé. 91% foreldra telja að starfs-/liðsandi leikskólanna sé góður. Þá telja 88% foreldra að samskipti þeirra og starfsfólks séu góð og í rýnihópi foreldra kom fram að þeir væru mjög ánægðir með samskipti við starfsfólk og fyndist gott að koma inn í leikskólana.

5.4 Stjórnun grunnskóla

Forystu grunnskóla í Vestmannaeyjum er líkt háttað og almennt gerist í grunnskólastarfi. Við hvorn skóla starfa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sem annast alla faglega og rekstrarlega stjórnun enda eru skólarnir hvor um sig sjálfstæð rekstrareining. Skipurit skólanna er birt í skólanámskrá þeirra og svipar þeim að miklu leyti saman þó munur sé á uppsetningu.

Á skipuriti Barnaskólans kemur fram að ásamt skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru þrír deildarstjórar við stjórnun skólans. Starfa þeir sem faglegir stjórnendur á yngsta stigi (1.–4. bekk) og miðstigi (5.–7. bekk) og í sérkennslu og sérdeild. Starfshlutfall deildarstjóra er metið með hliðsjón af kjarasamningi kennara en deildarstjóri sérkennslu er með 75% starfshlutfall í stjórnun. Aðstoðarskólastjóri annast deildarstjórn á unglingastigi. Auk skólastjórna eru

ráðnir fagstjórar á sex svið (tölvufræðslu, íþróttir, ensku, dönsku, Comenius og lífsleikni). Tilgangur fagstjórnar er að sögn skólastjóra að tryggja samfellu í kennslu, einkum í erlendum tungumálum, en oft hefur reynst erfitt að ráða kennara í þær greinar. Hlutverk fagstjóra er að hafa yfirsýn og vera kennurum til ráðgjafar. Í skólanum eru fagstjórnartímar alls 16 klst/v. Fagstjórar starfa þvert á deildir og heyra því beint undir skólastjóra en vinna með deildarstjórum og kennurum eftir því sem við á.


Námsráðgjafi og þroskajálfi eru ráðnir beint að fræðsluskrifstofunni og starfi þeirra skipt til helminga milli grunnskólanna tveggja. Skv. skipuriti Barnaskólans eru þeir látnir heyra beint undir skólastjóra þrátt fyrir að ekki hafi verið formlega frá því gengið. Að þessu leyti getur skipuritið ekki talist nákvæmt. Segir skólastjóri að „stundum og í sumum málum erum við sagðir yfirmenn og stundum ekki.“ Þroskajálfi starfar í sérdeild skólans og hefur einnig séð um atferlismótun á unglingastigi en þar er Barnaskólinn með hóp nemenda sem unnið er mjög markvisst með að sögn skólastjóra.

Stuðningsfulltrúar eru 10 í 6 stöðugildum, flestir vegna ákveðinna barna. Skólaliðar eru 13 talsins í 10 stöðugildum og lúta ýmist stjórn húsvarðar eða deildarstjóra. Hlutverk skólaliða er margþætt. Þeir sem koma að málum er varða samskipti við nemendur, s.s. gæslu, heyra undir verkstjórn deildarstjóra en þeir sem starfa við ræstingu og matargerð lúta stjórn húsvarðar.

Skipurit Hamarsskóla virðist einfaldara að gerð en skipurit Barnaskólans. Beint undir skólastjóra heyra aðstoðarskólastjóri og ritari. Kennslu er skipt niður í fjórar deildir með sama hætti og gert er í Barnaskólanum og fer deildarstjóri fyrir hverri deild en aðstoðarskólastjóri fer með deildarstjórn á unglingastigi. Deildarstjórar eru skólastjóra til aðstoðar varðandi faglega stjórnun og skólaþróun. Þeir undirbúa og skipuleggja fundi viðkomandi deilda og leiða starf umsjónarkennara en hafa ekki bein mannaforráð. Í hverri deild starfa kennarar auk stuðningsfulltrúa og í sérkennslu starfar þroskajálfi. Fagstjórar eru ráðnir við skólann í íþróttum, upplýsingatækni, myndmennt, tæknimennt, saumum og dönsku. Kostnaður vegna fagstjórnar er tekinn af 9,14 tímunum sem skólastjóri hefur til umráða af bundinni viðveru kennara skv. kjarasamningi kennara frá janúar 2001. Umsjón húsnæðis og þrif falla undir fimmtu deildina og hefur húsvörður forystu þar. Hann hefur yfirumsjón með öllu er lýtur að umsjón, viðhaldi og þrifum á húsnæði og annast verkstjórn með skólaliðum.

Í spurningalistum skólaþróunarsviðs voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga er vörðuðu stjórnun grunnskólanna. 88% kennara grunnskólanna svöruðu því til að þeir væru sammála þeirri fullyrðingu að skólastjórnir veittu skólunum markvissa forystu. Enginn kennaranna var ósammála en 13% treystu sér ekki til að taka afstöðu og sögðust óákveðnir. Svipuð afstaða kemur fram hjá foreldrum því 80% þeirra eru sammála því að skólastjórar veiti markvissa forystu, 7% eru því ósammála og 13% taka ekki afstöðu.

Þegar leitað var afstöðu kennara til þess hvort þeir teldu sig taka þátt í mótun stefnu skólans kom í ljós að flestir kennaranna voru sammála því að þeir ættu aðild að því verki, eða 75% (mynd 6).



Mynd 6: Afstaða kennara til þess hvort þeir taka þátt í að móta stefnu skólans.

Aðeins 6% kennara eru ósammála fullyrðingunni og athygli vekur að 19% þeirra eru óviss í afstöðu sinni. Þegar kennarar eru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingar um að hlutdeild þeirra í mikilvægum ákvörðunum um skólastarfið sé mikil kemur svipað mynstur í ljós. Liðlega helmingur kennara segist sammála, eða 54%, 19% eru ósammála en 29% taka ekki afstöðu. Liðlega helmingur kennara, 52%, segist sammála því að þekking þeirra og reynsla sé mikið nýtt við skipulag skólastarfs meðan 15% eru ósammála og 33% eru óviss. Ákveðinn afstöðumunur kemur fram milli kennara grunnskólanna tveggja. Aðeins 62% kennara í Barnaskólanum eru sammála því að þeir taki þátt í að móta stefnu skólans en í Hamarsskóla segjast um 85% kennara sammála. Svipaður munur kemur fram gagnvart nýtingu þekkingar og reynslu kennara við skipulag skóla því 33% kennara Barnaskólans eru sammála því að það sé gert en 69% kennara í Hamarsskóla. Sama viðhorfs gætir meðal kennara til hlutdeildar þeirra að ákvörðunum því 38% kennara Barnaskólans segjast sammála því að þeir eigi hlutdeild þar að en 65% kennara í Hamarsskóla. Athygli vekur hversu margir kennarar í Barnaskólanum eru óákveðnir í afstöðu sinni til þessara tveggja spurninga, eða 48%, meðan þeir eru aðeins 15–18% í Hamarsskóla.

Í rýnihópi kennara kom það sjónarmið fram að kennarar væru ekki alveg vissir um hver raunveruleg aðild þeirra væri að ákvörðunum og blandast þar að einhverju leyti inn í viðhorf til fræðsluskrifstofu. Í því sambandi var vísað til ákvörðunar um Olweusar-verkefnið um einelti. Voru kennarar sammála um að þeir hefðu ekki fengið að koma að þeirri ákvörðun og létu í ljós efasemdir um að skólastjórnir hefðu nokkru fengið um það að ráða. Ákvörðunin hafi ekki verið rædd á kennarafundi heldur tilkynnt að skólinn væri orðinn þátttakandi. Óánægja var meðal kennara í rýnihópi yfir því að þetta verkefni var valið því það muni yfirskyggja önnur nauðsynleg þróunarverkefni. Að sögn framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs var það ósk skólastjóranna að sótt var um aðild að verkefninu og samþykkti sviðið að standa straum af endurmenntunarkostnaði sem af því leiddi næstu tvö skólaárin og yrði það hluti af framlagi bæjaryfirvalda til endur- og símenntunar.

Samskipti kennara og skólastjóra eru greinilega góð því 83% kennara segjast sammála því að svo sé, aðeins 4% eru ósammála en 13% kennara eru óákveðinn. Ekki er verulegur munur á milli skóla. Af svörum kennara má ætla að starfsandi eða liðsandi sé góður því 98% lýsa sig sammála því. Þar með virðast kennarar ekki uppteknir af því að ekki sé vakin athygli á góðum árangri þeirra þótt svör við spurningu þar um geti bent til annars. 40% kennara segjast sammála því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri kennara en nánast jafnstór hópur er því ósammála, 38%. Aðrir, 23%, segjast óákveðnir.

5.5 Stjórnun Tónlistarskóla

Eins og áður hefur komið fram á Tónlistarskólinn að vera hluti af starfsemi Listaskólans, eins konar deild innan hans. Hins vegar hefur Listaskólinn litla formgerð, ekki hefur verið ráðinn skólastjóri fyrir hann og stjórn hans, að svo miklu leyti sem hennar er þörf, í höndum fræðslu- og menningarsviðs. Þá hafa engar breytingar verði gerðar á reglugerð fyrir Tónlistarskólann samfara þessari ákvörðun og því starfar Tónlistarskólinn í raun sem sjálfstæð stofnun. Eins við á um aðrar skólastofnanir sem reknar eru á vegum bæjarfélagsins fer skólamálaráð Vestmannaeyjabæjar með málefni Tónlistarskólans.

Stuðningur sveitarfélagsins við skólann hefur verið mikill en nú hefur verið settur kvóti sem orðið hefur til þess að þurft hefur að draga saman að sögn skólastjóra og kennara. Það hefur verið gert með því að spara í tækjakaupum en ekki að fækka nemendum. Fækkun nemenda myndi kalla á samdrátt í starfsemi skólans.

Kennsla á vegum Tónlistarskólans fer fram í húsnæði hans. Tilraun var gerð með að kenna í grunnskólunum en það gekk ekki nógu vel að mati kennara og skólastjóra. „Þetta var eitthvað svo vandræðalegt,“ að sögn skólastjóra, og „foreldrar kvörtuðu yfir því að nemendur væru teknir út úr tímum.“ Telur skólastjóri að aðstæður í skólunum hafi ekki boðið upp á þetta fyrirkomulag. Þá eru að hans mati vegalengdir svo litlar að auðvelt er að ganga í skólann. Tónlistarskólinn á ágætt samstarf við Barnaskólann og m.a. annast kennari skólans tónlistarkennslu þar. Ekkert formlegt samstarf er við Hamarsskóla né leikskóla bæjarins.


Að mati kennara Tónlistarskólans mætti auka samskipti hans við aðra skóla í bæjarfélaginu. Þannig mætti e.t.v. færa hluta af yngsta stigi Tónlistarskólans inn í grunnskólana og hækka aldursmörkin inn í Tónlistarskólann í staðinn. Það myndi tengja skólana betur saman. Aukin tengsl þeirra myndu efla gagnkvæman skilning og auka þekkingu og samstarf kennara. Ekkert samstarf hefur verið við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum en Framhaldsskólinn hefur sýnt ákveðinn sveigjanleika gagnvart tónlistarnámi nemenda sinna. Síðustu ár hafa nemendur jafnvel fengið tónlistarnám sitt metið til námseininga við Framhaldsskólann.

5.6 Stjórnun Framhaldsskólans

Á heimasíðu sinni kynnir Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum skipurit sitt með mynd þar sem fram kemur hvernig allt starf í skólanum skal hverfast um nám nemenda sem sett er á þríhyrndan flöt og vísar hvert horn á hina þrjá meginkjarna skólans (mynd 7). Stjórnendahópur skólans samanstendur af skólanefnd, skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjórum. Í skólanum er kjörið skólaráð sem er skipað fulltrúum kennara og nemenda en auk þeirra eru aðstoðarskólameistari og áfangastjórar í ráðinu. Skólameistari er oddviti ráðsins en hlutverk þess er að vera honum til aðstoðar við stjórn skólans. Við skólann eru ráðnir verkefnisstjórar úr kennarahópnum til að annast einstök verkefni, s.s. ritstjórn skólanámskrár, tölvuumsjón, forvarnir og félagsmál. Fjármálastjóri annast bókhald og fjármálaumsýslu skólans. Skrifstofustjóri hefur umsjón með skrifstofu skólans, umsjónarmaður annast fasteignir og tæki og stjórnar ræstingum. Þá starfa við skólann matræðsmaður, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður fyrir skólasafni.

Athyglisvert er að þegar kennarar eru spurðir um hvernig vinnan við innra starf skólans hafi gengið svara þeir því til að innan skólans gerist allt mjög hægt. Í fámennum skóla ættu hlutir þó að geta gengið rösklega fyrir sig þar sem boðleiðir eru að jafnaði styttri en í fjölmennum skólum. Kennarar vísuðu ábyrgðinni ekki á skólastjórnendur heldur ekki síður á kennarahópinn. Töldu þeir margt gott við stjórnendur skólans, s.s. að þeir hefðu til að bera ríkulegt umburðarlyndi og sveigjanleika. Hins vegar vantaði ákveðinn drifkraft og að mál væru tekin föstum tókum er þau kæmu upp.

Nemendur segja þægilegt að leita til skólastjórnar ef svo ber undir. Að öðru leyti sjái þeir lítið til stjórnenda. Nemendur koma ekki að stefnumótun í skólanum og þeim finnst skólinn ekki bjóða upp á nægilega fjölbreytni. Það geri það að verkum að nokkrir sækja nám upp á land og þá einkum þeir sem hafa mikinn metnað til náms.




Mynd 7: Skipurit Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (Sótt á heimasíðu FÍV).

Í rýnihópum varð nokkur umræða um stöðu framhaldsskólans í samfélaginu. Það sjónarmið kom fram meðal foreldra að umræðan um Framhaldsskólann væri neikvæð og skólinn tæpast talinn samanburðarhæfur við aðra skóla. Töldu foreldrar þetta viðhorf einkennast af fordómum í garð fámennra skóla. Svipað kom fram í samtali við nemendur. Þeir sögðu allmarga vilja fara til framhaldsnáms upp á land en kostnaður réði því oft að þeir veldu framhaldsskólann heima. Þeir töldu ónógan metnað ríkja í Framhaldsskólanum í Vestmanneyjum og að nemendur sem væru yfir meðallagi námslega hefðu ekki mikið að gera, né um margt að velja.

Skólameistari hafnaði því að þetta viðhorf væri ríkjandi og að mati skólastjórnenda fer virðing skólans vaxandi í samfélaginu. Töldu þeir bæjarbúa treysta á skólann og ætlast til að hann standi sig. Atvinnulífið hefur að þeirra sögn stutt vel við skólann og hann taki nú á móti allt að 90% nemenda úr lokaprófsárgangi grunnskólanna. Brautskráðir frá Framhaldsskólanum í Vestmanneyjum hafi haldið áfram til háskólanáms og skilað sér til baka að því loknu til ýmissa starfa.

5.7 Samskipti fræðsluskrifstofu og skóla

Þegar sveitarfélög tóku við öllum rekstri grunnskóla árið 1996 stofnaði Vestmannaeyjabær til embættis skólafulltrúa sem yfirmanns skólamálskrifstofu. Hann skyldi annast umsjón með rekstri leik- og grunnskóla og skipuleggja sérfræðipjónustu skólanna. Árið 2003 ákváðu bæjaryfirvöld að sameina fræðslu-, menningar- og tómstundamál undir eitt svið og réðu framkvæmdastjóra yfir nýtt fræðslu- og menningarsvið (mynd 8).




Mynd 8: Skipurit fyrir fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyjabæjar.

Umtalsverður núningur virðist vera á milli fræðsluskrifstofu og grunnskólanna. Hans sér t.d. greinilega stað í sjálfsmatsskýrslu Hamarsskóla þar sem bæjaryfirvöld eru sökuð um að hafa skólann ekki í forgangi. Hann hafi takmarkaðar heimildir til að sinna þjónustu við nemendur í samræmi við kröfur nútímans. Bæjaryfirvöld hafi ekki samþykkt aukna eða útvíkkaða þjónustu af hálfu skólans og ekki túlkað ákvæði kjarasamnings á sama hátt og Kennarasamband Íslands. Í skýrslunni segir ennfremur að aðeins sé að litlu leyti leitað til skólans við ákvarðanatöku um framtíðarstarfsemi hans. Tryggja þurfi virkan samskiptagrundvöll milli rekstraraðila og stjórnenda, kennara, foreldra og annars starfsfólks. Ágreiningur hafi verið um ákvarðanir er varða ramma þjónustunnar.

Í rýnihópi grunnskólakennara kom fram hörð gagnrýni á samskipti við fræðsluskrifstofu. Töldu kennarar þau „voða stirð“ og ekkert „rosagóður mórall“ á milli skóla og skrifstofunnar. Þessi stirðleiki orsakast að þeirra mati af afskiptasemi fræðsluskrifstofu af starfinu í skólunum, það skorti trúnað og að fræðsluskrifstofan tali við kennara af virðingu. Alls konar boð og bönn séu sett fram af skrifstofunni, einn daginn séu gefnar fyrirskipanir sem síðan séu dregnar til baka þann næsta. Hún skipti sér jafnvel af smæstu stjórnunarathöfnum skólastjóra, s.s. leyfisferðum til íþróttiferða. Töldu kennarar að eitthvert umræðuferli þyrfti að eiga sér stað á milli starfsfólks fræðsluskrifstofu og kennara áður en ákvarðanir væru teknar og kennurum gefið tækifæri til þátttöku.

Í spurningalistum skólaþróunarsviðs er leitað eftir afstöðu starfsfólks leikskóla og grunnskólakennara til þess hvort þjónusta fræðsluskrifstofu nýtist vel (mynd 9). Talsverður munur er á afstöðu þessara tveggja hópa. Tæpur helmingur starfsfólks leikskóla, 48%, er sammála því að þjónusta skrifstofunnar nýtist vel. Fáir eru ósammála, 11%, en stór hópur, 41%, segist óákveðinn. Nokkur munur er á afstöðu milli skóla. Þannig er starfsfólk Kirkjurgerðis jákvæðast í garð þjónustu fræðsluskrifstofunnar, 58% sammála, en minnst er ánægja meðal


starfsfólks Rauðagerðis þar sem 35% eru sammála því að þjónusta fræðsluskrifstofu nýtist vel en 18% ósammála. Í Sóla eru 47% sammála en 7% ósammála.



Mynd 9: Afstaða til þjónustu fræðsluskrifstofu við leikskólana.

Grunnskólakennarar eru mun neikvæðari í garð fræðsluskrifstofunnar því aðeins 9% þeirra eru sammála því að þjónusta hennar nýtist vel, 59% eru ósammála og 33% óákveðin. Athygli vekur hversu margir úr báðum hópunum taka ekki afstöðu eða eru óákveðnir. Fleiri kennarar Hamarsskóla eru sammála því að umrædd þjónusta nýtist vel, 13%, en í Barnaskólanum, 5%. Í rýnihópi kennara koma þetta gagnrýna viðhorf til sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofunnar einnig fram og nefnt var að langan tíma tæki að fá greiningar á nemendum og ráðgjöf í kjölfar þeirra.

Þegar leitað var eftir afstöðu til þess hvort góður möguleiki væri á að fá aðstoð utan skóla kom í ljós að grunnskólakennarar voru almennt ekki sammála því (mynd 10).



Mynd 10: Afstaða til aðstoðar utan skóla.

Aðeins 17% kennara er sammála því að góður möguleiki sé á ráðgjöf og stuðningi utan skóla, 35% eru ósammála en tæpur helmingur, 48%, er óákveðinn. Mun fleiri kennarar í Barnaskólanum eru ósammála fullyrðingunni (48%) en í Hamarsskóla (27%). Minni er

munur á hlutfalli þeirra sem eru sammála fullyrðingunni, 14% í Barnaskólanum en 19% í Hamarsskóla. Starfsfólk leikskóla er mun jákvæðara því 67% eru sammála því að góður möguleiki sé á aðstoð utan skóla, 11% eru ósammála og 22% óákveðin. Jákvæðast er starfsfólk Kirkjugerðis því 78% þess eru sammála því að góður möguleiki sé á aðstoð utan skóla en 4% ósammála. Í Sóla eru hlutföllin 53% og 20% og í Rauðagerði 65% og 12%. Tekið skal fram spurningin vísar ekki beint til fræðsluskrifstofunnar því orðalag hennar nær til fleiri þátta en þjónustu hennar.

Stirðleiki í samskiptum fræðsluskrifstofu og skóla staðfestist í viðræðum við starfsfólk fræðsluskrifstofu. Þar kom fram að starfsmenn eru oft ósáttir við þær móttökur sem þeir fá, einkum í grunnskólunum. Ábendingar þeirra eða tillögur eru jafnvel hafðar að engu og þeim torvelað að sinna faglegu ráðgjafahlutverki sínu. Að mati fræðsluskrifstofu virðast stjórnendur og kennarar grunnskólanna telja að skólarnir fái ekki nægjanlegt rekstrarfé, ekki síst til sérkennslu og stuðnings í skólunum. Kennarar skilgreini nemendur frá sér og vilji að mál þeirra séu leyst utan bekkja. Skólar vísi jafnvel frá sér faglegu ábyrgðarhlutverki sínu gagnvart einstaka nemendum til fræðsluskrifstofu á grundvelli þess að þeim sé ekki tryggt fjármagn til að sinna þjónustunni. Bréfleg gögn séu til um þetta ásamt hörðum viðbrögðum foreldra við slíkum upptakomum.

Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs annast gerð fjárhagsáætlunar í samráði við sína yfirmenn, samstarfsmenn og stjórnendur þeirra stofnana sem undir hann heyra. Að sögn hans lögðu bæjarstjóri og bæjaryfirvöld ríka áherslu á það haustið 2003 að úthlutað yrði fé til stofnana bæjarins á grundvelli rammafjárveitinga og brýndu fyrir öllum hlutaðeigandi að gefa þyrfti fjárhagsþættinum meiri gaum samhliða faglegum sjónarmiðum. Ráðstöfun fjár yrði á ábyrgð stjórnenda, yfirmanna þeirra að hafa eftirlit og ráðgjöf og framkvæmdastjóra að gripa í taumana eða útvega aukafé eftir að hafa fengið rökstudda beiðni þar um frá viðkomandi stjórnendum. Úthlutað yrði eftir pottormslíkaninu. Það er álit framkvæmdastjórans að hugsanlega hafi menn ekki alveg áttað sig á hvað felst í þessu fyrirkomulagi. Við úthlutun fjármuna til skólanna sé tekið mið af reglugerðum um sérkennslu auk þess sem tíu stöðugildi stuðningsfulltrúa séu í fjárhagsramma skólanna auk deildarstjóra, þroskaþjálfra og námsráðgjafa. Þá er einnig tekið tillit til kennslu nýbúa og aðkeypta kennsluráðgjöf vegna talkennslu. Prósentuhlutfall til forfallakennslu sé t.a.m. 6% sem sé hærra en almennt gerist og hugmyndir um að þar megi taka fjármagn til m.a. sérkennsluúræða hafi ekki hlotið hljómgrunn þrátt fyrir margendurteknar ábendingar.

Þegar upp koma vandamál í skólunum sem kosta fjármuni eða sérúræði er þeim vísað á fræðsluskrifstofuna, að sögn starfsmanns þar. Hann nefndi dæmi af barni sem átti í erfiðleikum með heimanám. Móðirin hringdi í skólann og óskaði eftir að barnið fengi stuðning við heimanámið eins og undanfarin ár. Skólinn svaraði að ekki væru til peningar í þetta verkefni og vísaði því þar með alfarið á fræðsluskrifstofuna. Álit þessa starfsmanns var að skólinn virtist vilja að kennsluráðgjafi staðfesti þörf fyrir aukna aðstoð með viðbótarfjármunum fremur en að skoða kennsluhætti og leita úrlausna innan skólans.

Í samræðum við sálfræðing fræðsluskrifstofunnar kom fram að grunnskólunum gengur ekki nægilega vel að vinna út frá greiningum á einstaklingum eftir að þeim hefur verið skilað. Svo virðist sem kennarar vantroysti sér til að útfæra kennslu á grundvelli slíkra greininga. Hann álitur að kennarana skorti sjálfstraust til að vinna úr slíkum gögnum og ef til vill stafi það af því að skólarnir hafa ekki mótað vinnuvenjur um það hvernig unnið skuli með greiningar sérfræðinga. Skólinn ætlist í stað þess til að skólasálfræðingur mæli fyrir um hvernig það verði gert í sérhverju tilviki. Af þessu hljótist núningur sem vinna þarf með.

Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs heldur mánaðarlega fundi með starfsmönnum sínum. Þar skiptast menn á skoðunum, upplýsa hvern annan og farið er yfir gang einstakra

mála, í hvaða farvegi þau séu, hvað taki við, hugmyndir og nýjungar ræddar. Sömuleiðis hafa sviðin tvö, fræðslu- og menningarsvið og félags- og fjölskyldusvið, samstarfsfundi til að auka upplýsingaflæði og samræmingu.

Haustið 2004 varð breyting á stöðu leikskólafulltrúa á fræðsluskrifstofu. Áður hafði leikskóla-fulltrúi eingöngu ráðgjafahlutverk og því ekki nein yfirráð yfir leikskólunum. Nú er hann yfirmaður leikskólastjóra og hefur eftirlitskyldu með fag- og rekstrarþáttum leikskólanna í samráði við framkvæmdastjóra og fræðslufulltrúa, aðstoðar og er til ráðgjafar. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að þeir hitta leikskólafulltrúa einu sinni í mánuði þar sem rædd eru ýmis málefni er varða stöðu leikskóla. Töldu þeir þetta skilvirka og góða fundi og kom þannig fram jákvæðni í garð starfs leikskólafulltrúa.

Leikskólastjórar eru ánægðir með þá stoðþjónustu sem í boði er frá fræðsluskrifstofu og telja sig hafa greiðan aðgang að henni. Ánægja kom fram með sálfræðiþjónustu og aðgang að þroskajálfa. Allir leikskólastjórnir lýstu ánægju með svokallaða nemendaverndarfundir sem haldnir eru reglulega með sálfræðingi, þroskajálfa, leikskólafulltrúa og leikskólastjóra til þess að fara yfir stöðu þeirra barna er þurfa stuðning. Þessir fundir eru einnig oft fyrsti umræðuvettvangurinn þegar áhyggjur af einhverju tagi vakna. Einnig kom fram ánægja með samskipti við talmeinafræðing sem kemur reglulega til Eyja og þjónustar leikskólana. Hins vegar lýstu allir leikskólastjórar því yfir að þeir vildu sjá samskipti við félagsþjónustu í öðrum farvegi. Þar væri upplýsingagjöf einhliða frá leikskóla til félagsmálafyrvalda sem veittu engar upplýsingar um skjólstæðinga sína og þar með eigi skólafólk oft erfitt um vik þegar vandræði skjóta upp kollinum. Þá finnst skólastjórum oft stoða lítið að senda tilkynningar til félagsmálafyrvalda, langur tími getur liðið uns gripið er í tauma og þá er leikskólinn aldrei hafður með í ráðum. Þarna sáu leikskólastjórnir tækifæri til aukinnar samvinnu með hag barnanna að leiðarljósi.

Í rýnihópi foreldra leikskólabarna kom fram að þegar leitað er til fræðsluskrifstofu um ýmis mál sé ekki sérlega vel brugðist við og skýringar skrifstofunnar ekki alltaf fullnægjandi að mati foreldra. Sem dæmi var nefnd ákvörðun um sumarlokanir en þar fannst foreldrum þeir ekki hafðir með í ráðum. Ekki var gerð nein könnun heldur tekin einhliða ákvörðun. Einnig er fólk ósátt með þann ósveigjanleika sem það telur að ríki varðandi dvalartíma barna í leikskólunum.

5.8 Kennarar

Við leikskólana í Vestmannaeyjum starfa 63 einstaklingar í heilum og hálfum stöðum. Hlutfall leikskólakennara er 30% á móti 70% leiðbeinenda en það er u.þ.b. sama hlutfall og að meðaltali á landinu öllu. Í þessum tölum eru ekki leikskólastjórar eða starfsfólk í eldhúsi og við ræstingar. 46% starfsfólks leikskólanna hefur aðeins lokið grunnskólaprófi, 19% starfsfólks hefur framhaldsskólapróf, 19% hafa lokið Fósturskólaprófi og 16% starfsfólks hefur B.Ed.-próf eða annað háskólanám að baki. Sjö starfsmenn leikskólanna eru nú í fjarnámi við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Nokkur stöðugleiki er meðal starfsfólks leikskólanna, en 47% þess hafa starfað við leikskóla í tíu ár eða lengur og 33% hafa starfað í tíu ár eða lengur við þann leikskóla sem það starfar í nú.

Samskipti starfsfólks leikskólanna virðist með ágætum þótt nokkur hluti þess treysti sér ekki til að taka afstöðu til þess. Þá virðist starfsfólk samtaka í að framfylgja umgengnisreglum í leikskólunum. Þetta kemur glögglega fram í eftirfarandi töflu (tafla 5).

Tafla 5: Samskipti starfsfólks leikskóla og umgengnisreglur.

<i>Samskipti starfsfólks innbyrðis eru góð (%)</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Starfsfólk	51,8	35,7	1,78	0	12,5
Foreldrar	33,7	43,2	2,1	0	21,1
<i>Starfsfólk leikskólans er samtaka í að framfylgja umgengnisreglum (%)</i>					
Starfsfólk	64,3	25,0	0	0	10,7
Foreldrar	48,9	30,9	2,1	0	18,1

Í könnun skólaþróunarsviðs kemur fram að 88% starfsfólks leikskóla telur að innbyrðis samskipti þess séu góð, aðeins 2% eru því ósammála og 11% eru óviss. Foreldrar telja einnig að innbyrðis samskipti starfsfólks í leikskólunum séu góð því 76% eru sammála fullyrðingunni, aðeins 2% eru því ósammála en 22% eru ekki vissir. Í svari starfsfólks við fullyrðingu um hvort það sé samtaka um að framfylgja umgengnisreglum voru 89 % því sammála en 11% voru ekki viss.

Allur þorri starfsfólks, 96%, var sammála um að það ræddi saman um vinnubrögð og 95% töldu sig hafa lært um aðferðir og vinnubrögð af samstarfsfólki sínu. Þannig virðist starfsfólk leikskóla almennt styðja vel við hvert annað, enda lýstu 84% þess sig sammála því að það hefði möguleika á ráðgjöf og stuðningi innan leikskólans, 2% voru því ósammála og 14% óviss. Í rýnihópi starfsfólks leikskóla kom fram að ekki væri nægjanlega mikil fagleg umræða innan leikskólans, t.d. mætti hafa skipulagða les- og/eða umræðuhópa. Einnig kom fram að leikskólakennarar mættu vera duglegri að segja frá því sem fram fer.

96% starfsfólks eru sammála því að metnaður kennara við leikskólana sé mikill, 82% foreldra eru sama sinnis. Í rýnihópi kom fram að starfsmannaaðstaða sé þokkaleg, skipulagið oftast gott en plássíð lítið. Aðeins á einum skólanna er gert ráð fyrir sérstöku undirbúningsherbergi. Í hinum tveimur hafa verið tekin önnur rými til þessa, t.d. horn í þvottahúsi og geymslu. Talsverð óánægja er með tímaskráningarkerfi sem nýlega var tekið í notkun á leikskólunum. Það er seinvirkt og staðsett þannig að snúið er að stimpla sig út og inn. Kerfið er nettengt og í öllum tilfellum staðsett í tölvu í undirbúningsaðstöðu leikskólanna. Tölvurnar eru seinvirkar og lengi að ræsa sig upp á morgnana sem þýðir að annað hvort þarf starfsfólk að mæta allt að 20 mínútum áður en vinna hefst til að ræsa tölvu ellegar mæta of seint inn á deild. Við stimplun út er það í öllum tilfellum truflun á undirbúningsstarfi fyrir starfsfólk sem er að fara og koma um hádegi.

Starfsfólk leikskólanna telur sig hafa gott aðgengi að fagbókum og tímaritum sem og öðrum gögnum sem tengjast leikskólastarfi innan síns skóla. Það sér samt fyrir sér að betur megi nýta bókasafn bæjarins til kaupa á fagbókum og tímaritum sem mörgum geta gagnast.

Starfsfólk leikskólanna er almennt sammála um að það þekki einstaklingsbundnar námsþarfir allra barna á sinni deild (80%), aðeins 2% eru ósammála en 18% óákveðnir. Flestir foreldrar telja einnig að kennarar þekki einstaklingsbundnar þarfir barna þeirra, því 77% eru því sammála, 23% eru ekki vissir. Nær allir foreldrar, 96%, eru sammála því að leikskólakennarar komi fram við börnin af virðingu og sanngirni. Sama hlutfull foreldra er sammála því að samstarf við leikskólakennara sé ánægjulegt.

Í grunnskólum Vestmannaeyja starfar 81 einstaklingur við kennslu í hálfu starfi eða meira. Þar af hafa 86% rétt til kennslu í grunnskóla skv. *lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskóla nr. 86/1998*. Auk þess eru átta einstaklingar í námi til kennsluréttinda. Réttindahlutfall í Hamarsskóla er lítilega hærra en í Barnaskólanum, 88% á móti 85%. Að þessu leyti er hlutur réttindakennara í grunnskólum í Vestmannaeyjum heldur hærri en meðaltalið er á landinu öllu en skv. upplýsingum Hagstofu Íslands er hlutfallið 85% árið

2004.²⁴ Auk kennara og leiðbeinenda er námsráðgjafi í hálfu starfi við hvorn skóla, þroskaþjálfari, skólasafnsverðir, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og húsverðir auk skólaritara.

Í spurningalista voru grunnskólakennararnir spurðir að því hversu sammála þeir væru því að innbyrðis samskipti þeirra séu góð. Langflestir eru sammála því að svo sé eða 98% meðan 2% eru óákveðnir. Foreldrar treystu sér ekki eins vel að taka afstöðu til sömu spurningar, 60% voru sammála en 39% lýstu sig óvissa. 81% kennara lýsti sig sammála því að kennarar ræddu mikið saman um vinnubrögð í kennslu, 6% voru ósammála en 13% óviss. Talsverður meirihluti foreldra sagðist sammála því að kennarar kæmu fram við nemendur af virðingu og sanngirni eða 67%, 17% voru ósammála og jafnmargir óvissir.

Í rýnihópi kennara var rætt um miðlun þekkingar á milli kennara. Fram kom það sjónarmið að of algengt sé að kennarar sem afla sér nýrrar þekkingar á námskeiðum eða ráðstefnum miðli henni ekki til samkennara sinna. Þegar kennarar voru hins vegar spurðir að því í spurningalista hvort þeir hefðu lært um kennsluaðferðir og vinnubrögð af samkennurum lýstu 75% þeirra sig sammála því, 13% voru ósammála og sama hlutfall óákveðinn. Heldur fleiri voru sammála því að góður möguleiki væri á ráðgjöf og stuðningi innan skóla eða 79%. Aðeins 4% voru því ósammála og 17% óákveðnir.

Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum starfa um tuttugu manns í fullu starfi auk nokkurra í minna starfshlutfalli. Af þeim sem eru í fullu starfi eru sjö án réttinda. Tveir þeirra eru að komast á eftirlaunaaldur en „aðrir leiðbeinendur eru allir í námi til réttinda,“ að sögn skólameistara. Meirihluti kennarahópsins er búinn að vera í skólanum í rúmlega áratug og starfslið því býsna stöðugt. Auk þess hefur skólinn verið það „heppinn“, að mati aðstoðarskólameistara, að fá ungt fólk til starfa. Skólameistari telur auðvelt að fá kennara til að vinna saman og góður starfsandi ríki. Kennarar segjast einyrkjar í sínum kennslugreinum og sökum nemendafæðar þurfa þeir tíðum að kenna greinar sem þeir eru ekki sérmenntaðir í. Samstarf við kennara í öðrum framhaldsskólum er lítið að þeirra sögn þótt eitthvað sé um að þeir taki þátt í starfi landssamtaka kennara í einstökum námsgreinum. Lítið samstarf er við kennara á öðrum skólastigum í Eyjum, helst rætt saman um nemendur með sérþarfir.

Að sögn skólastjóra Tónlistarskólans hefur stöðugleiki vaxið mikið í skólanum og ber að þakka það góðri aðsókn, góðu húsnaði og velvilja bæjarbúa í garð skólans. Fyrst var mikið um farandkennara en nú er hópur kennara stöðugur auk þess sem kennurum hefur fjölgað á síðustu árum. Þá hefur að sögn skólastjóra gengið tiltölulega vel að fá farandkennara til að kenna í skamman tíma á tiltekin hljóðfæri. Þetta þýðir að skólinn getur vel mætt þörfum og kröfum nemenda. Kennarar Tónlistarskólans eiga kost á því að sækja námskeið í tónlistarkennslu á haustin. Að þeirra sögn var á tímabili samstarf milli tónlistarskóla á Suðurlandi sem fólst í námskeiðum kennara og heimsóknum á milli skóla. Undan þessu samstarfi fjaraði. Á móti hefur samstarf innan Tónlistarskólans eflst og einangrun kennara minnkað, t.d. vegna samvinnu gítar- og blásturshljóðfærakennara. Þá er að mati kennara Tónlistarskólans mikið samstarf milli tónlistarskólakennara á landinu um hvers konar endurmenntun.

5.9 Leikskólanemendur

Í Vestmannaeyjum eru börn á aldrinum eins til sex ára 278 talsins og skiptast í árganga sem hér segir (tafla 6).

²⁴ Hagstofa Íslands. <http://www.hagstofa.is/template25.asp?pageid=219&nid=1119&Redirect=False>. Sótt á Netið 24.03.2005

Tafla 6: Fjöldi barna sem fædd eru 1999–2003 og leikskólabörn í Vestmannaeyjum (Hagstofa Íslands).

	Ár	1999	2000	2001	2002	2003	Alls
<i>Fjöldi barna</i>		70	54	44	59	51	278
<i>Fjöldi barna í leikskóla</i>		70	53	43	55	12	233
<i>Hlutfall nemenda í leikskóla</i>		100%	98,1	97,7%	93,2%	23,5%	83,8%

Í töflunni eru ekki talin með börn sem fædd eru 2004 en 1. des. 2004 var fæðingarárgangurinn orðinn 45 börn. Alls eru 834% barna sem fædd eru á árabílinu 1999–2003 í leikskóla.

Nýverið var innritunarreglum í leikskóla hjá bænum breytt. Áður mátti ekki sækja um leikskólapláss fyrir barn fyrr en það hafði náð sex mánaða aldri og þá var það dagsetning umsóknar sem réði. Nú eru engin takmörk fyrir því hvenær sækja má um fyrir barn en aldur þess ræður því hvenær það fær skólavist, elstu börnin fyrst og svo koll af kolli. Aldurstakmörk voru færð niður í 18 mánaða úr tveggja ára um áramótin 2004–2005 og stefnt er að því að taka inn eins árs börn í nýjan leikskóla sem er í hönnun.

Leikskólar bæjarins eru aldursskiptir, þ.e. börnum er skipt niður á deildir eftir aldri. Reynt er að hafa ekki fleiri en tvo árganga saman á deild. Einn leikskóli skiptir hins vegar börnunum niður eftir kyni í samræmi við Hjallastefnu sína, en hefur yngri og eldri kjarna og er skiptingin miðuð við þriggja ára aldurinn. Tveir leikskólar taka við börnum yngri en tveggja ára. Einn leikskóli er alfarið einsettur, þ.e. öll börn eiga að vera komin fyrir kl. 9 að morgni og byrja að fara heim upp úr kl. 14:00. Í hinum leikskólunum tveimur hefur að sögn leikskólastjóranna orðið sú breyting að þeim fer fækkandi sem óska eftir síðdegisplássu fyrir börn sín og telja þeir að ekki sé langt í að þeir verði einnig einsetnir.

5.10 Grunnskólanemendur

Þegar spáð er í þróun nemendafjölda í grunnskólunum í Eyjum kemur í ljós að reikna má með að nemendum muni fækka um a.m.k. 15% á næstu fimm árum. Skólaárið 2004–2005 er meðalfjöldi í árgangi um 73 nemendur en sé tekið mið af fjölda nemenda 1–6 ára verður meðalfjöldi í árgangi skólaárið 2010–2011 62 nemendur (tafla 7).

Tafla 7: Þróun nemendafjölda í grunnskólum Vestmannaeyja 2004–2011.

	<i>Bekkir</i>										
<i>Skólaár</i>	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	<i>Alls</i>
<i>2004–2005</i>	64	78	70	54	75	87	85	72	80	64	729
<i>2005–2006</i>	70	64	78	70	54	75	87	85	72	80	735
<i>2006–2007</i>	54	70	64	78	70	54	75	87	85	72	709
<i>2007–2008</i>	44	54	70	64	78	70	54	75	87	85	681
<i>2008–2009</i>	59	44	54	70	64	78	70	54	75	87	655
<i>2010–2011</i>	51	59	44	54	70	64	78	70	54	75	619

Þessi spá gerir ekki ráð fyrir neinni íbúafækkun á tímabilinu. Haldi sú mannfjöldaþróun hins vegar áfram sem var 1990–2004 (14,4% fækkun íbúa) má búast við að fækkun nemenda verði mun meiri en þegar er fyrir séð. Því má reikna með að fjöldi grunnskólanema fari niður fyrir 600 nemenda markið skólaárið 2010–2011.

Á þessu skólaári (2004–2005) eru alls 729 nemendur í grunnskólum Vestmannaeyja og skiptast á skóla og bekk eins og sjá má (tafla 8).

Tafla 8: Fjöldi nemenda og deilda í grunnskólum Vestmannaeyja.

	<i>D</i>	<i>1</i>	<i>2</i>	<i>3</i>	<i>4</i>	<i>5</i>	<i>6</i>	<i>7</i>	<i>8</i>	<i>9</i>	<i>10</i>	<i>Alls</i>
Barnaskóli Vestmannaeyja	32	50	39	37	37	48	51	40	41	42		417
Deildir	2	3	2	2	2	2	2	2	2	2	2	21
Hamarsskóli	32	28	31	17	38	39	34	32	39	22		312
Deildir	2	2	2	1	2	2	2	2	2	1		18
Samtals nemendur	64	78	70	54	75	87	85	72	80	64		729
Samtals deildir	4	5	4	3	4	4	4	4	4	3		39

Meðalfjöldi nemenda í deild í grunnskólunum tveimur er 18,7 nemendur. Í Barnaskólanum er talan hærri en í Hamarsskóla eða 19,8 nemendur á móti 17,3 nemendum. Að sögn skólustjóra Hamarsskóla hefur nemendum skólans fækkað á undanförunum árum. Húsnæðismálum skólanna er þó þannig háttað að Barnaskólinn er að hluta til í mjög gömlu húsnæði og þarf aukið rými til að geta sinnt starfseminni með góðu móti. Hamarsskóli er hins vegar í nýlegu húsnæði og hefur allgott rými fyrir starfsemi sína.

Þrátt fyrir þetta ójafnvægi í nemendafjölda milli skólanna hefur ekki verið gerð breyting á hverfisskiptingu með það að markmiði að jafna nemendatöluna. Skólasvæði Hamarsskóla afmarkast af austurhluta bæjarins við Stremlugötu, Hólagötu og Faxastíg. Nemendur austan við þessar götur sækja Barnaskólann. Reyndar er hverfaskipanin ekki alveg stíf því nokkuð er um það að nemendur fái sig færða í annan skóla en búseta segir til um að þeir eigi að sækja.

Að undanförunu hefur orðið mikil umræða um skólaskipan í Vestmannaeyjum. Í aðalatriðum hefur umræðan snúist um það að í stað þess að starfrækja tvo heildstæða grunnskóla verði starfræktir tveir aldursskiptir skólar. Að frumkvæði vinnuhóps sem settur var á laggirnar til að endurskoða skólamál í Vestmannaeyjum var boðað til vinnufundar með kennurum, stjórnendum skóla, foreldrum, nemendum og fleirum. Markmiðið var að finna kosti og galla þess að aldursskipta skólum í Eyjum. Unnið var með hugstormun þar sem þátttakendur skrifuðu niður á miða kosti og galla aldursskiptra skóla. Meginniðurstöðurnar urðu eftirfarandi:

Kostir þess að skipta:

- Allir unglingar þekkjast. Allur árgangurinn saman. Stærri vinahópur. Öflugra félags- og tómstundastarf. Skólinn er miðstöð samskipta.
- Meiri sérhæfing og samvinna. Betur afmörkuð viðfangsefni með fleiri nemendum í aldursþópi. Sambærilegt nám í öllum árgöngum.
- Betri nýting tækja og búnaðar, þjónustu og húsnæðis.
- Færri bekkir. Betri nýting kennara og annars starfsfólks.
- Betri yfirsýn yfir skólastarfið. Meiri samhæfing. Betri skólaþróun. Auðveldara að samræma kröfur.
- Auðveldara að búa til sértæk úrræði. Skipulag auðveldara. Öflugt samstarf við framhaldsskóla og leikskóla.
- Fleiri sérúrræði og valkostir fyrir sama fé. Getur sparað í stjórnun. Stærri einingar fjárhagslega hagkvæmar.
- Auðveldar einstaklingsmiðað nám. Aukið val fyrir nemendur og minni árekstrar. Auðveldara að getuskipta.
- Betri yfirsýn yfir félagslega stöðu nemenda í sérdeild.

Gallar:

- Heildarsýn yfir grunnskólastigið tapast. Minna samstarf milli skóla. Náms efni bundið við ákveðið skólastig og námsstig einangrast. Of mikil sérhæfing kennara sem geta ekki kennt á báðum stigum.
- Grunnkostnaður mikill. Breytingar vegna t.d. stærðar nemenda og vegna fatlaðra.

- Aukin hætta á einelti, öryggisleysi og öðrum vandamálum sem þrífast í skjóli fjöldans. Auðvelt að tynast í stórum hóp. Erfitt að aldursskipta fötluðum.
- Of stórar bekkjardeildir
- Ekki hægt að skipta um skóla ef vandamál koma upp.
- Aukin unglinga- og agavandamál. Mikið stökk að fara úr barnaskóla í unglingaskóla. Börn líta fyrr á sig sem unglinga. Máli skiptir hvar er skipt, 5.–10. bekkur eða 8.–10. bekkur.
- Meiri kostnaður við sérdeildir. Tvær í stað einnar? Verri nýting á fjármunum. Erfðara að nýta fagfólk.
- Kennurum og öðru starfsfólki fækkar. Atvinnuleysi?
- Sparnaður á kostnað fagmennsku?
- Engin samkeppni milli grunnskóla. Minni metnaður.
- Ferðakostnaður eykst. Skólabíll?
- Yngri og eldri nemendur fjarlægjast hvorir aðra.

Niðurstöður vinnufundarins drógu fram viðhorf um kosti og ókosti þess að aldursskipta skólunum og ekki má sjá hvort vó þyngra kostir eða ókostir slíks skipulags. Ekki liggur fyrir að frekari vinna hafi farið fram um þetta mál en gæði skólastarfs hlýtur fyrst og síðast að snúast um innra starfið.

5.10.1 Deildaskipan


Báðir grunnskólarnir eru það sem kallað er tveggja hliðstæðna skólar, þ.e. tvær deildir í hverjum árgangi. Tvær undantekningar eru frá því í Hamarsskóla þar sem aðeins er ein deild í 4. og 10. bekk eins og sjá má á töflu 8 og ein í Barnaskólanum þar sem eru þrjár deildir í 2. bekk. Báðir skólarnir virðast skipta jafnt í deildir í yngri árgöngum skólans en í eldri deildum eru hópastærðir ójafnar. Samkvæmt upplýsingum skólastjóra Barnaskólans beitir skólinn því sem hann nefnir jafningjahópun við ákvörðun deildaskiptingar á unglingastigi. Í því felst að nemendum með svipaða námsgetu í hverjum árgangi (8.–10. bekk) er raðað saman í bekk. Stuðst er við árangur á skólaprófum og samræmdum prófum þegar raðað er í hópana. Auk þessa hefur skólinn reynt jafningjahópun í stærðfræði sérstaklega og er þá árganginum skipt í þrjá hópa. Þá hefur jafningjahópun verið reynd á miðstigi og 6. og 7. bekk skipt í þrjá hópa, sérstaklega í íslensku og stærðfræði og einstaka tilraunir gerðar í stærðfræði á yngsta stigi. Með þessu fyrirkomulagi telur skólinn að hægt sé að minnka tímaþörf fyrir stuðnings/sérkennslu. Hópaskiptingin er endurskoðuð á vorin og þá geta nemendur færst á milli hópa. Venjulega er hraðferð fjölmennari hópur, 25–26 nemendur á móti 15–18 í hægferð. Flutningur nemenda á milli hópa er gerður í samráði við foreldra. Að sögn skólastjóra hafa sum börn blómstrað í svona kerfi og hafa ekki viljað færa sig úr hægferð, vilja vera góð þar. Það er ætlun skólans að halda áfram að reyna þetta fyrirkomulag og þróa.

Í skólanámskrá Hamarsskóla kemur fram að í 1.–7. bekk er nemendum skipað í bekk eftir hverfum. Nemendur sem búa í sama hverfi lenda í sama bekk nema annars sé óskað af foreldrum. Á unglingastiginu er nemendum oftast skipað í deildir eftir árangri þeirra í samræmdum greinum og jafnframt litið til meðaleinkunnar og félagslegrar færni. Samkvæmt upplýsingum skólastjóra hefur það viðmið verið viðhaft að nemendur í 1.–3. bekk séu ekki fleiri en 18 í bekkjardeild. Að öðru leyti er miðað við 24 nemendur í bekk þó undantekningar séu þar frá. Ef um er að ræða árgang þar sem „vandamálin“ virðast raðast í eina bekkjardeild fremur annarri er tekið tillit til þess. Jafnframt er hugað að skiptingu kynja þannig að það séu jafnmargir drengir og stúlkur í hvorri bekkjardeild ef kostur er. Á miðstigi og yngsta stigi eru bóklegir tímar nemenda látnir liggja saman ef þess er kostur. Það fyrirkomulag gefur

kennurum tækifæri til að vinna saman með ólíkar gerðir námshópa og koma þannig betur til móts við einstaklingana í bekkjunum.

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að bekkjarskipting og röðun í bekki sé ákvörðun hvers skóla. Í skólanámskrá þarf því að koma fram lýsing á bekkjarskipan og samsetningu námshópa og rök skólans fyrir þeirri skipan. Í báðum skólunum skortir að uppfylla þetta ákvæði aðalnámskrár en um langt skeið hefur verið deilt um blöndun eða röðun í bekki.

Í rýnihópi kom fram jákvæð afstaða foreldra til blöndunar fatlaðra nemenda í almennar bekkjardeildar. Það sjónarmið kom fram að með þeim hætti lærðu börn að sýna tillitssemi og umhyggju fyrir þeim sem minna mættu sín. Einnig voru foreldrar jákvæðir gagnvart getuskiptingu nemenda í deildir. Það fyrirkomulag sé hvetjandi fyrir nemendur að eiga möguleika á að komast í A-hóp. Drengir séu miklir keppnismenn í eðli sínu og getuskipting af þessu tagi sé hvetjandi fyrir þá. Í spurningalista voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til þess hversu sammála þeir eru því að nemendum sé raðað í getu- eða jafningaskiptar deildir (mynd 11).



Mynd 11: Afstaða til getuskiptra bekkjardeilda.

Af mynd 11 má sjá að kennarar virðast almennt sammála því að raða nemendum í getuskiptar deildir. Aðeins 8% eru ósammála og 15% óákveðnir. Meiri andstöðu gæti meðal foreldra en 65% þeirra lýsir sig sammála, 19% eru ósammála og 16% óákveðnir. Þegar nemendur 10. bekkjar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort raða ætti í bekki eftir getu lýstu 53% þeirra sig sammála, 31% voru ósammála og 16% kváðust óákveðnir.

5.11 Skólanámskrár leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ber hverjum leikskóla að semja sína eigin skólanámskrá. Skólanámskrá er grundvöllur þess að hægt sé að meta starfið. Námskrá hvers skóla á að veita yfirsýn yfir daglegt starf, kynna hugmyndafræði, markmið, leiðir og sérstöðu skólans. Samkvæmt aðalnámskrá eru sex námsvið samofin og fléttast inn í undirstöðuþætti leikskólans. Þetta er leikur, dagleg umönnun og almenn lífsleikni. Í aðalnámskránni eru talin upp fjögur lykilhugtök sem eiga að birtast í skólanámskrá:

- Leikurinn er lífstjáning barnsins og hornsteinn starfsins, á honum á nám barnsins að byggjast.
- Jafnrétti á að vera til leikja, þátttöku og ákvarðana.

- Sýn á barnið sem hæfileikaríkt og getumikið.
- Barnið er heildstæð vera sem lærir af víxlverkun sjálfs og umhverfis.

Við mat á námskrám leikskólanna var stuðst við gátlista fyrir námskrá grunnskóla. Listinn var aðlagður að hugtakanotkun og starfsemi leikskóla og tekið mið af aðalnámskrá leikskóla.

5.11.1 Kirkjugerði

Leikskólinn Kirkjugerði, skiptist í fjórar deildir, tvær þeirra eru fyrir börn á aldrinum 2–4 ára og tvær fyrir 4–6 ára. Í leikskólanum er boðið upp á þrjár máltíðir á dag, þ.e. morgunmat, hádegismat og nónhressingu. Aðeins er svokallað móttökueldhús í leikskólanum, maturinn er keyptur frá Karató ehf.

Meðalaldur starfsfólks í leikskólanum er 41,9 ár, meðalstarfsaldur er 11,4 ár sem þýðir að stöðugleiki virðist vera í starfsmannahópnum. Starfsfólk er að meðaltali í 68,2% starfshlutfalli, fjórir af 23 starfsmönnum eru í 100% stöðu. Við leikskólann starfa samtals 28 manns, þar af eru 23 sem vinna með börnin. Starfsmannahópurinn skiptist þannig: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, 6 leikskólakennarar, 2 aðstoðarleikskólakennarar með 45 eininga nám frá KHÍ, 12 leiðbeinendur og 2 starfsmenn sem skipta með sér einni stöðu í eldhúsi. Tveir leiðbeinendur skipta með sér afleysingastöðu. Aðstoðarleikskólastjóri annast eftirlit með stuðningsbörnum leikskólans og sér um sérkennsluna í samstarfi við kennara. Að sögn leikskólastjóra hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Leikskólinn hefur ekki gert skólanámskrá með þeim hætti sem aðalnámskrá kveður á um en hefur útbúið annars vegar foreldrahandbók og hins vegar starfsmannahandbók. Í stað starfs- eða ársáætlunar er leikskóladagatal þar sem koma fram helstu dagsetningar skólaársins.

Bæði í foreldrahandbók og starfsmannahandbók kemur fram sú stefna leikskólans að vinna að grenndarkennslu með áherslu á umhverfið. Foreldrahandbókin er hagnýtt upplýsingarit til foreldra þar sem m.a. markmið leikskólans koma fram ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum um fasta viðburði og árstíðarbundin verkefni.

Starfsmannahandbókin inniheldur starfslýsingar Félags leikskólakennara, stefnu skólans og meginmarkmið, ýmsar reglur varðandi umgengni og hvers vænst er af starfsfólki. Einnig er gerð grein fyrir hefðum sem gilda í starfsmannahópnum. Í handbókinni kemur fram að leikskólinn leggur sérstaka áherslu á aga og sérkafla er um agareglur leikskólans. Þær miða að því að hinn fullorðni stýri og stjórni og að komist verði hjá árekstrum, t.d. með því að vera stöðugt til staðar og reyna að sjá fyrir aðstæður með því að setja bannreglur. Starfsmannahandbókin ber það með sér að vera ekki fullunnin.

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er skráð niður jafnóðum það sem betur má fara í starfinu og það endurmetið, annars vegar í hópavinnu á skipulagsdögum tvisvar á ári og hins vegar á deildarstjórafundum sem eru á tveggja til þriggja vikna fresti. Niðurstöður matsins eru notaðar til hliðsjónar þegar unnið er að skipulagi næstu annar samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra. Ekki kemur fram hvaða aðferðum er beitt, hvernig gaganöflun á sér stað fyrir utan það sem segir í skólanámskrá að „við skráum niður strax það sem betur hefdi mátt fara.“ Ekki kemur fram hvaða aðferðum er beitt við skráningarnar né hvaða liðir það eru sem metnir eru hverju sinni. Í aðalnámskrá segir að sjálfsmat leikskóla skuli fara fram með víðtækri gagnöflun og starf leikskólans metið bæði sem heild og einstakir þættir sérstaklega (bls. 39–40).

5.11.2 Rauðagerði

Leikskólinn er þriggja deilda með aldurskiptar deildir. Deildirnar heita eftir litunum og skiptast í Bláu deild þar sem eru þrettán 1–2 ára börn, Gulu deild þar sem eru tuttugu og þrjú 2–4 ára börn og Rauðu deild þar sem eru tuttugu og fjögur 4–6 ára börn.

Meðalaldur starfsfólks er 36,8 ár, meðalstarfsaldur er frekar lágur, 4,6 ár. Um helmingur starfsfólks hefur unnið í 2,5 ár eða skemur á skólanum. Starfshlutfall er að meðaltali 68,1%, sex af 24 starfsmönnum eru í 100% stöðuhlutfalli. Við leikskólann starfa 27 manns, þar af eru 24 sem vinna með börnin. Stöður leikskólans eru mannaðar á eftirfarandi hátt: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, 6 leikskólakennarar, 1 leikskólakennaranemi í fjarnámi, 14 leiðbeinendur, 2 starfsmenn í eldhúsi og 2 sem skipta með sér einni afleysingastöðu.

Leikskólinn hefur sett upp vefsvæði, <http://raudagerdi.vestmannaeyjar.is>. Heimasíðan er ennþá í þróun og vinnslu og flestar krækjurnar enn óvirkar. Þar er þó m.a. að finna myndir úr starfinu. Skólanámskrá Rauðagerðis er í vinnslu og því aðeins um drög að ræða. Þar kemur fram að hugmyndafræði Howard Gardner um fjölgreindir er höfð að leiðarljósi. Í umfjöllun um daglegt starf og vinnu barnanna í leikskólanum koma ekki fram tengingar við kenningar Gardners. Í drögum að námskrá kemur fram að notast er við kennslugögn í anda Maríu Montessori í sérstökum „Montessori stundum“, að öðru leyti er nokkuð óljóst með hvaða hætti stuðst er við hugmyndafræði hennar. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að ekki væri unnið eftir neinni sérstakri hugmyndafræði en stuðst við ýmsa þætti úr hugmyndafræði Maríu Montessori, hún væri grunnurinn að starfi leikskólans.

Markmið leikskólans eru sett fram með nokkuð skýrum hætti, það vantar hins vegar að leiðir séu skilgreindar í samræmi við þau. Gert er ráð fyrir samþættingu leiks og námssviða um leið og nám barnsins er sundurgreint. Það samræmist hvorki hugmyndafræði Gardners sem fjallar um samþættingu námsgreina, námssviða og þroskápátta, né aðalnámskrá leikskóla sem segir að ekki skuli vera „um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppötvunarnám.“²⁵

Sýn leikskólans á barnið birtist sem sýn á nemanda sem vinnur fyrirfram valin verkefni er hinn fullorðni leggur fyrir. Í kafla 3.6 gætir ósamræmis þar sem talað er um að kennarinn velji viðfangsefni en í næstu málsgrein að verkefni barnanna séu sjálfvalin. Í kafla 3.6.1 kemur fram að valið sé eftir ákveðnum reglum í þeim tilgangi að auðvelda kennaranum að hafa yfirsýn og að halda aga, t.d. með því að takmarka aðgang að valsvæðum.

Í námskrárdrögunum kemur fram töluverð áhersla á málörvun og stærðfræði sem fer bæði fram í leik og föstum stundum. Leikskólinn virðist vinna markvisst að því að búa börnin undir grunnskóla, t.d. eru svokallaðar skólahópsstundir, þar sem lögð er sérstök áhersla á einbeitingu, fínreyfingar og hlustun.

Engin matsáætlun er kynnt í drögunum né nein umræða um innra mat skólans. Leikskólinn hefur mótað og skráð starfsmannastefnu sína. Þar kemur fram að allir starfsmenn sem voru í vinnu í leikskólanum á þeim tíma sem stefnan var mótuð tóku þátt í þeirri vinnu. Lögð er áhersla á að skapað sé gott félagslegt andrúmsloft, að samskipti séu hreinskilin og opin og minnt er á að starfsfólk sýni hvert öðru tillitsemi og jákvætt viðhorf. Í starfsmannastefnunni eru ítarlegar verklagsreglur um hvað má/á að gera og hvað ekki.

²⁵ *Aðalnámskrá leikskóla 1999:8*

5.11.3 Sóli

Sóli er þriggja kjarna leikskóli, eins og það er nefnt í skólum Hjallastefnunnar, fyrir börn á aldrinum 16 mánaða til 6 ára. Leikskólinn er á tveimur stöðum en rekinn sem einn. Stúlkna- og drengjakjarnar (3–6 ára) eru saman en litli kjarni (16 mánaða til 3 ára) er á öðrum stað.

Við leikskólann starfa 26 manns þar af eru 22 sem starfa með börnunum. Skiptingin er eftirfarandi: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, 3 leikskólakennarar, 16 leiðbeinendur, 1 þroskaþjálfari, 2 starfsmenn í eldhúsi, 2 í afleysingum og 2 sjá um ræstingu leikskólans, önnur þeirra er einnig leiðbeinandi á deild.

Leikskólinn hefur ekki gert sína eigin skólanámskrá, en starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar og styðst við *Handbók Hjallans*.²⁶ Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir: „markmið námskráa fyrir einstaka leikskóla er að laga aðalnámskrána að aðstöðu, möguleikum og hefðum hvers leikskóla ... leggja þarf áherslu á að skólanámskrá sé í nánnum tengslum við áhuga barna, reynslu þeirra, daglegt líf og nánasta umhverfi.“²⁷ Af þessu má ljóst vera að leikskólinn þarf að aðlaga námskrá Hjallans að sinni sérstöðu.

Á hverju hausti gefur leikskólinn út fréttabréf þar sem fram kemur starfsáætlun hvers árs. Í fréttabréfinu eru helstu viðburðir ársins merktir inn á skóladagatal. Þar eru einnig ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar til foreldra auk stuttrar greinar um stefnu leikskólans.

Handbók Hjallans er mjög nákvæm lýsing á hvað skal gera, hvernig vinnustundir og val er uppbyggt og hvað hvert svæði á að innihalda. Þar eru t.d. nákvæm fyrirmæli um hvernig val- og hópátímar eiga að ganga fyrir sig. Því kemur á óvart að í fundargerðum leikskólans er minnt á að starfsfólk þarf að halda sig innan rammans og að halda sig að verki í hópastarfi. Ekkert er um markmið leikskólans sjálfs, aðeins tilgreind sameiginleg markmið þeirra sem starfa samkvæmt Hjallastefnunni.

Hver kjarnastjóri ber ábyrgð á að fylla út gátlista fyrir foreldra um börnin í hans kjarna. Fyrir utan að fylla út eyðublöð eftir hverja stund dagsins þar sem fram kemur hvað gert var, þá virðist ekki vera neitt kerfisbundið mat á starfinu enda engin sjálfsmatsáætlun kynnt.

5.12 Skólanámskrár grunnskóla

Með *lögum um grunnskóla nr. 66/1995* voru sett ákvæði þess efnis að sérhver grunnskóli skyldi árlega gera skólanámskrá. Slík námskrá er stjórnþæki skólans en í lögnum segir enn fremur: „Skólanámskrá er starfsáætlun skólans þar sem m.a. skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því er varðar starfsemi skólans. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert.“ Með skólanámskrá er reynt að tryggja þekkingu allra viðkomandi aðila á skólastarfinu, skapa grundvöll til mats og innra og ytra eftirlits með því. Sambærileg ákvæði gilda fyrir leikskóla og framhaldsskóla.

Til að leggja mat á gerð skólanámskrár og innihald þeirra voru notaðir tveir matslistar. Annars vegar *Skólanámskrárgerð í grunnskólum á Íslandi*²⁸ og hins vegar *Gátlisti fyrir greiningu og mat á skólanámskrá*.²⁹

²⁶ *Handbók Hjallans*

²⁷ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999: 34.

²⁸ Hrólfur Kjartansson 1991.

²⁹ Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA 2002.

5.12.1 Barnaskóli Vestmannaeyja

Ef skólanámskrá Barnaskóla Vestmannaeyja er skoðuð í ljósi fimm stiga kvarða Hrólfs Kjartanssonar³⁰ raðast hún á þriðja stig yfir starfsáætlun. Að einhverju leyti má segja að hún nái að teygja sig á stig fjögur en um mikilvægustu mál náms og kennslu vantar stefnu, markmið og rökstuðning. Hér er átt við hvernig skólinn ætlar sér að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda, hvers konar kennsluhættir eru í fyrirrúmi og hvers vegna, hver er tilgangur námsmats og hvaða leiðir skólinn notar til að meta þekkingu, leikni og viðhorf. Áætlunin er fyrst og fremst lýsandi. Ýmislegt er áhugavert og vel unnið, svo sem eineltisáætlun og jafnréttisáætlun og ýmis verkefni sem nemendur skólans hafa unnið að. Sú mikla áhersla sem skólinn setur á margfalda birtingu agastefnu sinnar vekur vissulega spurningar.

Skólanámskrá Barnaskóla Vestmannaeyja er öll birt á netinu og er ekki til í prentuðu formi. Hún er ekki sett saman í heild en finna má alla helstu efnisþætti skólanámskrár þar í allitarlegu formi. Ýmsir kostir fylgja því að geta nálgast þessar upplýsingar á netinu en uppsetningin er ekki gallalaus. Skólinn hefur bæði sett upp vefsvæði sitt hjá Skólatorgi, http://skolatorg.is/kerfi/barnask_i_vestmannaeyjum/skoli/, og hjá Ísmennt undir eigin veffangi <http://vestmannaeyjar.ismennt.is/index.htm>. Þannig er texti um sama efnisþátt á fleiri en einum stað og ekki augljóst að svo sé. Dæmi um það er umfjöllun um vitnisburði, námsmat og sérkennslu (handbók, starfsáætlun og sérstök síða). Ekki er augljós leið af vefsvæði skólans á Skólatorgi yfir á eigin heimasíðu skólans hjá Ísmennt.

Í skólanámskrá er saga skólans rakin í stuttu máli og margt af sérstökum verkefnum skólans ber merki grenndarkennslu. Sjá má af lýsingum á einstaka verkefnum sem nemendur hafa unnið að gróskumikil verkefni af því tagi eru á dagskrá skólans. Stefnu skólans er lýst í leiðarljósi hans. Inntakið er framsækið en umfjöllun um leiðarljósið er ekki fyrir hendi, svo sem rökstuðningur og áætlanir um framfylgni.

Námsáætlanir gera á ýmsan hátt grein fyrir kennsluskipulagi en stefnu skólans um kennslu-hætti er ekki að finna utan þess sem sagt er í leiðarljósinu: „Við viljum að námið sé fjölbreytt og hvetjandi.“ Fram kemur að foreldrar og kennarar geta vísað málefnum einstakra nemenda til nemendaverndarráðs. Nemendur geta átt kost á sérkennslu eða stuðningskennslu. Ekki er alveg ljóst hver munurinn er á þessari kennslu né í hverju hún er fölgín. Í skipuriti er vísað til sérdeildar og einnig í sérstakri umfjöllun um sérkennslu, sérdeild og nemendaverndarráð. Ekki er að finna neina lýsingu á sérdeild og fyrir hverja hún er. Þá er ekki er að finna sérstaka kynningu á hægferð og hraðferð en af texta við sumar námsáætlanir má sjá að slíkt fyrir-komulag er fyrir hendi. Ekki er ljóst í hvaða árgöngum né hvað ræður flokkun eða aðgreiningu nemenda í þessar ferðir.

Upplýsingar um valgreinar á unglingastigi er ekki að finna á einum stað en gerð er grein fyrir hverri valgrein í námsáætlun fyrir sérhvern árgang. Kafli er um heimanám þar sem segir að heimanám sé hluti af vinnu allra nemenda. Skólinn býður upp á heimanámsaðstoð.

Markmiðslýsingar í námsáætlun skólanámskrárinnar falla að aðalnámskrá grunnskóla. Af þeim verður ekki annað séð en skólinn leitist við að kenna í góðu samræmi við markmið aðalnámskrár.

Almennt virðist kennsla afmarkast við námsgreinar og verulega vantar á umfjöllun um kennsluaðferðir og viðfangsefni í skólanámskrá. Fá dæmi eru um að sérstakar kennsluaðferðir séu nefndar, s.s. hljóðaaðferð, söguaðferð, þemanám, sýnikennsla, gagnvirkur lestur, samvinnunám, einstaklingsnám o.fl. Þeim lýsingum á kennsluaðferðum sem þó eru er

³⁰ Hrólfur Kjartansson 1991.

verulega ábótavant en oftar en ekki eru þær lýsing á vinnu nemenda (skrifa, lesa, hlusta, vinna í stílabækur), skipulagi (lesa heima fyrir hvern tíma, vinna verkefni í tímum), námsgögnum (unnið á tölvur, ritþjálfar), mati og heimanámi. Draga má þá ályktun að kennarar geri ekki skil á milli kennsluaðferða og þessara þátta.

Flestir kennarar nefna námsefni sem þeir nota við kennsluna, s.s. bókartitla (í stærðfræði, móðurmáli o.fl. námsgreinum) verkefnablöð og vinnubækur. Fáir kennarar nefna tölvur eða annars konar námsgögn. Verk- og listgreinakennarar nefna gjarnan sértæk gögn. Ekki verður sagt að fjölbreytni (sjá lista til viðmiðunar) sé áberandi.

Stefna skólans um námsmat (sýn, tilgangur og matsaðferðir) kemur ekki fram í skólanámskránni. Þar er eigi að síður minnst á námsmat í handbók kennara og við hverja námsgrein í öllum árgöngum í kafla um námsáætlanir. Fram kemur að „heildarvitnisburður“ sé gefinn tvisvar á ári. Sá fyrri er sagður ýmist gefinn í desember eða janúar en hinn síðari í lok maí eða byrjun júní. Í handbók er vikið að almennu skipulagi námsmats. Ekki er getið í gögnum skólans um skimunarpróf. Námsmati er almennt gerð slök skil í námsáætlunum. Oftast er sagt að námsmat felist í prófum, verkefnavinnu, vinnulagi og hegðun (mjög mismunandi hugtök notuð). Dæmi um það sem meta skal eru: dugnaður, áhugi, vinnugleði, virkni í tímum, hegðun, umgengni, vandvirkni, ástundun, förnfýsi, verklag, hæfni í tímum, vetrarvinna nemenda metin – umsögn gefin að vori. Hlutföll milli vetrareinkunna og prófa geta verið misjöfn, t.d. 20%:80%, 30%:70%, 40%:60% eða 50%:50%. Sums staðar er tiltekið hlutfall en annars staðar ekki. Þau skilaboð eru gefin í sumum greinum og árgöngum að nemendur geti áunnið sér rétt til að sleppa við (sem er þar með gert eftirsóknarvert) vorpróf, jafnvel þótt þau eigi að gilda 60% einkunnar (sbr. stærðfræði og líffræði í 8. bekk). Góð skólasókn getur einnig verið liður í því að sleppa við próf (enska í 9. bekk).

Skólasafns er getið í skólanámskrá. Sagt er hvar það er og vísað til upplýsinga í kennslustofum um opnunartíma og aðgengi nemenda. Minnst er á hvaða starfsemi þar fer fram. Ekki er sérstaklega getið um safnkost eða starfslið.

Skólanámskrá greinir frá starfsemi nemendaverndarráðs og námsráðgjafa. Þar segir t.d. að foreldrar og kennarar geti vísað málum til nemendaverndarráðs þar sem rætt verði um hvernig þörfum viðkomandi nemanda verði mætt. Engin umfjöllun er um stefnu og markmið í sérkennslu, hvernig sértækum þörfum verði mætt, hvort skólinn vinni að námi án aðgreiningar. Aðstoð við heimanám er kynnt.

Skólareglum er ítarlega lýst og þær eru ítarlega unnar. Um innihald þeirra má hins vegar setja spurningar. Athyglisvert er að sömu reglur og viðurlög gilda um agamál fyrir 6 ára börn og 12 ára unglinga, sbr. lýsingar í námsáætlun. Óheppilegar athugasemdir má sjá í skólanámskránni. Dæmi úr handbók um umgengni í kennslustofum: „Kennari læsi stofu að lokinni kennslu, kennari má aldrei skilja nemendur eftir í kennslustofu og ætla þeim að ganga frá án eftirlits. Þegar kötturinn fer út þá bregða mýsnar á leik!“ Fyrr hefur verið minnst á margfalda birtingu agakerfis og tíundun stiga- og punktagjafar og því er hér velt upp hvað rekur skólann til að setja agamálin svo á oddinn sem skólanámskráin gerir. Ítarleg lýsing á ferli um agamál fylgir námslýsingu fyrir hvern aldursþóp í 1.–7. bekk. Í námsáætlun fyrir nemendur í 5. bekk er lýsing á agamálum og refsingar við brotum fyrsta kveðjan sem lesandi þeirrar síðu fær.

Í skólanámskrá er fjallað um foreldrafélög, foreldraviðtöl og foreldrasamstarfi lýst en ekki er bein kynning á stefnu um foreldrasamstarf ef frá er skilin yfirlýsing um að foreldrar séu alltaf velkomnir í skólann. Stutt kynning er á heimasíðu skólans á ensku og dönsku um helstu málefni skólans.

Texti er stuttur um félagslíf og tómstundastarf. Umræða er lýsandi fremur en sagt sé frá markmiðum og leiðum. Sagt er að haldin verði nokkur tómstundanámskeið en þeim ekki

nánar lýst. Félagsaðstöðu í frímínútum er lýst fyrir nemendur á unglingastigi. Kynnt er að nemendaráð sjái um félagslíf.

Um nýja nemendur er sagt að innrita þurfi þá með góðum fyrirvara. Engin stefna er sett fram um hvernig skólinn tekur á móti nýjum nemendum.

Sjálfsmatsáætlun skólans er kynnt á netinu. Hún vísar til þátta sem eiga að koma til mats og tekur til tveggja tímabila, þ.e. 2003–2004 og 2004–2005. Samkvæmt henni á að leggja til grundvallar fyrst og fremst námsárangur nemenda en einnig niðurstöður úr könnun á viðhorfum foreldra, nemenda og kennara. Þær niðurstöður eru kynntar á netinu en annað ekki. Ekki eru fyrir hendi gögn um hvað í skólastarfinu hefur tekist vel og hvað miður á undanförnum árum og hvað skólinn hefur af því lært. Umfjöllun um árangursviðmið, þróunarstarf og starfsþróun er ekki fyrir hendi.

Þróunaráætlanir eða umbótaáætlanir eru ekki sérstaklega kynntar og ekki ljóst hvort þær liggja fyrir. Við skoðun á skólanámskránni má sjá að unnið hefur verið t.d. að eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og framvindulýsingu varðandi agamál. Athygli vekur að stefna skólans um agamál kemur fram á ýmsum stöðum, samtals oftár en tíu sinnum. Ekkert annað efni er eins ítarlega kynnt.

5.12.2 Hamarsskóli

Skólanámskrá Hamarsskóla hefur komið út þrettán sinnum. Í formála segir að hún eigi að vera leiðarvísir um vinnuvenjur og áherslur í skólanum ásamt hagnýtum upplýsingum. Segja má að námskráin uppfylli að ýmsu leyti þessar áherslur. Hún er hagnýt og lýsir starfi einstakra bekkja. Þar er yfirlétt gerð góð grein fyrir markmiðum náms og oftast getið um námsefni. Dæmi eru um að gerð sé grein fyrir kennslufyrirkomulagi (t.d. lífvísindi í 10. bekk) en almennt skortir lýsingar á kennsluháttum. Þrátt fyrir nokkra annmarka eru bekkjarnámskrár skýrar aflestrar. Miðað við fimm stiga kvarða Hrólfs Kjartanssonar telst skólanámskráin sambland af 3. og 4. stigi en á efra stiginu eru námskrár með útfærðum náms- og kennsluáætlunum ásamt rökstuðningi.

Ítarlegustu kaflarnir eru um foreldrasamstarf, heimanám, heilsugæslu, félagslíf og ástundun ásamt viðurlögum við slakri ástundun. Nokkuð ítarlegur og vel unninn kafli er um einelti og þar sett fram markmið. Þó er aðgerðum ekki lýst.

Vísað er til þess að vinnuáætlanir fyrir einstaka bekki liggi á netinu (bls. 6). Þegar þessi greining var gerð voru ekki slík skjöl á netinu. Hugsanlegt er að þau liggi þar en þurfi sérstakt aðgangsorð til að sjá þau.

Námskráin er gefin út í gormahefti, 24 síður fyrir utan kápu, í stærðinni A4. Almennt má segja að skipulag hennar sé aðgengilegt. Efnisskrá er fremst. Hún vísar ekki til blaðsíðutals. Greinargóðar upplýsingar eru um innihald og útgáfuár á kápu og skjalið allt er aðgengilegt á netinu.

Námskráin kynnir skólann ekki sérstaklega, sérstöðu hans eða umhverfi. Sýn er kynnt í upphafi með fáum en skýrum yfirlýsingum en enginn rökstuðningur er settur fram. Undir sýninni stendur: „Að þessu viljum við vinna með því að:“ efla vináttu, efla samskipti o.fl. Líta verður á þess aðfararorð sem markmið fremur en lýsingu á leiðum enda eru þær ekki skýrðar. Rétt er vekja athygli á því að sýn skólans tónar allvel við ákvæði aðalnámskrár um almenn menntunarmarkmið.

Umfjöllun um þróunaráætlanir skólans er ekki fyrir hendi undir því kaflaheiti. Hins vegar er þar sagt frá að hvaða þróunarverkefnum skólinn hefur unnið en áætlun til framtíðar er ekki sett fram nema sagt er að áform séu um að hefja þróunarvinnu um einelti og vísað til

sérstakrar umræðu þar að lútandi. Þar er verkefninu nokkuð vel lýst. Tímasetningar, viðmið um mat og því um líkt vantar þó.

Í skólanámskránni segir að skólinn hafi hafið sjálfsmat en engin grein er gerð fyrir sjálfsmats-áætlun skólans, kynntir málaflokkar, áhersluatriði, tengsl við markmið skólanámskrár né annað sem varðar slíka áætlunargerð. Ekki kemur fram hvað sjálfsmatið hefur leitt í ljós fram að þessu né hvað gert er með upplýsingarnar. Á netinu má sjá skrif um sjálfsmatið en þar sést ekki hvað hefur verið metið, hver var niðurstaðan né heldur hvaða ákvarðanir hafa verið teknar á grunni matsins.

Grein er gerð fyrir heimanámi og hvernig skólinn uppfyllir lágmarksfjölda skóladaga á skólaárinu. Að öðru leyti má segja að umfjöllun um kennslu sé lítil sem engin. Ekki er fjallað um kennsluskipan eða kennsluhætti. Kafli er um viðbrögð við námsörðugleikum. Þar kemur fram stefna um að nemendur með sérþarfir stundi nám með bekkjarfélögum sínum en í kafla 8.5 segir að Athvarf sé í Þórshamri fyrir nemendur sem þurfa meiri stuðning en hægt er að veita í almennu skólastarfi. Hér gætir nokkurrar mótsagnar. Auk þess er ekki nákvæmt með farið að þetta sé tilgangur Athvarfsins því að sögn framkvæmdastjóra fræðslu- og menningar-sviðs er það úrræði fyrir börn með félagsleg eða geðræn vandamál. Ákvörðun um hverjir fá þjónustu Athvarfsins er í höndum félags- og fjölskyldusviðs.

Í námskránni er ekki vikið að því að sérdeild starfi við skólann. Einnig skortir umfjöllun um hvernig skólinn stendur að náms- og starfsfræðslu. Upplýsingar um val fyrir nemendur í 9. og 10. bekk eru með bekkjarnámskrám en valið sjálft fær ekki sérstaka umfjöllun.

Markmiðakafli í samræmi við aðalnámskrá er enginn né heldur lýsing á kennsluaðferðum ellegar þær áherslur sem skólinn vill að séu um kennsluaðferðir. Ekki er minnst á viðfangsefni sem reyna á skilning, sköpun og gagnrýna hugsun nemenda. Ekki er heldur minnst á námsaðlögun eða einstaklingsmun að öðru leyti en því að fram kemur að nemendur í unglingadeild eru flokkaðir í námshópa eftir frammistöðu í greinum sem koma til samræmds prófs. Ekki er sagt frekar hvernig á að raða í námshópa. Kafli um heimanám er skýr þar sem fram kemur ábyrgð foreldra og barnanna sjálfra á heimanáminu.

Nokkuð er rætt um námsmat. Talnakvarði við einkunnagjöf er útskýrður í orðum en markmið um árangur í námi eru ekki kynnt. Að öðru leyti birtist stefna skólans um námsmat (sýn, tilgangur, matsaðferðir) að takmörkuðu leyti. Engin grein er gerð fyrir matsaðferðum né tilgangi námsmats eða hvernig skólinn stendur að kynningu á niðurstöðum samræmdra prófa. Þá er engin umfjöllun um álitamál sem tengjast námsmati né greint frá því hvernig upplýsingar eru birtar nemendum og foreldrum þeirra. Kynnt eru skimunarpróf sem skólinn notar og samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk dagsett. Viðmið eru gefin um árangur í lestri. Almenn viðmið árangurs í 1.–4. bekk eru 70–100% frammistaða. Ekki er um samsvarandi viðmið að ræða fyrir 5.–10. bekk. Skólaárinu er skipt í tvær annir og eru formleg próf í janúar og maí ár hvert. Í umfjöllun um námsmat í bekkjarnámskrám er oftast vísað til ytra forms (próf, símat) og hlutfalla þátta sem mynda einkunn en ekki útskýrð árangursviðmið eða útskýrt hvers konar próf er um að ræða. Á stöku stað vantar umfjöllun um námsmat.

Skólasafns er getið í skólanámskrá. Sagt er frá samvinnu bæjarbókarsafns og skólasafns, getið um opnunartíma, tímamörk lánstíma og loks er getið markmiða safnkennslu. Að öðru leyti eru stoðþjónustu gerð takmörkuð skili. Þar er almennt ekki fjallað um nám og kennslu og nær það einnig til nemenda með sértækar þarfir. Kafli er um viðbrögð við námsörðugleikum. Þar eru skilgreiningar á sérkennslu og stuðningskennslu en umfjöllun um markmið, leiðir og árangursmat er ekki til staðar. Ekki sést að skólinn hafi mótað jafnréttisáætlun í samræmi við fyrirmæli grunnskólalaga. Þá kemur ekki fram hvaða starfsreglur gilda um hvernig foreldrar eða kennarar bera sig eftir þjónustu fyrir nemendur með sérþarfir og engin umfjöllun er um nýbúakennslu eða kennslu tvítyngdra barna. Fram koma áherslur skólans um ábyrgð sérhvers

starfsmanns gagnvart nemendum og áætlanir skólans í forvörnum vegna eineltis, við áföllum og ofbeldi. Rætt er um námsráðgjöf og heilsugæslu. Sálfræðiþjónusta er nefnd en ekki útskýrð. Aðstoð við heimanám stendur nemendum í 1.–4. bekk til boða í klukkutíma á dag.

Skipurit skólans er sýnt í námskránni. Lýsandi kafli er um skólamálaráð og getið um formann þess. Einnig er getið um framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs og fræðslufulltrúa. Upplýsingar eru veittar um hlutverk nemendaverndarráðs, nemendaráðs og foreldraráðs. Hins vegar eru engar upplýsingar um hlutverk kennararáðs né skipan þess.

Í skólanámskrá Hamarsskóla er ítarleg grein gerð fyrir agakerfi skólans og skólareglum ásamt viðurlögum við brotum á þeim. Í agakerfi skólans er áhersla lögð á að kennarar haldi góðri skráningu á hinum ýmsum þáttum er við koma námi nemenda. Gerð er grein fyrir hverjir þættir það eru sem kennarar skulu einkum beina sjónum að við skráningu sína. Þetta eru þættir er varða ástundun, hegðun og umgengni. Reglur eru birtar um með hvaða hætti upplýsingar skulu veittar foreldrum og taka reglurnar tillit til aldurs nemenda. Í 5.–10. bekk er sett upp punktakerfi og viðurlög eða refsing felst í viðtölum við foreldra símleiðis, samtali við þá, fundi með þeim, kennara, nemanda og deildarstjóra allt eftir punktafjölda sem nemandi hefur aflað sér. Athygli vekur að einungis skal haft samband heim hafi nemandi gerst brotlegur en ekki ætlast til að kennarar miðli jákvæðum upplýsingum eða að skráðar séu jákvæðar upplýsingar um nemendur. Skólareglur eru settar fram í 13 liðum og viðurlög birt við brotum á reglunum. Sömu reglur eru settar öllum nemendum og sömu viðurlög. Skráning kennara í tengslum við agakerfi skólans virðist lúta að framkomu og umgengni nemanda í kennslustund en skólareglur lúta almennt að umgengni og háttsemi í skólanum.

Auk agakerfis og skólareglna eru ýmsar upplýsingar um reglur og skyldur sem varða nemendur. Má nefna kafla um ábyrgð og rétt nemenda, reglur gegn einelti og upplýsingar um ástundun og refsistig fyrir meinbugi á henni. Talsvert er fjallað um samstarf skóla og heimila, m.a. foreldraráð, foreldrafélög, foreldraviðtöl og foreldrasamstarf. Kynnt er „stefna“ Hamarsskóla um samstarf heimila og skóla. Eiginleg stefnumið eða markmið koma ekki fram, frekar er um að ræða upptalningu á atburðum til upplýsingar fyrir foreldra. Brýnt er fyrir foreldrum hversu mikilvægur áhugi þeirra og aðstoð við nám barnsins er, hvaða reglur gilda um leyfisveitingu nemenda og ábyrgð foreldra og áréttaðar reglur um útivist barna, fjallað er um svefnþörf og mikilvægi hollrar næringar.

Í skólanámskrá Hamarsskóla er samstarfi við leik- og framhaldsskóla ekki gerð skil. Stuttur kafli er um móttöku nýrra nemenda sem koma annars staðar frá. Það sem sagt er um nemendur í 1. bekk er að komið sé á vinaböndum milli nemenda í 1. og 6. bekk. Ekki er greint frá formlegri kynningu á skólanum fyrir leikskólabörn og foreldra þeirra. Stefna um eða önnur lýsing á móttöku sex ára barna í skólann liggur ekki fyrir. Af námskránni verður ekki heldur ráðið að skipulagðar kynningar séu á framhaldsskólum né greint frá möguleikum nemenda til að ljúka grunnskóla fyrr en í 10. bekk þó svo lög kveði á um að nemendur skuli eiga þann kost. Upplýsingar eru um viðmiðunareinkunnir samræmdra prófa fyrir inntöku í námsbrautir framhaldsskóla.

Ítarlegur texti er um félagslíf og félagsstarf nemenda. Markmiðum eða aðstöðu er ekki lýst en augljóslega er komin festa í tiltekna viðburði á þessu sviði. Þokkaleg grein er gerð fyrir öryggismálum þó markmiðum sé ekki lýst. Ekki er sérstaklega fjallað um umferðaröryggi en minnst á akstur foreldra að skólanum vegna nemenda. Um gæslu er ekki fjallað en segja má að í kafla um einelti sé komið inn á félagslegt öryggi nemenda.

Upplýsingar um starfsmenn og hvernig er unnt að hafa samband við þá liggur fyrir í skólanámskrá. Sömuleiðis er þar veffang skólans.

5.13 Skólanámskrá Framhaldsskóla

Hverjum framhaldsskóla er samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1996 skylt að gefa út skólanámskrá og uppfæra hana reglulega. Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir að skólanámskrá sé í senn stefnuskrá skóla og bindandi fyrir starfsmann hans. Hún á að lýsa starfi viðkomandi skóla, sérkennum hans og sérstöðu. Þar skal gera grein fyrir námsframboði, lengd og inntaki námsbrauta og skiptingu námsgreina á námsannir eða námsár. Í aðalnámskrá segir enn fremur að í skólanámskrá skuli skóli gera grein fyrir því með hvaða hætti hann hyggist gegna hlutverki sínu samkvæmt 2. gr. laga um framhaldsskóla, m.a. hvernig hann ætli að „stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.“ Þar skuli einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, náms- og starfsráðgjöf, svo og gæðastjórnun.

Engin heildarskólanámskrá er kynnt af hálfu Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Hins vegar eru birtir á heimasíðu skólans ýmsir kaflar sem heyra skólanámskrá til, s.s. jafnréttisáætlun, skólareglur, prófreglur, reglur um framgang náms, inntökureglur, skólahjúkrun, hlutverk forvarnarfulltrúa og áfangalýsingar einstakra námsáfanga. Á heimasíðunni er engin grein gerð fyrir stefnu skólans eða framtíðarsýn, kennslufræðilegri stefnu, skipulagi kennslu og stuðningi við nemendur sem þurfa á aukinni þjónustu að halda, tilhögun námsmats, forvarnarstefnu, samskiptum við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögræðisaldri, tilhögun félagsstarfs á vegum skólans og fleira mætti telja. Því verður að telja að nokkuð vanti enn upp á skólanámskrágerð Framhaldsskólans.

Stefnuskrá skólans er ekki á heimasíðu hans en þegar eftir var leitað var hún til fyrir árið 2003–2004. Í henni segir að skólinn vilji skapa bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. „Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að gera nemendum kleift að stunda sem fjölbreyttast nám í sinni heimabyggð. Jafnframt mun skólinn leitast við að skapa sér sérstöðu og bjóða upp á nám sem laðar að nemendum annars staðar af landinu.“

Meginmarkmið Framhaldsskólans er tekið beint upp úr lögum um framhaldsskóla, þ.e. að námið eigi að stuðla að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Þar á eftir gerir skólinn grein fyrir leiðum sem hann hyggst fara að þessu markmiði. Á tíðum eru þessar leiðir miklu frekar orðaðar sem undirmarkmið en útfærsla eða leið að markmiði. Í stefnuyfirlýsingu kemur fram að skólinn leitist við að skapa sér sérstöðu en þegar kennarar voru beðnir um að nefna í hverju sérstaða þeirra væri fólgin var lítið um svör. Helst var nefnt að skólinn sé lítill og áhersla lögð á velliðan allra nemenda. Í stefnuyfirlýsingu er áhersla lögð á það að laða að nemendum annars staðar að af landinu.

5.14 Skólanámskrá Tónlistarskóla

Í aðalnámskrá tónlistarskóla segir að mikilvægt sé að allir tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt og markmið í skólanámskrám og kynni þær nemendum og foreldrum eða forráðamönnum þeirra. Hlutverk skólanámskrár er að stuðla að árangursríku skólastarfi með því að veita upplýsingar og yfirsýn, auðvelda endurmat áætlana og tryggja sem farsælast tónlistaruppeldi. Skólanámskrá á að vera í senn starfsáætlun viðkomandi skóla, upplýsingarit og lýsing á því sem gera á í skólanum. Skólanámskrá skal byggja á aðalnámskrá tónlistarskóla og jafnframt vera útfærsla á henni miðað við aðstæður og sérkenni hvers skóla.

Engin slík formleg skólanámskrá hefur verið sett fyrir Tónlistarskóla Vestmannaeyja. Hins vegar birtir skólinn á heimasíðu sinni (<http://www.vestmannaeyjar.is/tonskoli/>) upplýsingar

um kennsluna í skólanum. Þar er tónlistarnámi og áherslum Tónlistarskólans lýst. Kennsla mótast af stundatöflu grunnskólanna og annarri starfsemi, sem nemendur taka þátt í á öðrum vettvangi.

Áhersla er lögð á fjölbreytni við val viðfangsefna og að nemendur kynnist mismunandi stíltegundum og að tónstigar og tækniæfingar eru séu mikilvæg byggingarefni sem ekki má vanrækja. Bent er á að hljóðfæranám byggist fyrst og fremst upp á reglulegri og mikilli heimavinnu. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með náminu og vera í góðu sambandi við kennarann. Sett er fram viðmið um æskilegan æfingatíma á degi hverjum.

Grein er gerð fyrir tónfundum og tónleikahaldi skólans en allir nemendur og skyldum nemenda til að koma þar fram sé þess óskað. Allir tónleikar eru opnir og auglýstir sérstaklega. Þá er fjallað um stigspróf en þeir nemendur sem þreyta stigspróf fá virðulegt skirteini þar sem upp eru talin prófverkefni og árangur við hvert þeirra. Stigspróf geta nemendur þreytt hvenær sem kennari viðkomandi nemanda telur hann færan til þess. Gerð er grein fyrir útskrift en að vori fá allir nemendur skólans afhent vitnisburðarskirteini.

Í upplýsingum á heimasíðu skólans er grein gerð fyrir skólareglum. Í reglunum er gerð grein fyrir frídögum, forföllum nemenda, umgengni, meðferð hljóðfæra, skólagöldum, tónlistarflutningi og ástundum.

Þessi samantekt skólans um kennsluna er góð lýsing á því starfi sem þar fer fram og gagnlegar upplýsingar fyrir þá sem stunda nám við skólann og aðstandendur þeirra og upplýsingar um þær körfur sem skólinn gerir til nemenda. Hins vegar er engin almenn markmiðssetning gerð fyrir skólann né áætlun um innra mat eða þróun skólastarfsins. Hvað markmiðssetningu skólans varðar vísar skólastjóri til reglugerðar fyrir Tónlistarskólann frá 1989 en þar segir að markmið skólans sé að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Vestmanneyjum. Þessum markmiðum skal náð m.a. með því að:

- Annast kennslu í hljóðfæraleik ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna.
- Búa nemendum fjölbreytt skilyrði til þess að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
- Leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik og hjómsveitarstarfi.
- Halda námskeið í söng minnst tvisvar á ári, eða annast samfellda söngkennslu og kórstarf eftir því sem aðstæður leyfa.
- Búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist.
- Gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun.

Galli er að þessi reglugerð er ekki aðgengileg á heimasíðu Tónlistarskólans og þessi markmið sem skólanum eru sett því ekki vel aðgengileg þeim sem afla vilja sér upplýsinga um skólann.

5.15 Nám og kennsla

Í aðalnámskrá leikskóla segir að námssvið leikskóla séu hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins og lífstjáníng og gleðigjafi barns. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Þó að börnin leiki sér á eigin forsendum á leikskólakennari ekki að vera aðgerðalaus. Hann á að fylgjast vel með leiknum og vera reiðubúinn að örva eða taka þátt á forsendum barnanna. Hann veitir þannig öryggi, getur vakið áhuga, svarað spurningum, spurt spurninga og leitt börnin þannig áfram í þekkingarleit sinni. Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins, þar sem reynsla barnsins speglast. Leikskólinn þarf að búa yfir fjölbreyttum náms- og efnivið svo leikur og hugmyndaflug barnanna nái að þróast og eflast. Nám og kennsla í leikskóla er fremur þroskamiðuð en greina- eða fagmiðuð.

Í grunnskóla beinist kennsla að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf og ná leikni og færni á tilteknum sviðum. Kennsla miðar að því að nemendur nái tilteknum markmiðum. Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná settum markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem eiga í hlut hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir að til þess að framhaldsskólar geti sinnt hlutverki sínu þurfi starfsemi þeirra að byggja á ýmsum ólíkum þáttum og þeir þurfa að geta mætt margvíslegum kröfum sem til þeirra eru gerðar. Starfsemi skóla þarf líka að vera sveigjanleg svo hægara sé að sinna nýjungum í skólastarfi. Framhaldsskólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim kennslu og nám við hæfi. Þeir skulu leitast við að gera fötluðum nemendum, langveikum og þeim sem eiga við námsörðugleika að etja kleift að stunda nám með öðrum eftir því sem tæk eru á. Miklu máli skiptir að allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum. Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreyttir, mótast af sveigjanleika og vera í samræmi við þá skólastefnu sem skólarnir sjálfir hafa sett. Framhaldsskólum ber að marka sér stefnu í forvörnum og stuðla að þeim með markvissum hætti. Lögð skal áhersla á að nemendur temji sér jákvætt viðhorf, ábyrgð, umhyggju, heilbriggt líferni, gagnrýna hugsun, sjálfsvirðingu og virðingu gagnvart öðrum.

Aðalnámskrá tónlistarskóla mælir fyrir um að meginviðfangsefni þeirra skóla sé nám og kennsla í hljóðfæraleik, einsöng og tónfræðum. Við lok tiltekinna áfanga þurfa nemendur að uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni í þessum greinum. Áhersla er lögð á fjölbreytni í starfi tónlistarskóla og að tekið sé tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska.

Í ljósi þessara viðmiða aðalnámskráa var leitað upplýsinga um ýmsa þætti náms og kennslu á öllum skólastigum í Vestmannaeyjum.

5.15.1 Leikskólar

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að börn hafi mismunandi getu, reynslu og þroska. Þau hafi þörf fyrir samneyti við önnur börn, jafnt jafnaldra sína sem eldri og yngri börn. Leikskólinn á að taka tillit til þarfa sérhvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í könnun skólaþróunarsviðs var leitað eftir viðhorfi starfsfólks leikskólanna og foreldra til þess hvort þeir teldu að þessa væri gætt í starfi leikskólanna í Vestmannaeyjum, hvort stuðlað væri að samvinnu barnanna og þau hvött til að ræða saman um viðfangsefni sín til að leita lausna (tafla 9).

Tafla 9: Starfsaðferðir leikskólans.

<i>Starfsaðferðir leikskólans eru almennt sniðnar að þörfum barnanna (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
<i>Starfsfólk</i>	42,9	51,8	0	0	5,4
<i>Foreldrar</i>	25,3	45,3	1,0	0	28,4
<i>Stuðlað er að samvinnu milli barnanna (%).</i>					
<i>Starfsfólk</i>	58,2	38,2	0	0	3,6
<i>Foreldrar</i>	34,4	56,3	0	0	9,4
<i>Börnin eru hvött til að ræða saman um viðfangsefni sín til að leita lausna (%).</i>					
<i>Starfsfólk</i>	32,7	43,6	1,8	1,8	20
<i>Foreldrar</i>	29,2	31,3	0	0	39,6

95% starfsfólks kváðust sammála því að starfsaðferðir leikskólans séu almennt sniðnar að þörfum barnanna og 96% þeirra eru sammála því að stuðlað sé að samvinnu þeirra í milli. Hins vegar virðist gæta ákveðins ósamræmis í svörum þar sem aðeins 76% starfsfólks er sammála því að börnin séu hvött til að ræða saman um viðfangsefni til að leita lausna, 4% eru því ósammála en 20% óviss. Afstaða foreldra birtist með eilítið öðrum hætti því 71% þeirra eru sammála því að aðferðir leikskólans taki almennt mið af einstaklingnum en 28% óákveðnir. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að 90% foreldra eru sammála því að leikskólinn færi börnunum viðfangsefni við hæfi og jafnframt eru 80% foreldra sammála því að komið sé til móts við hæfileika þeirra barns í leikskólanum, 3% eru ósammála og 16,7% telja sig ekki vita það. Afstaða foreldra til þess að starfshættir leikskólans geri ráð fyrir samvinnu barnanna er svipuð og kennaranna en 91% foreldrar segjast sammála því. 61% foreldra eru sammála því að börnin séu hvött til að ræða saman um viðfangsefni sín til lausnar, og 40% eru óviss í afstöðu sinni. Þegar leitað er afstöðu fólks til þeirrar fullyrðingar að leikskólinn geri hæfilegar kröfur til barna í leikskólanum segist 95% starfsfólks leikskólanna sammála því. 91% starfsfólks er sammála því að leikskólinn taki af festu á eineltismálum, en því eru aðeins 70% foreldrar sammála.

Eins og áður hefur komið fram er unnið að hluta til eftir hugmyndafræði Maríu Montessori, í leikskólanum Rauðagerði. Á eldri deildunum tveimur eru horn með heimatilbúnum Montessori námstækjum sem eru aðgengileg fyrir börnin. Þó börnin geti gengið í námstækin gera þau það ekki að sögn leikskólastjóra nema í ákveðnum Montessori-stundum sem eru einu sinni á dag. Allur efniviður og leikföng sem börnin hafa aðgang að er í lágum opnum hillum eða körfum. Í leikskólanum er unnið eftir valkerfi, þar sem börnin velja einu sinni til þrisvar á dag, úr viðfangsefni sem kennararnir leggja fyrir, takmarkaður aðgangur er að hverju svæði. Elstu börnin eru í svokölluðum skólahópum einu sinni í viku þar sem lögð er áhersla á lestur og stærðfræði. Notað er fyrsta bekkjar námsefnið, *Markviss málörvun* og *Kátt er í Kynjadal*. Ritmál er mjög sýnilegt alls staðar í leikskólanum. Viðfangsefni barnanna eru einnig sýnileg, t.d. myndir á veggjum sem tengjast verkefnum sem börnin voru að fást við.

Í leikskólanum Kirkjugerði er lagt upp úr því að börnin þekki uppruna sinn og sögu og að þau læri að bera virðingu fyrir umhverfinu. Endurnýting er áberandi og eru kennarar, starfsfólk, foreldrar og aðrir mjög meðvitaðir um að koma með efnivið í leikskólann til endurnýtingar. Aðgengi barna að efnivið og leikföngum er ekki mjög greiður þar sem allt er geymt í háum hillum í sérstökum geymsluherbergjum og það tekið fram sem til þarf í hvert sinn. Inni á deildum hafa börnin auk þess aðgang að efnivið til leikja. Börnin velja sér leikjasvæði eftir valkerfi einu sinni á dag, kennarar velja hvaða svæði/leikir eru í gangi hverju sinni og er takmarkaður aðgangur að hverju svæði. Ritmál er mjög sýnilegt á deildum eldri barnanna. Í skólahópi elstu barnanna er notað fyrsta bekkjar námsefnið *Markviss málörvun* og *Kátt er í Kynjadal*. Saga Vestmanneyja, náttúran og umhverfi eru aðalviðfangsefni barnanna í hópastarfi. Auðvelt er að sjá hver áhersla leikskólans er og að hverju er verið að vinna í hvert sinn, því myndir og viðfangsefni eru mjög sýnileg á veggjum leikskólans. Almennt létu börnin ekki truflast þó gengið væri um deildirnar, heldur héldu áfram því sem þau voru að fást við.

Leikskólinn Sóli er kynjaskiptur og er deginum skipt upp í klukkutíma valstundir og eins og hálf klukkustunda vinnustundir. Í valstundum velja börnin sér viðfangsefni út frá því sem er í boði hverju sinni. Valið fer fram tvisvar fyrir hádegi og tvisvar eftir hádegi. Þrátt fyrir að aðstaðan innan húss sé mjög þröng er aðgengi barnanna að þeim efnivið sem er í boði greiður. Leikskólinn vinnur eftir Hjallastefnunni og er það mjög sýnilegt, t.d. örvamerkingar á gólfum sem sýna umferðarátt, eins og leikskólastjóri orðaði það, þ.e. hvar á að ganga og línur á gólf þannig að fólk rekist ekki á. Í tveimur herbergjum eru límdir ferhyrningar á gólf með númerum þar sem hvert barn á sitt númer og situr þar m.a. þegar valið er. Samkvæmt Hjalla-

stefnu á að vera lítið um leikföng og þannig er það í Sóla. Í leikstofu eru t.d. aðeins nokkrar dýnur og borð og stólar sem börnin nota til að skapa leik. Ekkert hangir á veggjum utan ýmis skipulagsblöð og fleira hagnýtt fyrir starfsfólk og tilkynningar til foreldra. Engar myndir frá börnunum eru sýnilegar né annað sem bendir til hvað börnin hafa verið eða eru að fást við. Í skólahópi elstu barnanna er unnið með fyrsta bekkjar námsefnið *Markviss málörvun og Kátt er í kynjadal*.

Þrátt fyrir að hver leikskóli hafi sínar áherslur eða hugmyndafræði til grundvallar starfinu er margt sem þeir eiga sameiginlegt, í raun meira en það sem greinir þá að. Allir vinna út frá svipuðu valkerfi, þar sem börnin velja sér viðfangsefni. Allir leggja áherslu á að gera ritmálið sýnilegt og allir skipta börnunum upp í fámenna (samkvæmt barngildum) aldurskipta hópa sem einn kennari ber ábyrgð á. Í öllum leikskólunum eru svokallaðir skólahópar elstu barnanna, þó gengur Sóli lengst í þeirri vinnu, en í kjallara hússins hefur verið sett upp 24 barna skólastofa, þar sem borðum hefur verið raðað upp í röð, minnir á gamaldags uppröðun í skólastofu. Í hinum leikskólunum sitja börnin í litlum hópum kringum borð og kennarinn gengur á milli, líkar því sem nú er í fyrstu bekkjum grunnskólans. Í öllum leikskólunum er lögð áhersla á vinnu með tölu- og bókstafi, einnig að börnin læri að sitja kyrr og hlusta, taka við fyrirmælum.

Það virðist mega gera starf leikskólanna sýnilegra bæði innan veggja þeirra og utan, því þó að það hafi komið fram í könnun skólaþróunarsviðs að 75% starfsfólks sé sammála því að verk barnanna séu höfð reglulega til sýnis í leikskólanum, þá kom það sjónarmið fram í rýnihópi þeirra að starfsfólk mætti vera duglegra að vekja athygli á því sem börnin eru að fást við. Þótt 87% foreldra séu sammála því að verk barnanna séu höfð reglulega til sýnis innan leikskólans kom fram bæði í rýnihópum foreldra og starfsfólks að starf leikskólanna sé ekki mjög sýnilegt í samfélaginu. Í spurningalistakönnun voru aðeins 46% starfsfólks sem voru sammála því að verk barnanna væru höfð reglulega til sýnis í samfélaginu. Aðspurt kvaðst starfsfólk leikskólanna ekki vera mjög duglegt að hafa samstarf við fyrirtæki og stofnanir bæjarins. Sameiginleg sumarhátíð leikskólanna og þátttaka í goslokahtíð væri nánast það eina sem gert væri fyrir utan leikskólana.

Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóranna leggja allir leikskólarnir áherslu á jákvæðan aga þar sem börnin læra að bera virðingu fyrir reglum og umhverfinu, allir beita þeir SOS aðferðinni að einhverju leyti við einstaklinga sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða. Það eina sem skilur Sóla frá hinum, eftir því sem best verður séð, er kynjaskipting í vinnu- og valstundum.

Þörfin fyrir aukið samstarf leik- og grunnskóla hefur verið nefnd „að brúa bilið,“ en milli þessara tveggja skólastiga í Vestmannaeyjum virðist leiðin yfir brúna liggja aðeins í aðra áttina, þó í skólastefnu Vestmannaeyjabæjar komi fram að leik- og grunnskólar eigi að styðja við og byggja hvor á öðrum. Að mati leikskólastjóranna hafa kennarar fyrstu bekkja grunnskólans sett viðmið um hvað börnin eigi að geta og kunna þegar þau koma í fyrsta bekk. Viðmiðin séu þau að börnin hafi náð færni í ýmsu er varðar sjálfshjálp auk þess að geta setið kyrr og tekið við fyrirmælum, geta dregið til stafs og þekkt lestraráttina. Elstu árgangarnir eru hvarvetna í svokölluðum skólahópum og það kom fram hjá leikskólafulltrúa að vinnan þar hefur farið fram úr væntingum. „Við vanmátum getu leikskólabarnanna og nú eru þær í grunnskólanum í vandræðum með námsefni, því ekki er hægt að nota annars bekkjar námsefni fyrir fyrsta bekk. Þær eru að reyna að fá Námsgagnastofnun til að koma með nýtt námsefni.“ Í samræðum við leikskólakennara kom fram að auk áherslu á stafi og tölur væri lögð áhersla á að börnin lærðu að sitja kyrr og taka við fyrirmælum.

Í rýnihópi starfsfólks leikskóla sögðu þátttakendur að þeir teldu foreldra og börn bíða í ofvæni eftir að börnin byrji í skólahóp og „fari að læra eitthvað.“ Töldu kennarar að svo virtist sem

foreldrum fyndist það „merkilegra en annað leikskólastarf“. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar eru almennt ánægðir með skólahópa og virðast skilja betur hvað þar fer fram en í öðru leikskólastarfi. Eitt foreldri sagði að það væri „mikilvægt að börnin lærðu að það væri kennarinn sem ræður og að þau ættu að hlusta þegar hann talar,“ því væri mikilvægt að byrja „að þjálf þau í að sitja kyrr og hlusta í leikskóla.“ Hins vegar eru skiptar skoðanir hjá foreldrum um skólahópana: „Hvað með leikinn? Leyfum börnunum að leika leikinn, þau læra í gegnum leikinn,“ kom fram hjá einu foreldranna. Það eru einnig skiptar skoðanir meðal leikskólakennaranna um hvort slíkir skólahópar eigi rétt á sér. Í rýnihópi kom fram að þeir væru ekki ánægðir með þróunina sem hefur orðið en finna ekki leiðina út. Leikskólakennararnir eru sammála um að þeir þurfi að vaka yfir sérstöðu leikskólans. „Er ekki kominn tími til að sýna fram á hvernig leikskólinn nálgast viðfangsefni sitt og vera stoltur af því sem verið er að gera?“ sagði einn leikskólakennarinn. Þeir vilja vinna með grunnskólanum en á forsendum beggja skólastiganna. Samstarfið og vinnan með elstu börnum leikskólans er í samræmi við skólastefnu Vestmannaeyja þar sem segir að leikskólinn eigi að undirbúa börnin sem best undir grunnskólann.

„Hlakka geðveikt til,“ svarar stúlka, sex ára síðan í janúar, aðspurð um hvað henni finnst um að byrja í grunnskóla. „Það er geðveikt leiðinlegt í fyrsta bekk segir frænka mín,“ bætir hún svo við. „Nú hvernig?“ „Maður þarf að gera dálítið erfitt.“ „Hvað lærir maður í grunnskóla?“ „Maður lærir að vera stilltur, að lesa og gera verkefni og að smíða. Ég kann að smíða gítar og tættara, afi kenndi mér. Hann er smíður og smíðar hús og glugga,“ sagði önnur stúlka.

Í könnun skólaþróunarsviðs var leitað eftir afstöðu starfsfólks leikskólanna og foreldra til starfsins innan skólanna, hvort börnin héldu sig vel að verki í hóptímum, hvort þau fengju hrós þegar þau gerðu vel, hvort vakin væri athygli á framförum þeirra og hvort leikskólinn bregðist markvisst við erfiðleikum þeirra (tafla 10).

Tafla 10: Vinna leikskólanemenda í hóptímum, hrós, framfarir og erfiðleikar.

Börnin halda sig vel að verki í hóptímum/vinnustundum (%).					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Starfsfólk	35,7	55,4	1,8	0	7,1
Foreldrar	30,5	37,9	0	0	31,6
Hrósá börnunum oft þegar þau gera vel (%).					
Starfsfólk	64,3	30,4	0	0	5,4
Foreldrar	48,4	44,2	0	0	7,3
Markvisst er vakin athygli á framförum barnanna (%).					
Starfsfólk	51,8	35,7	8,9	0	3,6
Foreldrar	36,8	38,9	11,6	1,1	11,6
Leikskólinn bregst markvisst við erfiðleikum barna (%).					
Starfsfólk	69,6	28,7	0	0	1,8
Foreldrar	40,0	38,9	1,1	0	20,0

Almennt má segja að gott samkomulag sé um alla þessa þætti, foreldrar þó til muna óvissari í sinni sök en starfsmenn um öll atriðin. Mest hik er á bæði starfsfólki og foreldrum í afstöðu sinni til þess hvort markvisst sé vakin athygli á framförum barnanna þar sem 9% starfsfólks segja það ekki gert og 12% foreldra. Þá er eftirtektarvert að stór hópur foreldra er óviss um hvernig ber að svara spurningunum og kemst það hlutfall yfir 30% þegar spurt er um vinnu-semi í hóptímum.

Þegar spurt er um afstöðu til þess hvernig samskipti séu á milli kennara, annars starfsfólks og barnanna auk innbyrðis samskipta barnanna er fullt samkomulag um að slík samskipti séu góð eða mjög góð. (tafla 11).

Tafla 11: Samskipti í leikskóla.

<i>Samskipti kennara og barna í leikskólanum eru góð (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Starfsfólk	69,6	28,6	0	0	1,8
Foreldrar	51,6	45,3	0	0	3,2
<i>Samskipti barna og annars starfsfólks eru góð (%).</i>					
Starfsfólk	58,9	33,9	0	0	7,1
Foreldrar	35,8	49,5	0	0	14,7
<i>Innbýrðis samskipti barnanna eru góð (%).</i>					
Starfsfólk	41,1	58,9	0	0	0
Foreldrar	27,4	63,2	0	0	9,5

Í töflu 11 má sjá að foreldrarnir eru sem fyrr aðeins varkárari í afstöðu sinni en starfsfólk leikskólanna og nokkru fleiri óákveðnir.

5.15.2 Grunnskólar

Samkvæmt niðurstöðum könnunar skólaþróunarsviðs virðist sem grunnskólanemendur beri nokkuð blöndnar tilfinningar til skólans síns. Í rýnihópi nemenda grunnskólanna var það sjónarmið uppi að skólarnir undirbyggju þá þokkalega. Námið sé sveiflukennt, stundum álag og í annan tíma ekki. Almennt töldu nemendur heimanám ekki mikið og voru sammála um að skólarnir væru tiltölulega góðir (tafla 12).


Tafla 12: Ánægja með grunnskólann.

<i>Ég er ánægð/ur með skólann minn (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
4. bekkur	52,5	17,5	0	15,0	15,0
7. bekkur	30,0	31,4	7,1	14,3	17,1
10. bekkur	5,9	51,0	13,7	7,8	21,6
Foreldrar	32,2	45,8	6,8	2,5	12,7
Kennarar	44,7	48,9	0	0	6,4

Í töflu 12 má sjá að ánægja með skólann fer minnkandi með auknum aldri nemenda. Stór hópur nemenda í 7. og 10. bekk kveðst óákveðinn í afstöðu til fullyrðingarinnar en í báðum bekkjum er það um fimmtungur nemenda. Meðan um 57% nemenda 10. bekkja segjast sammála fullyrðingunni segist liðlega þriðjungur þeirra ósammála eða vera óákveðnir. Mun fleiri nemendur 4. og 7. bekkja taka ákveðnari í afstöðu til skólans en 10. bekkingar og segjast alveg sammála því að þeir séu ánægðir með skólann sinn, jafnframt eru fleiri þeirra sem segjast alveg ósammála fullyrðingunni. Mun jákvæðara viðhorf er af hálfu foreldra og kennara til skólans.

Þegar spurt er um metnað kennara lýsa 55% nemenda í 10. bekk sig sammála því að hann sé mikill en 18% eru ósammála. 28% nemenda treysta sér ekki til að taka afstöðu. Þegar sama spurning er lögð fyrir foreldra kemur í ljós að þeir hafa meiri tiltrú á kennurum að þessu leyti, 73% þeirra er sammála því að metnaður kennara sé mikill, aðeins 8% eru ósammála og 18% taka ekki afstöðu.

Athyglisvert er hversu foreldrar telja að samskipti nemenda og kennara séu góð í ljósi svara nemenda sjálfra (mynd 12).



Mynd 12: Afstaða til samskipta nemenda og kennara.

Á mynd 12 má sjá að stærstur hluti foreldra er sammála því að samskipti nemenda og kennara séu góð. Börnin sjálf eru mun síður þeirrar skoðunar en innan við helmingur nemenda 10. bekkja eru sammála því að þessi samskipti séu góð og þriðjungur ósammála. Þegar svör nemenda 4. bekkja eru skoðuð kemur í ljós að 57% þeirra eru sammála því að samskipti þeirra og kennara séu góð og í 7. bekkjum er hlutfallið 56%. Það kemur tæpast á óvart þó nemendur í elsta bekk taki síður undir fullyrðinguna en yngri nemendurnir en athyglisvert er að þegar svör foreldra eru skoðuð kemur í ljós að liðlega 83% foreldra nemenda í 8.–10. bekk eru sammála því að samskipti nemenda og kennara séu góð og ekkert foreldranna er ósammála því. Síst eru það foreldrar yngri nemendanna sem eru sammála fullyrðingunni og reyndar eru 14% þeirra ósammála. Kennarar sjálfir virðast ánægðir með samskiptin.

Þegar leitað var afstöðu til fullyrðingarinnar að samskipti nemenda og annars starfsfólks séu góð sagðist meiri hluti nemenda 10. bekkja sammála því eða 58%. Aðeins 14% nemenda eru ósammála. Nemendur 7. bekkja eru ekki eins jákvæðir að þessu leyti en 47% þeirra segjast sammála því að þessi samskipti séu góð, 10% eru ósammála.

Eitt af grundvallaratriðum varðandi liðan nemenda í skólum og árangur lýtur að kennslu-aðferðum og hvort nemendur eru að fást við viðfangsefni sem hæfa getu þeirra. Í spurningalista skólaþróunarsviðs voru nemendur, foreldrar og kennarar beðnir um að taka afstöðu til þriggja fullyrðinga er lutu að kennslu-aðferðum. Í eftirfarandi töflu má sjá hverjar niðurstöður urðu (tafla 13).

Tafla 13: Kennslu-aðferðir í grunnskólunum.

<i>Kennslu-aðferðir eru fjölbreyttar (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Nemendur	9,8	27,5	23,5	3,9	35,3
Foreldrar	22,6	44,3	11,3	4,3	17,4
Kennarar	12,5	64,6	10,4	0	12,5
<i>Kennarar þekkja einstaklingsbundnar námsþarfir nemenda (%).</i>					
Nemendur	7,8	27,5	21,6	7,8	27,5
Foreldrar	21,6	31,9	14,7	8,6	23,3
Kennarar	18,8	62,5	8,3	0	10,4
<i>Kennslu-aðferðir eru almennt sniðnar að þörfum nemenda (%).</i>					
Nemendur	8	32	16	22	22
Foreldrar	12,1	37,9	15,5	6,9	27,6
Kennarar	6,3	54,2	6,3	0	33,3

Af töflu 13 má sjá að liðlega þriðjungur nemenda 10. bekkja er sammála því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og svipað hlutfall er óákveðinn. Fast að 30% nemenda eru ósammála. Afstaða foreldra og kennara er hins vegar mun jákvæðari en 70% foreldra eru sammála og 77% kennara. 23% kennara eru ósammála eða óákveðnir.

Í töflunni má enn fremur sjá að liðlega þriðjungur nemenda 10. bekkjar er sammála því að kennarar þekki einstaklingsbundnar námsþarfir nemenda. Nær 30% þeirra ósammála og svipað hlutfall er óákveðinn. Foreldrar eru frekar á þeirri skoðun að kennarar þekki til einstaklingsbundinna námsþarfa nemenda sinna þar eð 53% þeirra eru því sammála. Ef afstaða kennara sjálfra er skoðuð kemur í ljós að 81% kennara eru sammála því að þeir þekki til einstaklingsbundinna námsþarfa nemenda sinna. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að mun færri kennarar (60%) eru sammála því að kennsluaðferðir séu almennt sniðnar að þörfum nemenda. Þessi niðurstaða gefur tilefni til að álykta að kennarar álíti að þó svo þeir þekki til einstaklingsbundinna námsþarfa nemenda sinna, noti þeir þá þekkingu ekki til að sníða kennsluaðferðir sínar að þörfum nemenda.

En hvernig nýta nemendur kennsluna, hvernig halda þeir sig að verki og er sæmilegt næði í tímum? Í spurningalista voru svarendur beðnir um að taka afstöðu til þess hversu sammála þeir væru því að nemendur héldu sig vel að verki í tímum og að næði í kennslustundum væri gott. Í töflu 14 má sjá afstöðu nemenda 10. bekkjar, foreldra og kennara til þessara full-yrðinga.

Tafla 14: Vinna nemenda í kennslutímum.

<i>Nemendur halda sig vel að verki í tímum (%)</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
<i>Nemendur</i>	2,0	35,3	23,5	7,8	31,4
<i>Foreldrar</i>	23,3	38,8	6,0	2,6	29,3
<i>Kennarar</i>	2,1	60,4	12,5	2,1	22,9
<i>Næði í kennslustundum er gott (%)</i>					
<i>Nemendur</i>	6,0	36,0	24,0	20,0	14,0
<i>Foreldrar</i>	39,1	24,3	15,7	4,3	16,5
<i>Kennarar</i>	6,3	52,1	18,8	2,1	20,8

Heildarniðurstaðan er sú að foreldrar gefa jákvæðust svör við spurningunum tveimur, um 60% kennara telja bæði vinnusemi og næði í góðu lagi en nemendurnir gefa til muna neikvæðasta mynd, aðeins 37% þeirra telja vinnusemi ríkjandi og eingöngu 42% þeirra telja næði gott en 44% ekki. Niðurstöður af þessu tagi vekja óhjákvæmilega upp spurningar um það hver þessara þriggja aðila geri sér raunhæfasta mynd af því sem raunverulega á sér stað í kennslustundum.

Heimanám er oft til umfjöllunar og sýnist sitt hverjum um það hversu mikla áherslu skólinn eigi að leggja á heimanám (tafla 15).


Tafla 15: Afstaða til heimanáms.

<i>Heimanám er of lítið (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
4. bekkur	16,7	9,5	23,8	40,5	9,5
7. bekkur	8,1	1,4	27	55,5	8,1
10. bekkur	2,0	15,7	29,4	29,4	23,5
Foreldrar	7,7	18,8	37,6	15,4	20,5
Kennarar	6,25	12,5	58,3	8,3	14,6
<i>Heimanám er of mikið (%).</i>					
4. bekkur	34,1	12,2	17,1	26,8	9,8
7. bekkur	42,5	16,4	9,6	9,6	21,9
10. bekkur	19,6	27,5	19,6	3,9	29,4
Foreldrar	8,6	25,9	28,4	11,2	25,9
Kennarar	4,2	8,3	56,25	10,4	20,8

Þegar tafla 15 er skoðuð má sjá að almennt virðast nemendur og foreldrar frekar sammála því að kröfur um reglulegt heimanám sé of mikið. Fast að helmingur nemenda 4., 7. og 10. bekkja er sammála því að svo sé en mun færri eru sammála því að kröfur um heimanám sé of litlar. Almennt er hlutfall þeirra sem eru ósammála því að kröfur um heimanám séu of miklar hærra en hlutfall þeirra sem eru sammála því að kröfurnar séu of litlar. Það kann að skýrast af því að einhver hópur nemenda telur að kröfur um heimanám séu hæfilegar og eru því hvorki sammála því að þær séu of litlar né of miklar. Þetta má sjá skýrt í afstöðu kennara þar sem hlutfall þeirra sem telur kröfurnar of litlar og þeirra sem telur þær of miklar er tiltölulega lágt. Vænta má því að stærstur hluti kennarhópsins telji heimanám hæfilegt.

Ef skoðað er hvort fram kemur munur á afstöðu kennara til þess hvort kröfur um reglulegt heimanám séu litlar með tilliti til þess á hvaða skólastigi kennarinn kennir kemur í ljós að það virðist skipta máli.


Langflestir kennarar sem kenna á yngsta stigi eru ósammála því að kröfur um reglulegt heimanám séu of litlar. Athygli vekur hversu hátt hlutfall kennara 8.–10. bekkja er óákveðinn í afstöðu til fullyrðingarinnar (mynd 13).



Mynd 13: Afstaða kennara til krafna um reglulegt heimanám.

Þegar leitað var eftir afstöðu nemenda til þeirrar fullyrðingar að nemendur legðu mikla alúð við heimanámið kváðust 28% nemenda í 10. bekk sammála en 40% ósammála. 74% foreldra

eru sammála meðan aðeins 9% eru ósammála. Kennarar hafa nokkuð aðra afstöðu til þessa en foreldrar því 47% þeirra eru sammála en 26% ósammála. Ef afstaða kennara til fullyrðingarinnar er skoðuð nánar koma fram ólík sjónarmið eftir því á hvaða skólastigi kennarinn kennir (mynd 14).



Mynd 14: Alúð nemenda við heimanámið.

Langflestir kennara barna á yngsta stigi eru sammála því að nemendur leggi mikla alúð við heimanámið en þessa viðhorfs gætir mun síður meðal kennara á öðrum skólastigum. Þannig eru nær helmingi fleiri kennarar á elsta stigi ósammála fullyrðingunni en sammála.

5.15.3 Framhaldsskóli

Allt frá stofnun Framhaldsskólans í Vestmanneyjum hefur hann að sögn skólameistara barist fyrir því að efla menntun og ýta undir jákvæðari viðhorf bæjarbúa til menntunar. Fyrstu stúdentarnir voru útskrifaðir 1984 og eru þeir nú orðnir tæplega 600 talsins. Þá hefur skólinn einnig brautskráð iðnaðarmenn í mismunandi iðngreinum, vélstjóra, skipstjóra, sjúkraliða og fólk með verslunarpróf. Á s.l. 20 árum eru þeir sem brautskráðst hafa með skilgreind lokapróf nánast jafnmargir og þeir sem lokið hafa stúdentsprófi frá skólanum.

Að sögn skólameistara Framhaldsskólans eru allir nemendur sem um skólann sækja teknir inn. Í upphafi (fyrstu sex einingunum) er nemendum skipt í hægferð og hraðferð, einkum í tungumálum, íslensku og stærðfræði. Að því loknu er reynt að halda sama hraða á öllum nemendum. Nemendum er skipt í hópana skv. einkunnum við lok grunnskóla. Er skóla-einkunn látin gilda til jafns við einkunn úr samræmdu prófi. Nemendum stendur til boða að velja um bóknámsbrautir og fjölda verknámsbrauta. Bóknámsbrautirnar ganga alltaf en einstakar iðnbrautir eru á undanhaldi vegna lítillar aðsóknar. Fjölmennust er félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut fylgir fast á eftir. Af verknámsbrautum er vélstjórnarbraut fastur punktur í skólastarfinu. Auk hennar hefur skólinn nokkuð reglulega boðið upp á grunndeild rafiðna. Þetta tvennt er nánast eina verknámið sem í boði er við skólann. Þó eru kenndar einstaka greinar í samningsbundnu iðnnámi og þá starfrækir skólinn öðru hverju sjúkraliðabraut. Nemendur, sem eiga verulega erfitt með nám og ekki fyrirsjáanlegt að þeir ljúki framhaldsskólanámi, brautskrást af almennri braut 1 eins og það er kallað. Að meðaltali brautskrást 12–15 nemendur árlega af þeirri braut.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands³¹ skiluðu 20,4% þeirra sem hófu nám í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum haustið 2002 sér ekki að nýju haustið 2003. Að meðaltali var brottfall á sama tímabili úr framhaldsskólum á landinu öllu 15,1%. Brottfall úr bóknámi er 11,7% en 20,9% úr verknámi. Brottfall í Eyjum er því svipað og landsmeðaltalið er fyrir verknámið. Að mati skólameistara er þetta brottfall of hátt. Skýringuna telja þeir jafnvel þá að skólinn taki við öllum nemendum. Að þeirra sögn er ekki víst að þeir sem detta út séu hættir í raun, heldur aðeins óráðnir í námi sínu. Koma fyrst í skólann vegna þess að þangað liggur leið jafnaldranna og standa síðan ekki undir kröfum sem gerðar eru.

Athygli vekur að á tímabilinu 1997–2004 voru 71 fleiri strákar en stelpur í námi í Framhaldsskólanum. Á þessu tímabili voru aðeins eitt árið fleiri stúlkur en drengir. Fleiri stúlkur eru að jafnaði en drengir í árgangi í Eyjum en brottfall drengja á framhaldsskólaaldri er samkvæmt Hagstofu Íslands töluvert meira á landsvísu en brottfall stúlkna og munar svo miklu að það ætti að gera meira en að jafna muninn milli kynja. Á þessu eru ekki skýringar en tvennt kemur til greina. Annað er að færri stúlkur í Eyjum fari í Framhaldsskólann en drengir, þær fari annað í skóla eða þær fari ekki í framhaldsskóla. Hitt er að brottfall þeirra í Eyjum sé meira en drengja en það er í ósamræmi við þróunina á landsvísu. Hvor skýringin sem er virðist gefa vísbendingar um að Framhaldsskólinn mæti ekki nægilega vel kröfum eða þörfum stúlkna.

Foreldrar framhaldsskólanema voru sammála um að fámennið hefði bæði kosti og galla. Unglingarnir þekkjast vel og samband við kennara er oft persónulegt. Þá er upplýsingastreymi og aðgangur að stjórnendum og kennurum greiður en hins vegar heyrðist sú rödd að á stundum gætti metnaðarleysis af hálfu kennara. Foreldrar tóku undir með nemendum að námsframboð væri fábreytt, einkum þyrfti að gera átak í að efla iðn- og verknám.

Allur gangur er á því hvort stúdentar úr Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum fara í háskóla. Það hefur þó aukist með tímanum, áður fóru frekar fáir, bættu frekar við sig iðnnámi eða einhverju slíku. Núna fer það vaxandi að stúdentar haldi áfram til háskólanáms. Nokkrir hafa farið í Kennaraháskóla Íslands og gengið vel, einhverjir í Háskóla Íslands og átt misjöfnu gengi að fagna.

5.15.4 Tónlistarskóli

Að sögn kennara og skólastjóra Tónlistarskólans er staða skólans í samfélaginu góð og mikil velvild ríkjandi í garð hans. Skólanum hefur verið fengið aukið húsnæði undir starfsemi sína en það var orðið flöskuháls í starfseminni að sögn kennara. Aukið húsnæði hefur opnað nýjar víddir í kennslunni og auðveldað tónleikahald en nú eru lokatónleikar við skólann haldnir fimm sinnum á hvorri önn. Auk þessa eru oft haldnir tónfundir sem eru opnir almenningi. Fyrirkomulag tónfunda og fjöldi þeirra hefur reynst örvandi og hvetjandi fyrir skólastarfið.

Auk söngs er kennt á eftirfarandi hljóðfæri: píanó, hljómborð, orgel, trompet, túbu, horn, básúnu, blokkflautu, þverflautu, klarinett, saxófón, fiðlu, klassískan gítar, rafmagnsgítar, bassagítar og slagverk. Þá fer fram kennsla í tónfræði, tónheyrn og hljómfraði. Við skólann er hægt að ljúka 6. stigi. Yfirleitt eru það nemendur sem eru að ljúka öðru námi í Eyjum. Mikið er um samspil tónlistarnemenda og ferðir tónlistarhópa á tónleika, landsmót og annað slíkt. Skólahljómsveitin er uppeldisstöð fyrir lúðrasveit bæjarins og reyndar fleiri lúðrasveitir.

³¹ Hagstofa Íslands 2004.

5.16 Agamál

Í viðtali við leikskólafulltrúa kom fram að verið væri að SOS-væða bæinn eins og það var orðað. Um er að ræða atferlismótandi kerfi, sem snýst um afsiðun, þ.e. reynt er að styrkja æskilega hegðun með jákvæðri umbun og breyta óæskilegri hegðun með því að beita „útilokun“ þar sem barnið er sett á afvikinn stað í jafnmargar mínútur og samsvarar aldri þess (dæmi 5 ára barn í 5 mínútur) og því gert að hugsa um gerðir sínar og iðrast. Hugmyndin er að sama aðferð sé notuð bæði heima og í öllum skólum bæjarins því ekki má nota þessa aðferð nema foreldrar séu því samþykkir. Það kom fram hjá foreldrum að þeir vita almennt ekki hvaða aðferðum er beitt í leikskólum við ögun og telja kerfið ekki gagnsætt. Fæstir foreldrar í rýnihópunum vissu hvaða aðferðum er beitt og töldu að það hefði ekki verið kynnt, sumir höfðu ekki einu sinni velt því fyrir sér að einhverjum sérstökum aðferðum væri beitt yfirleitt. Þá kom það fram hjá kennurum að þessari aðferð væri alls ekki beitt hjá öllum. Það virðist því sem ekki hafi náðst sú samstaða sem átti að vera um notkun þessa agakerfis. Það eru skiptar skoðanir um ágæti aðferðarinnar, bæði hjá foreldrum og kennurum, en allir vilja samt að eitthvað sé gert og að börn þurfi ramma og festu. Eitt foreldri sagði: „Ég ætla rétt að vona að leikskólinn agi barnið mitt.“

Leikskólafulltrúi taldi að flestir starfsmenn leikskólanna hefðu farið á námskeið um agakerfið. Hjá leikskólastjóra Kirkjugerðis kom fram að aðeins 7 af 28 kennurum leikskólans hafa farið á SOS námskeið. Hvorki leikskólastjóri né kennarar leikskólans telja að þeirri aðferð sé beitt í leikskólanum þó stuðst sé við hugmyndir úr henni eins og „útilokun“ þegar barn gengur of langt eða missir stjórn á sér. Verið sé að reyna að finna gott heiti á það, t.d. hlé. Lögð er áhersla á að börnin leysi sjálf úr sínum málum og hefur verið gert átak til að draga úr klög-unum. Það virðist hafa borið árangur ef marka má ummæli barns við annað barn: „Mér þykir vont þegar þú lemur svona í mig, viltu gjöra svo vel og hætta.“

Þegar þátttakendur voru spurðir um skilgreiningu á hugtakinu agi kom í ljós að kennarar, foreldrar og leikskólastjórar leggja allir svipaða merkingu í orðið, þ.e. að fara eftir reglum, að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfinu, að bera ábyrgð, að sýna kurteisi og að hafa stjórn á sér. Það kom hins vegar fram í rýnihópi starfsfólks leikskóla að þeir telja að aga verði ekki öðru vísi stjórnað en af fullorðnum. Bæði starfsfólk og foreldrar töldu um að það væri mikill munur á börnunum í leikskólanum og heima hvað það varðaði að fara eftir reglum. Dæmi var tekið af barni sem væri agað og hlýðið í leikskólanum, það hefði ekki stjórn á sér heima eða þegar það færi með foreldrum sínum á íþróttaleiki. Skýringuna töldu bæði foreldrar og leikskólakennarar vera tímaleysi foreldra, að foreldrar væru ekki nægilega fylgnir sér við að fara eftir því sem sagt væri, eða eins og ein móðir orðaði það: „Stundum er maður of eftir-gefanlegur.“

Í rýnihópi starfsfólks leikskólanna kom fram það sjónarmið að það væri skrítið að barn sem hefði verið agað í leikskólanum væri „orðið óagað“ þegar í grunnskólann kæmi. Starfsfólk spurði sig að því hvort það geti verið að börnin séu of frjáls í leikskólanum og því séu þau ekki nógu öguð þegar í grunnskólann kemur, kannski eigi að byrja fyrr að láta þau sitja kyrr og hlusta. „Börn þurfa að læra það að í grunnskólanum er það kennarinn sem ræður og börnin hlýða.“ Spurt var hvort verið væri að fara réttar leiðir í agamálum úr því börnin virðast ekki ná að tileinka sér þann sjálfsaga sem þarf til að geta yfirfært hegðunina úr leikskólanum yfir á grunnskólann og heim. Ekki kom fram neitt sérstakt svar við þeirri spurningu en umræður urðu um að leikskólinn væri of mikið að eltast við að uppfylla kröfur utan frá.

Í könnun skólaþróunarsviðs kemur fram að gott samkomulag er á milli foreldra leikskólabarna og starfsfólks leikskóla um það að börn fari eftir settum reglum í leikskólum og að starfsfólk sé samtaka um að framfylgja slíkum reglum. Starfsfólkið tók í öllum tilvikum sterkar undir

fullyrðingar í þessa veru en hneigðin er sú hin sama að því undanskildu að mun stærri hópur foreldra en starfsfólks var ekki viss í sinni sök (tafla 16).

Tafla 16: Afstaða til reglna, umgengni og hegðunar í leikskólum.

Börnin fara eftir settum reglum í leikskólanum (%).					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Starfsfólk	71,4	25,0	0	0	3,6
Foreldrar	49,5	36,8	1,1	0	12,6
Reglur um umgengni og hegðun í leikskólanum eru skráðar (%).					
Starfsfólk	41,1	33,9	7,1	0	17,9
Foreldrar	30,5	40,0	4,2	0	25,3
Starfsfólk leikskólans er samtaka í því að framfylgja umgengnisreglum (%).					
Starfsfólk	64,3	25,0	0	0	10,7
Foreldrar	48,9	30,9	2,1	0	18,1

Í grunnskólunum eru skráðar reglur um umgengni og hegðun. Bæði foreldrar og kennarar eru meðvitaðir um að svo sé en einungis liðlega helmingur nemenda 10. bekkjar er sammála því að slíkar reglur séu til (tafla 17).

Tafla 17: Reglur í grunnskólum.

Í skólanum eru reglur um umgengni og hegðun (%).					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
7. bekkur	47,9	36,6	2,8	1,4	11,3
10. bekkur	19,6	33,3	13,7	9,8	23,5
Foreldrar	41,7	48,7	1,7	0	7,8
Kennarar	38,3	53,2	4,3	0	4,3
Nemendur fara að settum reglum (%).					
4. bekkur	31,0	14,3	2,4	28,6	23,8
7. bekkur	12,7	21,1	14,1	19,7	32,4
10. bekkur	9,8	25,5	29,4	9,8	23,5
Foreldrar	50,9	34,2	7,0	0,9	7,0
Kennarar	14,6	54,2	10,4	2,1	18,8

Nemendur 7. bekkjar virðast betur meðvitaðir um reglurnar því 85% eru sammála því að í skólanum séu reglur um umgengni og hegðun. Þó kennarar séu flestir sammála því að skóla-reglur séu til staðar treystir nær fimmtungur sér ekki til að taka afstöðu til þess hvort nemendur fari eftir þeim í skólanum en nær tveir þriðju hlutar þeirra eru sammála því að svo sé. Sama óákveðni kemur fram hjá kennurum þegar þeir eru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort starfsfólk skólans sé samtaka um að framfylgja umgengnisreglum. 71% kennara eru sammála því að svo sé, 8% eru því ósammála en 21% er óákveðinn.

Foreldrar eru vissir um tilvist reglnanna og þeir eru einnig að mestu sammála um að nemendur hlíti þeim. Nemendur sjálfir eru hins vegar hreint ekki á því að þeir fari eftir settum reglum og langt innan við helmingur nemenda í 10. bekk er sammála því að þeir geri það, 36%, 40% eru því ósammála og 24% óákveðinn. Svipuð afstaða kemur fram í 7. bekk en heldur fleiri fjórðu bekkjar telja að nemendur fari að settum reglum, 45%. Liðlega helmingur tíundu bekkja segir starfsfólk skólans samtaka um að framfylgja umgengnisreglum, 24% eru því ósammála og 26% eru óákveðnir.

Í rýnihópi grunnskólanemenda var því haldið fram að kennarar ynnu ekki mikið með skóla-reglur. Þær væru hengdar upp á vegg og á þær væri minnt þegar brot væru framin. Í skólunum hefur verið komið á punktakerfi sem felst í því að nemendur fá punkta ef þeir brjóta ákveðnar reglur. Þegar punktarnir hafa náð ákveðnum fjölda er þeim refsað með tilteknum hætti sem kerfið gerir grein fyrir. Nemendur telja að félögum þeirra sé orðið sama um punktana. Telja þeir að kerfið sé notað tilviljunarkennt og það sé fyrst og fremst refsingakerfi. „Ef einhver

gleymir pennaveski er honum refsað fyrir með punkti.“ Rýnihópnum fannst ekki vel tekið á agamálum í skólunum. Það séu oft sömu nemendurnir sem brjóta af sér og þeim sé sama um punktakerfi. Þetta séu krakkar sem hafa engan áhuga á námi. Þeir verstu fari í sérkennslu þar sem ófaglærðir einstaklingar „passa þá.“ Nemendur töldu vanda þessara nemenda ekki stafa af greindarskorti, þeir geti vel lært en geri það ekki. „Það er nú ekki töff að vera duglegur í námi. Sumir fara í vinnu strax að grunnskólanámi loknu.“

Nemendur vilja gjarnan eiga kost á auknu vali í skólunum. Þegar þeir voru spurðir um hvað þeim fyndist helst vanta í Eyjum nefndu þeir valfög í skólunum og kynningar á þeim að vori. Þá kvörtuðu þeir undan því að í framhaldsskólaáföngum sem væru í boði í grunnskólum væru gerðar kröfur um einkunnina 8 til að standast áfangann en þegar í framhaldsskólann væri komið dygði einkunnin 5.

Í Framhaldsskóla Vestmannaeyja eru skólareglur og prófreglur kynntar nemendum og hægt er að nálgast hvoru tveggja á heimasíðu skólans. Skólareglur lúta að mestu að tímasókn, umgengni og áfengisnotkun. Hins vegar eru engin viðurlög sett vegna brota á reglum né þau kynnt nemendum. Í skólareglum segir einungis að skólameistari og skólastjórn fjalli um brot á skólareglum og ákveði viðurlög. Í prófreglum er með sama hætti fjallað um stundvísi, forföll og háttvísi og prófsvindl. Engin viðurlög eru birt við brotum á prófreglum að öðru leyti en því að sé nemandi staðinn að prófsvindli þá skal honum umsvifalaust vikið úr prófi í viðkomandi áfanga og jafnframt telst hann fallinn í áfanganum. Að öðru leyti eru frávik frá prófreglum í höndum skólameistara og skólaráðs.

Í Framhaldsskóla Vestmannaeyja eru áhyggjur af áfengisneyslu nemenda eins og víðar í framhaldsskólum. Ráðinn hefur verið forvarnarfulltrúi sem starfar með forvarnarteymi. Í teyminu er fulltrúi frá nemendum, kennurum og stjórnendum auk námsráðgjafa. Hlutverk forvarnarfulltrúa er að vera almennur boðberi forvarna innan skólans og skipuleggja forvarnarstarf í samvinnu við forvarnarteymi. Hann sér til þess að forvarnarstefnu skólans sé framfylgt en almennar forvarnir miða að því að koma í veg fyrir eða seinka neyslu áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna meðal nemenda.

Þrátt fyrir þetta starf var það mat viðmælenda í rýnihópum að áfengisneysla nemenda væri of algeng og of almenn. Í rýnihópi nemenda kom fram að félagslíf skólans snerist um að drekka og halda böll og undir það var tekið í rýnihópi kennara. Að mati nemenda er ekki vandkvæðum bundið að nálgast áfengi. Stóri bróðir, vinur, frændi eða jafnvel foreldri kaupi vín fyrir þau. Í rýnihópnum var því haldið fram að flestir nemendur Framhaldsskólans neyttu áfengis. Alvarlegust er fullyrðing þeirra um að algengt sé að nemendur úr grunnskólunum neyti áfengis, jafnvel meira en nemendur í 1. bekk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Algengt sé að stelpur í 10. bekk séu með mun eldri stráku úr framhaldsskólunum sem svo veiti þeim vín. Þessi fullyrðing kemur heim og saman við það sem fram kom í rýnihópi grunnskólanemanna sem sögðu marga félaga sína smakka vín. Það þyki spennandi og oft séu ungmennapartí í heimahúsum. Hins vegar kváðust grunnskólanemarnir ekki verða mikið varir við fíkniefni.

Nemendur framhaldsskólans sögðu alveg vanta fordæmi hinna fullorðnu fyrir því að neyta ekki áfengis á samkomum eða skemmtunum. Þá eigi sér stað vímuefnaneysla í vissum hópum, það fari reyndar leynt en ótrúlegasta fólk tekur þátt í þessu að þeirra áliti. Í rýnihópi foreldra staðfestist að nokkru leyti afskiptaleysi þeirra gagnvart áfengisneyslu nemenda og það sjónarmið heyrðist að ekkert væri að því að foreldrar útvegi börnum sínum áfengi. Foreldrar töldu skólann reyna hvað hann geti í forvarnarstarfi sínu en vísuðu umræðunni að nokkru leyti frá sér með því að segja að vandinn sé ekki annar né meiri í Vestmannaeyjum en í öðrum framhaldsskólum. Kennarar töldu að nemendur vantaði meira aðhald að heiman, ekki væri óalgengt að nemendur væru skildir eftir heima eftirlitslausir þegar foreldrar færu upp á land eða til útlanda.

5.17 Sérkennsla

Sérkennsla í leikskólunum fer að mestu fram inni á deildum, þó eru dæmi um að börn séu tekin út af deild og unnið með þeim sérstaklega. Í tveimur leikskólum er aðstoðarleikskólastjóra falin yfirumsjón með sérkennslumálum leikskólans en það felur í sér að hann annast allt skipulag þeirra mála og aðstoð við annað starfsfólk. Aðgengi að þroskajálfa, sálfræðingi og talmeinafræðingi er mjög gott að mati leikskólastjóra og kennara. Við leikskólana eru starfandi nemendaverndarráð, þar sem sitja sálfræðingur, þroskajálfi, leikskólafulltrúi ásamt leikskólastjóra hvers leikskóla. Foreldrar eru ávallt upplýstir um gang mála. Í viðræðum við leikskólastjóra kom fram að í einstaka tilfellum sætu foreldrar þessa fundi. Tilgangurinn er að fylgja eftir aðgerðum vegna stuðningsbarna, einnig á sér oft stað fyrsta umræða ef áhyggjur hafa vaknað vegna barns. Fundað er einu sinni í mánuði í hverjum skóla.

Þrátt fyrir getuskipta bekk í grunnskólunum er athyglisvert að báðir leggja þeir talsvert upp úr sérkennslu og starfrækja báðir sérdeildir. Að mati skólastjóra Barnaskólans hefur tveggja kennara kerfi ekki getað komið í stað getuskiptingar sökum ákveðins samstarfsvanda. Það færi alltaf út í það að annar kennarinn leiddi starfið og þá lendi hinn til hliðar. Það sé vandi að stýra í slíku kerfi. Kennarar undirbúa og skipuleggja ekki saman, ef til vill vegna þess að tímarnir í tveggja kennara kerfinu eru fáir. Tveggja kennara kerfi virkar þó betur á yngra stigi.

Í Barnaskólanum er sérkennsla framkvæmd á mismunandi hátt á grundvelli mats á þörfum nemenda hverju sinni og þeim tímafjölda sem skólanum er úthlutað á hverju skólaári til sérkennslu. Litið er á stuðningskennslu og sérkennslu sem eitt og það sama en sérkennslan er meira fyrir þá sem þurfa viðvarandi aðstoð en stuðningskennsla er tímabundnari. Verulega fatlaðir einstaklingar heyra svo til sérdeild skólans. Deildarstjóri sérkennslu annast umsjón með sérdeild en sérkennslunemendur sem ekki heyra deildinni til lúta umsjón bekkjarkennara síns. Við skólann er nemendaverndarráð og þangað geta foreldrar og/eða kennarar vísað málefnum barns ef þeir telja að það þurfi meiri námsaðstoð en alla jafna er hægt að veita í bekk. Nemendaverndarráð skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri sérkennslu (sérkennari). Auk þess situr kennsluráðgjafi fræðsluskrifstofu fundina. Tilvísanir eru ræddar á fundum nemendaverndarráðs þar sem teknar eru ákvarðanir um hvaða nemendum skuli sinnt á hverjum tíma og á hvaða hátt. Ef nemandi er talinn víkja svo frá að ekki verði hægt að vinna með honum samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár er gerð einstaklingsnámskrá sem undirrituð er af foreldrum. Sérstakt inntökuráð er starfrækt fyrir sérdeildina á vegum fræðsluskrifstofu en í því eiga sæti fræðslufulltrúi, sálfræðingur auk fulltrúa frá skóla. Samkvæmt upplýsingum skólastjóra Barnaskólans fær skólinn úthlutað tímum til sérkennslu skv. reglugerð um sérkennslu, þ.e. 0,25 st/v á hvern nemanda skólans og er hluti tímans nýttur til kennslu í sérdeild. Auk þess hefur skólinn heimild til að ráða stuðningsfulltrúa með fötludum og atferlistrufluðum börnum. Að skóladegi loknum geta nemendur sérdeildar fengið aðstoð á Búhamri sem er meðferðarheimili fyrir fötlud börn. Starfsemi Búhamars er ekki skólatengd þó svo nemendur frá skólanum fái þessa þjónustu um málaflokk fatlaðra. Breytingar á starfsemi Búhamars eru í deigluinni á þann veg að dagvistun fatlaðra barna fellur niður sem verkefni Búhamars og starfsemi heimilisins verður eingöngu í formi skammtímavistunar. Dagvistun fatlaðra barna verður samþætt annarri dagþjónustu barna í sveitarfélaginu. Að öllu jöfnu fá nemendur sérdeildar sama tímafjölda í skóla og aðalnámskrá mælir fyrir um.

Stefna Hamarsskóla er skv. skólanámskrá að nýta þann tíma sem hann hefur yfir að ráða til gagns fyrir sem flesta nemendur. Markmiðið er að styðja við nemendur og gera þeim kleift að nýta námshæfileika sína sem best. Áhersla er lögð á að nemendur með sérþarfir stundi nám með bekkjarfélögum sínum, þar sem því verður við komið. Námsfni nemenda með sérþarfir tekur mið af námsfni bekkjarins. Í sérkennslu vinnur nemandinn samkvæmt einstaklings-

námskrá. Stuðningskennsla felur það hins vegar í sér að nemendur fylgja námskrá bekkjarins en þurfa tímabundinn stuðning sem getur verið fölginn í:

- Tímabundnum námskeiðum, þar sem unnið er með sérstaka námsþætti (deilingu, stafsetningu o.fl.).
- Föstum stuðningstímum sem settir eru upp fyrir hóp nemenda vegna örðugleika í ákveðnum námsgreinum.
- Að nemendur fara út úr bekk í stutta stund til þjálfunar í ákveðnum námsþáttum (t.d. lestri).
- Að stuðningskennari fari inn í bekk til stuðnings í samráði við umsjónarkennara.

Nemendaverndarráð starfar við Hamarsskóla og fundar tvisvar í mánuði. Fundina sitja skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi fræðsluskrifstofu. Nemendaverndarráðið fer yfir sérkennsluáætlanir, tekur við og yfirfer greiningar frá ýmsum aðilum. Þar eru samþykktar áætlanir um stuðnings- og sérkennslu. Einnig eru rædd mál nemenda sem eiga í náms og/eða félagslegum erfiðleikum, farið er yfir þá vinnu sem er í gangi og hún sett í nýtt ferli ef hún skilar ekki árangri.

Sérdeild við Hamarsskóla hefur að sögn skólastjóra verið starfandi í nokkur ár þó hún hafi ekki verið formlega stofnuð fyrr en haustið 2004. Af 88 tímum sem skólinn fær til sérkennslu fara 35 tímar til sérdeildar. Að sögn skólastjóra er verið að vinna í að formgera deildina með inntökuráði og skráðum starfsreglum. Deildin er ætluð börnum sem ekki geta nýtt sér kennslu inni í almennum bekk, af hvaða ástæðum sem er. Í mörgum tilvikum er það út af námserfiðleikum og svo vegna mikilla hegðunarvandkvæða. Að sögn skólastjóra eru nú 12 börn í deildinni, andlega fötluð eða með ýmsar geðraskanir. Unnið er að því smátt og smátt að aðlaga nemendurnar inn í sinn bekk. Því megi að hluta til líta á sérdeildina sem tímabundið úrræði en sumir nemendur eru í deildinni alla sína skólatíð.

Að mati skólasálfræðings eru ekki forsendur fyrir tveimur sérdeildum í Vestmannaeyjum. Að hans áliti varð of mikil „óstjórn“ við yfirtöku sveitarfélagsins á öllum rekstri skólanna því svokallaðir inntökufundir í sérdeild lögðust niður, skil á einstaklingsnámskrám til fræðsluskrifstofu lögðust af og sífellt fleiri erindi komu frá skólunum um aukið fjármagn vegna frávika. Segir skólasálfræðingur að óljóst sé í dag hversu margir nemendur séu skráðir í sérdeildir. Þar stangist verulega á skilgreiningar skólastjórnenda og hans mat. Tekur hann sem dæmi að skólastjóri Barnaskólans telji að 6 nemendur í skólanum eigi að vera í sérdeild meðan sérfræðilegt mat hans sé að þeir séu 4–5 skv. skilgreiningu á sérdeild. Í Hamarsskóla telur skólastjóri að 16 nemendur skólans eigi að vera í sérdeild meðan mat sálfræðingsins er að þeir séu tveir til þrír.

Haustið 2004 voru settar starfsreglur fyrir sérdeildir í grunnskólunum. Að sögn skólasálfræðings eru reglurnar tilraun til að skilgreina hlutverk og starfsreglur sérdeildar sem starfrækt hafði verið í Barnaskóla Vestmannaeyja í langan tíma á grundvelli starfsreglna sem settar voru af Fræðsluskrifstofu Suðurlands. Í reglunum segir að hlutverk sérdeilda sé að veita alvarlega fötluðum nemendum eða nemendum sem búa við geðræn og hegðunarleg vandkvæði, kennslu og þjálfun við hæfi. Nemendum skuli kennt í samræmi við metnar þarfir hvers og eins á grundvelli einstaklingsnámskrár. Einstaklingsnámskrá skal gerð í samráði við forráðamenn, umsjónarkennara og ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu. Sérstakt inntökuráð er fyrir sérdeild. Inntökuráð er skipað fræðslufulltrúa, sem er formaður ráðsins, fulltrúa úr hvorum grunnskóla, skólasálfræðingi og deildarstjóra málefna fatlaðra. Forráðamaður getur sótt um innritun fyrir barn sitt til inntökuráðs og þá geta umsóknir komið frá skólastjóra.

Auk starfsreglna fyrir sérdeildir var að frumkvæði fræðsluskrifstofu unnið að stefnumótun í sérkennslu fyrir grunnskólana í Vestmannaeyjum. Tillögur liggja fyrir en þær virðast ekki hafa hlotið endanlega staðfestingu og því hafa einstök ákvæði hennar ekki komið til fullra framkvæmda í skólunum. Í stefnuðrögunum er kveðið á um að forðast skuli aðgreiningu í grunnskólunum. Virða skal rétt allra til náms og skólarnir komi til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Skólarnir skulu vera færir um að sinna, sem kostur er, öllum sérkennsluþörfum og erfiðleikum nemenda sinna sem koma upp í skólanum. Virða skal rétt hvers og eins til að tilheyra fjöldanum og forðast aðgreiningu eins og kostur er. Þó er gert ráð fyrir sérhæfðri sérdeild fyrir mikið fötluð börn eða börn með alvarlega samskipta- og hegðunarörðugleika eða geðraskanir. Skólastjórar bera ábyrgð á því hvernig fjármunum er varið til sérkennslu og áhersla er lögð á að teknir séu upp sveigjanlegir kennsluhættir og bent í því sambandi á tveggja kennara kerfi, einstaklingsmiðað nám og að nemendahópar fáiist við sama viðfangs-efni en nemendur innan þeirra fái mismunandi verkefni eftir stöðu þeirra í námi hverju sinni. Í tillögunum er viðurkennd þörfin á sérstöku sérkennsluveri við hvern skóla sem er miðstöð þjónustu í skólanum og þungamiðja sérkennslu.

En hvernig bregðast skólarnir við námserfiðleikum? Hver er upplifun foreldra, kennara og nemenda á því? Í spurningalista var spurt um þetta atriði og athyglisvert ósamkomulag kemur í ljós (tafla 18).

Tafla 18: Viðbrögð skóla við námserfiðleikum.

<i>Skólinn bregst markvisst við námserfiðleikum (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
10. bekkur	3,9	29,4	13,7	5,9	47,1
Foreldrar	39,0	38,1	11,0	5,1	6,8
Kennarar	21,3	61,7	4,3	0	12,8

Í töflu 18 má sjá að kennarar eru nokkuð eindregið þeirrar skoðunar að skólarnir bregðist markvisst við námserfiðleikum, foreldrar eru meira hikandi, nær fimmtungur tíundu bekkinga er ósammála því að skólarnir bregðist við með þessum hætti og tæplega helmingur þeirra er óákveðinn.

5.18 Náms- og starfsárangur skólanna

Vinna með fyrsta bekkjar námsefnið *Markviss málörvun* og *Kátt er í kynjadal* með elsta árgangi barna í öllum leikskólum bæjarins skilar góðum árangri að sögn eins leikskólastjórans. Aðspurður vissi hann ekki hvernig grunnskólinn tekur við þessum börnum því samstarfið sé þannig að leikskólinn aðlagi sig að grunnskólanum frekar en grunnskólinn taki við boltanum af leikskólanum og byggi þar ofan á. Eins og áður hefur komið fram telur leikskólafulltrúi að geta leikskólabarnanna sé vanmetin og að grunnskólann vanti námsefni til að taka við boltanum frá leikskólanum.

Í leikskólum eru þroskapróf eða gátlistar notaðir til að meta stöðu barna. Rauðagerði virðist eini leikskólinn í Vestmannaeyjum sem styðst við staðlaðan gátlista við mat á þroska barnanna. Notuð hafa verið athugunarblöð sem byggð eru á bókum eftir Brittu Holle og Birgittu Jonasson og Miu Rockström. Blöðin hafa verið aðgengileg á skólavefnum.³² Haustið 2004 var byrjað að nota greiningartækið Hljóm 2. Þá kom fram hjá skólastjóra Sóla að leikskólinn hefur stuðst við Hljóm 2 við mat á þroska barnanna.

³² http://skolavefurinn.is/_opid/_valmynd/ynгри_born/athuganir/index.htm

Í könnun skólaþróunarsviðs var leitað eftir afstöðu nemenda, kennara og foreldra í grunn-skólunum til þess hvort skólinn hvetti nemendur til að ná góðum námsárangri (tafla 19).


Tafla 19: Metnaður skóla fyrir hönd nemenda.

Skólinn hvetur nemendur til að ná góðum árangri (%).					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
10. bekkur	5,9	56,9	13,7	9,8	13,7
Foreldrar	40,5	39,7	4,3	3,4	12,1
Kennarar	18,8	68,8	2,1	0	10,4

Bæði foreldrar og kennarar eru þeirrar skoðunar að skólinn hvetji nemendur til að ná góðum árangri. Hins vegar er afstaða nemenda eilítið önnur þar sem rúmlega fimmti hver er ósammála fullyrðingunni.

Þegar nemendur voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort námsárangur í skólanum væri viðunandi sögðu 37% nemenda 10. bekkjar sig sammála því að svo væri, 14% var því ósammála og 49% óákveðinir. 65% foreldra telja námsárangur viðunandi, 15% ekki og 19% voru óákveðinir. Sárálitill munur er á afstöðu foreldra eftir því á hvaða skólastigi barn þeirra er. Almennt virðast kennarar ekki eins ánægðir með námsárangur skólanna og foreldrar því 58% kennara eru sammála því að hann sé viðunandi en 9% eru ósammála því.

Ef afstaða kennara er skoðuð með tilliti til þess á hvaða stigi þeir kenna kemur í ljós að mun fleiri kennarar á yngsta stigi eru sammála því að námsárangur sé viðunandi í skólanum þeirra (mynd 15).



Mynd 15: Afstaða kennara til námsárangurs í skólanum.

Eins og sjá má á mynd 15 eru það aðeins 10% kennara á yngsta stigi sem eru ósammála því að námsárangur í skólanum sé viðunandi. Almennt eru kennarar á öðrum aldurstigum ekki ósammála því að svo sé en hins vegar eru aðeins 50% kennara á mið- og yngsta stigi og list- og verkgreinakennarar sammála því að námsárangur sé viðunandi. Aðrir treysta sér ekki til að taka afstöðu til fullyrðingarinnar og segjast óákveðinir.

5.18.1 Samræmd próf grunnskóla

Í lögum um öll skólastigin þrjú er talsverð áhersla lögð á mat í skólastarfi. Mat getur falist í innra mati eða sjálfsmati hvers skóla, námsmati hvers skóla og samræmdum prófum í grunn- og framhaldsskólum. Samræmd próf í framhaldsskólum voru lögð fyrir í fyrsta skipti á síðasta

ári en fimm nemendur við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum tóku það próf. Því eru niðurstöður skólans ekki birtar og hæpið að lesa nokkuð út úr þeim fyrir skólann í heild. Samræmd próf í grunnskólum gefa meiri upplýsingar þó varlega beri að fara með túlkun á þeim niðurstöðum enda margoft á það bent að ekki beri að taka þau sem algildan mælikvarða á gæði skólastarfs.

Námsmatsstofnun hefur unnið að því að þær upplýsingar sem prófin veita gefi skólunum sem skýrasta mynd. Þannig hefur stofnunin tekið upp nýja framsetningu á niðurstöðum skólameðaltala á samræmdum prófum þar sem meðaleinkunnir eru á normaldreifðum fimm þrepa kvarða á bilinu 0–60 með meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Hlutföll einkunna innan stigans eru sem hér segir (tafla 20).

Tafla 20: Hlutföll einkunna á normaldreifðum fimm þrepa kvarða (Námsmatsstofnun).

<i>Einkunnir</i>	<i>Hlutfall (%)</i>	<i>Safntíðni</i>	<i>Túlkun</i>
51 til 60	2,5%	100	Góð frammistaða
41 til 50	13,5%	97,5	Frammistaða yfir meðallagi
20 til 40	68%	84	Eðlileg frammistaða
10 til 19	13,5%	16	Frammistaða undir meðallagi
0 til 10	2,5	2,5	Slök frammistaða

Þessi nýja framsetning er gerð til að auðvelda samanburð á meðaltölum. Þá hafa verið útbúnir framfarastuðlar sem sýna breytingar á stöðu nemenda frá einu prófi til annars. Þessi stuðull eða staðlaði kvarði er reiknaður út frá tveimur samræmdum prófum sama árgangs (í 4. bekk og í 7. bekk og í 7. bekk og í 10. bekk) og gefa vísbendingu um hvort nemendur skólans eru að standa sig jafnvel, betur eða lakar en á fyrra prófi. Meðaltal þessa kvarða verður 1,00 og virkar eins og vísitala á framfarir skilgreindra hópa. Talan 1,00 hefur merkinguna „eðlilegar framfarir nemenda“ eða „framfarir eins og almennt gerist á landinu öllu“. Tafla 21 sýnir hvernig rúmlega 400 framfaratölur sem byggja á 4. og 7. bekk dreifðust.

Tafla 21: Dreifing framfaratalna í skólum með fleiri en 11 nemendur í árgangi (Námsmatsstofnun).

<i>Framfaratölur</i>	<i>Hlutfall (%)</i>	<i>Túlkun</i>
0,94 eða lægri	u.þ.b. 5%	Litlar framfarir (dragast aftur úr öðrum)
0,95 til 0,98	23 til 25%	Framfarir undir meðallagi
0,99 til 1,01	38 til 41%	Eðlilegar framfarir
1,02 til 1,05	23 til 25%	Framfarir yfir meðallagi
1,06 eða hærri	u.þ.b. 5%	Miklar framfarir (sækja á miðað við landið)

Af töflunni má sjá að framfaratölurnar 0,99–1,01 merkja venjulegar framfarir en í þann hóp falla 38–41% nemendahópsins, 1,02–1,05 merkir framfarir í hærri kanti og 1,06 eða meira sýnir miklar framfarir. 0,95–0,98 sýnir framfarir í lægri kanti og 0,94 eða minna sýnir að viðkomandi hefur dregist aftur úr öðrum. Athyglisvert er að framfaratölur draga upp nokkuð aðra mynd af stöðu skóla á Íslandi en blasir við ef horft er á meðaltöl skólanna yfir nokkurra ára tímabil. Framfaratölur gefa almennt þá mynd að stöðugleiki sé í skólastarfi. Þær taka tillit til sérstöðu hvers árgangs og eru því ekki háðar sveiflum sem stafa af samsetningu nemendahóps hverju sinni.


Þegar niðurstöður samræmdra prófa í grunnskólunum í Vestmannaeyjum eru skoðaðar í þessu ljósi má sjá að skólarnir eru alla jafna undir meðaltalinu 30 í bæði íslensku og stærðfræði að undanskildu árinu 2003 en þá voru nemendur Hamarsskóla yfir landsmeðaltali bæði í báðum greinum (tafla 22).

Tafla 22: Árangur grunnskólanna á samræmdum prófum. (M=meðaltal; SF=staðalfrávik; N=fjöldi; Fr=framfarastuðull (Námsmatsstofnun)).


Íslenska Skóli	Ár	10. bekkur			7. bekkur		Framfarastuðlar			
		M	SF	N	M	N	Nemendur		Skóli	
Barnaskóli	2000	25,1	10,5	37	27,5	37	0,97	35	0,98	32
	2001	25,6	9,2	36	26,9	36	0,98	36	0,98	33
	2002	28,8	9,3	41	30,8	38	0,98	37	0,97	33
	2003	21,0	6,9	37	22,0	39	0,98	37	0,98	36
	2004	29,8	8,9	32	28,2	33	1,01	31	1,01	31
Hamarsskóli	2000	27,4	9,4	36	29,6	32	0,99	32	0,99	30
	2001	24,4	7,2	29	26,1	28	0,97	28	0,97	24
	2002	27,4	8,3	33	25,8	33	1,03	33	1,04	28
	2003	32,0	8,5	33	33,1	32	0,98	32	0,98	30
	2004	27,5	7,3	33	23,2	35	1,05	33	1,06	31
Stærðfræði										
Barnaskóli	2000	25,2	10,3	38	28,8	38	0,94	36	0,95	33
	2001	26,3	9,4	36	30,8	36	0,94	36	0,94	33
	2002	28,2	7,4	40	30,0	38	0,96	36	0,95	32
	2003	19,3	6,7	38	22,3	39	0,96	37	0,96	36
	2004	28,4	9,7	33	28,1	33	1,00	32	1,00	32
Hamarsskóli	2000	28,3	10,3	36	27,2	34	1,02	34	1,03	32
	2001	25,8	7,5	29	28,5	29	0,97	29	0,99	25
	2002	28,8	8,4	33	30,6	32	0,99	32	1,00	27
	2003	30,4	10,3	33	33,6	31	0,97	31	0,97	29
	2004	25,8	8,3	35	25,2	34	1,02	34	1,02	32

Ef rýnt er í töfluna má sjá að framfarir nemenda á þessu tímabili hafa verið í slöku meðallagi og þar fyrir neðan í Barnaskóla Vestmannaeyja í báðum greinum að undanskildu síðasta skólaári, 2004. Sérstaka athygli vekur árangur á samræmdum prófum í 10. bekk árið 2003. Árangur nemenda samsvarar því að meðalnemandi í skólanum hafi raðeinkunnir um 13 (stærðfræði) til 16 (íslenska), þ.e. að meðalnemandi skólans stóð jafnfætis eða framar 13% eða 16% nemenda á landsvísi í þessum fögum. Ef árangur þessa nemendahóps er skoðaður í 4. bekk kemur í ljós að meðaltal Barnaskólans var 4,6 á normaldreifðum einkunnakvarða sem þá var notaður. Það samsvarar 25,8 (íslenska) og 27,9 (stærðfræði) á 60 stiga kvarðanum sem notaður er í dag. Í 4. bekk voru nemendurnir 46 sem tóku samræmt próf en þegar í 10. bekk kom voru þeir 38. Þeim hafði fækkað um 17,4%. Þetta kann að hafa haft áhrif á meðaltalið í 10 bekk og spyrja má hverjir hafi flutt. Fluttu þeir í burtu sem betri einkunnirnar höfðu?


Árangurssveiflur eru minni í Hamarsskóla og hefur skólinn oftár náð að skila nemendum eðlilegum framförum eða framförum í hærri kanti. Þetta er auðvelt að skoða á eftirfarandi myndum (myndir 16–19).




Mynd 16: Meðalárangur í íslensku (6 stiga kvarði).



Mynd 17: Meðalárangur í stærðfræði (6 stiga kvarði).



Mynd 18: Framfarastuðull í íslensku 2000–2004.



Mynd 19: Framfarastuðull í stærðfræði 2000–2004.

Á myndum 16 og 17 má sjá línu landsmeðaltalsins (30) og hvernig skólarnir eru í flestum tilfellum undir landsmeðaltalinu í báðum greinum. Á myndum 18 og 19 má hins vegar glögglega sjá hver framfarastuðullinn er. Af myndunum má ljóst vera að Barnaskólinn hefði flest árin þurft að gera betur til að geta talist skila nemendum sínum eðlilegum framförum. Síðasta ár sker sig úr með betri árangri en fyrr. Afkastur skólastarfsins í Hamarsskóla virðist heldur betra og má sjá að árið 2004 var skólinn að skila nemendum framförum yfir meðallagi.

Þegar meðaltal samræmdra grunnskólaeinkunnna þriggja síðustu ára er skoðað í 10. og 7. bekk ásamt framfarastuðlum skólanna kemur eftirfarandi í ljós (tafla 23).

Tafla 23: Meðaltal samræmdra grunnskólaeinkunnna í samræmdum prófum 2002–2004.

		10. bekkur			7. bekkur		Framfarastuðlar			
Skóli	Námsgrein	M	Sf	Fj	M	Fj	Fr	Fj	Fr	Fj
Barnaskóli	íslenska	26,3	9,3	111	26,9	110	0,99	106	0,98	101
	stærðfræði	25,2	9,0	111	26,7	110	0,97	105	0,97	100
Hamarsskóli	íslenska	28,9	8,3	99	27,2	100	1,02	98	1,02	89
	stærðfræði	28,3	9,1	101	29,7	97	0,99	97	1,00	88

Eins og sjá má er grunnskólaeinkunn beggja skólanna neðan við meðallag (30) í báðum greinum á þessu þriggja ára tímabili og árangur Barnaskólans nokkru lakari en Hamarsskóla.

Framfarastuðull Barnaskólans er undir meðallagi á meðan Hamarsskóli er yfir meðallagi í íslensku en í meðallagi í stærðfræði.

Hverjar skýringar eru á þessu svara samræmdu prófin ekki og sjálfsagt margir þættir sem eru breytur þar. Í ljósi þessa er ekki óeðlilegt að heimamenn hafi nokkrar áhyggjur af árangri starfsins.

5.18.2 Sjálfsmat skólanna

Önnur leið til að meta árangur skólastarfs er sjálfsmat skóla. Í skólum á öllum skólastigum skal unnið að því að móta aðferðir til að meta innra starf. Skólanámskrá er starfsáætlun skóla þar sem m.a. er gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Sem slík hlýtur hún að vera grundvöllur innra mats, þ.e. að matið taki til þess hvernig markmiðum og áætlunum var náð.

Leikskólar

Fáar tilraunir hafa verið gerðar til formlegs sjálfsmats í leikskólum Vestmannaeyja. Matið virðist fyrst og fremst óformlegt, byggt á umræðum og upprifjun starfsfólks á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Gögnum er ekki safnað með formlegum hætti, aðeins stuðst við minni starfsfólks um hvernig hefur gengið, hvað megi betur fara og svo framvegis. Í Kirkjugerði hefur verið gerð könnun meðal starfsfólks á líðan þeirra í vinnunni, framtíðarsýn, áhuga þeirra á starfinu og einstöku þáttum starfsins. Niðurstöður matsins voru teknar til umræðu á starfsmannafundi. Einn leikskólastjóri vill taka upp markvissara matskerfi til að geta haldið betur utan um starfið, en hinir tveir eru sátir við þær aðferðir sem notaðar eru. Þrátt fyrir að skráning sé góð leið til að skoða árangur í starfi með börnum er enginn leikskólanna sem beitir þeirri aðferð, eitthvað er þó um að gerðar séu athuganir á börnum ef talið er að eitthvað sé að eða ef vakna áhyggjur vegna barns. Í öllum leikskólunum er gerð athugun einu sinni á ári á þroskaþáttum barnanna fyrir foreldraviðtölin, aðeins einn skóli notar formlegan lista við matið. Að öðru leyti er það huglægt og ekki til skráð nema sem punktar í fundargerðum.

Engar formlegar áætlanir liggja fyrir eða hafa verið kynntar um innra mat í neinum hinna þriggja skóla. ECERS-kvarðinn³³ sem er sjálfsmatsslíkan, þýtt og staðfært að íslenskum aðstæðum, hefur víða verið notaður í leikskólum og þykir aðgengilegt sjálfsmatsskerfi en í viðtölum við stjórnendur virtust þeir ekki þekkja til kvarðans eða notagildi hans.

Grunnskólar

Báðir grunnskólarnir í Vestmannaeyjum hafa unnið að sjálfsmati og birt sjálfsmatsskýrslur 2003–2004. Skólarnir hafa notað matskerfið Grunnskólarýni við sjálfsmat sitt auk þess að afla gagna með spurningalistum sem lagðir voru fyrir foreldra, nemendur og starfsmenn. Galli er að ekki er hægt að sjá hver þátttakan var í svörum við spurningalistunum í Hamarsskóla. Þá verður það að teljast galli við sjálfsmat Barnaskólans að tengsl matsins við markmið skólanámskrár eru ekki sýnileg.

Þegar rýnt er í niðurstöður sjálfsmats í Barnaskóla Vestmannaeyja má sjá að almennt virðast kennarar ánægðir með starf sitt, stjórnun skólans og starfsanda innan veggja hans. Þeim þykir skólinn góður vinnustaður og þeir njóti trausts foreldra í skólastarfinu. Þrátt fyrir þennan jákvæða tón eru það aðeins tveir þriðju hlutar starfsmanna sem segist styðja alltaf eða nokkuð oft hvern annan með opinskáum hætti – hrósa – og 59% þeirra telja sig fá takmarkaðar upp-

³³ Harms og Clifford 2000

lýsingar um ákvarðanir skólastjóra eða skólastjórnenda. Á bilinu 20–25% starfsmanna virðist hafa athugasemdir við ýmislegt er varðar stefnu og kynningu skólans á skólanámskrá. Athyglisvert er að 90% starfsmanna segja að nemendur virði ekki skólareglur og tími þeirra fari nokkuð oft eða alltaf í að sinna agaleysi í skólanum og þriðjungur starfsmanna segir hegðun nemenda versna. Hins vegar eru 54% starfsmanna sammála eða frekar sammála því að í skólanum sé góður agi og reglusemi. Langflestir starfsmanna eru á því að húsnæði og búnaður skólans þarfnist úrbóta úti sem inni en umgengni sé góð og skólinn snyrtilegur. Þá kemur fram að Barnaskólinn er enn ekki einsetinn.

Í svörum nemenda við spurningum skólans koma fram ýmsar athyglisverðar niðurstöður. 71% nemenda í 4. bekk segja að þeim finnist skólinn þeirra frábær eða frekar góður. Hins vegar segja aðeins 59% nemenda þeim finnist alltaf eða venjulega gaman í skólanum og aðeins 43% finnst vera alltaf eða venjulega góður vinnufriður í skólanum. Þá virðast kennarar vera sparir á hrós því aðeins 58% nemenda segja þeir hrósi alltaf eða venjulega þegar vel gengur.

Í sjálfsmatsskýrslu Barnaskólans er að finna svipaða niðurstöðu í svörum nemenda í 9. bekk þar sem 58% nemenda segja að kennarar hrósi þegar þeir standa sig vel í skólanum. Í sama bekk segja 84% nemenda að þeim líði alltaf eða frekar oft vel í skólanum en aðeins 50% nemenda segir að þar ríki góður vinnufriður og aðeins 62% nemenda segjast vera ánægð í skólanum. Tveir þriðju hlutar nemenda telja sig ná árangri í skólanum og tæp 60% telja sig fá tækifæri til að taka þátt í félagsstarfi. Athyglisvert er hversu reglur setja nemendum lítinn ramma og virðist eitthvert agaleysi ráða för. Þannig virða nemendur lítt útivistartíma og þá segjast rúm 80% nemenda sjaldan eða aldrei fara eftir skólareglum. Ljóst er af svörum kennara að þeir hafa áhyggjur af þessu og virðast vilja setja stífari reglur eða að reglum sé fylgt harðar eftir.

Í tengslum við sjálfsmat skólans voru foreldrar beðnir um að svara nokkrum spurningum um viðhorf til skólastarfsins. Vegna bilunar í tölvubúnaði í Barnaskólanum svöruðu aðeins 90 foreldrar spurningalista en svörunin fór fram á tölvum. Almennt verður að telja þá foreldra sem svöruðu spurningum skólans ánægða með skólastarfið. 95% foreldra telja skólann hvetja börn þeirra til að skila góðum námsárangri og 86% segja að börnunum séu sköpuð góð skilyrði til að ná árangri í námi og starfi. 92% foreldra telja að umsjónarkennari barnsins hafi góða yfirsýn yfir þarfir þess og 91% foreldra segja að barni þess líði vel í skólanum. Hins vegar telja 45% foreldra að einelti sé talsvert eða umtalsvert í skólanum.

Sjálfsmatsskýrsla Barnaskólans ber vitni um að kennarar hafa ekki enn náð fullum tókum á vinnubrögðum við innra mat. Aðferðum við sjálfsmatið er ekki lýst né matið afmarkað þannig að ljóst sé hvaða spurningum það á að svara. Þá eru ekki ljós tengslin milli sjálfsmatsins og skólanámskrár, þeirra markmiða eða áforma sem skólastarfinu eru sett. Að stærstum hluta byggir sjálfsmatið á meindlegum gögnum. Lagðir voru fyrir spurningalistar sem kennarar, nemendur og foreldrar voru beðnir að svara. Auk þess notaði skólinn matslíkanið Grunnskóla-rýni og voru kennarar beðnir um að svara ákveðnum römmum þess. Meginniðurstöður úr gagnaöfluninni eru birtar sem hlutfall af hundraði í sjálfsmatsskýrslunni án þess að tilraun sé gerð til að túlka þær niðurstöður eða bera þær að þeim markmiðum sem sett voru skóla-starfinu.

Í sjálfsmatsskýrslu Hamarsskóla er greint frá því að við matið fari fram formleg rýni í fyrir-liggjandi skipulagsgögn skólans, s.s. skólanámskrá, skipurit, starfsmannahandbók og kynningargögn. Í matsniðurstöðum er hins vegar ekki hægt að sjá með hvaða hætti þessi gögn eru notuð við rýnina því hvergi er vitnað til þeirra. Af sjálfsmatsskýrslunni verður því ekki séð hver tengsl matsins eru við áherslur skólanámskrár.

Þegar sjálfsmatsskýrsla Hamarsskóla er skoðuð er ljóst að það sama á við og í Barnaskólanum að enn eru kennarar að slíta barnsskónum við þróun sjálfsmats. Í skýrslunni er enginn lýsing

gefin á starfsemi skólans né sjáanleg tenging við markmiðssetningu hans. Þá er afar lauslega gerð grein fyrir aðferðum við sjálfsmatið og hvergi tilgreint hvaða spurningum því er ætlað að svara. Í sjálfsmatsskýrslu skólans segir að í áætlun sé gert ráð fyrir því að allir meginþættir skólastarfsins séu árlega teknir til skoðunar. Auk notkunar á Grunnskólarýni eru gerðar kannanir og framkvæmdar reglubundnar greiningar með þátttöku nemenda, starfsmanna, foreldra og samstarfsaðila. Í viðauka er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr svörum þessara aðila við spurningalista. Auk samantektar úr svörum kennara við spurningum Grunnskólarýnis var gerð styrkleika og veikleikagreining og niðurstöður hennar birtar í skýrslunni. Galli við þá greiningu er að ekki er greint frá á hverju hún er grundvölluð. Hvað hafa kennarar t.d. til viðmiðunar um að það geti talist styrkleiki að raðað sé í námshópa innan bekkja og í stærri hópa samkvæmt getu eftir því sem ofar dregur í skólanum og hvað er til viðmiðunar um að vel hafi gengið að vinna eftir settum markmiðum? Þá er einnig athyglisvert að sjá að í þessari greiningu er lítið vikið að kennsluháttum eða kennsluaðferðum. Reyndar er það talið til veikleika í skólanum að ekki „liggur fyrir heildaráætlun um markvissar úrbætur á kennslu og kennsluaðstæðum.“ Áhugavert er að sjá að sá þáttur sem kennarar virðast einna ánægðastir með er foreldrasamstarf en hann hlýtur 32,75 stig af 40 stigum mögulegum eða 82%. Flestir aðrir þættir eru talsvert þar fyrir neðan eða á bilinu 60–70%. Í heildina virðast niðurstaða matsins vera jákvæðar fyrir skólann miðað við þau viðmið sem höfundur Grunnskólarýnis setur.

Framhaldsskólinn

Fram að þessu hefur ekki verið til neitt opinbert samræmt mat í starfi framhaldsskóla. Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 eru þó ákvæði um samræmd stúdentspróf í tilteknum greinum. Á síðasta ári, 2004, voru í fyrsta sinn lögð fyrir samræmd stúdentspróf í framhaldsskólum. Þetta próf var ákveðin tilraun, mótunarstig, og í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum voru það svo fáir nemendur sem tóku prófin að engar opinberar niðurstöður voru birtar fyrir skólann. Hér verður því árangur á prófunum ekki gerður að umtalsefni enda hæpið að rýna mikið í niðurstöður þessa fyrsta samræmda prófs.


Engin formleg sjálfsmatsáætlun er kynnt á vefsíðu Framhaldsskólans né heldur er þar að finna sjálfsmatsskýrslur. Þar af leiðandi eru ekki kynntar opinberlega neinar áætlanir um skólaþróunarverkefni sem reist eru á niðurstöðum formlegs innra mats. Samkvæmt upplýsingum skólameistara hefur skólinn unnið að innleiðingu á stefnumiðuðu árangursmati (balanced scorecard) og kvað skólann langt kominn í þeirri vinnu. Í viðtali við rýnihóp kennara kom jafnframt fram að ýmsar tilraunir hafi verið gerðar með innra mat. Hins vegar var það mat hópsins að kennarar þyrftu að hafa meiri tíma til að vinna úr niðurstöðum. Vísuðu þeir m.a. til áfangamats sem framkvæmt hafði verið, þ.e. mat sem nemendur höfðu lagt á valda námsáfangi í skólanum.

Heildarniðurstaða kennaranna er sú að þróun innra mats í skólanum gangi ekki nógu vel. Þeir telja að ekki sé eingöngu við skólastjórnendur að sakast heldur ekki síður þá sjálfa. Í þessa vinnu þeirra vanti eitthvert hreyfiafl sem sýni þeim fram á að þeir væru komnir á leið.

5.19 Samstarf heimila og skóla

Heimili eru lykilstofnanir í uppvexti hvers barns. Foreldrar og fjölskyldur eru fyrstu uppfræðarar barnanna og hafa ríkar skyldur gagnvart farsælu uppeldi og menntun barna sinna. Þeir bera ábyrgð á fyrstu félagshæfingu þeirra og að setja þeim andlega og tilfinningalega umgjörð sem byggja má á í skóla og samfélagi þegar þau vaxa úr grasi. Á síðustu árum hafa miklar samfélagsbreytingar átt sér stað sem hafa áhrif á heimili við að rækja þetta hlutverk sitt. Tími foreldra til samvista með börnum sínum hefur minnkað og uppeldi barna og

ungmenna hefur færst meir inn á stofnanir samfélagsins, fyrst og fremst leik- og grunnskóla. Þegar þróun skólatíma í leikskóla á landinu öllu er skoðaður kemur glögg í ljós að börnum með heils dags skólatíma fjölgar en hálfs dags fækkar (mynd 20).



Mynd 20: Lengd viðveru barna í leikskólum 1999–2003 (Hagstofa Íslands 2005).

Eins og sjá má fækkar þeim börnum umtalsvert sem einungis nýta 4 eða 5 klst. á dag í leikskóla. Aftur á móti fjölgar þeim umtalsvert sem eru 8 klst. á dag og athyglisvert er hversu stór hópur það er sem er 9 klst. eða lengur í leikskólanum. Sífelld fleiri leikskólar verða einsetnir sem þýðir að fleiri skóla þarf til að þjóna öllum barnahópnum.

Þróun á viðverutíma leikskóla hefur orðið með svipuðum hætti í Vestmannaeyjum og annars staðar á landinu. Stjórnendur leikskólanna í Eyjum telja að þessi breyting hafi hafist með einsetningu grunnskólans. Þá fjölgaði þeim foreldrum sem vildu heils dags skólavistun fyrir börn sín enda eldri systkini ekki lengur til staðar til að gæta þeirra yngri. Svipuð þróun hefur orðið í grunnskólum. Vikulegur skólatími, einkum yngstu nemendanna, hefur lengst frá 1990 úr 15 klst. á viku í 23,5 klst. Þetta þýðir að börnin eru æ meir komin í forsjá kennara og annars starfsfólks skólanna. Það hlýtur að kalla á endurskoðun starfshátta í grunnskólunum og endurmat á samskiptum heimila og skóla.

Í aðalnámskrá leikskóla³⁴ segir að mikilvægt sé að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Markmiðið með foreldrasamstarfi er að:

- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Eitthvað virðist málum blandið hvernig samskiptum er háttað í leikskólum í Vestmannaeyjum ef marka má niðurstöður úr spurningalista skólaþróunarsviðs. Athyglisvert er hversu stórum hópi foreldra er það óljóst hvort leikskólinn vinnur skipulega að því að efla samstarf við foreldra (38%) og fast að fimmtungi starfsmanna er það einnig óljóst. Hið sama er að segja

³⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:30.

um hversu margir foreldrar og starfsmenn treysta sér ekki til að taka afstöðu til þess hvort foreldrum sé ljós stefna leikskólans um foreldrasamstarf (tafla 24).


Tafla 24: Afstaða foreldra og starfsfólks leikskóla til samstarfs við foreldra.

Leikskólinn vinnur skipulega að því að efla samstarf við foreldra (%).					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Foreldrar	12,8	45,7	3,2	0,0	38,3
Starfsfólk	37,5	42,9	1,8	0,0	17,9
Foreldrum er ljós stefna leikskólans um foreldrasamstarf (%).					
Foreldrar	23,4	42,6	7,4	0,0	26,6
Starfsfólk	28,6	44,6	5,4	0,0	21,4

Að mati 80% starfsmanna vinnur leikskólinn skipulega að því að efla samstarf við foreldra. Foreldrar eru ekki alveg samstíga starfsfólki í afstöðu sinni því aðeins 59% þeirra eru sammála því að leikskólinn vinni skipulega að því að efla samstarf milli heimilis og skóla. Hærra hlutfall starfsfólks en foreldra telur að foreldrum sé ljós stefna leikskólans um foreldrasamstarf. Athyglisvert er hversu hátt hlutfall starfsfólks segist óákveðið í afstöðu sinni til fullyrðingarinnar. Nær allir foreldrar telja sig velkomna í leikskólann og segja viðhorf sitt til leikskólans vera jákvætt. Þessa sama viðhorfs gætir meðal starfsfólks en 93% telja að viðhorf foreldra til leikskólans sé jákvætt.

Í rýnihópi foreldra kom fram að flestir foreldrar líta á leikskólann bæði sem mennta- og þjónustustofnun. Foreldrar telja viðhorf til leikskólannna almennt jákvætt en eru ekki vissir um að þeir sem ekki eiga þangað erindi viti mikið um starfið. Það sé ekki mjög sýnilegt í samfélaginu. Sem dæmi nefndi ein móðir að hún hefði ekki gert sér grein fyrir því áður en barnið hennar byrjaði í leikskóla hvað þar færi fram mikil menntun og uppleði.

Samskipti heimilis og leikskóla eru aðallega þegar komið er með barnið og þegar það er sótt. Í spurningalistakönnun kom fram að bæði foreldrar og kennarar eru flestir á því að foreldrar sýni samstarfi við leikskólann mikinn áhuga (mynd 21).




Mynd 21: Samstarf foreldra við leikskólann.

Nær 70% foreldra eru sammála þeirri fullyrðingu að foreldrar sýni samstarfi við leikskólann mikinn áhuga. Starfsfólk leikskóla tekur í sama streng. Athyglisvert er hversu hátt hlutfall foreldra og starfsfólks er óákveðið í afstöðu sinni til fullyrðingarinnar. Í rýnihópi foreldra kom það fram að í flestum tilfellum hafa foreldrar aðeins áhuga á því sem þeirra barn er að fást við

og vilja því fá fleiri en eitt foreldraviðtal á ári. Almennt er starfsfólk sammála því að samstarf við foreldra sé ánægjulegt.

Athyglisverður afstöðumunur kom fram á milli starfsfólks leikskólanna og foreldra um það hvort foreldrar ættu að taka meiri þátt í starfi leikskólans (mynd 22).




Mynd 22: Aukin þátttaka foreldra í starfi leikskóla.

Mun fleiri starfsmenn en foreldrar lýsa sig sammála því að foreldrar ættu að taka meiri þátt, 80% starfsfólks eru sammála, en 60% foreldra. Í rýnihópi foreldra var velt upp hugmynd um hvort foreldrar hverrar deildar í leikskóla gætu hist með leikskólakennurum deildarinnar og rætt um starfið. Þá kom einnig fram að dræm aðsókn er að foreldrafundum á haustin og var talið að ástæðan væri jafnvel að fólk óttaðist að lenda í foreldraráði. Foreldrar vilja gjarnan sjá breytt form á fundum, t.d. vilja þeir geta komið inn og sest niður í lok dags, t.d. á svo kölluðum kaffidögum og þá til að spjalla við kennara og aðra foreldra.

Þegar spurt er um boðleiðir milli heimilis og leikskóla telja 95% starfsfólks að upplýsingastreymi frá leikskóla til heimila sé gott. Foreldrar taka í sama streng þótt hlutfallið sé heldur lægra eða 83%. Upplýsingastreymi frá foreldrum til leikskóla virðist síðan nokkru lakara. Helstu boðleiðir eru fréttabréf leikskólanna sem koma út nokkrum sinnum á ári og foreldrar lýstu almennt ánægju með þau. Aðeins einn leikskóli hefur heimasíðu. Margir foreldrar vissu ekki um hana, en meðal þeirra sem vissu af henni voru skiptar skoðanir um ágæti hennar. Það sem fólk lýsti ánægju með var að geta skoðað myndir af börnunum, aðrir sögðu að síðan væri ómarkviss og ónothæf þar sem flestar krækjurnar væru óvirkar. Eini gallinn sem foreldrar nefndu varðandi upplýsingastreymi frá leikskóla var að margt starfsfólk ynni hálfan daginn og stundum vantaði upplýsingar frá árdegisfólki þegar foreldrar sæktu barn sitt síðdegis.

Aðspurðir segjast 77% foreldra sammála því að leikskólinn geri hæfilegar kröfur til þeirra en 21% eru óákveðnir. 88% foreldra eru sammála því að þeir beri miklar væntingar til leikskólans en 21% foreldra eru óákveðnir. Athyglisvert er að stór hópur foreldra og starfsfólks er sammála því að foreldrar eigi að hafi aðstöðu í leikskólanum fyrir fundi og aðra starfsemi sína (mynd 23).




Mynd 23: Aðstaða fyrir foreldra í leikskólum.

Foreldrar telja sig eiga möguleika á ráðgjöf og stuðningi innan leikskólanna því 79% svara spurningu þar að lútandi játandi, tæpur fimmtungur er óákveðinn. Sams konar spurningu um möguleika á ráðgjöf utan leikskólans játar tæpur helmingur og litlu færri eru óákveðnir.

Í skólanámskrá Hamarsskóla er dregið fram hvaða gildi það hefur fyrir nám nemenda að foreldrar sýni því áhuga. Jafnframt er tekið fram að sýnt hafi verið fram á að taki foreldrar virkan þátt í skólastarfinu hafi það hvetjandi áhrif á börnin og auki líkur á góðum árangri. Hins vegar er ekki að sjá að foreldrum séu sköpuð skilyrði til virkrar þátttöku þótt hvatt sé til þess að þeir taki þátt í viðburðum á vegum skólans og fylgist með námi barna sinna. Ekki er að sjá að þeim sé gefið tækifæri til að taka þátt í gerð námsáætlana barnanna eða að koma á framfæri skoðunum sínum á áherslum í námi þeirra. Þótt skólanámskrá Hamarsskóla hafi að geyma mun ítarlegri umfjöllun um samstarf heimila og skóla en skólanámskrá Barnaskólans virðist sömu fjarlægðar gæta þar. Samskiptin virðast felast í skilaboðum frá skóla til foreldra fremur en virkri þátttöku þeirra eða stuðningi skólans við foreldra til þátttöku. Jafnvel eru dæmi um að hótun um að haft verði samband við foreldra sé haldið sem refsivendi yfir nemendum.

Í spurningalista voru svarendur beðnir um að taka afstöðu til ýmissa þátta er varða samstarf og samskipti heimila og skóla. Athyglisvert er hversu stór hópur kennara er á margan hátt óákveðinn um þessi samskipti.

Aðeins liðlega helmingur kennara er sammála því að foreldrum sé ljós stefna skólans um foreldrasamstarf, 15% eru því ósammála, 29% eru óákveðnir (mynd 24).



Mynd 24: Þekking á stefnu skólans.

Ívið hærra hlutfall foreldra er sammála því að þeim sé ljós þessi stefna en 14% ósammála og 27% óvissir. Foreldrar nemenda í Hamarsskóla virðast þekkja betur til stefnu síns skóla en foreldrar nemenda í Barnaskólanum því 66% foreldra nemenda í Hamarsskóla eru sammála því að þeim sé ljós stefna skólans en 54% í Barnaskólanum.

Athygli vekur hversu margir nemendur, kennarar og foreldrar eru óákveðnir gagnvart fullyrðingum um að foreldrar sýni samstarfi við skóla mikinn áhuga og að viðhorf foreldra til skólans sé jákvætt (tafla 25).

Tafla 25: Vilji foreldra til samstarfs við skólann og viðhorf þeirra til hans.

<i>Foreldrar sýna samstarfi við skóla mikinn áhuga (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Nemendur	13,7	56,9	3,9	0,0	25,5
Foreldrar	21,9	34,3	15,2	1,9	26,7
Kennarar	4,3	46,8	17,0	0,0	31,9
<i>Viðhorf foreldra til skólans er jákvætt (%).</i>					
Nemendur	24,0	36,0	6,0	2,0	32,0
Foreldrar	25,5	38,7	5,7	0,9	29,2
Kennarar	2,1	66,7	6,3	0,0	25,0

Þótt fjórðungur tíundu bekkinga segist óákveðinn virðast þeir almennt hafa trú á að foreldrar sýni áhuga á samstarfi við skóla en foreldrar og kennarar. Hins vegar segist aðeins um og yfir helmingur kennara og foreldra sammála því að foreldrar sýni samstarfi við skóla mikinn áhuga. Nokkru hærra hlutfall kennara og foreldra segir viðhorf foreldra til skólans jákvætt og er ekki mikill munur á afstöðu þeirra að þessu leyti. Þegar afstaða foreldra og kennara til fullyrðingarinnar er skoðuð nánar kemur í ljós að heldur fleiri kennarar í Hamarsskóla (73%) voru sammála en í Barnaskólanum (67%). Þá var hlutfall foreldra nemenda í Hamarsskóla (67%) sem var sammála fullyrðingunni talsvert hærra en í Barnaskólanum (55%).

Gott samkomulag er meðal foreldra og kennara um að samstarf þeirra í milli sé ánægjulegt þótt kennarar séu meira hikandi í afstöðu sinni (tafla 26).

Tafla 26: Afstaða til samstarfs kennara og foreldra og upplýsinga milli skóla og heimila.

Samstarfið við kennara/foreldra er ánægjulegt (%).					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Foreldrar	29,2	50,9	3,8	0,0	16,0
Kennarar	13,0	58,7	6,5	0,0	21,7
Upplýsingastreymi frá skóla til foreldra er gott (%).					
Foreldrar	21	49,5	15,2	1,9	12,4
Kennarar	29,2	47,9	8,3	0	14,6
Upplýsingastreymi frá foreldrum til skóla er gott (%).					
Foreldrar	16,8	48,6	15,9	1,9	16,8
Kennarar	4,3	34,8	19,6	0	41,3

Munur kemur fram í afstöðu foreldra m.t.t. skóla. 68% foreldra nemenda Barnaskólans eru sammála því að samstarfið við kennara sé ánægjulegt meðan 86% foreldra í Hamarsskóla eru sömu skoðunar.

Stór hluti kennara (41%) er í vafa um eða ósammála (20%) því að upplýsingastreymi frá skóla til foreldra sé gott og í heild svara foreldra spurningu þar um með talsvert jákvæðari hætti.

Bæði foreldrar og kennarar eru síðan sammála um að þeir vilji sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu en kennarar hafa meiri efasemdir um það hvort slík þátttaka myndi hraða umbótum í skólastarfinu (tafla 27).

Tafla 27: Afstaða til aukinnar þátttöku foreldra í skólastarfi.

Vildi sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu (%).					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
Foreldrar	20,6	41,1	11,2	2,8	24,3
Kennarar	25,0	43,8	8,3	0,0	22,9
Aukin áhrif foreldra myndu hraða umbótum í grunnskólunum (%).					
Foreldrar	18,9	53,8	3,8	0,9	22,6
Kennarar	29,2	45,8	6,3	2,1	16,7

Ef nánar er rýnt í þær tölur kemur fram að hærra hlutfall kennara í Barnaskólanum (81%) en í Hamarsskóla (62%) vildi sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu. Svipaður munur kemur fram á milli skólanna gagnvart fullyrðingunni að aukin áhrif foreldra myndu hraða umbótum í grunnskólunum því í Barnaskólanum lýstu 86% kennara sig sammála en 69% í Hamarsskóla.

5.20 Líðan nemenda og félagsleg samskipti

Að mati foreldra leikskólabarna skiptir það mestu máli að börnin séu ánægð og almennt telja þeir að svo sé. Samkvæmt niðurstöðum spurningalista töldu 96% foreldra að kennarar leikskólans kæmu fram við börnin af virðingu og sanngirni. 98% starfsfólks eru sammála því að börnunum líði vel í leikskólanum og 97% foreldra eru sömu skoðunar.

Nokkur óvissa er meðal foreldra um það hvort einelti eigi sér stað í leikskólunum. Þannig eru 66% foreldra sammála því að einelti sé fátítt í leikskólum 5% eru ósammála og 29% óvissir. Svipuð afstaða kemur fram þegar foreldrar eru beðnir að taka afstöðu til þess að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti. 70% foreldra eru því sammála, 1% ósammála og 29% óvissir. Þegar starfsmenn voru beðnir um að taka afstöðu til sömu fullyrðinga töldu rúm 90% að tekið sé af festu á eineltismálum, aðrir voru óvissir. 93% starfsmannanna segja að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti.

Fyrirtækið Rannsókn og greining hefur gert kannanir á högum og líðan ungs fólks í Vestmannaeyjum. Fyrri könnunin var gerð 2000 og kom skýrsla út 2001 en hin síðari árið

2003. Forvitnilegt er að rýna í niðurstöður þessara rannsókna en báðar byggja þær á spurningalistakönnunum sem voru ekki aðeins lagðar fyrir nemendur í Vestmannaeyjum heldur nemendur í 8.–10. bekk á öllu landinu. Í skýrslum Rannsóknar og greiningar er samantekt niðurstaðna í Vestmannaeyjum borin saman við niðurstöður á landinu öllu og á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar litið er til niðurstaðna um nám og skóla kemur í ljós í báðum könnunum að í samanburði við landið í heild er hlutfallslega algengara að nemendur í 10. bekk í Vestmannaeyjum segi að þeim líði illa í skóla. Þó er mikill kynjamunur á. Stúlkur í Eyjum segja mun síður en kynsystur þeirra á landinu öllu að þetta eigi við sig. Hins vegar er þetta mun algengara meðal drengja þar en annars staðar á landinu. Í báðum könnunum kemur fram að í samanburði við landið í heild er mun algengara að nemendur í Vestmannaeyjum skrópi í skóla. Tíundu bekkingar í Eyjum sögðu samt árið 2001 mun síður en jafnaldrar þeirra annars staðar á landinu að þeim semdi illa við kennara. Þetta hafði breyst verulega árið 2003 því þá var mun algengara að nemendur í Vestmannaeyjum segðu að þeim semdi illa við kennara. Þegar leitað var upplýsinga um andlega heilsu nemenda kom í ljós að í fyrri könnuninni skar andleg líðan nemenda í Eyjum sig ekki frá svörun af landinu í heild. Hins vegar var nokkur munur árið 2003 en þá svöruðu 69% nemenda 10 bekkjar því til að hún væri góð eða mjög góð meðan 75% jafnaldra þeirra á landinu öllu svöruðu því sama til. Drengir í Eyjum töldu mun síður en aðrir kynbræður þeirra að andleg heilsa þeirra væri góð eða 66% á móti 80%. Eyjastúlkur töldu mun frekar en kynsystur þeirra annars staðar á landinu að andleg heilsa þeirra væri góð eða 75% á móti 69%. Athygli vekur að 12% nemenda í 10. bekk 2003 sögðust stundum eða oft hafa hugsað um að stytta sér aldur, tvöfalt hærra hlutfall en á landsvísu.

Samkvæmt niðurstöðum Rannsóknar og greiningar, bæði árið 2001 og 2003, þá virðast nemendur í 10. bekk síður eyða tíma með foreldrum sínum, hvort heldur er í miðri viku eða um helgar, en jafnaldrar þeirra annars staðar á landinu. Ekki kom fram munur árið 2001 milli unglinga í Vestmannaeyjum og á landinu öllu hvort þeir teldu sig fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum en árið 2003 er heldur minna um það meðal nemenda í Vestmannaeyjum. Þessi munur er fyrst og fremst hjá drengjum þar sem færri drengir í Eyjum segja sig fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum en kynbræður þeirra annars staðar á landinu. Í könnuninni kemur fram að mun algengara er að nemendur í 10. bekk Vestmannaeyjum fari mánaðarlega eða oftár í party en jafnaldrar þeirra annars staðar. Stúlkur í Eyjum virðast mun duglegri við að sækja slíkar samkomur en kynsystur þeirra annars staðar og mun duglegri en Eyjapeyjar. Mun algengara er líka að stúlkur séu að koma seint heim á kvöldin en drengir.

Samkvæmt könnuninni árið 2001 höfðu reykingar nemenda í Eyjum aukist lítillega frá fyrri könnunum sem gerðar höfðu verið. Sú þróun var þó í samræmi við landsmeðaltal. Kannanir sýna að reykingar nemenda í 10. bekk hafa verið sveiflukenndar milli einstakra árganga en árið 2003 voru reykingar í 8. og 9. bekk í Eyjum undir landsmeðaltali og hefur verið svo í þeim bekkjum í eldri könnunum. Áhyggjur vekur sú niðurstaða að notkun munn- og neftóbaks meðal nemenda í 10. bekk í Eyjum eykst umtalsvert milli áranna 2001 og 2003 og er notkun þess mun meiri meðal drengja en stúlkna. Á árunum 2001–2003 er áfengisneysla nemenda í 8.–10. bekk í Vestmannaeyjum að meðaltali minni en meðal jafnaldra þeirra á landinu öllu. Á þessu tímabili virðist áfengisneysla meðal stúlkna í 10. bekk hafa verið algengari en meðal drengja. Algengast er að nemendur neyti bjórs og í 10. bekk verður það algengara að þeir fari að neyta sterkra drykkja þó það sé sínu minna en jafnaldrar þeirra gera á landinu öllu. Athyglisvert er það sem fram kemur í könnuninni 2001 að þá segja 19,3% nemenda í 10. bekk að þeir biðji foreldri að kaupa áfengi fyrir sig og er það hlutfall mun hærra en á landinu öllu. 55,3% nemenda segir að þeir biðji einhvern annan að kaupa fyrir sig en það er nokkru lægra hlutfall en á landinu öllu.

En hver skyldi vera afstaða nemenda, foreldra og kennara til skólans og hvert er viðhorf þeirra til náms (tafla 28)?

Tafla 28: Afstaða nemenda til skólans og metnaður þeirra til náms.

<i>Viðhorf nemenda til skólans er jákvætt (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
10. bekkur	3,9	29,4	33,3	5,9	27,5
Foreldrar	18,1	47,4	16,4	1,7	16,4
Kennarar	2,1	72,3	0	0	25,5
<i>Námsmetnaður nemenda er mikill (%).</i>					
10. bekkur	5,9	29,4	23,5	0	39,2
Foreldrar	19,0	40,5	13,8	3,4	23,3
Kennarar	2,1	40,4	21,3	0	36,2

Taflan gefur til kynna að kennarar séu almennt þeirrar skoðunar að viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt. Svipað hlutfall foreldra er sömu skoðunar en jafnframt má sjá að fast að fimmtungur þeirra er ósammála. Afstaða nemenda sjálfra er allt önnur. Rétt um þriðjungur þeirra er sammála því að viðhorfið til skólans sé jákvætt og 39% eru ósammála.

Athyglisvert er að þrátt fyrir að svo stórt hlutfall kennara áliti að viðhorf nemenda til grunn-skólans sé jákvætt þá er talsvert innan við helmingur þeirra sammála því að námsmetnaður nemenda sé mikill. Mun fleiri foreldrar álita að námsmetnaður nemenda sé mikill og gætir meira samræmis í afstöðu þeirra til fullyrðinganna tveggja. Sama er að segja um afstöðu nemenda en ekki er að sjá að þeir telji almennt að námsmetnaður nemenda sé mikill. Stór hópur nemenda og kennara er þó óákveðinn gagnvart fullyrðingunni.

62% kennara telja viðhorf nemenda til framhaldsnáms jákvætt, aðeins 2% eru því ósammála en 36% þeirra eru óvissir. Foreldrar eru mun ákveðnari í afstöðu sinni því 80% þeirra eru sammála því að viðhorfið sé jákvætt. Aðeins 4% eru því ósammála og 17% eru óvissir. 84% nemenda í 10. bekkj eru sammála um viðhorfið sé jákvætt meðan 10% eru ósammála og 6% eru óvissir.

Almennt eru kennarar sammála því að samskipti nemenda innbyrðis séu góð (tafla 29).

Tafla 29: Samskipti nemenda í grunnskóla og aðgerðir gegn einelti.

<i>Innbyrðis samskipti nemenda eru góð (%).</i>					
	Alveg sammála	Sammála	Ósammála	Alveg ósammála	Óákveðinn
10. bekkur	26,5	46,9	6,1	0	20,4
Foreldrar	34,5	40,5	6,9	1,7	16,4
Kennarar	6,3	79,2	4,2	0	10,4
<i>Markvisst er unnið að því að koma í veg fyrir einelti (%).</i>					
10. bekkur	23,5	43,1	15,7	5,9	11,8
Foreldrar	59,3	19,5	5,9	4,2	11,0
Kennarar	47,9	43,8	4,2	0	4,2

Í töflunni má sjá að bæði nemendur og foreldrar eru í heild svipaðrar skoðunar og kennarar. Athyglisvert er þó hversu hátt hlutfall nemenda getur ekki tekið ákvörðun með eða á móti yrðingunni. Einelti varðar líðan nemenda í skóla en flestir kennarar eru sammála því að markvisst sé unnið gegn einelti í skólunum. Þegar þeir eru inntir eftir því hvort tekið sé af festu á eineltismálum sem upp koma segjast langflestir sig sammála því. Foreldrar eru svipaðrar skoðunar og kennarar um að markvisst sé unnið gegn einelti í skólunum. Nemendum finnst þó greinilega ekki nóg að gert því 22% segjast ósammála að svo sé.

6. Íþrótt- og æskulýðsmál

Í Vestmannaeyjum hafa íþróttir skipað veglegan sess og bæjarfélagið átt á að skipa mörgu afreksfólki enda mikill metnaður að baki. Í þessum kafla verður fjallað um starfsemi fjálsra íþrótt- og æskulýðsfélaga og tengsl þeirra við skóla og tómstundastarf sem í boði er af hálfu sveitarfélagsins. Í fyrstu verður greint frá stöðu félags- og tómstundamála í skólunum en skv. lögum um grunnskóla skal skólinn gefa nemendum kost á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstundastarf skóla getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skóla-tíma. Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

6.1 Félagsstarf og tómstundir

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 er mælt fyrir um nemendaráð við grunnskóla. Í lögnum segir:

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð. Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

Í Barnaskólanum og Hamarsskóla eru starfrækt nemendaráð. Í Barnaskólanum skipa nemendaráð skólans 12 nemendur úr 8.–10. bekk. Samkvæmt skólanámskrá er hlutverk nemendaráðs að sjá um félagsstarf nemenda undir stjórn kennara. Fastir liðir eru „opið hús“, diskótek einu sinni í mánuði fyrir 8.–10. bekk og einu sinni í mánuði fyrir 5.–7. bekk, spurningakeppni innan skólans og við Hamarsskóla, ræðukeppni og fleira. Ekki er að sjá með hvaða hætti nemendaráð koma að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda að öðru leyti en því að standa fyrir dansleikjum eða öðrum samkomum.

Síðasta skóladag fyrir jól er jólastund í 8.–10. bekk með umsjónarkennara í Barnaskólanum og diskó eða gengið kringum jólatré. Í 5.–7. bekk er desember notaður til að undirbúa jóla-skemmtunina sem er mest á ábyrgð 5., 6. og 7. bekkja. 1.–4. bekkur hefur stund með umsjónarkennara, fluttur er helgileikur og síðan er dansað kringum jólatré. Kór starfar við skólann og eru allir velkomnir á æfingar. Kórinn syngur á ýmsum uppákomum í skólanum.

Jólasundmót er haldið einhvern síðasta skóladaginn fyrir jólafrí. 5. og 6. bekkir keppa. Diskótek er að meðaltali einu sinni í mánuði fyrir 5.–10. bekk. Opið hús er á fimmtudögum fyrir 8.–10. bekk og tvisvar í mánuði á þriðjudögum fyrir 5.–7. bekk.

Nemendur 7. og 10. bekkja fara í skíðaferðalög. Um er að ræða þriggja náttu ferðir. Nemendur og foreldrar fjármagna ferðirnar að mestu en bæjarsjóður styrkir með um 1.500 krónum á nemanda auk þess að senda tvo kennara með sem fararstjóra.

„Skóladagurinn“ er haldinn einn laugardag um miðjan maí. Þann dag eru kappleikir, sýning á vinnu nemenda, leikir og ýmsar uppákomur. Nemendur selja veitingar. Foreldrar og starfsfólk skólans taka þátt í þessum degi með nemendum.

Til að efla samstöðu og góðan bekkjaranda hafa verið myndaðir „vinahópar“ innan allra bekkja í 1.–7. bekk Barnaskólans. Hverjum bekk er skipt í fjögurra eða fimm manna hópa og reynt er að stuðla að nýjum félagatengslum með hópaskiptingunni. Foreldrar barna í hverjum hópi eru þá í sama teymi og verða það næstu átta vikur. Koma þeir sér saman um hvað á að gera og hvenær og skipta með sér verkum. Markmið þessa starfs er að foreldrar kynnist innbyrðis og kynnist félögum barna sinna, efla samstöðu og góðan bekkjaranda. Viðfangsefni

geta verið fólgin í að koma saman eftir skóla, spjalla og drekka heitt kakó, föndra, spila, fara í leiki, heimsækja vinnustað foreldra, fara í sund, fara í bíó, hjólatúr, fjöruferð o.s.frv.

Í Hamarsskóla skipuleggja foreldrar félagsstarf hvers bekkjar í samvinnu við kennara strax að hausti. Hver foreldrahópur tekur að sér eitt ákveðið verkefni og hrindir því í framkvæmd. Nemendaráð skólans er skipað 6 aðalmönnum og 6 varamönnum úr 8.–10. bekk og skipta þeir með sér verkum. Kjör ráðsins fer þannig fram að hver bekkur kys 1 aðalmann og 1 varamann. Aðalmenn sitja fundi nemendaráðs en ef þeir komast ekki eiga þeir að senda varamann í sinn stað. Nemendaráð sér um félagslíf nemenda í samráði við umsjónarmenn.

Nemendur í 7. og 10. bekk fara í skólaferðalag. Nemendur fjármagna þessar ferðir í samvinnu við foreldra og umsjónarkennara. Auk þess hafa nemendur í 4. bekk farið öðru hverju í menningar- og sveitarferð upp á land.

Haldin eru opin hús og þá annast 10. bekkur rekstur sjoppu en hagnaður af henni rennur í ferðasjóð bekkjarins sem auk þess fær hluta hagnaðar af 1. des. balli sem haldið er ásamt Barnaskólanum. Spurningakeppni er fastur liður í félagsstarfinu á haustönn. Þá keppa lið Barnaskóla og lið Hamarsskóla. Fyrst fer fram undankeppni bekkja í hvorum skóla fyrir sig og lið valið til að keppa fyrir hönd skólans. Lokakeppnin fer fram á dansleik skólanna þann 1. desember en það er árlegur viðburður í félagslífi nemenda.

Áætlað er að 8.–10. bekkur taki þátt í fatahönnunarkeppni grunnskólanemenda sem haldin er í tengslum við Listahátíð ungs fólks. Þá er skólinn þátttakandi í dagskránni „Tónlist fyrir alla“ sem er verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins og Fræðsluskrifstofu Vestmannaeyja. Auk þess vinnur fræðslu- og menningarsvið að því að fá leikhópa til Vestmannaeyja með sýningar bæði fyrir eldri og yngri börn svo og aðra listamenn sem eru á lausu og höfða til barna og unglinga. Boðið er upp á námskeið í leiklist, myndlist o.fl., allt eftir því hvaða leiðbeinendur gefa kost á sér til starfa. Kennarar og nemendur sýna mikinn metnað og áhuga með æfingum og þátttöku í árshátíð, litlu jólaskekkmtun og listahátíð unga fólksins.


Undirbúningur jólaanna skipar að sjálfsgöðu stóran sess í félagsstarfi Hamarsskóla eins og í Barnaskólanum. Sameiginlegur jólaföndurdagur er fyrir alla nemendur á aðventunni. Nemendur velja sér verkefni og er skipað í hópa samkvæmt því. Á litlu jólum hefur sú hefð skapast að nemendur flytja stutta leikþætti, upplestur, hljóðfæraleik eða söng sem þeir hafa æft fyrir skemmtunina. Mikið er lagt upp úr því að hver einasti nemandi taki þátt í dagskránni. Frá því að skólinn tók til starfa hafa 11 ára nemendur æft og flutt helgileik á jólaskekkmtun skólans. Helgileikurinn er einnig fluttur í Landakirkju síðasta sunnudag í aðventu.

Árshátíð Hamarsskóla er einn af stærri viðburðum í 8.–10. bekk og er reynt að hafa hana sem veglegasta. Hún er haldin í febrúar í framhaldi af þemadögum nemenda á unglingastigi. Árlega eru ýmis íþróttamót í skólanum og milli grunnskólanna í bænum, s.s. jólasundmót fyrir 5. og 6. bekk, bekkjarmót í handbolta og fótbolta fyrir 8.–10. bekk. Þá fara fram kappleikir í ýmsum greinum við nemendur Hamarsskóla, s.s. í handbolta, blaki, bandí, fótbolta og körfu.

Eins og í Barnaskólanum heldur Hamarsskóli sinn skólalag og er form hans svipað. Hann er sérstakur fjáröflunardagur 6. bekkinga og bera þeir veg og vanda af kaffihlaðborði, hlutaveltu o.fl. sem er í boði. Daginn fyrir skólalag gróðursetja nemendur í 5. bekk trjáplöntur í Helgafellsreit. 10. bekkingar sinna landskika sem tekinn er í föstur í samráði við garðyrkju- stjóra bæjarins. Aðrir nemendur skólans hreinsa skólalóðina og aðstoða við að setja upp sýningu. Í lok þessa annasama dags eru grillaðar pylsur.

Þegar litið er til félagsstarfs í grunnskólum Vestmannaeyja verður að taka tillit til þess félagsstarfs sem fram fer á skólatíma og er hluti af reglubundnu skólastarfi auk þess félags- og tómstundastarfs sem fram fer í samvinnu Féló og skóla. Þegar leitað var eftir afstöðu nemenda,


foreldra og kennara til félagsstarfs í grunnskólum verður að hafa í huga að ekki er komin löng reynsla á samstarf skólanna og Féló (mynd 25).



Mynd 25: Afstaða til félagsstarfs í grunnskólunum.

Um og yfir helmingur nemenda, foreldra og kennara er sammála því að félagsstarfið sé gott en býsna stór hópur telur sig ekki geta tekið afstöðu til þessa eða 20–39%. Þegar nemendur 7. bekkja voru beðnir um að taka afstöðu til sömu fullyrðingar virðast þeir vera ánægðari með félagslífið í skólanum því 82% þeirra sögðust sammála því að það væri gott, 10% voru ósammála og 8% óvissir. Nemendur 4. bekkjar voru ekki alveg eins ánægðir því 71% þeirra kvaðst sammála því að félagslíf væri gott, 17% var ósammála og 12% óvissir.

Afstöðu til félagslífsins í skólanum er athyglisvert að skoða í samhengi við spurningu um hvort aðilar séu sammála eða ósammála því að nemendum standi til boða fjölbreytt tólstundastarf í skóla (mynd 26).




Mynd 26: Afstaða til tólstundastarfs í grunnskólunum.

Af mynd 26 má sjá að ekki er verulegur munur á þeim sem eru sammála fullyrðingunni og þeim sem er ósammála. Enn er býsna fjölmennur hópur sem ekki treystir sér til að taka afstöðu. Ef rýnt er í niðurstöðurnar má sjá að stúlkur eru ekki eins ánægðar og drengir með tólstundastarfið í skólanum því einungis 30% þeirra kveðast sammála því að þeim standi til boða fjölbreytt tólstundastarf meðan 52% drengja eru þeirrar skoðunar.

En hvert á hlutverk skólans að vera hvað varðar íþrótt-, félags- og tómstundastarf barna og unglunga? Foreldrar leikskólabarna og starfsfólk leikskóla voru spurð um afstöðu til þeirrar fullyrðingar að leikskólinn eigi að vera miðstöð íþrótt- og tómstundastarfs fyrir börn á leikskólaaldri. Athyglisvert er að þar greinir þessa hópa mjög á því 59% foreldra eru því sammála en aðeins 16% starfsfólks er því sammála.


Í könnun skólaþróunarsviðs var leitað eftir afstöðu til þessarar sömu fullyrðingar hjá nemendum í 10. bekk, foreldrum og kennurum (mynd 27).



Mynd 27: Afstaða til aðkomu grunnskólanna að íþrótt- og tómstundastarfi.


Niðurstaðan er nokkuð skýr að því leyti að þorri svarenda lýsir sig sammála því að skólinn eigi að vera þessi miðstöð. 72% nemenda 10. bekkjar er sammála en verulegur afstöðumunur kemur fram á milli drengja og stúlkna. 82% drengja er sammála yrðingunni en 57% stúlkna. 68% foreldra og 60,4% kennara lýsa sig sammála. Þannig eru kennarar síst sammála fullyrðingunni og jafnframt er hæst hlutfall þeirra óákveðinn. Í ljósi þessarar niðurstöðu virðist fólk almennt sammála um að hlutverk skólans sé viðtækara en að miðla þekkingu til nemenda og stuðla að námi þeirra, honum beri einnig að vinna að alhliða félagsmótun barna og unglunga.

Hliðstæð afstaða virðist vera til þess hvort skólinn eigi að veita börnum og unglingum aðstöðu til félags- og tómstundastarfs utan skóla. 70% tíundu bekkjara telja að það eigi að vera í verkahring skólans, 80% foreldra og 85% kennara. Athyglisvert er að það eru frekast nemendurnir, þiggjendurnir sjálfir, sem hafa efasemdir um þetta en 8% voru fullyrðingunni ósammála, 6% foreldra og 4% kennara. Stúlkur eru síður sammála en drengir, 62% þeirra eru sammála en 73% drengja (mynd 28).



Mynd 28: Afstaða til félags- og tómstundastarfs utan grunnskóla.

Í spurningalista var leitað afstöðu nemenda, foreldra og kennara til þess hvort börnum og unglingum væru sköpuð tækifæri til fjölbreyttrar listastarfsemi í Eyjum (mynd 29).



Mynd 29: Afstaða til hvers konar listastarfsemi fyrir börn og unglinga í Vestmannaeyjum.

Niðurstaðan er jákvæð, einkum meðal nemenda og foreldra. 69% nemenda lýstu sig sammála því að þessi tækifæri væru til staðar og 67% foreldra. Kennarar tóku heldur dræmar undir og voru óákveðnari í afstöðu sinni en samanburðarhóparnir.

6.2 Félagsmiðstöðin Féló

Samkvæmt könnunum Rannsóknar og greiningar dró úr aðsókn nemenda í 10. bekk á böll í félagsmiðstöðinni frá 2001 til 2003. Árið 2001 sögðust 43% nemenda sækja þar böll sem er heldur lægra hlutfall en landsmeðaltalið. 2003 var þetta hlutfall í Eyjum komið niður í 32% og þá langt undir landsmeðaltali. Mun algengara er að stúlkur sækji böllin í Féló og er aðsókn þeirra í þá skemmtun í samræmi við það sem tíðkast á landinu öllu eða á höfuðborgarsvæðinu. Drengir í Vestmannaeyjum eru hins vegar mun latari en kynbræður þeirra annars staðar að sækja þessar skemmtanir og árið 2003 var það innan við fimmtungur drengjahópsins í 10. bekk sem sótti böll í Féló en nær helmingur drengja á landinu öllu sótti slíkar skemmtanir.


Markhópur félagsmiðstöðvarinnar er 12–16 ára aldurshópurinn. Sérstakt unglingaráð starfar innan miðstöðvarinnar og er verkefnum skipt á milli fulltrúa ráðsins. „Formaður hefur með höndum mikilvægasta starf ráðsins og á honum hvílir mest ábyrgð,“ segir í leiðbeinandi reglum unglingaráðs. „Formaður er fyrirliði unglingaráðs og helsti tengiliður við starfsmenn félagsmiðstöðvar. Formaður er tengiliður stjórnar unglingaráðs við stjórnir og ráð í öðrum skólum og félagsmiðstöðvum.“ Auk formanns eru í unglingaráði, varaformaður, skrifstofustjóri og meðstjórnendur. Í skráðum starfsreglum eru hlutverk forystumanna unglingaráðs nákvæmlega skilgreind og ábyrgðarsvið þeirra. Á vegum ráðsins fer fram ýmis starfsemi, s.s. opin hús, lúguvakt o.fl. Fjölbreytt starf fer fram í ýmis konar klúbbum eða smiðju. Í smiðjum eru starfandi útvarpshópur sem útvarpar á fimmtudagskvöldum dagskrá sinni, fatahönnunarhópur, fjölmiðlahópur sem sér um vefsíðu Féló og fréttabréf, stuttmyndasmiðja, sem m.a. hefur gert mynd um líf unglunga í Vestmannaeyjabæ, ferðahópur, og sérstakur stelpnaklúbbur.

Aðstaða félagsmiðstöðvarinnar er á efstu hæð kvikmynda- og leikhúss Vestmannaeyjabæjar og samneyti þetta getur torveldað starfsemi Féló. Rýmið sem starfsemin hefur yfir að ráða virðist gott og bjóða upp á ýmsa möguleika en húsnæðið þyrfti talsverða andlitslyftingu og gera mætti ríkari kröfur um góða umgengni. Í rýnihópi fulltrúa íþróttar- og æskulýðsfélaga var þeirri hugmynd varpað fram hvort ekki mætti færa félagsmiðstöðina í húsnæði í íþróttamiðstöðinni, þar væri lítið nýtt aðstaða sem vel gæti hentað starfseminni auk þess sem starfsmenn í íþróttamiðstöð myndu geta lítið eftir ákveðinni starfsemi félagsmiðstöðvar. Nú þegar er talsvert um að unglingar leiti til þeirra með ýmislegt sem þeir eru að fást við.

Á síðasta ári var starfsemi félagsmiðstöðvarinnar endurskipulögð og komið betri reglu á starf hennar. Hluti þessarar endurskipulagningar fólst í því að freista þess að tengja betur starfsemi Féló og félagsstarfsemi skólanna. Gerður var samstarfssamningur milli grunnskólanna og menningar- og tómstundaráðs Vestmannaeyja um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í húsnæði grunnskólanna og að tómstundafulltrúi sem ráðinn er af menningar- og tómstundaráði og félagsstarfskennari sem ráðinn er af skóla beri sameiginlega ábyrgð á félagsstarfsemi í skólunum. Með þessu móti er reynt að mæta félagsþörf nemenda innan skólanna og tengja við aðra æskulýðsstarfsemi á vegum bæjarins.

Af hálfu unglingaráðs Féló hefur verið mótuð forvarnarstefna og hún rækilega kynnt. Markmið stefnunnar er að meðlimir unglingaráðs séu meðvitaðir um ábyrgð og hlutverk sitt og séu öðrum fyrirmynd er varðar hegðun og framkomu. Meðlimir ráðsins eiga að vera ábyrgir í samskiptum sínum við starfsfólk sem kemur að tómstundamálum og vinna að fræðslu um vímuvarnir. Þeir eiga að stuðla að heilbrigðu félagsstarfi í félagsmiðstöð og að nemendur fari eftir reglum félagsmiðstöðvarinnar. Miðstöðin hefur sett fram skýrar reglur um umgengnishætti og viðurlög við brotum á þeim.

Í spurningalista var leitað afstöðu nemenda, foreldra og kennara til þess hvort félagsmiðstöðin sinni mikilvægu forvarnarstarfi á sviði æskulýðsmála (mynd 30).



Mynd 30: Afstaða til forvarnarstarfs Félagsmiðstöðvarinnar.

Athyglisvert er hve foreldrar eru jákvæðir í garð félagsmiðstöðvarinnar því 71% þeirra eru sammála því að hún sinni þessu mikilvæga hlutverki. Meiri efasemda gætir meðal kennara og nemenda. 55% nemenda segjast sammála og 46% kennara. Eins og í mörgum fleiri spurningum er stór hópur óákveðinn, um og yfir 30%, minnst er óvissan meðal foreldra. Nemendur 7. bekkjar eru að stíga sín fyrstu spor í Féló. 59% þeirra eru sammála því að stöðin sinni mikilvægu forvarnarstarfi en 6% eru ósammála. Eðlilegt er að stór hópur þeirra sé óviss því sjálfsagt er nokkur hópur ekki farinn að nýta sér tilboð miðstöðvarinnar. Talsverður afstöðumunur er milli drengja og stúlkna í 10. bekk til forvarnarstarfs félagsmiðstöðvarinnar, 43% stúlkna telja að hún sinni mikilvægu forvarnarstarfi en 63% drengja eru sömu skoðunar.

Að sögn starfsfólks félagsmiðstöðvarinnar hefur orðið mikil breyting á starfsemiinni. Betri regla hefur komist á og þeir unglingar sem ekki geta felld sig við settar og skráðar reglur taka einfaldlega ekki þátt. Þátttaka unglinga sé almennt góð og þeir virðist gera sig ánægða með það tilboð sem Féló veitir þeim.

6.3 Íþrótt- og tómstundastarf


Eins og áður hefur komið fram er fjöldi íþrótt- og æskulýðsfélaga í Vestmannaeyjum sem hefur til boða fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf. Aðstaða er yfirleitt í mjög góðu lagi þó benda megi á einstaka þætti sem betur mega fara að sögn fulltrúa íþrótt- og æskulýðsfélaga. Þannig var bent á að bæta megi aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir og þá þurfi að bæta aðstöðu fyrir innanhússknattspyrnu. Skátar eiga sitt heimili við Faxastíg auk útivistarsvæðis þar sem þeir hafa komið sér upp skála. Þetta hafa þeir gert með hjálp frá góðu fólki að sögn talsmanns þeirra auk styrkja frá ríki og bæ. Aðstaðan stendur því starfi skátanna ekki fyrir þrífum.

Meginstarfsemi íþróttafélaganna lýtur að keppnisíþróttum af einhverju tagi, s.s. handbolta, knattspyrnu, körfubolta, sundi, fimleikum, frjálsum íþróttum, hokki og golfi. Þá hafa skátar lengi verið með öfluga starfsemi fyrir ungt fólk, Taílfélag Vestmannaeyja hefur stórukið starfsemi sína á síðustu misserum og er í góðu samstarfi við skólana og hefur náð góðum árangri, státar m.a. af Íslandsmeistaratitlum. Björgunarfélag Vestmannaeyja hefur haft unglingastarf á stefnuskrá sinni, starfsemi KFUM og K og æskulýðsstarf á vegum Landakirkju hefur verið virkt og hefur a.m.k. tvo launaða starfskrafta á sínum vegum. Þá var blásið lífi í Leikfélag Vestmannaeyja fyrir nokkru síðan og hefur það sinnt æskulýðsstarfi. Hefur m.a. tekist gott samstarf milli Leikfélagsins og Framhaldsskólans og nemendur eiga mögu-

leika á námseiningum að uppfylltum ákveðum skilyrðum. Að mati rýnihóps íþrótt- og æskulýðsfélaga er mikið framboð af hvers konar íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga miðað við stærð bæjarins. Samkeppnin um unga fólkið er þar með hörð.

Fjármögnun félaganna felst að mestu leyti í eigin fjáröflun og því að bæjaryfirvöld úthluta þeim styrkjum til starfseminnar. Að sögn framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs vinnur menningar- og tómstundaráð Vestmannaeyja (MTV) að því um þessar mundir að innleiða samninga við hin ýmsu félög og félagasamtök þar sem þjónustukaup og skyldur beggja aðila verða nánar skilgreind. Sömuleiðis er verið að innleiða nýtt fyrirkomulag á úthlutun styrkja frá MTV til annarrar félags- og tómstundastarfsemi. Styrkveitingar munu fara fram tvisvar á ári, í lok mars og í byrjun nóvember. Starfslaun bjarlistamanns eru veitt einu sinni á ári, á sumardaginn fyrsta. Talsvert er um óbeina styrki frá bjarféluginu til félaga í formi frírrar húsaleigu og gistingar í stofnunum bjarins í tengslum við landsmót (íþróttahópar, lúðrasveitir, saumaklúbbar, o.fl.), ókeypis aðgangs í sund, söfn, að íþróttahúsum o.fl. Sama gildir um bjarbúa á sérstökum fjölskyldudegi sem er árlegur í Vestmannaeyjum.

Fjáröflun félaganna sjálfra er fölginn í auglýsingatekjum, fjársöfnunum, kaffisölu, æfingagjöldum og fleiri þáttum. Skátarnir reka tjaldstæði og fá svolítið fé fyrir það. Eins og sjá má á mynd 31 ver Vestmannaeyjabær mun herra hlutfalli af skatttekjum sínum til æskulýðs- og íþróttamála en landsmeðaltalið segir til um (mynd 31).



Mynd 31: Framlög til æskulýðs- og íþróttamála 2003 sem hlutfall af skatttekjum (Árbók sveitarfélaga).


Landsmeðaltalið var 10,6% árið 2003 en 14% í Eyjum. Ef litið er til samanburðar við Garðabæ kemur í ljós að Vestmannaeyjar gera mun betur og Árborg ver um helmingi lægra hlutfalli til málaflokksins. Í þessum samanburði er það aðeins Grindavíkurbær sem ver herra hlutfalli af skatttekjum sínum til málaflokksins en Vestmannaeyjabær.

Í könnunum Rannsókna og greiningar kemur fram að íþróttaiðkun nemenda í 10. bekk í Vestmannaeyjum í skóla utan skyldutíma (leikfimi og sund) er örlítið minni en landsmeðaltal sýnir. Hins vegar er íþróttaiðkun með íþróttafélagi vikulega eða oftár jafn mikil í Vestmannaeyjum og meðal jafnaldra á landinu öllu og gildir það um bæði athugunarárin.

Að mati rýnihóps íþrótt- og æskulýðsfélaga er þátttaka yngri barna í íþróttum, skátastarfi og annarri æskulýðsstarfsemi tiltölulega almenn. Miðað við stærð bjarins er framboð mikið og svo stunda mörg börn tónlistarnám. Í könnun sem lögð var fyrir foreldra leikskólabarna og starfsfólks leikskóla svöruðu 70,9% foreldra að börnum á leikskólaaldri standi til boða fjölbreytt tómstundastarf og 69,6% starfsfólks eru sömu skoðunar. Í viðtali við nokkrar fimm ára

stúlkur í einum leikskólanum kom fram að þær æfa allar að minnsta kosti eina íþrótt og jafnvel tvær. Að frumkvæði fræðslu- og menningarsviðs hafa leikskólarnir fengið afnot af íþróttahúsi fyrir skipulagða íþróttatíma fyrir elstu árganga sína einu sinni í viku í 10 vikur. Hugmyndin er að gera hreyfingu eftirsóknarverða en það kom fram hjá einum leikskólastjóra að þrátt fyrir mikinn áhuga á íþróttum sé fólk ekki mjög meðvitað um hreyfingu utan æfinga. Billinn er mikið notaður og jafnvel haldið á börnum allt að fimm ára aldri inn í leikskólann. Auk gönguferða og íþróttatíma fer einn leikskólinn með hvert barn í elsta árgangi að minnsta kosti einu sinni í sund yfir sumarið.

Almennt virðist það vera viðhorf nemenda grunnskóla, foreldra þeirra og kennara að unglingum standi til boða fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf utan skóla. Samkvæmt svörum við spurningalista eru 84% nemenda sammála því að svo sé, 85% foreldra og 79% kennara. Aðeins 8% nemenda eru ósammála, 7% foreldra og 6% kennara. Stúlkur í 10. bekkjum eru mun síður sammála þessu en drengir því um 75% þeirra eru sammála meðan 90% drengja lýsa sig sömu skoðunar. Þegar leitað er eftir viðhorfi sömu aðila til þess hversu mikinn metnað íþróttafélögin í Vestmannaeyjum leggja í unglingastarf sitt eru meiri efasemdir uppi meðal svarenda (mynd 32).



Mynd 32: Afstaða til metnaðar íþróttafélaga gagnvart unglingastarfi.


62% nemenda segjast sammála því að íþróttafélögin leggi mikinn metnað í unglingastarf sitt, 77% foreldra og 81% kennara. Athyglisvert er hversu fjölmennur hópur treystir sér ekki til að taka afstöðu. Þannig eru 32% nemenda óákveðnir, 13% foreldra og 13% kennara. Stúlkur í 10. bekk eru mun síður sammála en drengir, 50% þeirra eru sammála en 70% drengja.

Þátttaka foreldra í starfi íþrótt- og æskulýðsfélaga er að miklu leyti fólgin í að afla fjár fyrir félögin og þeim veitist æ erfiðara að fá fólk til þeirra starfa að sögn rýnihóps íþrótt- og æskulýðsfélaga. Þegar um einstakan atburð er að ræða gengur oft vel að fá fólk til starfa en til lengri tíma er það erfiðara. Þátttaka foreldra er mest til stuðnings einhverju tímabundnu viðfangsefni og varðar viðkomandi barn. Almennt eru ekki starfandi foreldraráð í félögunum nema helst í tengslum við handboltann og þá nýtur Fimleikafélagið góðs stuðnings foreldra. Í æ ríkara mæli hafa félögin ráðið fólk til starfa til að sinna íþróttþjálfun barna og unglinga. Æskulýðsfélögin hafa síður starfsmenn á sínum snærum og byggja enn á sjálfböðastarfi en nú stendur til að ráða starfskraft til Skátafélagsins Faxe. Í rýnihópinum kom fram að almennt talað sé íþróttþjálfunin góð. Fram kom að krafa sé vaxandi um að þeir sem taka að sér leiðsögn í æskulýðsfélögum séu komnir yfir sjálfræðisaldur. Það þýðir að félögin verða að greiða fyrir alla vinnu. Hin gamla regla að í skátastarfi geti einstaklingur orðið foringi yfir skáta-

flokki 15–16 ára gamall er ekki vel séð lengur. Þetta torveldari starf af þessu tagi og við því verður að bregðast með einhverjum hætti. Gera verður kröfur um fagmennsku til þeirra sem koma fram fyrir hönd hvers félags. Þjálfun barna og unglinga má ekki bara fela útlendingum sem ráðnir eru til að leika með meistaraflokkum sem hluta af starfsskyldum þeirra í Eyjum. Tryggja verður að þeir kunni til þjálfunar og samskipta við börn og unglinga. Minnt var á að íþróttafélögin selji þjónustu sem bæði foreldrar og bæjarfélagið kosti og því þurfi íþróttafélögin að gera kröfur um fagmennsku. Því miður sé of algengt að forföll þjálfara í yngri flokkum séu leyst með 16–17 ára unglingum og þá eru dæmi um 18 ára þjálfara sem lítið kann fyrir sér í starfi. Mikilvægt sé að efla mannauð í kringum íþróttirnar. Talsvert sé um námskeið fyrir þá sem hafa þjálfun með höndum auk dómaranámskeiða og annars slíks.

6.4 Samstarf og tengsl íþrótt- og æskulýðsmála við skólastarf

Samkvæmt upplýsingum frá rýnihópi fulltrúa íþrótt- og æskulýðsfélaga er lítið formlegt samstarf á milli íþrótt- og æskulýðsfélaga, svo og milli þeirra og skóla í Vestmannaeyjum. Þetta viðhorf birtist einnig í svörum nemenda, foreldra og kennara við spurningalista (mynd 33).



Mynd 33: Afstaða til samstarfs íþrótt-, æskulýðsfélaga og skóla.

47% nemenda eru sammála því að samstarf íþrótt- og æskulýðsfélaga og skóla sé gott. Heldur hærra hlutfall foreldra er sammála, 58%, og 46% kennara. 27% nemenda eru ósammála, 13% foreldra og 17% kennara. Aðrir eru óákveðnir.

Með lengri skólatíma hefur aukist hættu á árekstrum íþrótt- og æskulýðsstarfseminnar við skólann. Mikilvægt er að skipuleggja tímann eftir skóla vel. Þátttaka í fjölbreyttu íþrótt- og æskulýðsstarfi auk langs skóladags hefur í för með sér mikið álag því auk æfinga og annars starfs fylgja gjarnan ferðir upp á land í tengslum við starfið. Um tíma komu upp árekstrar milli aðila, sérstaklega vegna ferða nemenda upp á land á íþróttamót eða til kappleikja. Með fjölgun ferða Herjólfss um helgar hefur dregið úr þessum árekstrum. Viðmælendur leggja mikla áherslu á að reglubundnum ferðum Herjólfss verði fjölgað til að auðvelda allt starf félaganna og íbúa í Vestmannaeyjum. Skólastjórar segja að stundum sjái þess stað að nemendur mæti þreyttir á mánudagsmorgnum vegna þess að þeir hafi ekki náð nægilegri hvíld eftir keppnisferðir. Í rýnihópi kom fram áhugi á að koma á fót samráðsvettvangi aðila til að stilla betur saman strengi og komast hjá skörun eða árekstrum. Með ráðningu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa á fræðslu- og menningarsviði má vænta þess að breyting geti orðið þar á.

Að sögn framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs hefur verið talsverð umræða meðal starfsmanna sviðsins um að koma heildagsskólakerfi á þannig að aldurshópurinn 6–12 ára geti farið í íþróttir, tónlist, leiklist, heimanám, og annað sem stendur til boða strax eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Gætu þau þá átt kvöldin fyrir sig með fjölskyldu og vinum. Svipað fyrirkomulag mætti einnig hafa á gagnvart nemendum að 16 ára aldri. Þetta myndi kalla á breytt skipulag bæði hvað samstarf og mannaráðningar varðar og yrði að skilgreina og móta í framtíðaskólastefnu Vestmannaeyjabæjar.

Almennt var það viðhorf meðal fulltrúa í rýnihópi íþrótt- og æskulýðsfélaga að draga þyrfti úr áherslum í heimanámi eða breyta fyrirkomulagi þess með þeim hætti að frítími nemenda að skóla loknum geti verið samfelldari. Sumir töldu sig alfarið á móti heimanámi en bent var á að misjafnt væri hvað menn ættu við með slíku námi. Fæstir vildu draga úr því að börnum væri ætlað að æfa sig í að lesa heima. Því væri ekki hægt að alhæfa og segja að ekkert heimanám eigi að vera heldur þurfi að breyta eitthvað áherslum. Því sjónarmiði var komið á framfæri að með auknu skipulagi og samráði íþrótt- og æskulýðsfélaga og skóla mætti skipuleggja tíma nemenda í meiri samfellu en nú er. Í umræðunni var bent á þann vanda sem stafaði af því að nemendahópurinn sem íþrótt- og æskulýðsfélög væru að þjónusta væri í tveimur skólum, stundaskrár þeirra færu ekki saman og þá geti einnig verið munur á skipulagi skólaársins. Þetta kosti oft árekstra. Almennt var það viðhorf uppi í rýnihópi að ástæða væri til að sameina árganga fremur en að skipta þeim á tvo skóla.

Í rýnihópi kom fram að þátttaka barna og unglinga í íþróttastarfi væri mjög almenn. Mikill metnaður ríkti og m.a. ættu Eyjarnar meistaraflokka bæði í karla- og kvennaflokkum í fremstu röð á landinu. Sagt var að starfsemi í félögunum væri hart keyrð og töldu sumir að félögin væru að tapa 15–16 ára unglingum vegna þess að þeir stæðust ekki álagið. Til dæmis var bent á að ef til vill væri ástæða til að draga úr áherslum á knattspyrnuæfingar yfir vetrartímann. Almennt var það álit fulltrúa í rýnihópi að vinnutími nemenda í skólum væri orðinn nokkuð langur þegar horft væri til heimanáms að venjulegum skóladegi loknum. Töldu menn nauðsynlegt að draga sem mest úr heimanámi nemenda ellegar finna því annan farveg innan skólans.

Af samræðum við rýnihóp mátti ljóst vera að ákveðnir árekstrar eru á milli skóla og félaganna og töldu menn árekstrana greinilega meiri vegna þess að skólarnir eru tveir. Það geri félögunum erfiðara um vik við skipulag starfsemi sinnar vegna þess að skólatíminn sé ólíkur. Einn fulltrúanna kvaðst myndu, mætti hann ráða, sameina skólana þannig að yngri börnin væru á öðrum staðnum en þau eldri á hinum. Taldi hann að þannig myndi nást meiri samkennd í íþróttunum og fleiri unglingar myndu taka þátt. Aðrir fulltrúar í rýnihópi tóku undir þetta sjónarmið og töldu að þannig myndu kennarar í unglingaskólanum tengjast betur íþróttunum og skólarnir kæmu meira að því starfi.

Fram kom að með auknu samráði skóla og íþróttafélaga mætti e.t.v. viðurkenna þátttöku félaganna sem hluta af íþróttakennslu í skólanum og létta með þeim hætti ákveðnu álagi af nemendum. Þannig mætti t.d. veita nemendum námseiningar í Framhaldsskólanum fyrir þátttöku í íþróttum í stað námseininga fyrir skólaíþróttir. Þá væri ekki óeðlilegt að Framhaldsskólinn skoðaði það alvarlega hvort ekki mætti tengja námsframboð með einhverjum hætti þeirri frábæru aðstöðu sem íþróttum væri búin í Vestmannaeyjum, t.d. með stofnun íþróttabrautar. Til Vestmanneyja kæmu unglingar til að stunda íþróttir og spurt var hví ekki mætti bjóða þeim upp á íþróttanám.

Uppgangur er í skáklífi Eyjanna og töldu menn að 70–80 börn og unglingar stunduðu skák á vegum Taflfélags Vestmannaeyja. Í vetur hefur félagið annast skákæfingar í skólunum og m.a. haft með hendi þjálfun skákliðs grunnskólanna. Góður árangur hefur orðið af þessu starfi, skákáhugi hefur aukist enda náðst góður árangur á móti grunnskólanema. Helstu

hnókrar sem hafa hafa komið í ljós eru að ekki virðist liggja á hreinu hvernig kostnaði af þátttöku nemenda á skólamótum eða öðrum skákmótum eigi að vera háttað. Þátttaka nemenda í mótum uppi á landi hefur óhjákvæmilega í för með sér ferðakostnað en ekki hefur verið gengið frá því hver skuli bera hann.

Í viðtali við leikskólastjóra Rauðagerðis kom fram að mikill áhugi er hjá börnum leikskólans á taflí. Flest börn í elsta árgangnum kunna mannganginn og tefla bæði innbyrðis og við starfsfólk. Hrókurinn hefur sent þeim myndskreyttar taflbækur sem auðvelt er að fara eftir og eru þær mikið notaðar, jafnvel að börn fái bók lánaða með sér heim til æfinga. Foreldrar töluðu einnig um þennan áhuga og lýstu yfir ánægju með hann.

6.5 Forvarnarstarf

Viðtækt samkomulag er um að í íþrótta- og æskulýðsstarfi felist forvarnarstarf. Grunntónn þess er sá að rækta heilbrigða sál í hraustum líkama. Hins vegar vill þetta meginhlutverk starfsins á tíðum gleymast og keppni af hvers konar tagi taka yfirhöndina. Í rýnihópi fulltrúa íþrótta- og æskulýðsfélaga var spurt um það hvort félögin hefðu mótað sér forvarnarstefnu og hvort hún væri kynnt og sýnileg. Almennt virtist ekki vera svo. Að vísu töldu flestir fulltrúanna að landssamtök þeirra hefðu mótað slíka stefnu og hún sem slík næði til félaga í Eyjum eins og annarra félaga á landinu. Hins vegar væri ekki unnið með hana af hálfu félaganna á opinberan hátt, engin fræðsla um þetta efni væri til þjálfara eða foringja né þátttakenda í starfsemi félaganna. Var það álit rýnihópsins að á þessu sviði mættu félögin gera mun betur. Athygli vakti hve fulltrúar í rýnihópi voru bundnir þeirri hugsun að sækja yrði alla fræðslu á þessu sviði til lands og það væri kostnaðarsamt fyrir félögin. Bent var á að fræðslu mætti sækja til heilbrigðisstétta í Vestmannaeyjum, lögreglu, kennara, forvarnarfulltrúa skóla og fleiri aðila í Eyjum og minnka þannig kostnað.

Í skýrslu nefndar um úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi³⁵ kemur fram að ungt fólk, 16 ára og eldra, hefur ekki áhuga á því að taka þátt í félags- og tómstundastarfi með grunnskólanemum eða yfirleitt þeirri starfsemi sem grunnskólanemendum stendur til boða (t.d. hefðbundnum félagsmiðstöðvum). Segir ennfremur að aðilar sem vinna að félags- og tómstundastarfi hérlandis séu sammála um að þarfir og kröfur þessa aldursflokks séu lítt þekktar eða skilgreindar. Komið hefur fram í viðtölum við aðila félags- og tómstundasamtaka og í viðtölum við ungmenni á þessum aldri að þau vilji koma að félagsstarfi á eigin forsendum, m.a. með því að koma að ákvörðunum um skipulag starfsins.

Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs er unnið að gerð nýrrar reglugerðar fyrir menningar- og tómstundaráð Vestmannaeyja þar sem skilgreint verður nánar framtíðarskipulag forvarnarstarfa. Kveður hann þessi mál hafa verið lengi í umræðunni. Sömuleiðis hefur fulltrúum fræðslu- og menningarsviðs verið tíðrætt um aðstöðu fyrir ungmenni eldri en 16 ára. Tilraun var gerð með „Húsið“ 2004 en heppnaðist ekki sem skyldi. Hefur framkvæmdastjóri eftir þeim sem fóru fyrir að erfitt hafi verið að fá ungmennin sjálf til að taka virkan þátt. Starfið við að koma því húsnæðinu í viðunandi stand hafi lent á fáum einstaklingum. Ráðinn var sérstakur starfsmaður af stjórn Hússins til að hafa yfirumsjón með starfseminni og reka á sambærilegan hátt og gert er annars staðar. Að áliti framkvæmdastjóra þarf að leita skýringa á því hvers vegna erfiðlega gengur að virkja ungmennin í að koma sér upp aðstöðu og reka sinn eigin stað. Í viðræðum hans og stjórnar Hússins kom m.a. fram sú skýring að það vantaði alla heildarsamstöðu og samkennd í árgangana. Það er hans mat að frá byrjun skólagöngu sé verið að ala upp tvo mismunandi hópa sem koma frá sinn hvorum

³⁵ Menntamálaráðuneytið 2003:9.

grunnskólanum. Þetta unga fólk hafi haft mismunandi skóladagatöl, of litla samvinnu í gegn um tíðina, mismunandi prófatíma o.fl. Það sé innbyggt í kerfið að etja hópum saman frekar en hitt. Alla vega hafi þeir sem gerst þekkja kvartað yfir erfiðleikum við að koma á öflugu félagslífi innan veggja Framhaldsskólans.

Af samræðum í rýnihópi má þó ljóst vera að fulltrúar félaganna hafa áhyggjur af ýmsum þáttum sem markvisst forvarnarstarf gæti unnið gegn. Þannig var rætt um skemmdarstarfsemi, neyslu áfengis, munntóbaks og vímuefna og þá lýstu fulltrúar áhyggjum yfir þeirri klámvæðingu sem gengi yfir samfélagið í Vestmannaeyjum sem og annars staðar. Ágreiningur var uppi í rýnihópnum hvort dópneysla væri vandamál meðal unglinga eða ekki en menn þó sammála um að mikillar aðgæslu væri þörf.

Á fundi með menningar- og tómstundaráði komu fram áhyggjur meðal fundarmanna yfir klámvæðingu sem virtist fylgífiskur áfengis- og vímuefna. Sögur eru á kreiki um aukningu kynsjúkdóma meðal ungs fólks, einkum ungra stúlkna. Samkvæmt upplýsingum læknis á Heilsugæslustöð Vestmannaeyja eiga þessar sögur þó ekki við nein rök að styðjast. Hins vegar verður að taka alvarlega þessar áhyggjur fulltrúa í MTV og snúast gegn ótímabundnu kynlífi ungs fólks með umræðu og fræðslu. Tæknibyltingin í formi tölva, farsíma og hraðra boðskipta hefur sett hin kyrrlátu tryggu samfélög í nýja stöðu. Við erum ekki lengur einangrað samfélag langt frá öðrum þjóðum heldur komin inn í miðja hringiðuna. Börn og unglingar eru fljót að tileinka sér þessa nýju tækni og eiga auðvelt með að komast yfir efni sem áður var ekki talið þola dagsbirtuna. „Markaðsöflin sem við er að eiga að þessu leyti eru svo massív. Um er að ræða miljarða dollara bísness. Taka verður hraustlega á þessu máli í samfélaginu,“ sagði einn fulltrúanna í MTV. Mikilvægt sé að koma þessari umræðu til heimilanna. Taldi hann skólann reyna að gera sitt og íþrótt- og æskulýðsfélög yrðu einnig að leggja sitt af mörkum.

7. Umræða

Í þessum kafla verður fjallað um þær upplýsingar sem birtast í niðurstöðuköflum úttektarinnar. Með úttektinni var stefnt að því að svara þeirri meginspurningu á *hvern hátt megi styrkja og bæta starfsemi skóla, íþróttar og tómstunda sem og auka samhæfingu þessara þátta til hagsbóta fyrir börn og unglinga í Vestmannaeyjabæ*. Niðurstöður þar sem hér hafa verið kynntar benda til að þó fjölmargt sé vel gert er ýmislegt sem betur má fara í starfsemi skóla og íþróttar- og æskulýðsfélaga. Skólum hættir til að vera lokaðar regluveldisstofnanir og þess virðist gæta nokkuð í starfi grunn- og framhaldsskóla í Vestmannaeyjum. Mikilvægt er að þeir hlusti vel eftir viðhorfum nemenda og foreldra, meti og ígrundi faglegt starf sitt á grundvelli þeirra markmiða sem sett eru og stuðli að stöðugum umbótum. Flokkun og merking nemenda af hvers konar tagi í skólastarfi eru ekki leiðir í samræmi við nútíma sjónarmið um jafnan rétt nemenda. Auka þarf fjölbreytni í kennsluháttum þar sem það er haft að leiðarljósi að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda. Hvetja þarf foreldra til aukinnar þátttöku í skóla- og æskulýðsstarfi og ná sammæli um þau megingildi sem samfélagið vill að viðhöfð séu í samskiptum barna, unglinga og fullorðinna í samfélaginu. Í tiltölulega smáu samfélagi og einangruðu er mikilvægt að skóli og íþróttar- og æskulýðsfélög togist ekki á um einstaklingana heldur geti starfsemi þeirra stutt hver við aðra í að veita börnum og unglingum sem besta aðstöðu til vaxtar og þroska. Í Vestmannaeyjum ættu að vera allar forsendur til slíkrar vinnu þar sem nálægðin er mikil og tengsl milli einstaklinga meiri en víða annars staðar.

7.1 Að vera Vestmannaeyingur

Sjálfsvitund einstaklinga og samvitund hópa manna er flókið en mikilvægt viðfangsefni. Engum blandast hugur um að eftir því sem sjálfs-og/eða samvitundin er skýrari, þeim mun sterkari er einstaklingurinn og/eða hópurinn. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á þjóðarvitund Íslendinga, einkum fyrr á tímum, en litlar sem engar slíkar eru fyrirbyggjandi á íbúum einstakra byggðarlaga. Líklegt má telja að slík byggðarvitund geti í sumum greinum að einhverju verið frábrugðin heildarvitund landsmanna.

Í viðtölum við rýnihópa kom það alloft fram að Vestmannaeyingar telja sig hafa margvísleg séreinkenni sem greini þá frá öðrum Íslendingum. Þegar eftir var gengið og spurt hvað felist í því að vera Vestmannaeyingur vafðist viðmælendum samt oftast en ekki tunga um tönn. Þó voru nefnd ýmis einkennandi atriði: nálægð við náttúruna, þjóðhátíð, rík tónlistarhefð sem m.a. tengist sjósókn og þjóðhátíðarhaldi, vertíðarsamfélag, skorpuvinna og langur vinnudagur, lífsgleði, lítið kynslóðabil, börn verða fljótt fullorðin í þeim skilningi að þau hafa mikið sjálfræði frá unga aldri, sambúð/trúlofanir ungmenna eru algengar og stúlkur eignast börn gjarnan snemma, pysjuveiðar, sprang, mikið starfað í lokuðum klúbbum, einangrun Eyjanna, allir þekkja alla og tala um alla, almenn og viðurkennd áfengisneysla frá unga aldri, samkeppni inn á við en samstaða út á við.

Vafasamt er hversu mörg þessara atriða eru séreinkennandi fyrir Vestmannaeyjar og lífið sem þar er lifað þótt auðvelt sé að taka undir nálægð við náttúruöflin, einangrun frá öðrum landshlutum, pysjuveiðar og þjóðhátíð í þessu sambandi. Hitt er jafnljóst að einhæfni í atvinnuháttum hefur einnig haft mikil áhrif á sjálfsvitund Eyjamanna og samfara mikilli vinnu til sjós og lands var þar lengi eitt tekjuhæsta samfélag landsins. Lega Eyjanna kallaði jafnframt á meiri sjálfsbjörg en víðast annars staðar og má hiklaust halda því fram að þar með hafi orðið til viss höfuðborgareinkenni vegna þess að sem allra flest þarf að vera til staðar: fullkomin heilbrigðisþjónusta, sem fjölbreyttast námsframboð, afþreying og tómstundastarf,

söfn og önnur menningarstarfsemi, hvers kyns verslun og önnur þjónusta. Um leið verður stutt í samanburð við það sem annars staðar gerist.

Upp úr öllu þessu er líklegt að hafi sprottið ímynd af hinum sjálfstæða Vestmannaeyingi sem býður sjálfum sér, öðrum landsmönnum og náttúruöflunum birginn, en er jafnframt trúr sínu grenndarsamfélagi og reiðubúinn að standa vörð um það hvað sem á dynur. Lýsing af þessu tagi á jafnframt við margar aðrar sjávarbyggðir, ákveðin harðneskja fylgir þeim gjarnan og lítilmagninn getur átt erfitt uppdráttar – jafnvel er hreinum aumingjaskap um kennt ef ekki gengur vel. Síðustu fimmtán til tuttugu ár hafa reynst flestum þessara byggða erfið og sjálfsvitund íbúanna hefur beðið hnekki. Ástæður þess eru fyrst og síðast breytingar í sjávarútvegi: kvótakerfið hefur gert afkomuna ótryggari vegna breytilegs eignarhalds, bátaútgerð hefur látið undan síga og tæknibreytingar við vinnslu sjávarafla hafa flutt vinnsluna ýmist út á sjó ellegar leitt til þess að sífellt verður minni þörf fyrir ófaglært verkafólk í landi. Afleiðingin verður atvinnuleysi meðal sjómanna og fiskvinnslufólks, þess fólks sem minnsta menntun hefur fyrir. Þetta atvinnuleysi nær einnig til ýmissa þjónustufyrirtækja og ef ekki tekst að glæða nýja atvinnustarfsemi lífi er stutt í brottflutning af svæðinu. Vestmannaeyjar hafa orðið harkalega fyrir barðinu á þessum breytingum og átt erfitt, jafnvel erfiðar en margir aðrir staðir, með að mæta þeim vegna legu sinnar. Áhrifanna sér síðan stað í ákveðnu vonleysi eða deyfð sem leggst yfir samfélagið allt og sjálfsmynd íbúanna bíður hnekki. Ósigrar verða meira áberandi en áður og það sem kann að vinnast á einu sviði, s.s. á vettvangi íþróttar, nær ekki að bæta upp þann almenna samdrátt sem hvarvetna blasir við augum.

Þessi er staða Vestmannaeyja og íbúa þeirra. Sjálfsöryggið er minna en áður vegna margháttaðra ytri aðstæðna og meðal afleiðinga má greina nokkurn losarabrag á félagsgerðinni, s.s. unglíngadrykkju og aðra vímuefnanotkun.

7.2 Viðhorf til menntunar

Eins og víðar er viðhorf fólks í Vestmannaeyjum til menntunar að breytast. Vitund fólks um gildi menntunar fer sífellt vaxandi þar eð störfum á vinnumarkaði sem krefjast ekki neinnar sérmenntunar eða undirbúnings fækkar. Þessum viðhorfsbreytingum fylgir jafnframt ótti um að samfara aukinni menntun fylgi brottflutningur frá Vestmannaeyjum. Menntafólk vill eiga kost á að koma aftur en störf fyrir þá sem hafa lagt á sig langt háskólanám eru fá í Eynni á tiltölulega einhæfum vinnumarkaði. Helst eru það lækna, hjúkrunarfræðingar eða kennarar sem eiga afturkvæmt að námi loknu. Þessa sér vel stað í kennaraliði skólanna í Vestmannaeyjum. Samkvæmt lauslegri könnun sem skólaþróunarsvið gerði í skólunum hlutu rúm 60% kennaraliðsins grunnskólamenntun sína (barnafræðslu) í Vestmannaeyjum og 32% þeirra luku framhaldsnámi frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum.

Sjálfsgætt má þakka tilvist Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum að einhverju leyti þá viðhorfsbreytingu sem orðin er til menntunar í Eyjum. Um leið og fólk þarf ekki lengur upp á land til að afla sér framhaldsmenntunar fjölga þeim sem afla sér hennar. Aðgengi að námi í formi símenntunar hefur einnig aukist verulega og nú háttar svo til að fólk getur aflað sér háskólamenntunar í fjarnámi á vegum Visku – fræðslu og símenntunarmiðstöðvarinnar í Eyjum. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafa verið í samstarfi við Visku og Rannsóknasetur Háskóla Íslands um fjarnám í Eyjum. Skólarnir tveir nýta sér m.a. myndfundabúnaði til kennslunnar. Markmið Visku er að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi.

7.3 Yfirstjórn og skipulag

Útgjöld til fræðslu- og uppeldismála í Vestmannaeyjabæ voru árið 2003 svipuð og hjá sveitarfélögum af sömu stærð. Því miður er ekki enn að hafa nýrri upplýsingar hvað þennan samanburð vantar en fátt gefur til kynna að þetta hlutfall hafi breyst að einhverju ráði. Á undanförunum árum virðist hafa fremur þrennt að í rekstri sveitarfélaga, m.a. vegna breytinga á skattalögum sem leiddu til tekjumissis sveitarfélaga. Þetta hefur komið niður á Vestmannaeyjabæ eins og öðrum ásamt því að bæjarfélagið hefur orðið að sjá á eftir mörgu fólki. Á fjögurra ára tímabili hefur fækkað um 312 manns eða um 6,9%. Þetta þýðir að færri eru eftir til að standa undir samneyslunni í bæjarfélaginu því kostnaðurinn við rekstur lækkar ekki í sama hlutfalli og fækkuninni nemur. Sökum þessa hefur bæjarfélagið þurft að herða að í rekstri þannig að skólar fái ekki sama svigrúm og þeir höfðu áður.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því sveitarfélög tóku við öllum rekstri grunnskóla hafa þau verið að leita leiða á hvern hátt skólarekstrinum verði best fyrir komið innan kerfis þeirra. Stjórnendur hafa einnig þurft tíma til að læra á nýtt umhverfi og finna sig í því. Rekstrarlegar kröfur til skólanna eru aðrar en áður voru og aðstoð og ráðgjöf sem skólastjórar gátu sótt eru ekki til staðar með sama hætti og meðan ríkið var aðili að rekstrinum. Ýmsar viðmiðanir sem áður giltu reynast lífseigar og oft á tíðum nýttar sem vörn fyrir faglegum ákvörðunum eða ósveigjanlegum skipulagsramma. Rammafjárveitingar til skóla setja skólastjóra í alveg nýja stöðu er undirstrikar forstöðumannshlutverk hans og ábyrgð á faglegu og fjárhagslegu skipulagi skólastarfsins. Kjarasamningar kennara 2001 fól skólastjórum mun meiri umráðarétt yfir vinnutíma kennara en áður gildi og þar með fjárhagslega stýringu á því fjármagni sem skólanum var úthlutað. En vandinn er ekki aðeins skólastjóranna að finna sig í þessu nýja hlutverki því jafnframt þarf bæjarstjórn og yfirstjórn málaflokksins að gæta að valdmörkum sem skólastjórum hafa verið sett. Á stundum virðist hafa verið uppi einhvers konar haltu mér, slepptu mér samband milli skólastjóra og yfirstjórnar. Nauðsynlegt hefði verið að undirbúa breytingarnar betur og hlúa að skólastjórnendum í þessu nýja rekstrarumhverfi með námskeiðum og fræðslufundum og skýra ábyrgðarhlutverk þeirra og fræðsluskristofa.

Skólastefna bæjarfélagsins var sett árið 1998, aðeins tveimur árum eftir að allur rekstur grunnskólans færðist til sveitarfélagsins. Skólastefnan hefur þó ekki verið gerð nægilega sýnileg. Hana er t.d. ekki að finna á heimasíðu fræðslu- og menningarsviðs og þá er hvergi vísað til hennar í skólanámskrám leik- og grunnskólanna. Ári eftir að skólastefnan var sett tóku gildi nýjar aðalnámskrár leikskóla og grunnskóla og árið 2000 tók gildi ný aðalnámskrá tónlistarskóla. Aðalnámskrár eru allt í senn, stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrir- mæli fræðslufyrvalda um að ákveðinni stefnu sé framfylgt og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu. Óhjákvæmilega hljóta breytingar á aðalnámskrá að hafa áhrif á stefnu- mótun sveitarfélaga í skólamálum. Því verður að telja að fyllilega tímabært sé fyrir Vestmannaeyjabæ að hefja endurskoðun á skólastefnu sinni.

Í ljósi þessa þarf e.t.v. ekki að koma á óvart að í niðurstöðum úr könnunum og úr rýnihópum komi fram að foreldrum leikskóla og grunnskóla ásamt kennurum af sömu skólastigum þyki stefna bæjarfélagsins ekki skýr og metnaður þess í að byggja upp góðan skóla ekki nægilega ljós. Þá telja kennarar að skólanefnd sýni ekki mikinn áhuga á málefnum skólanna. Í sjálfu sér er það ekki ný bóla að skamma yfirvöld og saka þau um stefnuleysi eða áhugaleysi. Á hinn bóginn eru of mikil afskipti ekki heldur almennt vel séð en þessar niðurstöður gefa þó vís- bendingar um að ástæða sé til þess að bæjarfélagið endurmeti stefnu sína í þessum viðamesta málaflökki í rekstri sínum og geri hana sýnilegri. Málaflokkurinn snertir svo stóran hluta íbúa og á síðustu árum hafa kröfur á þessu sviði aukist. Tími barna í leik- og grunnskólum hefur lengst til muna frá staðfestingu skólastefnu bjarins 1998. Foreldrar vilja vita hvernig sveitarfélagið hyggst uppfylla lagaskyldur sínar og hvaða kröfur þeir geta gert um árangur í

starfi. Skýra þarf hvaða þjónusta það er sem bæjarfélagið vill að börnum og unglingum standi til boða.

Á síðasta ári var unnið að stefnumótun af hálfu skólaýfirvalda um tiltekna þætti skólastarfsins, s.s. varðandi tæknivæðingu skólanna á sviði upplýsingatækni og sérkennslu. Settir voru á fót vinnuhópar fagfólks og annarra til að móta tillögur og þær sendar yfirvöldum. Hins vegar virðist gatan ekki hafa verið gengin til enda og tillögurnar staðfestar endanlega af skólanefnd eða sveitarstjórn. Vinnubrögð af því tagi bjóða þeirri hættu heim að fólki finnist öll þessi vinna ómarkviss og lítt marktæk. Mikilvægt er að undirbúa hvers konar stefnumótun vel, leiða hana til lykta og kynna öllum hlutaðeigandi. Breytingastarf sem fylgt getur nýrri stefnumótun er viðkvæmt ferli og felur í sér óöryggistímabil. Því er mikilvægt að gera þann tíma sem stýstan og upplýsa aðila sem best.

7.3.1 Fræðsluskrifstofa

Í samræðum við rýnihópa, skólastjóra og starfsfólk fræðsluskrifstofu kom augljóslega fram að verulegur núningur er á milli skólanna og skrifstofunnar, þó síður leikskólanna en grunnskólanna. Árið 2003 var gerð uppstokkun á starfsemi skrifstofunnar, skipuriti bæjarins var breytt og nýr framkvæmdastjóri ráðinn inn á fræðsluskrifstofuna sem fékk það veganesti að vinna að umbótum í skóla-, æskulýðs- og menningarmálum. Nýr leikskólafulltrúi kom inn til starfa á sama tíma og framkvæmdastjórinn. Fyrir var sálfræðingur í hálfu starfi og aðrir starfsmenn komu síðar til starfa á skrifstofunni. Meiningarmunur hefur orðið á milli skólanna og yfirvalda um nauðsyn þessa svo og um mönnun yfirmannsstöðu fræðsluskrifstofunnar hvað varðar menntun, reynslu og hæfni. Þetta torveldar honum að rækja hlutverk sitt. Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs verður að gefa þessu gaum og vinna í því að skapa sér tiltrú og traust og víkka viðurkenningarsvið sitt. Það getur kostað tíma að selja hugmyndir sínar, bæði meðal skólastjóra, kennara og foreldra. Sömuleiðis verða skólastjórnendur að una þeim skipulagsbreytingum sem bæjaryfirvöld innleiddu með stjórnkerfisbreytingunum og höfðu í för með sér aukið eftirlit frá því sem áður var.

Greinilegt er að framkvæmdastjóri hefur haft mikinn metnað til að láta að sér kveða í starfi sínu og lagt kapp á að ráða til skrifstofunnar hæfileikaríkt fólk til sérfræðiþjónustu, einkum kennslufræðilegrar þjónustu og hins rekstrarlega þáttar. Vandinn er sá að þeir einstaklingar sem réðust til skrifstofunnar voru starfandi í grunnskólunum og nutu viðurkenningar þar. Það var því sárt fyrir skólana að missa þá úr starfi. Annar vandi sem ekki hefur verið gefinn nægilega gaumur við starfsskipulag fræðsluskrifstofu er hið þrjúþætta hlutverk skrifstofunnar, þ.e. fjármálaleg umsýsla fræðslu- og tómstundamála, eftirlit með starfi skólanna og faglegt ráðgjafarstarf. Ráðgjafar eru settir í erfiða stöðu að fara út í skólana til aðstoðar kennurum og skólastjórnendum á sama tíma sem þeim er gert að hafa eftirlit með faglegu starfi og fjárhagslegri umsýslu, hvað þá að taka ákvarðanir um svo viðkvæma hluti sem ákvörðun fjármagns til skólastarfsins.

Ljóst má vera að það er nokkuð djúpstæður ágreiningur milli grunnskólanna og fræðsluskrifstofunnar, ekki aðeins rekstrarlegur heldur og faglegur. Þessi ágreiningur snýst um það að hve miklu leyti er hægt að mæta þörfum nemenda í almennu skólastarfi og hvernig hægt er að mæta þörfum þeirra nemenda sem bekkjarkennarar telja sig ekki umkomna að ráða við í skólastofunni. Þetta er ágreiningur sem bæði varðar fé og faglega afstöðu. Kennarar kalla eftir úrræðum af hálfu bæjaryfirvalda en af hálfu fræðsluskrifstofu er fjölgun sérúrræða og sérdeilda hafnað og það álit sett fram að með endurskoðun starfshátta, fjölbreyttari kennsluaðferðum og breyttu skipulagi í skólunum megi betur koma til móts við nemendur í almennu skólastarfi. Skólarnir telja að meira fé þurfi til þessa starfs en fræðsluskrifstofa heldur því fram að fjárhagslegt svigrúm sé þegar til staðar.

Efalaust hefur starfsfólk fræðsluskrifstofunnar verið mjög upptekið af því að leita leiða til hagræðingar í rekstri skólanna og ljóst að frá skólans hlið er litið svo á. Frá skrifstofunni berast skilaboð út í skólana um að ákveðinnar kyrrstöðu gæti og skorts á forystu af þeirra hálfu við að auka metnað í samfélaginu til sóknar á sviði fræðslu- og tómstundamála. Efla þurfi menntunarstig og þar leiki skólar leika lykilhlutverk. Kennurum og skólastjórum finnst þeim haldið utan við þessa umræðu, ekki sé hlustað á þeirra sjónarmið og ákvarðanir teknar án þess að haft sé samráð við þá. Sumar þessar ákvarðanir varða innra starf og skipulag. Án þess að afstaða sé tekin til gagnrýni kennara Hamarsskóla er birtist í sjálfsmatsskýrslu skólans er hægt að taka undir með þeim að tryggja þurfi virkan samskiptagrundvöll milli rekstraraðila og stjórnenda. Slíkur samskiptavettvangur getur skýrt afstöðu hvors aðila fyrir sig og hjálpað til við að finna ásættanlegar leiðir fyrir hvorn aðila. Hann getur líka skýrt og skerpt yfirlit á hvers og eins. Gæta þarf að því hvort draga megi úr eftirlits- og rekstrarþáttum í starfi ráðgjafa eða breyta hlutverkaskipan innan fræðsluskrifstofu þannig að starfsmenn þar geti betur einbeitt sér að faglegri ráðgjöf. Mikilvægt er að fagfólk fræðsluskrifstofunnar geti komið að stuðningi við þróunarverkefni í skólunum, ýmist með beinni ráðgjöf eða með því að afla faglegs stuðnings við verkefni.

Örfáir kennarar lýstu sig sammála því að þjónusta fræðsluskrifstofu við skóla nýttist vel og þá kom jafnframt fram að kennarar töldu að ráðgjafarþjónusta skrifstofunnar þyrfti að vera öflugri. Foreldrar voru mun jákvæðari gagnvart sérfræðiþjónustunni. Hátt hlutfall foreldra sem ekki treystir sér til að taka afstöðu þarf ekki að vera óeðlilegt því sjálfsagt er hátt hlutfall foreldra sem ekki hefur þurft að leita ráðgjafar þjónustunnar og tekur því ekki afstöðu til hennar. Hins vegar vekur athygli hversu hátt hlutfall kennara tekur ekki afstöðu til þjónustu fræðsluskrifstofunnar eða hvort þeir geti sótt sér ráðgjöf og stuðning utan skóla.

Það er ekki ný saga að kennarar kalli eftir hvers konar aðstoð og úrræðum fyrir nemendur sem ekki lúta aga eða öðrum viðmiðum skólans. Víki nemandi út frá normi sem kennari setur er leitað eftir greiningu hjá sálfræðingi eða sérkennara. Eftir að greining liggur fyrir vandast málið við að lesa í greininguna og finna leiðir til að vinna með viðkomandi nemanda. Að mati sálfræðings er það tilætlun kennara að greiningaraðili mæli fyrir um hvernig beri að vinna með nemandann. Tal um úrræði virðist snúast um það að sérfræðiþjónustan finni nemanum einhvern stað utan kennslustofunnar. Það er engin lausn í sjálfu sér, miklu fremur ber að leita lausna í breyttum vinnubrögðum innan skólans. Vandinn er skólans en ekki nemandans. Kennarahópurinn ásamt ráðgjöfum skólans ber ábyrgð á því að finna lausnir fyrir nemandann.

7.3.2 Einn grunnskóli eða tveir

Mikil umræða hefur farið fram í Vestmannaeyjum um gæði og stöðu grunnskólanna. Hluti þeirrar umræðu á sjálfsagt rót í því að Eyjamönnum hafa sum árin borist váleg tíðindi af árangri nemenda skólanna á samræmdum prófum. Það hefur kallað á viðbrögð um að endurskoða þurfi skólaformið. Virðast Vestmannaeyingar skiptast í tvö horn í afstöðu til þess hvort breyta eigi skólaforminu í þá veru að skólarnir verði tveir, annar með 8.–10. bekk svipað og áður var þegar Gagnfræðaskóli Vestmanneyja starfaði, og hinn með yngri bekkina. Ákveðnar áhyggjur eru af því að ekki gæti nógrar samstöðu meðal unglunga í Eyjum, þeir jafnvel þekkist ekki og þá sé erfiðara að koma við skipulagi fristundastarfs þeirra þegar taka þarf tillit til mismunandi aðstæðna í tveimur skólum.

Við þessa umræðu er mikilvægt að fara að öllu með gát. Aldursskipting skóla er ekkert einhlítt svar um betri árangur í skólastarfi og bent skal á að langflestir grunnskólar eru heildstæðir. Af 125 grunnskólum sem starfrækja 10. bekk eru aðeins 8 skólar sem einungis hafa þrjá elstu bekki skyldunámsins. Þó marktækur munur sé á árangri nemenda í þessum tveim skólagerðum á samræmdum prófum árin 2001–2003 geta verið allt aðrar ástæður fyrir muninum en skólaformið sem slíkt. Nemendafjöldi þessara tveggja skólaforma og dreifing

hans er afar ójafn. Tveir skólanna með 8.–10. bekk eru með helming nemendafjölda þessarar gerðar skóla og árangur þeirra vegur þungt í meðaltalinu. Breytur sem kunna að hafa áhrif á árangur nemenda kunna því að vera mun fleiri og fjölbreyttari í heildstæðari skólunum. Breytingar á skólaskipan í sveitarfélögum hér á landi hafa flestar gengið í þá átt að gera skóla heildstæða. Þannig hafa barna- og gagnfræðaskólar verið sameinaðir, t.d. á Akureyri, Sauðárkróki, Neskaupsstað og Seltjarnarnesi án þess að séð verði að það hafi breytt árangri nemenda þessara skóla á samræmdum prófum. Engar rannsóknir er þó að hafa um hvort skólaformið er betra en á málþingi sem haldið var um unglingaskóla færði Gerður Óskarsdóttir fram eftirfarandi rök með og á móti aldursskiptum skólum:

Rök með því að hafa allt grunnskólastigið í einum skóla:

- Meiri samfella í námi á milli miðstigs og unglingastigs
- Auðveldara að færa námsefni milli miðstigs og unglingastigs
- Sömu skólafélagar frá 6 ára til 15 ára og sami bekkjarhópur í lengri tíma
- Sömu reglur gilda lengur í lífi einstaklinganna
- Styttri vegalengd í skólann á unglingastigi
- Meiri þekking kennara á einstaklingum sem fara á unglingastig
- Tryggara umhverfi fyrir þá sem standa veikt, þeir þekkja sig
- Auðveldara að hafa sambærilega kennsluhætti á barna- og unglingastigi (ef samvinna er fyrir hendi)
- Sama stjórnun í 1.–10. bekk
- Meiri möguleikar á félagslegri blöndun
- Nemendur varðir gegn því að koma inn í „harðan heim“ unglingaskóla
- Nemendur sjá alla aldurshópa
- Félagslegum þörfum unglinga betur sinnt ef ekki er áhersla á faggreinakennslu

Rök með því að skipta grunnskólastigi í barnaskóla (1.–7./8. bekk) og unglingaskóla (7./8.–10. bekk):

- Möguleikar á fjölbreyttari námstilboðum og valmöguleikum
- Meiri möguleikar á að ráða kennara sem eru sérmenntaður í einstökum greinum á unglingastigi. Talið er að vænta megi betri árangurs í grein ef kennari hefur sérmenntun á sviðinu.
- Stór unglingaskóli getur veitt meiri þjónustu (s.s. val) fyrir minna fé en minni skólar geta
- Minni umskipti milli unglingaskóla og framhaldsskóla en á milli heildstæðs skóla og framhaldsskóla (nemendur hafa upplifað umskiptin áður)
- Skólastjórnendur geta betur sinnt stigunum sem þeir stýra ef skóli er fyrir eitt til tvö stig en ef hann spannar þrjú stig (yngra-, mið-, elsta stig).
- Nemendur kynnast nýju umhverfi, nýjum kennurum og nýjum félögum við unglingsaldur
- Hærra meðaltal í bekk – minni kostnaður (flestir rekstrarliðir miðast við nemendafjölda)
- Bókasafn miðast annað hvort við barnastig eða unglingastig. Þar af leiðandi betra
- Losar um fordóma og jafnvel einelti gagnvart einstaklingum að skipta um skóla við unglingastigið (uppstökkun á bekkjum)
- Yngri nemendum finnst þeir síður undirokaðir af eldri nemendum
- Öryggiskennd ungra barna í litlum barnaskóla

Ekki verður séð að annað vegi þyngra en hitt í rökræðunni en við þetta má bæta að um þessar mundir á sér stað mikil umræða í samfélaginu um að nám til stúdentsprófs verði stýtt um eitt ár. Verði af því er ljóst að það mun hafa talsverð áhrif á grunnskólann því rætt er um að á því

skólastigi verði námi þjappað betur saman, námskröfur verði meiri og kennsla í byrjunar-áföngum framhaldsskólans í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði verði færð til grunnskólans. Þetta mun jafnframt kalla á endurskoðun skila milli leik- og grunnskóla svo og grunn- og framhaldsskóla. Breytingin mun gera miklar kröfur um yfirsýn yfir nám á grunnskólastiginu, einkum fyrstu árin. Hún mun jafnframt gera miklar kröfur til grunnskóla um samfellu í námi hvers og eins nemanda og til starfshátta kennara. Hætt er við að ákvörðun um aldursskiptingu skóla í Vestmannaeyjum geti torveldað það þróunarstarf sem hefja verður samfara ákvörðun af þessu tagi.

Annar vandi við aldursskiptingu skóla í Vestmannaeyjum er sá sami og tilgreindur hefur verið gegn breytingum á skólahverfaskipan í bænum. Í viðtölum kom skýrt fram að erfitt sé að breyta hverfaskipan af náttúrufarslegum ástæðum. Bent var á að veðurfarslega geti verið mjög erfitt fyrir börn af öðru skólasvæðinu að sækja á hitt svæðið. Ekki sé óalgengt að í Eynni geri svo mikil hvassviðri að illfært sé fyrir börn að fara á milli. Hitt stendur eftir að nú þurfa nemendur að fara gangandi um þetta svæði í mismunandi veðrum því nemar í Barnaskólanum þurfa að sækja íþróttir í íþróttamiðstöð og þurfa þá að ganga um þetta erfiða veðursvæði. Ef skólarnir yrðu aldursskiptir myndu nemendur þurfa að ferðast á milli í hvaða veðri sem er.

Meðan grunnskólar voru kostaðir að hluta til af ríkisvaldinu var í lögum ákveðið hvernig fjármagni skyldi úthlutað til skólanna. Var það gert með þeim hætti að í fyrstu var nemendum hvers skóla skipt í deildir skv. viðmiðunum um hámarksfjölda nemenda í deildum. Fjöldi deilda var ákvarðaður í hverjum skóla og fjöldi kennslustunda í skóla ákveðinn út frá því. Þannig var fundinn út grunnur til ákvörðunar fjármagns til skólans að viðbættum kostnaði vegna stjórnunar, sérkennslu og annarra þátta. Eftir að sveitarfélög tóku við öllum rekstri grunnskóla hefur viðast hvar lítil breyting orðið á þessari aðferð. Helst eru það viðmiðunarmörkin um hámarksfjölda nemenda í deildum sem breyst hafa. Í Vestmannaeyjum er þessi aðferð notuð við að ákveða skólunum rekstrarfé og í stað 28 nemenda hámarks í hverri deild hefur viðmiðið verið fært niður í 24 nemendur. Þetta hefur skapað ákveðinn ójöfnuð á milli skólanna að því leyti að því fleiri nemendur að meðaltali í deild því lægri kostnaður er á hvern nemanda. Hver nemandi í Hamarsskóla er því dýrari en nemandi í Barnaskólanum því þar eru færri nemendur að meðaltali í hverri deild. Ef líta má svo á að úthlutun bæjarsjóðs séu ekki fyrirmæli til skólastjóra um skipulag þá gefur þetta fyrirkomulag á úthlutun fjár Hamarsskóla meira fjárhagslegt svigrúm en Barnaskóla Vestmannaeyja. Hjá Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélögum hefur verið reynt að breyta úthlutun fjár til skólanna með það að markmiði að gæta betur að jöfnuði milli skólanna. Byggt hefur verið upp reiknilíkan sem notað er við úthlutun fjármagns. Með slíku reiknilíkani er reynt að losa skóla úr viðjum viðmiðana um fyrirkomulag. Þess í stað er lögð áhersla á heildarfjárveitingu í stað kennslustunda og að það sé fagfólksins í hverjum skóla að skipuleggja starfið út frá því fjármagni sem til umráða er hverju sinni. Jafnframt er markmiðið að gæta jafnræðis á milli skóla. Ástæða er til þess fyrir Vestmannaeyjabæ að gæta að auknu jafnræði á milli skólanna og skoða hvort ekki megi aðlaga reiknilíkan Reykjavíkurborgar að grunnskólunum í Vestmannaeyjum við ákvörðun fjármagns til rekstrar þeirra. Með því móti er það fengið í hendur skólanna að ákvarða deildaskiptingu og hópastærðir, allt eftir því hvað hagfelldast er fyrir alla aðila.

Eftir stendur sá vandi að á komandi árum fækkar nemendum í árgöngum og miðað við tvo skóla minnkar meðalfjöldi nemenda í námshópum. Það gerir skólahaldið kostnaðarsamara. Eins og fram kemur í nemendaspá má búast við að fjöldi nemenda fari undir 600 á næstu fjórum til fimm árum. Það þýðir að hver árgangur mun raðast í tvær til þrjár hliðstæður í skóla í stað fjögurra eins og er í dag. Í ljósi þessa er ekki óeðlilegt að Vestmannaeyjabær kanni ítarlega kosti þess að sameina grunnskólana tvo undir eina stjórn. Með því móti mætti nýta betur í þágu nemenda þann mannauð sem skólarnir búa að, skólakerfið yrði fljótara að

bregðast við breytingum í nemendafjölda, yfirsýn væri tryggð, aukinn sveigjanleiki skapaðist gagnvart skólahverfaskipaninni og nýtingu á húsnæði grunnskólanna og þar með mætti ná hámarksnýtingu á því fjármagni sem varið er til skólastarfsins.

7.4 Mannauður skólanna

Starfsfólki leikskólanna í Vestmannaeyjum virðist líða vel og vera ánægt í vinnu sinni ef tekið er mið af því að starfsaldur er frekar hár. Þriðjungur starfsfólks hefur starfað á sínum leikskóla lengur en í 10 ár og allir starfsmenn sem þátt tóku í könnun skólaþróunarsviðs segja að leikskólinn þeirra sé góður. Sama má segja um starfsanda/liðsanda á skólunum en 87,5% starfsfólks telja hann góðan. Menntunarstaða starfsfólksins er fremur lág líkt og víðast annars staðar á landinu. Það kann að skýra það að fagleg umræða innan skólanna er lítil og líklegt er að afstaða til ýmissa spurninga sé af sömu sökum ekki faglega gagnrýnin. Í rýnihópi starfsfólks kom fram ákveðinn munur á afstöðu leikskólakennara og leiðbeinenda til faglegrar umræðu í skólunum. Töldu leikskólakennarar faglega umræðu eiga sér stað í daglegu starfi meðan leiðbeinendur mátu það svo að engin fagleg umræða ætti sér stað. Vera kann að þessir aðilar leggi ólíkt mat á hvað teljist til faglegrar umræðu ellegar að leiðbeinendur séu ekki teknir fullgildir með í umræðuna. Enginn skólanna þriggja hefur gengið að fullu frá skólanámskrá sinni og þá hafa skólarnir ekki unnið að formlegu innra mati í samræmi við ákvæði laga um leikskóla og aðalnámskrár leikskóla. Sóli starfar að vísu skv. hugmyndafræði Hjallastefnunnar og leggur skólanámskrá eða öllu heldur handbók hennar til grundvallar starfi sínu og því ekki talið þörf á að gera sína námskrá. Það fríar hann hins vegar ekki frá því að sinna skyldum sínum varðandi innra mat. Þá hafa leikskólarnir fáar tilraunir gert til að innleiða aðferðir til sjálfs mats.

Menntunarstaða starfsfólks virðist einnig koma fram í afstöðu þess til ýmissa þátta. Mun lægra hlutfall starfsfólks leikskólanna sem lokið hefur B.Ed.-námi, öðru háskólanámi eða námi frá Fósturskóla Íslands er sammála því að stefna og metnaður sveitarfélagsins gagnvart leikskólanum sé mikill og því að skólanefndin sýni málefnum leikskólans mikinn áhuga. Þá kemur þessi munur einnig fram í afstöðu starfsfólksins til ýmissa þátta er varða faglegt starf á leikskólunum. Ef borin eru saman svör þeirra sem lokið hafa háskólanámi eða námi frá Fósturskólanum við svör þeirra sem minni menntun hafa kemur athyglisverður munur í ljós. Sammála því að samskipti starfsfólks og leikskólakennara séu góð (100%:80,6%), að góður möguleiki sé á ráðgjöf og stuðningi utan leikskólans (85%:57,1%), að þekking og reynsla sé mikið nýtt við skipulag starfsins (90%:72,2%), að viðkomandi þekki einstaklingsbundnar námsþarfir allra barna sem tilheyra hans deild (100%:69,4%), að börnin haldi sig vel að verki í hópatímum (100%:86,1%), að það takist vel að skapa flæði í leik barnanna (94,4%:77,8%). Þetta sýnir að leikskólakennarar hafa aðra stöðu og aðrar forsendur en leiðbeinendur í hópi starfsfólks og þeir þekkja betur til ýmissa faglegra þátta. Það hlýtur því að vera eftirsóknarvert að auka menntunarstig starfsfólksins og fá fleiri leikskólakennara til starfa. Ánægjulegt er að nokkur hópur starfsfólks skólanna stundar nú fjarnám í leikskólafræðum sem gefur fyrirheit um að smám saman fjölgi réttindafólki í starfsmannahópnum.

Í grunnskólunum er menntunarstig talsvert annað en í leikskólunum. Um 86% þeirra sem starfa við kennslu í grunnskólunum í Eyjum eru með full réttindi sem grunnskólakennarar. Almennt virðast kennararnir álíta að skólastjórar þeirra veiti skólunum markvissa forystu þó liðlega 1 af hverjum 10 treysti sér ekki til að taka afstöðu til þess. Hins vegar er athyglisvert að þrátt fyrir að 75% kennara telji sig þátttakendur í stefnumótun skólanna þá telur aðeins liðlega helmingur að þekking þeirra og reynsla sé mikið nýtt við skipulag skólastarfs og svipað hlutfall segir að hlutdeild þeirra í mikilvægum ákvörðunum sé mikil. Talsverður munur er á afstöðu kennara m.t.t. skóla en kennarar í Barnaskólanum telja sig mun síður þátttakendur

í stefnumótun en kennarar Hamarsskóla. Þá eru mun færri kennarar í Barnaskólanum sem telja að þekking þeirra og reynsla sé nýtt við skipulag skólastarfs og að þeir eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið. Hér ber þó að hafa í huga að nær helmingur kennara Barnaskólans treystir sér ekki til að taka ákveðna afstöðu til þessara fullyrðinga. Hvers vegna þessi munur er á milli skólanna er ekki ljóst en víst má vera að munur er á stjórnunarstíl skólastjóranna og bent skal á að fleiri kennarar Barnaskólans en Hamarsskóla eru sammála því að samskipti þeirra og skólastjóra séu góð.

Yfir 93% grunnskólakennara eru sammála því að skólinn þeirra sé góður, enginn er því ósammála. En hvað leggja kennarar til grundvallar þessu mati sínu. Hafa þeir í huga framtíðarsýn skólans þegar þeir meta hvort skólinn er góður eða ekki? Er það líðan nemenda, líðan þeirra sjálfra, árangur starfsins eða eru það samskiptin og samneytið sem þeir eiga við samstarfsmenn? Leggja þeir til grundvallar upplýsingar frá þeim aðilum sem kallast geta neytendur þess sem fram fer í skólunum? Kennarar virðast mjög ánægðir með starfs- eða líðsanda í skólunum, samskipti sín innbyrðis og við foreldra og telja að mikil umræða fari fram þeirra í milli um vinnubrögð í kennslu. Þetta kemur bæði fram í könnun skólaþróunarsviðs svo og í sjálfsmati Barnaskólans. En þótt kennarar séu sammála um að þeir eigi miklar samræður um vinnubrögð í kennslu telja samt 12,5% þeirra sig ekki hafa lært um kennsluáðferðir og vinnubrögð af samkennurum.

Jákvæð viðhorf kennara til starfsins og skólanna eru athyglisverðar og í sjálfu sér góðra gjalda verðar. Hins vegar hljóta að vakna spurningar um það hvort athugasemdir um ýmislegt í starfi skólanna berist þeim eða hvort þeir vinni nægilega úr upplýsingum? Þótt það sé tilgreint sem styrkleiki í sjálfsmati Barnaskólans verður t.d. að teljast umhugsunarvert fyrir kennara og stjórnendur skólans að aðeins 67% nemenda í 7. bekk segja að krakkarnir í þeirra bekk vilji að allir eða flestir standi sig vel. Hvað um hin 33%? Er ásættanlegt að þriðjungur nemenda hafi ekki þetta viðhorf til skólastarfsins og er ásættanlegt að aðeins tveir þriðju hlutar nemenda segi að þeim líði alltaf eða venjulega vel í skólanum? Þá er umhugsunarvert að meginniðurstöður matsins og umbótaþörf sem dregnar eru fram í lok skýrslunnar skuli allar beinast að ytri þáttum skólastarfsins, s.s. búnaði og aðstöðu, fremur en vinnubrögðum og áherslum sem lagðar eru í starfinu.

Í niðurstöðum úr könnun skólaþróunarsviðs kemur í ljós að 16,5% foreldra eru þeirrar skoðunar að kennarar komi ekki fram við nemendur af virðingu og sanngirni og sama hlutfall treystir sér ekki til að taka afstöðu til þessa. Í svörum kemur einnig fram ýmislegt er hlýtur að vekja spurningar meðal kennara um gæði skólans, s.s. að nemendur telja vinnufrið ekki nægilegan, nemendur telja sig ekki ná nógu góðum árangri og kennarar sjálfir segja að nemendur virði ekki skólareglur. Þá kemur líka í ljós í sjálfsmati Barnaskólans – þrátt fyrir að í könnun skólaþróunarsviðs segi kennarar að líðsandi í skólunum sé góður – segja tæp 60% kennara að þeir fái takmarkaðar upplýsingar um ákvarðanir skólastjóra og örlítið hærra hlutfall kennara segir að þeir styðji hvern annan með opinskáum hætti. Þessar niðurstöður vekja upp spurningar um hvað kennarar leggja til grundvallar mati sínu eða hvort hugsast geti að meðal kennara felist einhvers konar samtrygging hópsins gegn utanaðkomandi áhrifum, skilaboðum eða jafnvel ögrunum, samtrygging sem felst í því að halda áætlunum sínum og vinnubrögðum út af fyrir sig og sem mest á sínum eigin forsendum.

Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum er nokkuð um að kennarar hafi ekki full réttindi til kennslu í framhaldsskóla skv. lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Að mati skólameistara er auðvelt að fá kennara til að vinna saman og góður starfsandi meðal þeirra. Starfslið skólans hefur haldið nokkuð stöðugt síðastliðin tíu ár. Kennarar upplifa sig sem einyrkja í sínum greinum og sökum fámennis skólans kenna þeir stundum námsgreinar sem þeir eru ekki menntaðir í. Þeir eiga lítið samstarf við aðra framhaldsskólakennara og ekkert formlegt samstarf er á milli grunn- og framhaldsskóla-

kennara. Framhaldsskólinn er því eins konar eyland í Eyjunni og ef til vill gætir ekki síður samtryggingar meðal framhaldsskólakennara en grunnskólakennara og skilaboð frá nemendum og utan úr samfélaginu berist ekki inn á borð til þeirra með nógu skýrum hætti. Enda þótt góður starfsandi sé meðal kennara þá virðist, ef dæma má af viðræðum í rýnihópi framhaldsskólakennara, ekki mikil fagleg umræða um þörf breytinga eða faglegar áherslu í starfi skólans. Formlegt innra mat er í þróun.

Rúnar Sigþórsson³⁶ segir að hugmyndir um fagmennsku kennara geri margvíslegar kröfur til þeirra og til skólanna sjálfra. Þær geri kröfur um stöðugt nám þar sem kennarar laga starf sitt að niðurstöðum rannsókna. Þær kalli einnig á sköpun nýrrar þekkingar á skólum þar sem starfsmenn eru stöðugt að rannsaka starf sitt í því skyni að afla nýrrar þekkingar til að bæta það. Rúnar minnir á að þetta séu engin ný sannindi í sjálfu sér því strax á áttunda áratug síðustu aldar hafi Lawrence Stenhouse kristallað þetta sjónarmið í slagorði sínu: „Kennarinn sem rannsakandi.“ Segir hann kjarnann í röksemdum Stenhouse hafi verið að umbótum í kennslu komi enginn til leiðar nema kennarar sjálfir. Ekki er að efa að mat og rannsóknir kennaranna sjálfra og aukið faglegt samstarf þeirra og fagleg samræða milli kennara grunn- og framhaldsskóla gæti stuðlað að því að draga úr einangrun skólastarfs, eflt kennara og skóla, aukið virðingu þeirra og hróður í samfélaginu og leitt til umbóta í þágu nemenda.

7.5 Nám og kennsla

Leikskólarnir þrír, Kirkjugerði, Rauðagerði og Sóli, leggja hver sína áherslu eða hugmyndafræði til grundvallar starfinu. Þrátt fyrir það hefur enginn þeirra gengið formlega frá skólanámskrá sinni þó að bæði Kirkjugerði og Rauðagerði hafi gert drög að henni. Í Kirkjugerði hefur leikskólinn útbúið foreldrahandbók og starfsmannahandbók sem geyma hagnýtar upplýsingar til foreldra og starfsfólks. Í Sóla hefur ekki verið gerð skólanámskrá og hefur skólinn talið nóg að styðjast við handbók Hjallans í starfi sínu. Mikilvægt er að leikskólarnir uppfylli skyldur sínar að þessu leyti og vindi bráðan bug að því að gera skólanámskrár sínar. Í því starfi þarf að gæta að því hvernig skólarnir hyggjast meta starf sitt og vinna samhliða skólanámskrárgerðinni að gerð sjálfsmatsáætlunar. Þannig verða best tryggð tengslin milli markmiða skólanámskrárinnar og matsins.

Þegar dagskipulag leikskólanna er skoðað kemur í ljós að því svipar mjög saman í öllum skólunum og kann að vera að þeir eigi fleira sameiginlegt en hugmyndafræði þeirra segir til um. Í öllum skólunum er unnið út frá valkerfi sem er byggt upp á svipaðan hátt, þ.e. börnin setjast í hring á ákveðnum stundum dagsins og velja sér viðfangsefni sem hinn fullorðni hefur skipulagt eða ákveðið. Takmarkaður aðgangur er að hverju svæði, farið er eftir stafrófsröð þegar börnin velja, þannig fá allir tækifæri til að velja fyrst og lenda í því að velja síðast og hafa þar með ekkert val. Ekki fengust nein svör um hugmyndafræðina á bak við valkerfin önnur en að börn hefðu gott af því að upplifa það að fá ekki allt sem þau vilja og að þurfa að sætta sig við það.

Í öllum leikskólunum er börnunum skipt upp í fámenna aldursskipta hópa sem einn kennari ber ábyrgð á. Á Sóla er eldri börnunum auk þess skipt eftir kyni. Í öllum leikskólunum eru svokallaðir skólahópar elstu barnanna. Lengst gengur Sóli í þessari vinnu því í kjallara hússins hefur verið sett upp 24 barna skólastofa sem minnir á gamaldags skólastofu. Í hinum leikskólunum tveimur sitja börnin í litlum hópum kringum borð og kennarinn gengur á milli, líkar því sem er í fyrstu bekkjum grunnskóla. Eitt af markmiðunum með skólahópum er að undirbúa börnin fyrir grunnskólann og að vekja áhuga þeirra og spenning fyrir viðfangsefnum

³⁶ Rúnar Sigþórsson 2004.

sem þau koma til með að fást við, en ekki síst að kenna þeim að sitja kyrr, hlusta og taka við fyrimælum. Það kom fram í rýnihópi kennara að þeir telja mikilvægt að bjóða upp á skólahópa fyrir elstu börnin þar sem þeir telja þau oft orðin leið í leikskólanum síðasta árið.

Leikskólarnir þrír leggja allir áherslu á að vinna markvisst með tölu- og bókstafi. Með því að gera ritmálið sýnilegt lærist það ómeðvitað eftir því sem færni barnanna eykst. Þetta er sérstaklega áberandi þegar gengið er um Kirkjugerði og Rauðagerði þar sem stafir í ýmsum formum og stærðum eru á veggjum og hanga úr lofti. Í Rauðagerði eru einnig sérstök stafahorn þar sem börnin leika sér að stöfum og orðum. Börn af Rauðagerði hafa komið vel út úr prófi sem gert var í tengslum við markvissa málörvun. Ekki er þó vitað til þess að grunnskólinn hafi neitt sérstaklega unnið áfram með þann árangur sem Rauðagerði hefur náð og er það dæmi um skort á samstarfi þessara tveggja skólastiga.

Þrátt fyrir að foreldrar telji að leikskólinn sé menntastofnun sem annist uppeldi og menntun barna þeirra kom fram að þeir eru óánægðir með ósveigjanleika á dvalartíma. Foreldrar vilja mikinn sveigjanleika og að börnin geti komið og farið þegar það hentar. Foreldrar virðast margir líta á leikskólann sem gæslustofnun meðan þeir stunda vinnu fremur en skóla þar sem nám og uppeldi fer fram. Viðhorf almennings eru almennt jákvæð þó enn gæti þeirrar skoðunar að ekki þurfi mikla menntun til starfa í leikskólum og hafa leikskólarnir oft á tíðum mátt sjá á eftir menntuðu fólki til starfa þar.

Í viðtölum við leikskólastjóra og leikskólakennara var ekki að heyra að rígur væri milli leikskólanna. Hver og einn taldi sig að sjálfsögðu vera að vinna vel, en gaf hinum líka gott orð fyrir það sem þeir gera vel. Samskipti stjórnenda leikskólanna virðast í góðu lagi og segjast þeir leita hver til annars eftir aðstoð, ráðgjöf og leiðbeiningu.

Í samfélaginu er mikið rætt um agaleysi barna og unglinga. Það er því athyglisvert að þegar spurt er um skilgreiningu á hugtakinu aga kemur í ljós að viðmælendur, þ.e. starfsfólk, foreldrar og leikskólastjórar, leggja allir svipaða merkingu í orðið – að fara eftir reglum, að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfinu, að bera ábyrgð, að sýna kurteisi og að hafa stjórn á sér. Allir leikskólarnir þrír leggja áherslu á jákvæðan aga þar sem börnin læra að bera virðingu fyrir reglum og umhverfinu. Það sem skiptir mestu máli er að setja ramma og að allir, bæði börn og fullorðnir þekki hann, og haldi sig innan hans. Ef kenna á virðingu fyrir lögum og reglum er nauðsynlegt að hinir fullorðnu fari sjálfir eftir þeim.

Í skólanámskrám grunnskólanna er framtíðarsýn þeirra kynnt og helstu stefnumið. Athyglisvert er að bera saman áherslur í námskránum og hvernig ýmsir þættir faglegs skólastarfs birtast nemendum, foreldrum og jafnvel kennurum sjálfum. Í Barnaskólanum er sú framtíðarsýn kynnt að námið eigi að vera fjölbreytt og hvetjandi, að nemendur temji sér sjálfsaga og metnað, að samvinna og gagnkvæmur skilningur ríki milli heimilis og skóla, að samskipti einkennist af heiðarleika, virðingu og tillitssemi og hrósað sé fyrir vel unnin störf. Góður skóli er sagður stolt hvers sveitarfélags.

Í skólanámskrá Hamarsskóla er sagt að skólinn fylgi blöndunarstefnu þar sem fatlaðir og ófatlaðir eru saman í bekkjardeildum. Framtíðarsýn skólans er fólgin í því að nemendur temji sér öguð vinnubrögð, sjálfstæði og ábyrgð, vinni saman og séu jákvæðir og afli sér grundvallarþekkingar á sem flestum sviðum. Fljótt á lítið virðist ekki mikill stefnumunur á skólunum tveimur og þegar skólastjórar voru spurðir að því hvað það væri sem aðgreindi skólana var fátt sem þeir drógu upp sem sérkenni síns skóla

En hversu góðir eru þá grunnskólarnir í Vestmannaeyjum? Komið hefur fram að kennarar eru undantekningarlítið á þeirri skoðun að skólarnir séu góðir. Nemendur gefa aðra mynd. Líðlega fimmtungur nema í 7. og 10. bekk er ekki á því að þeirra skóli sé góður. Sama hlutfall tekur ekki afstöðu til spurningarinnar. 15% nemenda í 4. bekk er sömu skoðunar. Þegar svör

nemenda eru skoðuð nánar má sjá að munur er á afstöðu þeirra eftir skólum. Þannig segjast 49% nemenda 7. bekkjar í Barnaskólanum sammála því að þeir séu ánægðir með skólann sinn meðan sama hlutfall er 80% í Hamarsskóla. Í 10. bekk segjast 43% nemenda í Barnaskólanum sammála því að skólinn sé góður skóli en þetta hlutfall er 88% í Hamarsskóla. Niðurstaðan er umhugsunarverð í ljósi þess að á fleiri sviðum virðist afstaða nemenda í Barnaskólanum neikvæðari en í Hamarsskóla.

Þegar rýnt er í niðurstöður samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði sést að grunnskólarnir tveir í Vestmannaeyjum hafa alla jafna verið undir landsmeðaltali sl. fimm ár. Þegar framfarastuðlar eru skoðaðir má sjá að skólarnir eru ekki að skila nemendum sínum nægilegum afrakstri á námstímanum. Staða Hamarsskóla er þó ívið betri að þessu leyti en Barnaskólans. Árið 2003 náði Hamarsskóli þeim árangri að vera yfir landsmeðaltali í 10. bekk í ofangreindum námsgreinum og næsta skólaár skilaði skólinn miklum framförum meðal nemenda þrátt fyrir að meðaltal skólans yrði undir landsmeðaltali. Heildarniðurstaða skólanna vekur spurningar um hvernig á því standi að árangur er ekki meiri? Röðun í getublandaða bekk virðist ekki skila þeim árangri að bæta árangur á samræmdum prófum. Ekkert er hægt að fullyrða um að menntunarstig foreldra eða félagslegur aðbúnaður nemenda valdi þessu án frekari rannsókna. Hins vegar er ástæða til að velta því fyrir sér hvort skólarnir nýti nægilega vel aðstæður og bjargir sem kunna að hafa áhrif hér á. Þetta eru þættir eins og fjölbreyttari kennsluaðferðir, virk þátttaka foreldra og lýðræðisuppeldi í skólastarfi. Þá er ljóst að agamál í skólunum svo og viðhorf nemenda til síns skóla skipta verulegu máli.

Í sjálfsmati Barnaskólans kemur fram að almennt telja starfsmenn að nemendur virði ekki skólareglur, tími þeirra fari nokkuð oft í að sinna agaleysi í skólanum og hegðun nemenda fari versnandi. Nemendur skólans eru jafnframt sammála því að þeir virði ekki skólareglur. Þetta virðist herða kennara í að skerpa á reglum og koma á agakerfi með viðeigandi punktakerfi sem kveður á um refsingar. Minna er gert úr jákvæðri umbun eða hrósi í skólanámskrá. Það er umhugsunarvert fyrir skólann að þrátt fyrir mikla áherslu á skólareglur og aga virðist það ekki skila sér sem skyldi. Getur verið að reglur sem skólinn hefur sett beri ekki tilætlaðan árangur? Getur verið að aðrar aðferðir við aga skili betri árangri? Sjálfir segja nemendur að punktakerfið sé notað tilviljanakennt og þeir hætti að taka mark á því, það sé refsingakerfi og láti nemendur sér ekki segjast séu þeir settir í hægferð eða í sérkennslu.

Ekki skal lítið gert úr því að margt er mjög vel gert í starfi grunnskólanna í Vestmannaeyjum en jafnframt ljóst að þar er margt sem betur má fara. Þetta er kennurum að sjálfsögðu vel ljóst þó ágreiningur geti verið um hvað það er sem helst þurfi úrbóta við. Hvort það eru þættir er kennarar geta ráðið sjálfir eða hvort það eru þættir er liggja utan þeirra yfirráðasviðs. Í sjálfu sér er tæplega sanngjarnt að biðja kennara að meta gæði eigin vinnustaðar og því er heldur ekki sanngjarnt að túlka svör þeirra sem algilda afstöðu kennara.

Í niðurstöðum kannana skólaþróunarsviðs koma fram upplýsingar um mun á afstöðu kennara til ýmissa þátta skólastarfsins og nemendanna sjálfra. Þannig eru nemendur á mjög öndverðri skoðun við kennara um samskipti sín við þá, fjölbreytni kennsluaðferða, einstaklingsbundnar námsþarfir og hvort kennsluaðferðir séu sniðnar að þörfum nemenda. Þá kemur einnig verulegar afstöðumunur fram um það hvort næði í kennslustundum sé gott og hvort nemendur haldi sig vel að verki í tímum. Breski menntunarfræðingurinn Jean Rudduck³⁷ segir að ef skólaþróun eigi að takast þurfi að líta á skólann frá sjónarhóli nemendanna, þ.e. stilla inn á reynslu þeirra og sjónarmið, veita þeim nýja upplifun sem virkum þátttakendum.

³⁷ Rudduck, J. 2000:75.

Niðurstöðurnar á úttekt á skólamálum Vestmannaeyinga benda til þess að kennarar þyrftu að gefa betur gaum að sjónarmiðum og skilaboðum nemenda. Jean Rudduck³⁸ segir að það sem nemendur hafa að segja um reynslu sína sem námsmenn í skóla geti leitt til marktækra og raunhæfra breytinga – einkum í að byggja upp sterkari tilfinningu fyrir samvinnu þeirra við kennara. Þörf er á að breyta áherslum í starfi kennara í þá veru að nemandinn líti á sig sem samstarfsmann kennarans. Ekki er hægt að vænta mótaðrar afstöðu nemenda til námskrár eða námsefnis en það er margt sem þeir segja hver fyrir sig um einstakar kennslustundir sem vert er að hafa í huga. Kennarar geta gert meira af því að aðstoða nemendur við að ræða nám og sjálfa sig sem námsmenn svo þeim finnist þeir hafa rétt á að taka virkan þátt í umræðum um skólastarf við kennara og hverjum við annan.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla*³⁹ segir að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Börn eru eins ólík og þau eru mörg. Það er ekki þeirra vandi heldur er það vandi skólans og kennaranna að mæta þörfum þeirra og uppfylla kröfur um að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Rúnar Sigþórsson⁴⁰ segir að veigamikill hluti af því að gera inntak námsgreina merkingarbært og aðgengilegt fyrir nemendur sé að gera sér grein fyrir einstaklingsþörfum þeirra og skipuleggja nám hvers einstaks þannig að hann sé hverju sinni að fást við verðug verkefni sem leiða til árangurs, skipta hann máli og búa hann undir framtíðina. Til þess verði hver kennari að skipuleggja námið í samræmi við einstaklingsbundna námshætti. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er því að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda.⁴¹ Til þess að þetta megi takast þarf að ríkja sveigjanleiki í kennslu-háttum og fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum í skólunum. Kennarar bera faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár.

Þrátt fyrir stefnu grunnskólanna í Eyjum um blöndun virðist framkvæmdin þvert á blöndunarstefnu. Báðir hafa skólarnir lagt mikla áherslu á starfrækslu sérdeilda og hefur reyndar mikill ágreiningur risið þar um við skólamálayfirvöld í bænum og þörf slíkra úrræða. Þá hafa báðir skólarnir raðað nemendum í bekkir eftir námsgetu fremur en að byggja á blönduðum námshópum og unnið er að því að koma slíkri röðun við allt niður í yngstu bekkir skólanna. Ekki verður annað séð en hér sé unnið þvert á yfirlýsta stefnu grunnskólalaga og aðalnámskrár og yfirlýsta stefnu skólanna sjálfra. Þá lýsa skólastjórar því að almenn ánægja sé með þessa jafningjahópun eins og það er nefnt í skólunum. Það má líka sjá að nær 80% kennara eru sammála henni en meiri efasemda gætir meðal foreldra og nemenda þar sem tveir þriðju hlutar foreldra eru sammála og aðeins liðlega helmingur nemenda. Nær 20% foreldra eru ósammála getuskiptingu og nær þriðjungur nemenda. Sjálfir virðast nemendur skynja sérkennslu skólanna eða sérdeildir sem hluta af refsikerfi þeirra. Þeir segja að nemendur sem ekki hafa áhuga á því námi sem til boða er og láta sér standa á sama um punktakerfi skólans séu settir í sérkennslu. Þar séu oft ófaglærðir að passa þá og umhugsunarvert sé hvort eðlilegt sé að setja einmitt þessa einstaklinga saman í hóp. Það sé í raun verið að dæma þá úr leik. Þetta séu nemendur sem vel geti lært en geri það ekki. Sumir fari í vinnu að grunnskóla loknum en aðrir í framhaldsskóla og þar haldi sama ástandið áfram.

³⁸ Rudduck, J. 2003:274.

³⁹ *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti* 1999:14.

⁴⁰ Rúnar Sigþórsson 2004.

⁴¹ *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti* 1999:16.

Um þessar mundir á sér stað umræða innan grunnskólanna í Vestmannaeyjum um að þróa aðferðir til einstaklingsmiðaðs náms. Hafa skólastjórar sótt námskeið en þetta námsskipulag hefur fengið nokkra umfjöllun á undanförunum árum hér á landi og hefur m.a. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur lagt nokkuð upp úr því að kynna það í grunnskólum borgarinnar. Gerður Óskarsdóttir⁴² segir að í námsskipulagi af þessu tagi sé litið til einstaklingsins, væntinga hans og viðhorfa, fremur en að taka mið af hópum sem geta verið mjög ólíkir innbyrðis. Hún segir fjölbreytileika einstaklinganna hampað og viðurkennt að nemendur búi yfir margvíslegri færni, atgervi eða gáfum og að nám fari fram með ýmsu móti. Nemendur á mismunandi getustigi og með margbreytileg áhugasvið eru saman í hópi en það sé talinn kostur að einn sé betri á einu sviði en öðru og nemendur hjálpist að og bæti hverjir aðra upp. Tilgangurinn er að koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda með margbreytilegum vinnubrögðum og skapa þeim aðstæður til að læra á eigin forsendum. Við skipulag kennslu í einstaklingsmiðuðu námi er sama meginviðfangsefni eða þema lagt fyrir allan bekkinn eða hóp nemenda sem getur verið mun stærri en bekkur og á mismunandi aldri. Ekki er ætlast til að öll verkefni í skólanum séu leyst á sama hátt á sama tíma og með sama hraða heldur er starfið lagað að ólíkum einstaklingum, gjarnan með námsáætlunum fyrir hvern og einn nemanda eða minni hópa. Sumir kafa djúpt og vinna að flóknum útfærslum á meðan aðrir þjálfa sig í grundvallarfærni. Nemendur vinna ýmist einir sér eða í litlum hópum. Þannig þjálfast þeir bæði í að skipuleggja eigin vinnu og að vinna með öðrum. Námsgreinar eru gjarnan samþættar og nemendur geta verið að vinnu jafnt utan skóla sem innan.

Nokkurs misskilnings virðist gæta meðal skólafólks í Eyjum um hvað í einstaklingsmiðuðu námi felst og virðist sem litið sé til þess að með einstaklingsmiðuðu námi gefist tækifæri til meiri flokkunar eða aðgreiningar en tíðkast í hefðbundnu skólaskipulagi.

Megintilgangurinn með því að getuskipta nemendum í grunnskólunum (skipta í jafningja-hópa) er að sögn skólastjóra sá að auðveldara sé að mæta þörfum nemenda og blása þeim í brjóst samkeppnisanda um að komast í hóp „betri“ nemendanna. En er þetta reyndin? Þegar kennarar framhaldsskólans eru spurðir um hvort nemendur mæti uppfyllir kappi að gera sem best svara þeir því til að mikill munur sé á hópunum tveimur. Nemendur úr hægferðarhópunum sýna lítinn metnað og stór hluti þeirra fellur brott úr skóla án þess að ljúka nokkru formlegu námi. Í samræðum við rýnihóp foreldra framhaldsskólanemenda komu fram efasemdir um þetta fyrirkomulag og álitu foreldrar að getuskiptingin aðstoðaði ekki seinfæra nemendur sem vildu læra, heldur ynni hún þvert á móti gegn þeim.

Viðurkennt er að brottfall í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum er of hátt. Að einhverju leyti virðist það snúast um undirbúning nemenda og ekki síður það aðhald sem þeir fá í skólanum. Framhaldsskólinn tekur við öllum nemendum úr grunnskólanum án tillits til undirbúnings. Að sumu leyti virðist ríkja losarabragur á námi og kennslu sem ráða þarf bót á. Auka þarf faglega virkni kennara. Í fámennum skóla ætti skólanámskrá að geta verið fullfrágengin og skólinn lengra á veg kominn með að innleiða aðferðir til sjálfs mats. Hér, eins og í leikskólunum, er verk að vinna fyrir framhaldsskólann.

Undir þau viðhorf skólastjóra Tónlistarskólans má taka að það sé slæmt að ekki skuli vera tónlistarkennsla í Hamarsskóla. Samstarf er milli Tónlistarskólans og Barnaskólans um tónlistarkennslu og tónlistarflutning og góður skilningur hefur skapast í Barnaskólanum á starfi Tónlistarskólans vegna þessara tengsla. Hyggja þarf að enn auknu samstarfi skólanna þriggja og e.t.v. haga tónlistarkennslu með þeim hætti í grunnskólunum að kennarar Tónlistarskólans kenni tónmennt þar. Jafnframt að skoðað verði með rækilegum hætti hvort flytja megí kennslu á yngsta stigi Tónlistarskólans inn í grunnskólana og hækka aldursmörk

⁴² Gerður Óskarsdóttir 2001.

inn í eiginlegt tónlistarnám í Tónlistarskólanum. Þannig myndi tónlistarkennsla og tónlistaruppeldi eflast í grunnskólunum og Tónlistarskólanum gefast betri tækifæri til að einbeita sér að hljóðfærakennslu og tónmenntum.

7.5.1 Þátttaka foreldra í skólastarfi

Skólasamfélag hvers skóla er myndað af þremur hópum: nemendum, foreldrum og kennurum ásamt öðru starfsfólki skólans. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Að sjálfsögðu verður aðkoma leikskólabarna talsvert önnur en grunnskólanemenda í því starfi. Til þess að þetta gangi vel þurfa aðilar að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Menntun og velferð barna er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun.

Þrátt fyrir lengingu skólatíma hafa viðmið í samskiptum heimila og skóla lítið breyst. Lög tryggja foreldrum ákveðið áhrifavald í skólastarfi en allt skipulag þess er í raun falið kennurum í hendur. Aðild foreldra að skólastarfi er því háð því hversu mikla aðild kennarar veita foreldrum að starfinu og hvaða vilja foreldrar hafa til að taka þátt í starfi með börnum sínum. Svo merkilegt sem það kann að virðast hafa skólar verið tiltölulega lokaðar reglu- veldisstofnanir þrátt fyrir það meginhlutverk að búa nemendur sína undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Ytri aðilar hafa tiltölulega litla möguleika á að hafa áhrif á það starf sem þar fer fram nema með fullum vilja þeirra er þar starfa. Kennarar eiga hins vegar talsvert samstarf sín á milli. Hargreaves og Fullan⁴³ benda á að faglegt samstarf innan skóla sé ekki lengur fullnægjandi. Samstarfið hafi oftast verið milli kennara fremur en kennara og foreldra. Af þessum sökum hefur skólinn því frekar einangrast með verkefni sín og ósjálfrátt dregið aukna ábyrgð til sín fremur en að veita foreldrum aðild að því mikilvæga starfi er fram fer í skólanum.

Enda þótt almennt virðist skilningur á mikilvægi samstarfs foreldra og kennara í leik- og grunnskólum í Vestmanneyjum er ýmislegt sem vekur athygli í niðurstöðum kannana og í samræðum við rýnihópa. Í könnunum skólaþróunarsviðs er hátt hlutfall kennara og foreldra bæði í leikskóla og grunnskóla sem treystir sér ekki til að taka afstöðu til einstakra þátta er varða foreldrasamstarf. Það gefur til kynna að um þennan þátt í starfi skólanna sé ekki mikil umræða meðal foreldra eða kennara og stefna um þennan mikilvæga þátt í starfi skólanna ekki nægilega skýr. Samskiptin virðast miklu frekar vera í ákveðnu fari er felast mest í því að skólar gefi frá sér einhver tilmæli eða upplýsingar og fáar tilraunir gerðar til breytinga á því. Af niðurstöðum má ráða að engin sérstök ánægja sé með þennan þátt í starfinu og forystu eða frumkvæði vanti til breytinga, jafnvel vanti hugmyndir um hvernig breyta skuli. Þetta skýrir ef til vill það hversu margir foreldrar eru óákveðnir í afstöðu sinni til þess að taka meiri þátt í starfsemi leikskólans (34%), þeir sjá ekki vel fyrir sér hvert hlutverk þeirra ætti að vera eða hver aðkoma þeirra gæti verið að starfinu.

Foreldrar leikskólabarna tala um að starf leikskólans sé ekki nægilega sýnilegt í samfélaginu. Að einhverju leyti virðast foreldrar hafa óljósar væntingar til þess starfs sem þar fer fram og til hvers er ætlast af þeim sjálfum. Enn virðist gæta þess viðhorfs að hlutverk leikskólans sé aðallega fólgið í gæslu barnanna á meðan foreldrar stunda vinnu sína fremur en viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum.

⁴³ Hargreaves og Fullan 1998.

Almennt virðast foreldrar ánægðir með upplýsingastreymi frá leikskólunum en hins vegar gætir ekki sömu ánægju með upplýsingar frá heimili til leikskóla. Aftur birtist hér óvissan meðal foreldra sem kann að skýrast af því að þeim sé ekki ljóst hvaða upplýsingar það eru sem þeir þyrftu að standa leikskólum skil á. Athyglisvert er jafnframt hversu hátt hlutfall starfsfólks er óákveðið í afstöðu til þessa. Það kann að skýrast af því að leikskólinn hafi ekki mjög mótaða stefnu um upplýsingagjöf af þessu tagi, hvaða upplýsingar hann þurfi frá heimilum eða um samskiptin í heild sinni. Mikill munur er á viðhorfi starfsfólks leikskólanna og foreldra á aukinni þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Tæp 60% foreldra lýstu sig sammála því en yfir 35% þeirra lýstu sig óákveðna. Það kann að gefa til kynna að foreldrum sé ekki ljóst í hverju aukin þátttaka þeirra gæti verið fölginn. Athygli vekur að tæp 70% foreldra barna í Rauðagerði er sammála því að foreldrar ættu að taka meiri þátt og er þetta hlutfall talsvert hærri en í öðrum skólum. Hvað kann að valda afstöðumun foreldra á milli leikskóla getur e.t.v. skýrst af skilaboðum frá skólunum sjálfum.

Aðalnámskrá grunnskóla forgangsraðar þáttum í samstarfi heimila og skóla. Samstarf um hvern einstakling er sett í fyrsta sæti. Að því samstarfi geta aðeins komið kennarar, nemandinn sjálfur og foreldrar hans. Í annað sæti setur aðalnámskrá samstarf í einstökum bekkjardeildum eða samkennsluhópum og árgöngum „um nám, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans.“ Í þriðja sæti kemur svo samstarf um skólastarfið í heild „hvað varðar meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag, áhersluatriði í skólastefnu hvers skóla eða sveitarfélags.“ Þar sem hér er talað um samstarf má ljóst vera að ekki er einungis átt við gagnkvæma upplýsingaskyldu skóla og foreldra heldur virka þátttöku foreldra. Síðar í kafla um tengsl heimila og skóla í aðalnámskrá segir að gert sé ráð fyrir því að foreldrar vinni að því með kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd. Sú áhersla námskrár getur bæði vísað til almennra skólamarkmiða og markmiða sem hverjum einstaklingi eru sett.

Þrátt fyrir að aðalnámskrá leggi áherslu á samstarf allra aðila skólasamfélagsins við markmiðssetningu og skipulag skólastarfs er ljóst að ýmsa útfærslu vantar á því með hvaða hætti þetta verður helst gert. Þá útfærslu ætlar námskráin kennurum að hafa forystu um. Ekki er annað að sjá en aðalnámskrá grunnskóla setji foreldra og kennara í jafnstöðu innan skólasamfélagsins þar sem hvor aðili um sig leggur fram sinn skerf til að stuðla að velferð, menntun og þroska nemenda. Þau einkenni skulu ríkja í samskiptum heimila og skóla að kennarar líti á foreldra sem samstarfsmenn í því viðfangi að ná settum markmiðum skólastarfs.

Rannsóknir í fjöldamörgum löndum hafa sýnt svo ekki verður véfengt að gott samstarf heimila og skóla er einhver virkasta leið til að bæta námsárangur.⁴⁴ Þá benda rannsóknir einnig til þess að eftir því sem unglingar í efstu bekkjum grunnskóla eru í minni tengslum við foreldra sína eru þeir líklegri til að reykja, neyta áfengis og sýna af sér andfélagslega hegðun en jafnaðrar þeirra.⁴⁵ Foreldrar hafa mest áhrif á menntun barna sinna og mismunur á skólum hefur minna að segja en mismunandi bakgrunnur að heiman. Þetta þýðir að árangur skólastarfs verður ekki aukinn einn og sér nema foreldrar verði þátttakendur í menntun barna sinna. Hins vegar er þeim ekki ávallt ljóst hvers sé vænst af þeim sjálfum eða hvað þeir geti gefið af sér í þágu menntunar barna sinna. Fullan og Stiegelbauer⁴⁶ benda á að bandarískar, kanadískar og breskar rannsóknir sýni fram á mikilvægi aðildar foreldra að skólastarfi og að þátttaka þeirra auki gæði þess og árangur. Þeir segja að sýnt hafi verið fram á að óyggjandi rök séu fyrir því að hvatning foreldra, virkni, áhugi og þátttaka heima og í skóla hafi áhrif á

⁴⁴ Swap 1993:25.

⁴⁵ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998:118–141.

⁴⁶ Fullan og Stiegelbauer 1991:225–237.

árangur nemenda. Kennarar og skólastjórnendur eru sérfræðingar á sínu sviði en foreldrar eru sérfræðingar og ábyrgðarmenn barna sinna. Í því ljósi er nauðsynlegt að foreldrar og skólar stígi það skref að samvinnu sem nauðsynlegt er til að börn fái notið sín sem best. Samstarf í þessum anda þarf að beinast að fyrirbyggjandi starfi og eiga sér stað ekki síður þegar allt gengur vel heima og í skólanum. Mótun heildarskólastefnu þar sem foreldrar koma að skólastarfinu sem þátttakendur er því mikilvæg og þar þarf að skilgreina hlutverk hvors aðila um sig og jafnframt það sem sameiginlega þarf að vinna.

Sammæli þarf að takast milli aðila með hvaða hætti foreldrar geta gerst aðilar að því starfi sem fram fer í skólanum er tryggir aukna þátttöku þeirra, ábyrgð og skyldur gagnvart námi barna sinna. Slíkt samstarf dregur ekki úr faglegri ábyrgð kennara. Miklu fremur eykur það hlutverk hans sem hins íhugandi starfsmanns sem ígrundar og metur hvernig tekst að ná settum markmiðum, hvar ráða þurfi bót á og leita sammælis við aðra aðila skólasamfélagsins um markmiðin. Kennarar verða að taka frumkvæði í samstarfinu, ekki sem húsbændur (boss) heldur sem leiðtogar (leaders), eins og Glasser⁴⁷ orðar það, tilbúnir af fagmennsku að draga fram viðhorf og skoðanir annarra og samræma í eina heildarsýn. Samstarf af þessu tagi getur komið í veg fyrir miðstýringu starfsins af hálfu stjórnvalda og getur stuðlað að aukinni virðingu fagstéttarinnar. Því er mikilvægt að kennarar telji það til faglegrar ábyrgðar sinnar að finna hentuga leið til að tryggja áhrif foreldra á nám og kennslu barna sinna í samvinnu við kennarann.

Í rannsókn Áslaugar Brynjólfsdóttur⁴⁸ kemur fram að foreldrar leggja áherslu á að samstarf við skólann sé gott, samskipti séu tíðari og að upplýsingastreymi sé gagnkvæmt milli þessara aðila. Langflestir foreldrar eru hlynntir heimavinnu barna og vilja að hún sé vel skipulögð og að skilaboð skólans séu skýr, m.a. með námsáætlunum sem foreldrar geta fylgst með. Áhersla er lögð á að foreldrar fái ýmis konar fræðslu, sérstaklega við upphaf skólagöngunnar og þegar börn hefja nám á unglingastiginu. Til að draga úr hindrunum á samstarfi er lagt til að kennurum sé ætlaður meiri tími til samstarfs, að vinnumarkaðurinn geri foreldrum kleift að sinna foreldrasamstarfi að vissu marki á vinnutíma og að kennaramenntun sé eflað á sviði samskipta við foreldra. Samkvæmt niðurstöðum Áslaugar virðast foreldrar ekki fráhverfir því að líta á kennara sem sérfræðinga. Þeir vilja hins vegar að þeim gefist tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi barnsins síns þar sem kennarar eru leiðandi í samstarfinu.

7.6 Íþrótt-, félags- og tómstundastarfsemi

Einn af hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku ungs fólks í samfélaginu er þátttaka þess í félags- og tómstundastarfsemi. Skipulagt félagsstarf eykur mannauð ungs fólks og gildir einu um hvað starfið snýst. Í lögum um grunnskóla⁴⁹ segir að í öllum grunnskólum skuli nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að í tómstundastarfi barna eigi að marka leiðir til að auka færni þeirra til að takast á við dagleg viðfangsefni, úrræði til að efla sjálfstraust þeirra, félagslegan og siðferðilegan styrk, andlegan, sálrænan og líkamlegan þroska. Í félagsstarfi skólanna skal m.a. stefna að því að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf og einnig skal leggja áherslu á jákvæð samskipti og fjölbreytt félagsstarf í samræmi við áhuga nemenda, aldur og þroska.⁵⁰ Tómstundir nemenda og félagsstörf hafa þannig mikilvægu uppeldis-

⁴⁷ 1990:26-38.

⁴⁸ Áslaug Brynjólfsdóttir 1998.

⁴⁹ Lög nr. 66/1995

⁵⁰ Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 1999:49

hlutverki að gegna í skólastarfinu. Einhverra hluta vegna virðist þessi tilgangur ekki nægilega skýr í starfi skólanna og í skólanámskrá Barnaskólans og Hamarsskóla eru markmið þessa starfs skólanna eða mikilvægi ekki skýrt fram sett.

Sjálfsgætt má rekja þessa óljósu framsetningu grunnskólanna til þess að þeir eru ekki einir um að bjóða upp á starfsemi af þessu tagi. Aðrar stofnanir bæjarins, s.s. Féló, sinna tómstunda- og félagsstarfi barna og unglinga og þá skipa frjáls íþrótt- og æskulýðsfélög stóran sess á þessum vettvangi. Verkaskiptingin verður því nokkuð óljós og skort hefur samráðsvettvang fyrir þá aðila sem upp á þessa starfsemi bjóða. Það hefur orðið til þess að samkeppni ríkir á milli aðila um börn og unglinga en minna er um samstarf eða samráð. Þar af leiðandi er ekki til nein heildarsýn yfir málaflokkinn og markmiðssetningu vantar. Á síðasta hausti freistaði fræðsluskrifstofan að koma betri skipan á félags- og tómstundamálin milli Féló og grunnskólanna. Gerður var samningur um samstarf og að Féló tæki að sér að annast tiltekna starfsemi í skólunum. Gallinn við þá samningagerð er að engin markmiðssetning var sett fram um að hverju stefna skyldi í starfseminni, miklu fremur lýtur samningurinn að formi og viðfangsefnum en markmiðum og inntaki.

Þegar niðurstöður úr svörum nemenda, foreldra og kennara í könnun skólaþróunarsviðs eru skoðaðar má sjá að almennt eru þessir hópar sammála því að skólinn hafi nokkru hlutverki að gegna á sviði tómstunda- og félagsstarfs barna- og unglinga. Almennt virðast hóparnir telja að skólarnir eigi að vera miðstöðvar íþrótt-, félags- og tómstundastarfs og jafnvel má ráða af niðurstöðum að þeim finnist ekki nóg að gert, einkum elstu nemendum. Þess sjónarmiðs virðist gæta meðal þeirra, frekar en meðal foreldra og kennara, að framboð á tómstundastarfi í skólunum sé ekki nægilega fjölbreytt.

Á síðasta ári var starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum tekin til gagngerrar endurskoðunar og starfsháttum hennar breytt. Svo virðist sem vel hafi til tekist og benda niðurstöður könnunar skólaþróunarsviðs til að meirihluti bæði nemenda og foreldra sé nokkuð sammála um að Félagsmiðstöðin sinni mikilvægu forvarnarstarfi á sviði æskulýðsmála í Eyjum. Þótt húsnaðið bjóði upp á ýmsa möguleika eru starfseminni þar jafnframt nokkur takmörk sett vegna þess sambýlis sem í húsnaðinu er. Því má taka undir þá hugmynd sem fram kom á fundi með menningar og tómstundanefnd Vestmanneyja að kanna ítarlega hvort aðstaða í Íþróttamiðstöðinni gæti hentað starfsemi Féló. Þá má líka hugsa sér að tiltekin tómstundastarfsemi á vegum Féló fari þar fram þótt önnur starfsemi haldi áfram í því húsnaði sem hún er nú. Með þessu móti mætti e.t.v. auka fjölbreytni í framboði á tómstundaiðju fyrir börn og unglinga í Vestmannaeyjum.

Einn af mikilvægum þáttum í tómstundastarfi barna og unglinga eru tækifæri þeirra til þátttöku í listastarfsemi. Í grunnskólunum fá nemendur tækifæri til fjölbreyttrar myndsköpunar í myndlist og handíðum og þá býðst nemendum nám í leiklist sem valgrein. Eins og áður hefur komið fram hefur Leikfélag Vestmannaeyja sinnt leiklistarstarfsemi fyrir unglinga og hefur það mælst vel fyrir. Fræðsluskrifstofan styður við þessa starfsemi og hefur sent tvo kennara á námskeið hjá fræðsludeild Þjóðleikhússins til þjálfunar í leiklistarkennslu undanfarin misseri. Hafa fræðsluþyrirvöld fullan hug á að setja leiklistarkennslu inn á stundatöflu í framtíðinni og hafa til viðmiðunar móðurskólana í Reykjavík í leiklist og/eða tengja þetta hugmyndum um heilsdags- og frístundaskóla.

Tónlistarskólinn er hluti þeirrar listastarfsemi sem hefur til boða tómstundanám. Á undanförunum árum hefur staða hans og aðstæður batnað þótt lenging grunnskólans skilji kennara eftir með óhagstæðan vinnutíma. Í SVÓT-greiningu umræðunefndar Tónlistarskólans sem gerð var í mars 2004 kom fram að íþróttafélögin tækju ekki tillit til annarrar starfsemi á æfingatíma þeirra. Fjöldi æfinga og fyrirvaralausar breytingar á stundatöflum kæmu illa niður á starfi skólahljómsveita og öllu hópastarfi í hvaða mynd sem er. Þá taldi hópurinn

valmöguleikum til hvers konar tómstundaiðju hafa fjölgað til mikilla muna á undanförunum árum. Það væri jákvætt í sjálfu sér en kæmi niður á starfi Tónlistarskólans.

Sé litið til þess að 15–20% kennara, foreldra og nemenda 10. bekkjar segist ósammála því að börnum og ungmennum séu sköpuð tækifæri til fjölbreyttrar listastarfsemi í Eyjum má telja að hugmynd fræðslu- og menningarsviðs um stofnun Listaskóla Vestmannaeyja spennandi. Þó ekki hafi enn tekist að vinna úr hugmyndinni má ætla að full þörf sé á að efla starfsemi á sviði lista. Slík starfsemi þarf ekki endilega að hafa formgerð skólastarfs, miklu fremur frjáls tómstundastarfs þar sem smiðjur af ýmsu tagi stæðu ungum sem eldri Eyjamönnum til boða til hvers konar listsköpunar. Þá gæti Listaskólinn jafnframt boðið námskeið og ýmis konar aðstoð við listastarfsemi fólks.

Eins og sjá má af uppbyggingu íþróttamannvirkja í Vestmannaeyjum er mikill metnaður þar að baki. Íþróttafélög í Eyjum hafa með höndum öflugt starf er lýtur í meginatriðum að keppnisíþróttum af einhverju tagi. Þá er einnig blómlegt æskulýðsstarf á vegum ýmissa æskulýðsfélaga, s.s. Skátafélagsins Faxe, Björgunarfélags Vestmannaeyja, KFUM og K, Landakirkju, Leikfélags og fleiri aðila. Almennt virðist það viðhorf ríkjandi að börnum og unglingum standi til boða fjölbreytt tilboð íþrótt- og tómstundastarfs utan skóla. Helst virðast það vera stúlkur í 10. bekkjum (15% kvenna) sem ekki fallast á að fjölbreytt tilboð standi unglingum til boða. Af því má ráða að meira sé í boði sem höfðar til drengja en stúlkna. Þegar foreldrar, nemendur og kennarar eru beðnir um að taka afstöðu til þess að íþróttafélög leggi mikinn metnað í unglingastarf sitt eru nemendur 10. bekkja síður sammála því að svo sé en foreldrar og kennarar. Nemendur eru ekki jafn jákvæðir og foreldrar og kennarar og gætir hér svipaðrar tilhneigingar og í afstöðu til ýmissa þátta í skólastarfi. Ef til vill eru nemendur orðnir kröfuharðir neytendur en á þeim brennur heitast hvernig starfsemin er. Hér þarf sjálfsgætt að viðhafa sömu vinnubrögð og í skólanum að hlusta eftir því hvað það er sem unglingarnir vilja og hvernig þeim líður við þær aðstæður sem íþróttafélögin bjóða.

Hugsanlega ræðst afstaða unglinganna til metnaðar íþróttafélaganna að einhverju leyti af því hvernig félögin standa að ráðningu þjálfara. Fram kom í rýnihópi fulltrúa íþrótt- og æskulýðsfélaga að á ýmsu hafi gengið að ráða þjálfara til starfa hjá félögunum. Stundum sé þjálfun falin íþróttamönnum sem fengnir séu til Eyja til að keppa með meistaraflokkum íþróttafélaganna. Sé um erlenda einstaklinga að ræða og geta komið upp vandamál varðandi tungumál. Það viðhorf kom fram í hópnum að almennt talað væri íþróttþjálfunin góð en gera yrði að gera skilyrðislausu kröfu um fagmennsku til þeirra sem vinna á vegum félaganna. Mikilvægt er að íþrótt- og æskulýðsfélög skilgreini hvaða kröfur þau vilja gera til þjálfara eða foringja sem leiðtoga og kynni þeim þær. Jafnframt að félögin setji niður fyrir sér hvaða þekkingu og færni þau vilja að þeir hafi og hvaða endur- eða símenntun þau telja sig þurfa að veita þeim.

Í rýnihópi kom fram að ekki sé markvisst unnið að því meðal íþrótt- og æskulýðsfélaga að fá foreldra til þátttöku í starfsemi þeirra. Almennt sé auðvelt að fá fólk til starfa að einstaka viðburðum en langtímavirkni sé erfiðari. Mikilvægt er að tryggja sem best jákvæð samskipti við foreldra og hvetja þá til virkrar þátttöku með félögunum. Snúist þátttaka foreldra fyrst og fremst um fjáröflunarstarfsemi má búast við að þeir gefist fljótt upp. Gæta þarf að því að foreldrar séu hafðir með við ákvarðanatöku er varðar það starf sem barn þeirra tekur þátt í. Foreldrum þarf að vera ljóst hvaða grundvallarviðmið eru sett starfseminni, þekkja til stefnu félaga um forvarnir og krafna til þátttakenda og þjálfara. Þessi viðmið þurfa sifellst að vera til umræðu og endurskoðunar svo allir séu meðvitaðir um þau. Rannsóknir sýna að eftir því sem unglingar eru í sterkari tengslum við fjölskyldu sína því minni hætta er á frávíkshæðun

þeirra.⁵¹ Að þessu þurfa íþrótt- og æskulýðsfélög að hyggja, velta fyrir sér forvarnarhlutverki sínu og huga að því að foreldrum séu sköpuð tækifæri til að treysta sem best tengsl við barn sitt.

Það er umhugsunarvert fyrir íþrótt- og æskulýðsfélög hversu lítið samstarf er þeirra í milli og við skóla. Af niðurstöðum úr spurningalista og úr viðtölum við skólastjóra má sjá að þörf er á að gera verulega bragarbót á þessum samskiptum. Rétt er þó að taka það fram að aðstoðarskólastjórar beggja grunnskólanna eru virkir þátttakendur í starfsemi íþróttafélaga og hafa um áráðil unnið mikið starf sem þjálfarar. Íþrótt- og æskulýðsfélögum finnst grunnskólinn teygjast of langt fram á daginn þrátt fyrir einsetningu og þeir fá nemendur seint til sín. Þá hafa árekstrar skapast milli aðila vegna þátttöku barna og unglinga í íþróttamótum og keppni á fastalandinu. Að hluta til skýrast þeir árekstrar af samgöngum milli lands og Eyja en með tíðari ferðum um helgar hefur þetta batnað verulega. Með bættu skipulagi og auknu samráði skóla og félaga mætti koma í veg fyrir óþarfa árekstra. Þannig mætti hugsa sér að umsjónarmaður félagsstarfs nemenda í skólunum hefði þessi samskipti á sinni könnu og miðlaði til stjórnenda og kennara innan skólans. Á sama hátt er mikilvægt að félögin komi sér upp samráðsvettvangi og þar gæti íþrótt- og æskulýðsfulltrúi haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Á slíkum vettvangi væri hægt að taka upp ýmsa þætti er snerta allt þetta starf, s.s. forvarnir, þjálfaramál, mótafyrirkomulag og margt fleira.

Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf hefur mikilvægu forvarnarhlutverki að gegna. Rannsóknir sýna að þeim nemendum sem taka virkan þátt í starfsemi þessara félaga hættir mun síður til frávíkshæðunar og vanlíðunar en þeim sem ekki taka þátt. Líkur á neyslu tobaks, áfengis og ólöglegra vímuefna minnka eftir því sem unglingar taka meiri þátt í starfi æskulýðs- og tómstundafélaga. Fram kemur að eftirfarandi þættir minnka líkur á neyslu vímuefna meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla:

- ❖ Íþróttaiðkun utan skóla
- ❖ Þátttaka í trúarlegu starfi
- ❖ Þátttaka í félags- og tómstundastarfi skóla og félagsmiðstöðva
- ❖ Tölvunotkun
- ❖ Hljóðfæraleikur
- ❖ Útivist, heimilisstörf og lestur
- ❖ Leikhús- og bíóferðir.⁵²

Þeir unglingar sem sýna andfélagslega hegðun eru líklegri til að hafa minni tengsl við hefðbundnar samfélagslegar stofnanir eins og fjölskyldur og skóla. Eftirlit, aðhald og stuðningur foreldranna skiptir miklu máli varðandi vímuefnaneyslu ungs fólks og einnig hversu miklum tíma það ver með foreldrum sínum. Því meiri tíma sem börnin og unglingarnir verja með foreldrum sínum því minni líkur eru á því að þeir fari að reykja eða leiðist út í vímuefnaneyslu og þá skiptir ekki öllu máli hvert innihald samskiptanna er. Rofni tengsl barna og foreldra verður erfiðara fyrir skólana og tómstundafélögin að vinna gegn þeim áhrifum sem ungmenntin verða fyrir annars staðar frá.⁵³

Tveir lykilþættir vega þyngst í öllu forvarnarstarfi. Það er að nemendum líði vel í skólanum og að þeir hafi nóg fyrir stafni í félags- og tómstundastarfi sínu. Í skýrslu um úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi segir m.a. að unglingar sem hafa lítinn áhuga á náminu, finnst námið tilgangslaust, líður illa í skólanum og semur illa við kennarana eru mun líklegri en jafnaldrar þeirra til að sýna frávík, s.s. að neyta vímuefna. Jafnframt segir þar að

⁵¹ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998:88–106.

⁵² Sama heimild bls. 102.

⁵³ Sama heimild bls. 118–141.

rannsóknir sýni að samband sé á milli þess hvernig unglingar verja tómstundum sínum og hvort þeir sýni frávíkshæðun og þjáist af vanlíðan.⁵⁴

Allar aðstæður í Vestmannaeyjum eru með þeim hætti að vel megi sinna forvarnarstarfi. Það eru þó vissulega atriði sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Einkum gætir ákveðins agaleysis meðal barna og unglunga. Skólunum virðist ekki takast að fá nemendur til að virða reglur og svipað virðist gerast á heimilunum þar sem reglum um útivist er ekki nægilega vel sinnt. Afstaða hóps foreldra til áfengisneyslu ungmenna virðist einnig með frjálslegra móti þar sem dæmi eru um að foreldrar aðstoði börn sín við kaup á áfengi undir því yfirskini að það sé jafn gott og að þau fái einhverja aðra til að kaupa fyrir sig.

Hver einstaklingur býr annars vegar við vernd og hins vegar við áhættu. Það sem ræður úrslitum um hvernig einstaklingnum vegnar fer eftir því hvor vogarskálin vegur þyngra, sú sem geymir samanlagða áhættuþætti eða sú sem geymir samanlagða verndarþætti. Það má finna bæði verndar- og áhættuþætti á mörgum stigum hjá einstaklingnum sjálfum, innan fjölskyldunnar, í skólanum, hjá félögum og í samfélaginu. Þessir þættir eru taldir geta haft áhrif á þróun heilsu og hegðunarvandamála hjá einstaklingum þegar þeir eldast. Viðtæk vernd í æsku er talin auka líkur á að börn og ungmenni geti tekist á við mótlæti þegar fram líða stundir, jafnvel þegar mótlætið birtist óvænt og óverðskuldað. Rannsóknir hafa leitt líkur að því að vissir uppeldishættir skapi heilbrigðari persónulega þróun hjá börnum en aðrar og að áhrifin af þeim geti varað fram á unglingsár og haft áhrif á námsárangur, áhugahvöt og samband við kennara.⁵⁵

Að þessu leyti eru íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafélög mikilvægir aðilar við að byggja upp verndarþætti í uppvexti hvers einstaklings. Því þurfa íþrótta- og æskulýðsfélög að hafa skýra forvarnarstefnu og áætlun um hvernig unnið er eftir henni. Slíka stefnu þarf að móta í sem nánustu samstarfi við foreldra og þátttakendur. Þannig verður unga fólkið sér betur meðvitað um gildi þau sem sett eru starfinu. Stefnan þarf að vera sýnileg og hún rædd þannig að hún verði meðvituð öllum sem þátt taka. Þar með verður forvarnargildi starfseminnar einnig ljósara. Fræðsla verður að vera hluti forvarnarstefnunnar, bæði bein fræðsla og óbein. Sérhver þjálfari eða forystumaður þarf að gera sér grein fyrir fræðsluhlutverki sínu og félögin þurfa að hlúa að því starfi þeirra með menntun í formi námskeiða og fræðslufunda. Auk fræðslu sem stendur til boða af hálfu landssamtaka íþrótta- og æskulýðsfélaga má sækja þekkingu til stofnana og einstaklinga í Eyjum, s.s. heilbrigðisstofnana, lögreglu og skóla.

⁵⁴ Menntamálaráðuneytið 2003:40–41.

⁵⁵ Sigrún Sveinbjörnsdóttir 2003.

8. Skólaþróun og umbótastarf

Til þess að árangur náist í forvörnum verða allir sem koma að uppeldi og mótun barna og unglinga að taka höndum saman og sameina kraftana við að stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum og jákvæðri lífssýn. Guðmundur Finnbogason skrifaði í bók sína *Lýðmenntun* árið 1903⁵⁶:

Alt of oft láta menn sér eingöngu ant um að uppræta illgresið. Í stað þess ætti heldur að leggja sem mesta rækt við að sá svo lífelfdu fræi hins góða, að það dragi til sín alla þá næringu sem jarðvegurinn geymir. Þá deyr illgresið af sjálfu sér.

Ívitnuð orð Guðmundar leiða hugann að því mikilvæga mannræktar- og uppeldisstarfi, öðru nafni menntun, sem samfélagið þarf að leggja áherslu á. Ekki aðeins þarf að rækta tilverukosti hvers og eins einstaklings sem best og finna honum leiðarljós í tilverunni heldur þarf samfélagið allt að taka virkan þátt í slíku forvarnarstarfi. Það er því jafn nauðsynlegt að stofnanir samfélagsins ekki síður en einstaklingarnir byggji sig upp og sái með uppeldis- og menntunarstarfi sínu lífelfdu fræi í næringarrikan jarðveg. Með stofnunum samfélagsins er átt við skólana, íþrótt- og tómstundafélög og ekki síst fjölskylduna.

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum og menntun hvers einstaklings hefst innan fjölskyldunnar. Foreldrar hafa ríkar skyldur gagnvart farsælu uppeldi barna sinna og bera ábyrgð á andlegri og tilfinningalegri líðan þeirra. Rannsóknir sýna sterka fylgni milli góðra tengsla barna og unglinga við foreldra sína og þess að þau haldi sig frá neyslu vímuefna.

Auk fjölskyldunnar er það skólinn sem hefur mest áhrif á þroska og líðan einstaklingsins. Menntun og velferð barna og ungmenna er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Því er mikilvægt að samstarfið byggist á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og upplýsingamiðlun á öllum stigum skólakerfisins. Sterk tengsl eru milli frammistöðu, framkomu og líðan í skóla og hvernig einstaklingurinn spjarar sig á öðrum sviðum. Slakt gengi og vanlíðan í skóla eru greinilega áhættuþættir hvað varðar neyslu vímuefna á grunnskólaaldri.

Skilyrði til uppeldis og menntunar barna í leikskólum og grunnskólum þurfa að vera til fyrirmyndar, s.s. með framsæknu skólastarfi, vel menntuðu starfsfólki, góðri starfsaðstöðu barna og starfsfólks og vönduðu húsnæði. Fjölbreytni, framsækni og sveigjanleiki þurfa að ríkja í kennslu- og uppeldisstefnum og starfsaðferðum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þá er nauðsynlegt að þeir sem bera sameiginlega ábyrgð, foreldrar og skólar vinni saman í liðsanda, ekki sem tvö mismunandi lið. Rannsóknir sýna að náíð samband og þátttaka foreldra í námi og kennslu barna hefur áhrif á námsárangur og þroska barnanna og stuðlar að bættu og árangursríku skólastarfi⁵⁷. Stuðningur foreldra og góð samvinna þeirra við skólann er ómissandi ef vel á að takast til við skólagönguna⁵⁸. Kennarar og þeir sem í skólunum vinna þurfa að muna að foreldrar eru þeir sem mestra hagsmuna hafa að gæta gagnvart námi barna sinna, það eru þeir sem bera ábyrgð á börnunum þar til þau verða sjálfstæð og fullorðin og það eru þeir sem fylgja barninu samfelldt upp alla skólagönguna. Foreldrar eru fjölbreyttur hópur sem hefur ólíkar skoðanir á skólum og skólastarfi. Þeir hafa einnig mismunandi samskipti við börn sín og misjafna reynslu af eigin skólagöngu. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vilja hag barna sinna sem mestan og samstarf við þá er auðlind sem skólinn á að virkja.⁵⁹

⁵⁶ Bls. 43-44.

⁵⁷ Fullan, 1991:229; Kristín Aðalsteinsdóttir, 2000:72-73.

⁵⁸ Rúnar Sigþórsson ofl, 1999:60.

⁵⁹ Rúnar Sigþórsson ofl, 1999:60-61.

Í lögum og aðalnámskrá kveður á um fullan rétt nemenda til náms við hæfi í heimaskóla. Í almennum hluta *Aðalnámskrár grunnskóla* 1999 segir:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu.⁶⁰

Enn fremur segir: „Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum.“⁶¹ Eðlilegt er að ætla að viðeigandi námstækifærum sé fundinn staður í þeim „blandaða“ bekk sem nemandinn er í. Það er ein af forsendum náms án aðgreiningar.

Blöndun nemenda í námi (inclusion) er tiltölulega nýleg aðferð. Hún felur í sér að nemendur sækja sama skóla hvernig sem andlegt eða líkamlegt atgervi er; sitji með öðrum í sömu skólastofu með námsefni við hæfi og taki sem fyllstan þátt í skólastarfinu. Nemendur sem áttu áður fyrr lítinn möguleika á skólanámi með jafnöldrum sínum eiga þess tækifæri nú. Kröfur um námsframboð við hæfi hafa aukist og grunnskólar eru skilgreindar stofnanir fyrir alla nemendur. Þetta hefur m.a. kallað á miklar breytingar í starfi og kennsluháttum skólans og að mörgu leyti gert skólastarfið, ekki síst kennarastarfið, sérhæfðara og flóknara. Kennarar þurfa að búa yfir sértækari þekkingu, m.a. kunna skil á margvíslegum skilgreiningum, t.d. um námsörðugleika, sem ekki voru til eða óþekktar fyrir um 30 árum.⁶² Má segja að með því að tryggja þátttöku allra nemenda í skólastarfi hafi rutt sér til rúms ein veigamesta breyting á skólastarfi síðustu ára. Það er þróun sem kallar á verulega breytingu á hugarfari og viðhorfum í þjóðfélaginu og starfsemi skólans. Með því snýst skólaþróun sem aldrei fyrr um aðlögun skólans að ólíkum þörfum nemenda.

Hugmyndafræði náms án aðgreiningar byggir á hugsjónum um réttlæti. Réttur hvers og eins á námi í almennum skólum er varinn í lögum enda um óumdeilanleg mannréttindi að ræða. Í Salamanca yfirlýsingunni⁶³ sem Ísland á aðild að segir að nám án aðgreiningar sé virkasta leiðin til að treysta samstöðu meðal barna með sérþarfir á sviði menntunar og skólafélaga þeirra. Löggjöf tryggir rétt barna og í aðalnámskrá kemur fram skýr vilji um fulla þátttöku allra nemenda til náms. Sé litið á siðfræðilega og lagalega réttlætingu náms án aðgreiningar má fullyrða að einungis beri að líta á praktíska hlið málsins: Hvernig er skólastarfi með þetta að leiðarljósi hrundið í framkvæmd. Skóli án aðgreiningar snýst um réttindi fólks og viðurkenningu á margbreytileika í námsþörfum, hvort sem nemendur eru fatlaðir, seinfærir eða bráðgerir. Útfærsla kennslu er því tæknilegt, kennslufræðilegt viðfangsefni sem felur í sér aðlögun skólans að ólíkum námsþörfum.

Spyrja má hvernig eða hvort skólinn komi nægjanlega til móts við ólíka nemendur. Nemendur eru oft háðir sérstakri námsaðstoð og sérkennslu, eru í almennum bekkjum en eru oft teknir út úr heimastofu til að fá sína aðstoð. Getur verið að þetta fyrirkomulag eða útfærsla kennslu geri nemendur „afbrigðilega“ á einhvern tiltekinn hátt sem má komast hjá? Spyrgja má hvort skólinn bjóði í raun upp á fullgilda þátttöku án aðgreiningar í skólastarfinu? Er slík sérkennsla aðgreinandi eða eðlileg aðstoð við nemendur til að fá nám við hæfi? Sömu spurningarnar vakna þegar nemendum er skipt í námshópa eftir getu, hvort sem slík flokkun nefnist

⁶⁰ Bls. 14.

⁶¹ Bls. 14.

⁶² Ingólfur Á. Jóhannesson 1999:84.

⁶³ 1995:20.

„jafningjahópun“ eða einhverju öðru nafni. Hugtakið sérkennsla hefur í raun mjög óljósa merkingu. Það gefur til kynna að nemandinn sem fær sérkennslu sé öðruvísi, eigi kannski ekki heima með öðrum og hinn almenni kennari sé ekki fær um að kenna honum. Það sendir nemandanum sjálfum og félögum hans mjög skýr skilaboð ef hann er oft tekinn út úr hefðbundinni bekkjarkennslu og stefnt til sérkennara ár eftir ár. Þessi skilaboð eru að eitthvað hljóti að vera að viðkomandi sem hlýtur að hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd nemandans og félagslega stöðu hans innan hópsins.⁶⁴

Öll góð kennsla, hvort sem hún er nefnd almenn kennsla eða sérkennsla, byggist á sömu undirstöðuatriðum þar sem námskrárgerð er lykilatriði. Kennslan byggist á þremur þáttum, undirbúningi, framkvæmd og mati, þar sem fjallað er um hvað á að kenna, hverjum, hvernig og hvar. Kennarar þurfa að hafa ákveðna þekkingu á valdi sínu og kennslutækni sem snýst um á hvern hátt best er að leggja viðfangsefnið fyrir hvern einstakling og hvaða kringumstæður örva námshæfileika hans. Kennararnir þurfa að kunna svo vel til verka að þeir geti kennt nemendum á ýmsum aldri, áhugasömum og áhugalausum og nemendum sem eru ólíkir að námsgetu og þroska.⁶⁵

Til þess að hægt sé að ná markmiðum skóla þurfa ekki endilega allir nemendur að fást við sömu námsviðfangsefni eða fá sömu kennslu. Námskrá nemenda og sérstök viðfangsefni verða að miðast við þarfir hvers og eins. Á leik- og grunnskólastigi er mikilvægt að vinnu-aðferðir og viðfangsefni séu fjölbreytileg. Sjálfstæð hugsun nemenda mótast ekki síst af fjölbreytni í námi og þeirri reynslu sem þeir öðlast við samvinnu við aðra. Það er ekki síður mikilvægt fyrir þá nemendur sem eiga í einhverjum námserfiðleikum að eiga þess kost að geta unnið í samvinnu við aðra sem eru betur á vegi staddir. Það eru ríkar faglegar og félagslegar ástæður fyrir því að hlúa sérstaklega að fjölbreyttu námsumhverfi þar sem nemendur af ólíkri getu, jafnvel á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna. Það endurspeglar raunverulegt líf og þátttöku í þjóðfélaginu.

Það er ástæða til að leiða hugann sérstaklega að þeirri staðreynd að markmiðin með því mikla starfi sem börn og unglingar vinna eru sett af öðrum en þeim. Sem dæmi er börnum og unglingum gert að ná markmiðum í skólanámi sínu sem aðrir hafa sett. Nauðsynlegt er að auka eignarhald nemendanna á náminu, fá þá til að skilja markmiðin, útfæra þau, forgangs-raða o.s.frv. í samvinnu við kennara og foreldra. Líklega eykur slíkt lýðræði eignarhaldið og skuldbindingu gagnvart því að ná settum markmiðum. Aukið nemendalýðræði, virkari þátttaka foreldra í skólastarfi og sem mest aðlögun kennslu að þörfum hvers og eins eru þættir sem geta aukið árangur í skólastarfinu.

Hér hefur verið rætt um mikilvægi kennslu og uppeldis í mjög víðum skilningi. Uppeldis-starfið felur í sér menntun og þarf að vera slík forvörn að einstaklingarnir sem alast upp njóti sín sem best, lifi heilbrigðu og góðu lífi og rækti með sér samstöðu sem sérstöðu. Það ýtir undir farsæld og stuðlar að því að ungmenni leiti ekki í skuggann á vit fíkniefna eða annarra vágasta.

Það er mikils um vert að samstaða þeirra sem koma að uppeldi sé sem mest. Þeir sem bjóða fram krafta sína á sviði íþróttar, tómstunda, félagsmála og skóla þurfa að vinna saman enda um sameiginlegt markmið að ræða. Í augum barna og unglinga eru tómstundirnar, félagsmálin eða íþróttirnar sem í boði eru ekki aðeins hluti af lífinu heldur lífið sjálft. Allt þetta mótast þau og nýtist þeim á lífsleiðinni. Börn og unglingar eru hins vegar ólíkir einstaklingar og því er fjölbreytni í skólastarfi, félagsmálum, tómstundastarfi og íþróttum lykillinn að því að fanga mismunandi áhuga þeirra og nýtast þeim til heilla.

⁶⁴ Stainback o.fl. 1989.

⁶⁵ Ólafur Proppé 1992.

Tvennu þarf að hlúa sérstaklega að. Annað er náms- og starfsskilyrðin sem eru í boði: fjölbreytt starf, fjölbreytt nám, fjölbreyttar aðferðir sem koma til móts við öll ungmenni hvernig sem andlegt eða líkamlegt atgervi þeirra er. Hitt atriðið er að tengja betur þessa þætti, virkja foreldra og veita þeim rýmri aðgang að stefnumótun skóla, félagsmála og íþrótta- og tómstundafélaga. Ef þau skilyrði eru ekki til staðar þarf að breyta því.

Hér verða í lokin dregin saman nokkur atriði er gefa þarf gaum og styrkt geta skólahald, íþrótta- og tómstundastarf sem og aukið samhæfingu þessara þátta til hagsbóta fyrir börn og unglunga í Vestmannabæ.

- ❖ Mótuð verði ný skólastefna Vestmannaeyjabæjar þar sem gildandi stefna var sett áður en gildandi aðalnámskrár leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla tóku gildi. Í skólastefnunni komi fram framtíðarsýn og meginmarkmið bæjarfélagsins á sviði skólamála, hvaða metnað leggja á í umgjörð og aðbúnað skólanna og helstu áherslur. Við gerð skólastefnu verði gætt að sjálfstæði hvers skóla. Mikilvægt er að skólastefnan verði gerð aðgengileg öllum hagsmunaaðilum. Við gerð skólanámskrár skólanna skal skólastefna bæjarins lögð til grundvallar á sama hátt og lög og aðalnámskrá.
- ❖ Vestmannaeyjabær móti markvissa forvarnastefnu þar sem athygli foreldra, skóla og allra þeirra er starfa að æskulýðsmálum er vakin á að æ flóknara samfélag felur í sér nýjar og áður ókunnar hættur. Áhersla verði lögð á heilbrigði og reglufestu í skóla, æskulýðs- og tómstundastarfi ásamt því að heimilin séu sér meðvituð um mikilvægi stuðnings fjölskyldunnar. Bæjaryfirvöld beiti áhrifum sínum til að tryggja að þeir aðilar sem sjá um eða skipuleggja starf fyrir ungmenni vinni samkvæmt stefnunni.
- ❖ Brýnt er að leikskólar geri skólanámskrá samkvæmt því sem aðalnámskrá kveður á um og móti sjálfsmat sitt á grundvelli hennar.
- ❖ Unnið verði að því að skólanámskrár grunnskólanna uppfylli kröfur sem gera verður til þeirra sem starfsáætlana og grundvöll faglegar rýni í skólastarfinu. Í þeim sé greint með skýrum hætti frá markmiðum náms, námsáætlunum, námsmati, sjálfsmati, þróunaráætlunum, o.fl.
- ❖ Markvisst verði unnið að því að innleiða sjálfsmat í starf leikskólanna. Jafnframt verði lögð áhersla á að styðja leik- og grunnskóla við að þróa hentugar vinnuaðferðir við sjálfsmat. Mikilvægt er í því sambandi að horfa til þess tímaumfangs sem verja má í matið hverju sinni. Hver skóli gangi árlega frá sjálfsmatsskýrslum sínum og geri opinberar. Í sjálfsmatsskýrslum verði skýrt greint frá hvernig unnið er að umbótum einstakra liða á grundvelli sjálfsmatsins.
- ❖ Framhaldsskólinn vinni markvisst að því að móta skólanámskrá í ljósi ákvæða aðalnámskrár framhaldsskóla og geri opinbera. Jafnframt skoði skólinn tengsl sjálfsmats við skólanámskrá, kynni árlega sjálfsmatsáætlun sína og birti sjálfsmatsskýrslur.
- ❖ Fræðsluskrifstofan stuðli að því að foreldrafélög eða foreldraráð leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla í Vestmanneyjum komi sér upp samráðsvettvangi. Slíkur vettvangur gæti stuðlað að umræðu og fræðslu meðal foreldra um skóla-, uppeldis- og æskulýðsmál á forsendum foreldra sjálfra. Mikilvægt er að fræðsluskrifstofan styðji vel við slíkt starf, t.d. með fræðslu eða annarri aðstoð.
- ❖ Fengið verði reiknilíkan frá Reykjavíkurborg til ákvörðunar fjárveitinga til grunnskólanna og það aðlagð að aðstæðum í Vestmannaeyjum. Slíkt líkan getur tryggt jöfnuð milli skóla og losað þá úr viðjum gamalla viðmiðana um fyrirkomulag skólastarfs. Gaumgæfa þarf vel kosti þess að sameina grunnskólana undir eina stjórn með það að markmiði að nýta mannauð þeirra í þágu allra nemenda, tryggja yfirsýn og auka sveigjanleika m.t.t.

húsnæðis, skipan námshópa og ná fram hámarksnýtingu á því fé sem varið er til grunnskólastarfsins.

- ❖ Hver skóli þarf að orða uppeldissýn sína og leiðarljós í starfi og halda á lofti. Það er nauðsynlegt til að tryggja markvisst starf, markvissar endur- og símenntunaráætlanir, markvissa framtíðarstefnu hvað varðar skólaþróun og viðmið um árangur í starfi.
- ❖ Gæta þarf þess að skólarnir uppfylli hver um sig kröfu um að vera miðstöð tómtunda- og félagsstarfs en ýti ekki slíku frá sér til annarra aðila í samfélaginu sem jafnframt bjóða upp á slíkt. Frekar ætti að festa í sessi samvinnu þessara aðila, svo og samráð með nemendum og foreldrum.
- ❖ Tryggja þarf vettvang fyrir endur- og símenntun svo kennarar í leik-, grunn-, framhalds-, og tónlistarskóla einangrist ekki faglega. Slíkur vettvangur gæti sem best verið sameiginlegur fyrir öll skólastig enda víða um skörun eða samloðun að ræða. Þá er brýnt að brúa bilið milli skólastiga og tryggja sem besta og metnaðarfyllsta samfellu í námi.
- ❖ Auka þarf ábyrgð nemenda og foreldra á grunnskólastarfi. Hlutverk grunnskólans er að búa nemendur undir líf og starf í samvinnu við heimilin þar sem báðir aðilar hafa ríkar skyldur. Mikilvægt er að skólarnir móti skýra stefnu í samráði við foreldra um samskipti heimila og skóla. Kalla þarf eftir virkri þátttöku foreldra í skipulagi skólastarfs. Slík þátttaka þarf að varða markmið í námi og ýmis konar stefnumótun skólasamfélagsins.
- ❖ Auka þarf fjölbreytni og sveigjanleika í kennslu og kennsluaðferðum og tryggja sem best nám er hæfir öllum nemendum án aðgreiningar, getuskiptingar eða flokkunar af neinu tagi. Hugað verði að námskeiðum fyrir kennara um kennsluaðferðir, t.d. um einstaklingsmiðað nám.
- ❖ Skapaður verði samráðsvettvangur þar sem aðilar skóla-, íþrótt-, tómtunda- og æskulýðsfélaga vinna saman að sameiginlegum stefnu- og skipulagsmálum, s.s. varðandi forvarnir, og tryggi nemendum jafnframt sem fjölbreyttast framboð hvers konar tómtunda og besta samfellu í athöfnum sínum. Fulltrúar foreldra og nemenda ættu að eiga greiðan aðgang að þessum vettvangi.
- ❖ Grunn- og framhaldsskólar gefi betur gaum að viðhorfum nemenda við markmiðssetningu og skipulag skólastarfs. Nemendur verði virkir þátttakendur í því starfi og finni að sjónarmiðum þeirra sé tekið af jákvæðni.
- ❖ Stór hluti nemenda Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er enn undir lögræðisaldri. Því þarf skólinn að móta, í samráði við foreldra, skýrar reglur um samskipti heimila og skóla og efna til umræðu meðal foreldra um forvarnir. Stofnað verði til foreldrafélags.
- ❖ Leitað verði skýringa á háu brottfalli nemenda í Framhaldsskólanum og unnið að því að ráða bót þar á.
- ❖ Brýnt er að eyða núningi milli fræðsluskrifstofu og skólanna. Til dæmis þarf að greina annars vegar á milli faglegrar ráðgjafar á vegum fræðsluskrifstofu og hins vegar eftirlitshlutverks eða fjárhagslegrar umsýslu ráðgjafa.
- ❖ Fræðsluskrifstofa annist viðhorfakannanir til þjónustupátta á hennar vegum og leitist við að haga þjónustu í samræmi við óskir neytenda (t.d. um sumarlokanir leikskóla).
- ❖ Mótaðar verði vinnureglur um hvernig vinna skal úr greiningum sérfræðinga á vegum stoðþjónustunnar í grunnskólum og leikskólum. Fram þarf að koma hvernig ráðgjöf á vegum stoðþjónustunnar sé háttað, hver sé kennslufræðileg ábyrgð skólans og hvernig skuli staðið að eftirfylgni.

- ❖ Listaskóli verði efldur til að veita nemendum tækifæri til listsköpunar af ýmsu tagi. Tónlistarskóla verði gert að móta skólanámskrá sína og kynna jafnframt því sem skólanum verði gert að kynna formlegt innra mat á starfi sínu.
- ❖ Samstarf leik-, grunn-, og tónlistarskóla verði eflt og kennarar úr Tónlistarskólanum fengnir til að annast tónlistarkennslu í grunnskólum. Kannað verði hvort færa megi yngsta stig Tónlistarskólans inn í grunnskólana.

9. Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla*. 2000. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Anna Þóra Baldursdóttir. 2003. Kennarar og kulnun. *Fagmennska og forysta. Þættir í skólastjórnun* (ritstj.) Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Árbók sveitarfélaga*. 2004. Samband íslenskra sveitarfélaga.
http://www.samband.is/files/715109247Blis_77-163.pdf
- Áslaug Brynjólfssdóttir. 1998. *Við þekkjum börnin okkar best*. [Ópr. meistaraþrófsverk], Reykjavík.
- Athugunarblöð* (Holle 1984; Jonasson og Rocströrm 1985.)
http://skolavefurinn.is/_opid/_valmynd/ynгри_born/athuganir/index.htm. (Sótt 20. janúar 2005).
- Darling-Hammond, L. 1990. Teacher Professionalism: Why and How? *Schools as Collaborative Cultures: Creating the Future Now* (ritstj. Lieberman), bls 25-50. A. New York, The Falmer Press.
- Fullan, M., S. M. Stiegelbauer. 1991. *The New Meaning of Educational Change*. London, Cassell.
- Gátlisti fyrir greiningu og mat á skólanámskrá*. 2002. Akureyri, Skólaþróunarsvið HA.
- Gerður Óskarsdóttir. 2001. *Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda um fjölbreytileg verkefni*. Sótt á vef Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 19. apríl 2005
http://www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/pages/grunnskolar_forsida_einst.html
- Glasser, W. 1990. *The Quality School. Managing Students Without Coercion*. New York, Harper Perennial.
- Guðmundur Finnbogason. 1903. *Lýðmentun. Hugleiðingar og tillögur*. Akureyri, gefin út á kostnað Kolbeins Árnasonar og Ásgeirs Péturssonar.
- Hagstofa Íslands. 2004. *Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um brottfall úr framhaldsskólum*. <http://althingi.is/alttext/130/s/1406.html>.
- Hagstofa Íslands. 2005. *Nemendur eftir skólum, kyni og lögheimili 1997–2004*.
http://www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=159&ifmsrc=/temp/skolamal/framhaldsskolar.asp
- Hagir og liðan ungs fólks í Vestmannaeyjum*. 2000. Reykjavík, Rannsókn & Greining.
- Hagir og liðan ungs fólks í Vestmannaeyjum*. 2003. Reykjavík, Rannsókn & Greining.
- Handbók Hjallans*.
- Hargreaves, A., M. Fullan. 1998. *What's worth fighting for out there*. New York, Teacher college press.
- Hargreaves, D. 1994. The New Professionalism: The Synthesis of Professional and Institutional Development. *Teaching & Teacher Education* 10(4):423–438.

- Harms og Clifford. 2000. (ECERS kvarði)
- Holmes Group. 1986. *Tomorrow's Teachers. A report of the Holmes Group*. East Lansing.
- Hoy, W.K., Miskel, C.G. 2005. *Educational Administration. Theory, Research, and Practice*. 7. útg. Boston, McGraw Hill.
- Hoyle, E. 1975. Professionalism, Professionalism and Control in Teaching. *Management in Education I* (ritstj. Houghton, V., McHugh, R., Morgan, C.) bls. 314-320. London, Ward Lock.
- Hrólfur Kjartansson. 1991. *Skólanámskrágerð í grunnskólum á Íslandi*.
- Ingólfur Á. Jóhannesson. 1999. Sérhæfð þekking kennara. *Uppeldi og menntun* 8:71–89.
- Kristín Aðalsteinsdóttir. 2000. *Small Schools, Interaction and Empathy. A study of Teachers' Behaviour and Practices, with Emphasis on Effects on Pupils with Special Needs*. (PhD-ritgerð, óbirt). University of Bristol.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995.*
- Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.*
- Menntamálaráðuneytið. 2003. *Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Skýrsla nefndar og tillögur*.
- Ólafur Proppé. 1992. Kennarafræði, fagmennska og skólastarf. *Uppeldi og menntun* 1:223–231.
- Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Vestmanneyja. 1989.
- Rudduck, Jean, Julia Flutter. 2000. Pupil participation and pupil perspective: Carving a new order of experience. *Cambridge Journal of Education* 30(1):75–89.
- Rudduck, Jean, Helen Demetriou. 2003. Student perspectives and teacher practices: The transformational potential. *McGill Journal of Education* 38(2):274–288.
- Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannesson, Rósa Eggertsdóttir og M. West. 1999. *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Rúnar Sigþórsson. 2004. Hún er löng, leiðin til stjarnanna. Þarfir nemenda, starfsþróun og skólaþróun. *Netla, vef tímarit Kennaraháskóla Íslands*. Sótt 25.04.2005.
<http://netla.khi.is/greinar/2004/008/index.htm>
- Salamancayfirlýsingin og rammaáætlanir um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. 1995. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir. 2003. Bjargráð unglunga. *Glæður* 13(1).
- Skólanámskrá Barnaskóla Vestmannaeyja*.
- Skólanámskrá Hamarsskóla*.
- Sóley S. Bender. 2003. Rýnihópar. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), bls. 85–99. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Stefán Ólafsson. 1997. *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík, Bygðastofnun.

- Stainback, W., S. Stainback, og G. Bunch. 1989. Introduction and historical background. Stainback, S., W. Stainback og M. Forest (ristj.) *Educating All Students in the Mainstream of Regular Education*, bls. 89-103. Baltimore. Paul H. Brookes Publishing.
- Swap, S. M. 1993. *Developing Home-School Partnerships, From Concepts to Practice*. London, Teacher College Press.
- UNESCO. 1992. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18, 2. nóvember. http://www.barnaheill.is/barnasattmali_max.html.
- Vífill Karlsson. 2003. *Meðalkostnaður íslenskra grunnskóla: Nokkrir áhrifaþættir á þróun meðalkostnaðar*. Rannsóknarskýrsla nr. 1. Viðskiptaháskólinn á Bifröst.
- Þorlákur Karlsson. 2003. Spurningalistakannanir. Uppbygging, orðalag og hættur. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), bls. 331–355. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Þórólfur Þorlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. 1998. *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Fylgiskjöl

*Spurningalisti - Foreldrar leikskólabarna**Kærar þakkir fyrir þátttökuna.**Vinsamlega merktu í þann reit sem best á við.*

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/n	sammála	alveg sammála
1. Hve sammála ertu því að skólastjórnendur í leikskólanum veiti markvissa forystu?	☐	☐	☐	☐	☐
2. Hve sammála ertu því að stefna leikskólans sé skýr?	☐	☐	☐	☐	☐
3. Hve sammála ertu því að leikskólinn bregðist markvisst við erfiðleikum barna?	☐	☐	☐	☐	☐
4. Hve sammála ertu því að leikskólinn geri sitt til að tryggja börnum sem fjölbreyttust tækifæri?	☐	☐	☐	☐	☐
5. Hve sammála ertu því að leikskólinn sé góður leikskóli?	☐	☐	☐	☐	☐
6. Hve sammála ertu því að starfsandi eða liðsandi í leikskólanum sé góður?	☐	☐	☐	☐	☐
7. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri kennara?	☐	☐	☐	☐	☐
8. Hve sammála ertu því að starf leikskólans er gert sýnilegt?	☐	☐	☐	☐	☐
9. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á framförum barnanna?	☐	☐	☐	☐	☐
10. Hve sammála ertu því að metnaður kennara við leikskólann sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
11. Hve sammála ertu því að samskipti starfsfólks innbyrðis séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
12. Hve sammála ertu því að samskipti kennara og barna í leikskólanum séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
13. Hve sammála ertu því að samskipti barna og annars starfsfólks en kennara séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
14. Hve sammála ertu því að innbyrðis samskipti barnanna séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
15. Hve sammála ertu því að samskipti milli foreldra og starfsfólks leikskólans séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
16. Hve sammála ertu því að leikskólinn leggi áherslu á góð samskipti við alla í byggðarlaginu?	☐	☐	☐	☐	☐
17. Hve sammála ertu því beitt sé fjölbreyttum leiðum í starfi leikskólans?	☐	☐	☐	☐	☐
18. Hve sammála ertu því að einelti í leikskólanum sé fátítt?	☐	☐	☐	☐	☐
19. Hve sammála ertu því að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
20. Hve sammála ertu að kennarar leikskólans komi fram við börnin af virðingu og sanngirni?	☐	☐	☐	☐	☐
21. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi innan leikskólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
22. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi utan leikskólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
23. Hve sammála ertu því að þér finnist þú sem foreldri velkomin(n) í leikskólann?	☐	☐	☐	☐	☐
24. Hve sammála ertu því að foreldrar sýni samstarfi við leikskólann mikinn áhuga?	☐	☐	☐	☐	☐
25. Hve sammála ertu því að viðhorf foreldra til leikskólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
26. Hve sammála ertu því að foreldrum sé ljós stefna leikskólans um foreldrastarf?	☐	☐	☐	☐	☐
27. Hve sammála ertu því að samstarfið við kennara sé ánægjulegt?	☐	☐	☐	☐	☐
28. Hve sammála ertu því að leikskólinn eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra?	☐	☐	☐	☐	☐
29. Hve sammála ertu því að þú myndir vilja sjá meiri þátttöku foreldra í starfi leikskólans?	☐	☐	☐	☐	☐
30. Hve sammála ertu því að leikskólinn vinni skipulega að því að efla samstarf við foreldra?	☐	☐	☐	☐	☐
31. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá leikskóla til foreldra sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
32. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá foreldrum til leikskóla sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
33. Hve sammála ertu því að aukin áhrif foreldra muni hraða umbótum í leikskólum?	☐	☐	☐	☐	☐
34. Hve sammála ertu því að líðan barnanna í leikskólanum sé góð?	☐	☐	☐	☐	☐
35. Hve sammála ertu því að metnaður leikskólans fyrir hönd barnanna sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
36. Hve sammála ertu því að viðhorf barna til grunnskóla að loknum leikskóla sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
37. Hve sammála ertu því að í leikskólanum fái börnin viðfangsefni við hæfi?	☐	☐	☐	☐	☐
38. Hve sammála ertu því að aðferðir leikskólans taki almennt mið af einstaklingnum?	☐	☐	☐	☐	☐
39. Hve sammála ertu því að kennarar þekki einstaklingsbundnar þarfir allra barna sem tilheyra þeirra hóp?	☐	☐	☐	☐	☐
40. Hve sammála ertu því að kröfur leikskólans til foreldra séu hæfilegar?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
41. Hve sammála ertu því væntingar þínar til leikskólans eru miklar?	☐	☐	☐	☐	☐
42. Hve sammála ertu því að komið er til móts við hæfileika barnsins þíns í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
43. Hve sammála ertu því að barninu sé hrósað þegar vel gengur?	☐	☐	☐	☐	☐
44. Hve sammála ertu því að börnin haldi sig vel að verki í hópatímum/vinnustundum?	☐	☐	☐	☐	☐
45. Hve sammála ertu því að verk barnanna séu höfð reglulega til sýnis í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
46. Hve sammála ertu því að starfshættir leikskólans geri ráð fyrir samvinnu barnanna?	☐	☐	☐	☐	☐
47. Hve sammála ertu því að börnin séu hvött til að ræða saman um viðfangsefni sín til að leita lausna?	☐	☐	☐	☐	☐
48. Hve sammála ertu því að reglur um umgengni og hegðun í leikskólanum séu skráðar?	☐	☐	☐	☐	☐
50. Hve sammála ertu því að foreldrar þekki vel til reglna um umgengni og hegðun í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
51. Hve sammála ertu því að börnin fari eftir settum reglum í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
52. Hve sammála ertu því að starfsfólk leikskólans sé samtaka í að framfylgja umgengnisreglum?	☐	☐	☐	☐	☐
53. Hve sammála ertu því að metnaður sveitarfélagsins í að byggja upp góðan leikskóla sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
54. Hve sammála ertu því að stefna sveitarfélagsins í málefnum leikskólans sé skýr?	☐	☐	☐	☐	☐
55. Hve sammála ertu því að börnum leikskólans standi til boða fjölbreytt tómtundastarf í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
56. Hve sammála ertu því að leikskólinn eigi að vera miðstöð íþróttar- og félagsstarfs fyrir börn?	☐	☐	☐	☐	☐
57. Hve sammála ertu því að leikskólinn eigi að veita börnum aðstöðu til félags- og tómtundastarfa?	☐	☐	☐	☐	☐
58. Hve sammála ertu því að foreldrar eigi að hafa aðstöðu í leikskólanum undir fundi?	☐	☐	☐	☐	☐

Þakkar fyrir þátttökuna

Spurningalisti - starfsfólk leikskóla

Kærar þakkar fyrir þátttökuna.

Vinsamlega merktu í þann reit sem best á við.

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/n	sammála	alveg sammála
1. Hve sammála ertu því að skólastjórnnendur í leikskólanum þínum veiti skólastarfinu markvissa forystu?	☐	☐	☐	☐	☐
2. Hve sammála ertu því að starfsfólk leikskólans taki þátt í að móta stefnu skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
3. Hve sammála ertu því að leikskólinn bregðist markvisst við erfiðleikum barna?	☐	☐	☐	☐	☐
4. Hve sammála ertu því að stefna leikskólans sé skýr?	☐	☐	☐	☐	☐
5. Hve sammála ertu því að leikskólinn geri sitt til að tryggja börnum sem fjölbreyttust námstækifæri?	☐	☐	☐	☐	☐
6. Hve sammála ertu því að hlutdeild kennara í mikilvægum ákvörðunum um skólastarfið sé mikil?	☐	☐	☐	☐	☐
7. Hve sammála ertu því að leikskólinn þinn sé góður?	☐	☐	☐	☐	☐
8. Hve sammála ertu því að starfsandi/liðsandi í leikskólanum sé góður?	☐	☐	☐	☐	☐
9. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri kennara?	☐	☐	☐	☐	☐
10. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á framförum barnanna?	☐	☐	☐	☐	☐
11. Hve sammála ertu því að metnaður kennara við leikskólann sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
12. Hve sammála ertu því að samskipti starfsfólks innbyrðis séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
13. Hve sammála ertu því að samskipti starfsfólks og leikskólastjóra séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
14. Hve sammála ertu því að samskipti kennara og barna í leikskólanum séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
15. Hve sammála ertu því að samskipti nemenda og annars starfsfólks en kennara séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
16. Hve sammála ertu því að innbyrðis samskipti barnanna séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
17. Hve sammála ertu því að leikskólinn leggi áherslu á góð samskipti við alla í byggðarlaginu?	☐	☐	☐	☐	☐
18. Hve sammála ertu því að beitt sé fjölbreyttum leiðum til að ná markmiðum leikskólans?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
19. Hve sammála ertu því að kennarar ræði saman um vinnubrögð?	☐	☐	☐	☐	☐
20. Hve sammála ertu því að þú hafir lært um aðferðir og vinnubrögð af samstarfsfólki þínum?	☐	☐	☐	☐	☐
21. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi innan leikskólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
22. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi utan leikskólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
23. Hve sammála ertu því að þekking þín og reynsla sé mikið nýtt við skipulagningu starfsins?	☐	☐	☐	☐	☐
24. Hve sammála ertu því að þekking þín og reynsla sé nýtt við framkvæmd starfsins?	☐	☐	☐	☐	☐
25. Hve sammála ertu því að foreldrar sýni samstarfi við skólann mikinn áhuga?	☐	☐	☐	☐	☐
26. Hve sammála ertu því að viðhorf foreldra til leikskólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
27. Hve sammála ertu því að foreldrum sé ljós stefna leikskólans um foreldrastarf?	☐	☐	☐	☐	☐
28. Hve sammála ertu því að samstarfið við foreldra sé ánægjulegt?	☐	☐	☐	☐	☐
29. Hve sammála ertu því að þú myndir vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu?	☐	☐	☐	☐	☐
30. Hve sammála ertu því að leikskólinn vinni skipulega að því að efla samstarf við foreldra?	☐	☐	☐	☐	☐
31. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá leikskóla til foreldra sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
32. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá foreldrum til leikskóla sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
33. Hve sammála ertu því að líðan barna í leikskólanum sé góð?	☐	☐	☐	☐	☐
34. Hve sammála ertu því að aukin áhrif foreldra muni hraða umbótum í leikskólum?	☐	☐	☐	☐	☐
35. Hve sammála ertu því að viðhorf almennings til leikskólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
36. Hve sammála ertu því að viðhorf leikskólabarna sé jákvætt til grunnskólans?	☐	☐	☐	☐	☐
37. Hve sammála ertu því að þú þekkir einstaklingsbundnar námsþarfir allra barna sem tilheyra þinni deild?	☐	☐	☐	☐	☐
38. Hve sammála ertu því að þér takist vel að koma til móts við þarfir allra barnanna sem tilheyra þínum hóp?	☐	☐	☐	☐	☐
39. Hve sammála ertu því að stuðlað sé að samvinnu milli barnanna?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
40. Hve sammála ertu því að kröfur um framfarir hjá börnum í leikskólanum séu hæfilegar?	☐	☐	☐	☐	☐
41. Hve sammála ertu því að börnin haldi sig vel að verki í hópatímum/vinnustundum?	☐	☐	☐	☐	☐
42. Hve sammála ertu því að það vel tekst að skapa flæði í leik barnanna?	☐	☐	☐	☐	☐
43. Hve sammála ertu því að verk barnanna séu höfð reglulega til sýnis í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
44. Hve sammála ertu því að verk barnanna eru höfð reglulega til sýnis út í samfélaginu?	☐	☐	☐	☐	☐
45. Hve sammála ertu því að þú hrósir börnunum oft þegar þau gera vel?	☐	☐	☐	☐	☐
46. Hve sammála ertu því að starfsaðferðir leikskólans séu almennt sniðnar að þörfum barnanna?	☐	☐	☐	☐	☐
47. Hve sammála ertu því að börnin séu hvött til að ræða saman um viðfangsefni sín til að leita lausna?	☐	☐	☐	☐	☐
48. Hve sammála ertu því að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
49. Hve sammála ertu því að leikskólinn taki af festu á eineltismálum?	☐	☐	☐	☐	☐
50. Hve sammála ertu því að reglur um umgengni og hegðun í leikskólanum séu skráðar?	☐	☐	☐	☐	☐
51. Hve sammála ertu því að börnin fari eftir settum reglum í leikskólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
52. Hve sammála ertu því að starfsfólk leikskólans sé samtaka í að framfylgja umgengnisreglum?	☐	☐	☐	☐	☐
53. Hve sammála ertu því að börnin taki þátt í að setja umgengnisreglur?	☐	☐	☐	☐	☐
54. Hve sammála ertu því að metnaður sveitarfélagsins í að byggja upp góðan leikskóla sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
55. Hve sammála ertu því að þjónusta skólaskrifstofu við leikskólann nýtist vel?	☐	☐	☐	☐	☐
56. Hve sammála ertu því að stefna sveitarfélagsins í málefnum leikskólans sé skýr?	☐	☐	☐	☐	☐
57. Hve sammála ertu því að skólanefndin sýni mikinn áhuga á málefnum leikskólans?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/n	sammála	alveg sammála
58. Hve sammála ertu því að börnum á leikskólaaldri standi til boða fjölbreytt tómstundastarf?	☐	☐	☐	☐	☐
59. Hve sammála ertu því að leikskólinn eigi að vera miðstöð íþróttar- og félagsstarfs fyrir börn?	☐	☐	☐	☐	☐
60. Hve sammála ertu því að foreldrar eigi að hafa aðstöðu í leikskólanum undir fundi?	☐	☐	☐	☐	☐

Þakkir fyrir þátttökuna

*Nemendur 4. bekk**Karar þakkeir fyrir þátttökuna.**Vinsamlega merktu í þann reit sem best á við.*

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
1. Ég hef áhuga á að ná góðum árangri í náminu:	☐	☐	☐	☐	☐
2. Mér finnst grunnskólanám mikilvægt:	☐	☐	☐	☐	☐
3. Kennarar útskýra námsefni vel:	☐	☐	☐	☐	☐
4. Í skólanum er mikil áhersla lögð á námsárangur:	☐	☐	☐	☐	☐
5. Ég ræð við það sem gera á í tímum:	☐	☐	☐	☐	☐
6. Ég fæ hjálp í tímum þegar ég þarf hana:	☐	☐	☐	☐	☐
7. Mér finnst heimanámið of lítið:	☐	☐	☐	☐	☐
8. Mér finnst heimanámið of mikið:	☐	☐	☐	☐	☐
9. Mér líður vel í skólanum:	☐	☐	☐	☐	☐
10. Samskipti mín við kennara eru góð:	☐	☐	☐	☐	☐
11. Samskipti nemenda innbyrðis eru góð:	☐	☐	☐	☐	☐
12. Skólinn bregst strax við ef vart verður stríðni eða eineltis:	☐	☐	☐	☐	☐
13. Mér finnst umsjónarkennarinn minn góður:	☐	☐	☐	☐	☐
14. Ég get rætt við umsjónarkennarann ef eitthvað er að:	☐	☐	☐	☐	☐
15. Ég get rætt við annað starfsfólk ef eitthvað er að:	☐	☐	☐	☐	☐
16. Mér finnst ég vinna vel í skólanum:	☐	☐	☐	☐	☐
17. Í tímum er góður vinnufriður:	☐	☐	☐	☐	☐
18. Ég vinn verkefni í samvinnu við aðra nemendur:	☐	☐	☐	☐	☐
19. Mér finnst námsefnið fjölbreytt og áhugavert:	☐	☐	☐	☐	☐
20. Kennarar hrósa mér þegar ég geri vel:	☐	☐	☐	☐	☐
21. Foreldrar hrósa mér þegar ég geri vel:	☐	☐	☐	☐	☐
22. Ég hef góðan stuðning heima þegar ég þarf á að halda vegna heimanáms:	☐	☐	☐	☐	☐
23. Nemendur fara að settum reglum:	☐	☐	☐	☐	☐
24. Foreldrar fylgjast vel með náminu mínu:	☐	☐	☐	☐	☐
25. Félagslíf í skólanum er gott:	☐	☐	☐	☐	☐
26. Nemendur sýna kennurum virðingu:	☐	☐	☐	☐	☐
27. Kennarar sýna nemendum virðingu:	☐	☐	☐	☐	☐

28. Ég er ánægð/ur með skólann minn:

Alveg ósammála	Ósammála	Sammála	Alveg ósammála	Óálkveðin/n
☐	☐	☐	☐	☐

Takk fyrir þátttökuna.

Nemendur 7. bekk

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Vinsamlega merktu í þann reit sem best á við.

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
1. Mér finnst skólinn minn góður:	☐	☐	☐	☐	☐
2. Ég hef áhuga á að ná góðum árangri í náminu:	☐	☐	☐	☐	☐
3. Mér finnst grunnskólanám mikilvægt:	☐	☐	☐	☐	☐
4. Að fara í framhaldsskóla eftir grunnskóla finnst mér mikilvægt:	☐	☐	☐	☐	☐
5. Kennarar útskýra námsefni vel:	☐	☐	☐	☐	☐
6. Í skólanum er mikil áhersla lögð á námsárangur:	☐	☐	☐	☐	☐
7. Vinnufriður í kennslustundum er mikill:	☐	☐	☐	☐	☐
8. Ég ræð við það sem gera á í tímum:	☐	☐	☐	☐	☐
9. Ég fæ hjálp í tímum þegar ég þarf hana:	☐	☐	☐	☐	☐
10. Mér finnst heimanámið of lítið:	☐	☐	☐	☐	☐
11. Mér finnst heimanámið of mikið:	☐	☐	☐	☐	☐
12. Mér líður vel í skólanum:	☐	☐	☐	☐	☐
13. Samskipti mín við kennara eru góð:	☐	☐	☐	☐	☐
14. Samskipti mín við annað starfsfólk eru góð:	☐	☐	☐	☐	☐
15. Samskipti nemenda við kennara eru góð:	☐	☐	☐	☐	☐
16. Samskipti nemenda við annað starfsfólk eru góð:	☐	☐	☐	☐	☐
17. Samskipti nemenda innbyrðis eru góð:	☐	☐	☐	☐	☐
18. Ég verð fyrir einelti:	☐	☐	☐	☐	☐
19. Einelti í skólanum er lítið:	☐	☐	☐	☐	☐
20. Skólinn bregst strax við ef vart verður eineltis:	☐	☐	☐	☐	☐
21. Mér finnst umsjónarkennarinn minn góður:	☐	☐	☐	☐	☐
22. Ég get rætt við umsjónarkennarann ef eitthvað er að:	☐	☐	☐	☐	☐
23. Ég get rætt við annað starfsfólk ef eitthvað er að:	☐	☐	☐	☐	☐
24. Mér finnst ég vinna vel í skólanum:	☐	☐	☐	☐	☐
25. Í tímum er góður vinnufriður:	☐	☐	☐	☐	☐
26. Ég vinn verkefni í samvinnu við aðra nemendur:	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
27. Mér finnst námsefnið fjölbreytt og áhugavert:	☐	☐	☐	☐	☐
28. Kennarar hvetja mig til að leggja mig fram:	☐	☐	☐	☐	☐
29. Foreldrar hvetja mig til að leggja mig fram:	☐	☐	☐	☐	☐
30. Kennarar hrósa mér þegar ég geri vel:	☐	☐	☐	☐	☐
31. Foreldrar hrósa mér þegar ég geri vel:	☐	☐	☐	☐	☐
32. Ég hef góðan stuðning heima þegar ég þarf á að halda vegna heimanáms:	☐	☐	☐	☐	☐
33. Ég vinn verkefni sem hæfa vel og ég ræð við:	☐	☐	☐	☐	☐
34. Í skólanum eru reglur um umgengni og hegðun:	☐	☐	☐	☐	☐
35. Nemendur fara að settum reglum:	☐	☐	☐	☐	☐
36. Foreldrar fylgjast vel með náminu mínu:	☐	☐	☐	☐	☐
37. Félagslíf í skólanum er gott:	☐	☐	☐	☐	☐
38. Nemendur sýna kennurum virðingu:	☐	☐	☐	☐	☐
39. Kennarar sýna nemendum virðingu:	☐	☐	☐	☐	☐
40. Ég er ánægð/ánægður með skólann minn:	☐	☐	☐	☐	☐
41. Unglingum í Vestmannaeyjum stendur til boða fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf utan skólans:	☐	☐	☐	☐	☐
42. Félagsmiðstöðin sinnir mikilvægu forvarnarstarfi á sviði æskulýðsmála:	☐	☐	☐	☐	☐
43. Íþróttafélög í Vestmannaeyjum leggja metnað í unglíngastarf sitt:	☐	☐	☐	☐	☐
44. Samstarf íþrótta- og æskulýðsfélaga og skóla í Vestmannaeyjum er gott:	☐	☐	☐	☐	☐
45. Öll aðstaða til íþrótta- og tómstundastarfs í Vestmannaeyjum er eins og best gerist:	☐	☐	☐	☐	☐
46. Unglingum í Eyjum eru sköpuð tækifæri til hvers konar lista- og menningarstarfsemi (tónlist, myndlist, leiklist):	☐	☐	☐	☐	☐

Takk fyrir þátttökuna.

Nemendur 10. bekk

Karar þakkir fyrir þátttökuna.

Vinsamlega merktu í þann reit sem best á við.

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
1. Hve sammála ertu því að skólinn sé góður skóli?	☐	☐	☐	☐	☐
2. Hve sammála ertu því að skólinn bregðist markvisst við námserfiðleikum?	☐	☐	☐	☐	☐
3. Hve sammála ertu því að skólinn geri sitt til að tryggja nemendum sem fjölbreyttust námstækifæri?	☐	☐	☐	☐	☐
4. Hve sammála ertu því að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
5. Hve sammála ertu því að nemendum sé raðað í bekki eftir getu?	☐	☐	☐	☐	☐
6. Hve sammála ertu því að starfsandi eða liðsandi í skólanum sé góður?	☐	☐	☐	☐	☐
7. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
8. Hve sammála ertu því að metnaður kennara við skólann sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
9. Hve sammála ertu því að samskipti kennara og nemenda í skólanum séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
10. Hve sammála ertu því að samskipti nemenda og annars starfsfólks en kennara séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
11. Hve sammála ertu því að innbyrðis samskipti nemenda séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
12. Hve sammála ertu því að skólinn leggi áherslu á góð samskipti við alla í byggðarlaginu?	☐	☐	☐	☐	☐
13. Hve sammála ertu því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar?	☐	☐	☐	☐	☐
14. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
15. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi utan skólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
16. Hve sammála ertu því að foreldrar sýni samstarfi við skólann mikinn áhuga?	☐	☐	☐	☐	☐
17. Hve sammála ertu því að viðhorf foreldra til skólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
18. Hve sammála ertu því að samstarfið við kennara sé ánægjulegt?	☐	☐	☐	☐	☐
19. Hve sammála ertu því að þú myndir vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu?	☐	☐	☐	☐	☐
20. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá skóla til foreldra sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐

		alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
21.	Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá foreldrum til skóla sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
22.	Hve sammála ertu því að líðan nemenda í skólanum sé góð?	☐	☐	☐	☐	☐
23.	Hve sammála ertu því að viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
24.	Hve sammála ertu því að námsmetnaður nemenda sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
25.	Hve sammála ertu því að nemendur hafi skýra mynd af stefnu skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
26.	Hve sammála ertu því að viðhorf nemenda til framhaldsnáms að loknum grunnskóla sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
27.	Hve sammála ertu því að kennarar þekki einstaklingsbundnar námsþarfir allra nemenda þinna?	☐	☐	☐	☐	☐
28.	Hve sammála ertu því að kröfur um námsástundun í skólanum séu <u>miklar</u> ?	☐	☐	☐	☐	☐
29.	Hve sammála ertu því að kröfur um námsástundun í skólanum séu <u>litlar</u> ?	☐	☐	☐	☐	☐
30.	Hve sammála ertu því að kröfur um reglulegt heimanám nemenda séu of litlar?	☐	☐	☐	☐	☐
31.	Hve sammála ertu því að kröfur um reglulegt heimanám nemenda séu of miklar?	☐	☐	☐	☐	☐
32.	Hve sammála ertu því að nemendur leggi mikla alúð í heimanámið?	☐	☐	☐	☐	☐
33.	Hve sammála ertu því að nemendur haldi sig vel að verki í tímum?	☐	☐	☐	☐	☐
34.	Hve sammála ertu því að skólinn hvetji nemendur til að ná góðum námsárangri?	☐	☐	☐	☐	☐
35.	Hve sammála ertu því að verk nemenda séu höfð reglulega til sýnis í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
36.	Hve sammála ertu því að nemendum sé oft hrósað þegar þeir gera vel?	☐	☐	☐	☐	☐
37.	Hve sammála ertu því að kennsluaðferðir við skólann séu almennt sniðnar að þörfum nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
38.	Hve sammála ertu því að kennsluhættir í skólanum geri ráð fyrir samvinnu nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
39.	Hve sammála ertu því að nemendur séu hvattir til að ræða saman um viðfangsefni sín til að leita lausna?	☐	☐	☐	☐	☐
40.	Hve sammála ertu því að reglur um umgengni og hegðun í skólanum séu skráðar?	☐	☐	☐	☐	☐
41.	Hve sammála ertu því að næði í kennslustundum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
42. Hve sammála ertu því að nemendur fari eftir settum reglum í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
43. Hve sammála ertu því að starfsfólk skólans sé samtaka í að framfylgja umgengnisreglum?	☐	☐	☐	☐	☐
44. Hve sammála ertu því að metnaður sveitarfélagsins í að byggja upp góðan skóla sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
45. Hve sammála ertu því að foreldrar styðji við nám barna sinna?	☐	☐	☐	☐	☐
46. Hve sammála ertu því að foreldrar hvetji nemendur hæfilega til náms?	☐	☐	☐	☐	☐
47. Hve sammála ertu því að foreldrar sjái til þess að nemendur virði útivistarreglur?	☐	☐	☐	☐	☐
48. Hve sammála ertu því að skólinn taki af festu á eineltismálum sem upp koma?	☐	☐	☐	☐	☐
49. Hve sammála ertu því að námsárangur í skólanum sé viðunandi?	☐	☐	☐	☐	☐
50. Hve sammála ertu því að félagsstarf í skólanum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
51. Hve sammála ertu því að nemendum standi til boða fjölbreytt tómtundastarf í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
52. Hve sammála ertu því að skólinn eigi að vera miðstöð íþrótt- og félagsstarfs fyrir börn og unglínga?	☐	☐	☐	☐	☐
53. Hve sammála ertu því að að grunnskólinn eigi að veita börnum og unglingum aðstöðu til félags- og tómtundastarfa?	☐	☐	☐	☐	☐
54. Hve sammála ertu því að þegar grunnskólanámi ljúki sé unnt að komast í gott eða vel launað starf?	☐	☐	☐	☐	☐
55. Hve sammála ertu því að unglingum í Vestmannaeyjum standi til boða fjölbreytt íþrótt- og tómtundastarf utan skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
56. Hve sammála ertu því að félagsmiðstöðin sinni mikilvægu forvarnarstarfi á sviði æskulýðsmála?	☐	☐	☐	☐	☐
57. Hve sammála ertu því að íþróttafélög í Vestmannaeyjum leggi metnað í unglingastarf sitt?	☐	☐	☐	☐	☐
58. Hve sammála ertu því að samstarf íþrótt- og æskulýðsfélaga og skóla í Vestmannaeyjum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
59. Hve sammála ertu því að öll aðstaða til íþrótt- og tómtundastarfs í Vestmannaeyjum sé eins og best gerist?	☐	☐	☐	☐	☐
60. Hve sammála ertu því að unglingum í Vestmannaeyjum séu sköpuð tækifæri til hvers konar lista- og menningarstarfsemi (tónlist, myndlist, leiklist...)?	☐	☐	☐	☐	☐

Takk fyrir þátttökuna

*Foreldri barns í grunnskóla**Kærar þakkar fyrir þátttökuna.**Vinsamlega merktu í þann reit sem best á við.*

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
1. Hve sammála ertu því að skólastjórnendur í skólanum veiti skólanum markvissa forystu?	☐	☐	☐	☐	☐
2. Hve sammála ertu því að skólinn bregðist markvisst við námserfiðleikum?	☐	☐	☐	☐	☐
3. Hve sammála ertu því að skólinn geri sitt til að tryggja nemendum sem fjölbreyttust námstækifæri?	☐	☐	☐	☐	☐
4. Hve sammála ertu því að í skólanum fái nemendur viðfangsefni sem hæfa getu þeirra?	☐	☐	☐	☐	☐
5. Hve sammála ertu því að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
6. Hve sammála ertu því að skólinn sé góður skóli?	☐	☐	☐	☐	☐
7. Hve sammála ertu því að nemendum sé raðað í getu- eða jafningjaskiptar bekkjardeildir?	☐	☐	☐	☐	☐
8. Hve sammála ertu því að starfsandi eða liðsandi í skólanum sé góður?	☐	☐	☐	☐	☐
9. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri kennara?	☐	☐	☐	☐	☐
10. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
11. Hve sammála ertu því að metnaður kennara við skólann sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
12. Hve sammála ertu því að samskipti kennara innbyrðis séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
13. Hve sammála ertu því að samskipti kennara og nemenda í skólanum séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
14. Hve sammála ertu því að samskipti nemenda og annars starfsfólks en kennara séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
15. Hve sammála ertu því að innbyrðis samskipti nemenda séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
16. Hve sammála ertu því að skólinn leggi áherslu á góð samskipti við alla í byggðarlaginu?	☐	☐	☐	☐	☐
17. Hve sammála ertu því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar?	☐	☐	☐	☐	☐
18. Hve sammála ertu því að einelti í skólanum sé fátítt?	☐	☐	☐	☐	☐
19. Hve sammála ertu að kennarar skólans komi fram við nemendur af virðingu og sanngirni?	☐	☐	☐	☐	☐
20. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
21. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi utan skólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
22. Hve sammála ertu því að þér finnist þú sem foreldri velkomin(n) í skólann?	☐	☐	☐	☐	☐
23. Hve sammála ertu því að foreldrar sýni samstarfi við skólann mikinn áhuga?	☐	☐	☐	☐	☐
24. Hve sammála ertu því að viðhorf foreldra til skólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
25. Hve sammála ertu því að foreldrum sé ljós stefna skólans um foreldrastarf?	☐	☐	☐	☐	☐
26. Hve sammála ertu því að samstarfið við kennara sé ánægjulegt?	☐	☐	☐	☐	☐
27. Hve sammála ertu því að þú myndir vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu?	☐	☐	☐	☐	☐
28. Hve sammála ertu því að skólinn vinni skipulega að því að efla samstarf við foreldra?	☐	☐	☐	☐	☐
29. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá skóla til foreldra sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
30. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá foreldrum til skóla sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
31. Hve sammála ertu því að aukin áhrif foreldra muni hraða umbótum í grunnskólum?	☐	☐	☐	☐	☐
32. Hve sammála ertu því að líðan nemenda í skólanum sé góð?	☐	☐	☐	☐	☐
33. Hve sammála ertu því að viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
34. Hve sammála ertu því að námsmetnaður nemenda sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
35. Hve sammála ertu því að nemendur hafi skýra mynd af stefnu skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
36. Hve sammála ertu því að viðhorf nemenda til framhaldsnáms að loknum grunnskóla sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
37. Hve sammála ertu því að kennarar þekki einstaklingsbundnar námsþarfir allra nemenda þinna?	☐	☐	☐	☐	☐
38. Hve sammála ertu því að kröfur um námsástundun í skólanum séu hæfilegar?	☐	☐	☐	☐	☐
39. Hve sammála ertu því að kröfur um reglulegt heimanám nemenda séu of litlar?	☐	☐	☐	☐	☐
40. Hve sammála ertu því að kröfur um reglulegt heimanám nemenda séu of miklar?	☐	☐	☐	☐	☐
41. Hve sammála ertu því að nemendur leggi mikla alúð í heimanámið?	☐	☐	☐	☐	☐
42. Hve sammála ertu því að nemendur haldi sig vel að verki í tímum?	☐	☐	☐	☐	☐
43. Hve sammála ertu því að skólinn hvetji nemendur til að ná góðum námsárangri?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
44. Hve sammála ertu því að verk nemenda séu höfð reglulega til sýnis í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
45. Hve sammála ertu því að þú hrósir nemendum oft þegar þeir gera vel?	☐	☐	☐	☐	☐
46. Hve sammála ertu því að kennsluaðferðir við skólann séu almennt sniðnar að þörfum nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
47. Hve sammála ertu því að kennsluhættir í skólanum geri ráð fyrir samvinnu nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
48. Hve sammála ertu því að nemendur séu hvattir til að ræða saman um viðfangsefni sín til að leita lausna?	☐	☐	☐	☐	☐
49. Hve sammála ertu því að reglur um umgengni og hegðun í skólanum séu skráðar?	☐	☐	☐	☐	☐
50. Hve sammála ertu því að næði í kennslustundum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
51. Hve sammála ertu því að nemendur fari eftir settum reglum í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
52. Hve sammála ertu því að starfsfólk skólans sé samtaka í að framfylgja umgengnisreglum?	☐	☐	☐	☐	☐
53. Hve sammála ertu því að metnaður sveitarfélagsins í að byggja upp góðan skóla sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
54. Hve sammála ertu því að skólastefna sveitarfélagsins sé skýr?	☐	☐	☐	☐	☐
55. Hve sammála ertu því að félagsstarf í skólanum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
56. Hve sammála ertu því að nemendum standi til boða fjölbreytt tómtundastarf í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
57. Hve sammála ertu því að skólinn eigi að vera miðstöð íþróttar- og félagsstarfs fyrir börn og unglinga?	☐	☐	☐	☐	☐
58. Hve sammála ertu því að að grunnskólinn eigi að veita börnum og unglingum aðstöðu til félags- og tómtundastarfa?	☐	☐	☐	☐	☐
59. Hve sammála ertu því að foreldrar styðji við nám barna sinna?	☐	☐	☐	☐	☐
60. Hve sammála ertu því að foreldrar hvetji nemendur hæfilega til náms?	☐	☐	☐	☐	☐
61. Hve sammála ertu því að foreldrar sjái til þess að nemendur virði útivistarreglur?	☐	☐	☐	☐	☐
62. Hve sammála ertu því að námsárangur í skólanum sé viðunandi?	☐	☐	☐	☐	☐
63. Hve sammála ertu því að unglingum í Vestmannaeyjum standi til boða fjölbreytt íþróttar- og tómtundastarf utan skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
64. Hve sammála ertu því að félagsmiðstöðin sinni mikilvægu forvarnarstarfi á sviði æskulýðsmála?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/n	sammála	alveg sammála
65. Hve sammála ertu því að íþróttafélög í Vestmannaeyjum leggi metnað í unglingastarf sitt?	☐	☐	☐	☐	☐
66. Hve sammála ertu því að samstarf íþrótt- og æskulýðsfélaga og skóla í Vestmannaeyjum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
67. Hve sammála ertu því að öll aðstaða til íþrótt- og tómstundastarfs í Vestmannaeyjum sé eins og best gerist?	☐	☐	☐	☐	☐
68. Hve sammála ertu því að unglingum í Vestmannaeyjum séu sköpuð tækifæri til hvers konar lista- og menningarstarfsemi (tónlist, myndlist, leiklist...)?	☐	☐	☐	☐	☐

Þakkir fyrir þátttökuna

*Grunnskólakennarar.**Kærar þakkir fyrir þátttökuna.**Vinsamlega merktu í þann reit sem best á við.*

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
1. Hve sammála ertu því að skólastjórnendur í skólanum þínum veiti skólastarfinu markvissa forystu?	☐	☐	☐	☐	☐
2. Hve sammála ertu því að kennarar taki þátt í að móta stefnu skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
3. Hve sammála ertu því að skólinn bregðist markvisst við námserfiðleikum?	☐	☐	☐	☐	☐
4. Hve sammála ertu því að bundin viðvera í skólanum sé markvisst skipulögð?	☐	☐	☐	☐	☐
5. Hve sammála ertu því að skólinn geri sitt til að tryggja nemendum sem fjölbreyttust námstækifæri?	☐	☐	☐	☐	☐
6. Hve sammála ertu því að hlutdeild kennara í mikilvægum ákvörðunum um skólastarfið sé mikil?	☐	☐	☐	☐	☐
7. Hve sammála ertu því að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
8. Hve sammála ertu því að skólinn þinn sé góður?	☐	☐	☐	☐	☐
9. Hve sammála ertu því að nemendum sé raðað í getu- eða jafningjaskiptar bekkjardeildir?	☐	☐	☐	☐	☐
10. Hve sammála ertu því að starfsandi eða liðsandi í skólanum sé góður?	☐	☐	☐	☐	☐
11. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri kennara?	☐	☐	☐	☐	☐
12. Hve sammála ertu því að markvisst sé vakin athygli á góðum árangri nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
13. Hve sammála ertu því að metnaður kennara við skólann sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
14. Hve sammála ertu því að samskipti kennara innbyrðis séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
15. Hve sammála ertu því að samskipti kennara og skólastjóra séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
16. Hve sammála ertu því að samskipti kennara og nemenda í skólanum séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
17. Hve sammála ertu því að samskipti nemenda og annars starfsfólks en kennara séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
18. Hve sammála ertu því að innbyrðis samskipti nemenda séu góð?	☐	☐	☐	☐	☐
19. Hve sammála ertu því að skólinn leggi áherslu á góð samskipti við alla í byggðarlaginu?	☐	☐	☐	☐	☐
20. Hve sammála ertu því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
21. Hve sammála ertu því að kennarar ræði mikið saman um vinnubrögð í kennslu?	☐	☐	☐	☐	☐
22. Hve sammála ertu því að þú hafir lært um kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólastofunni af samkennurum þínum?	☐	☐	☐	☐	☐
23. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
24. Hve sammála ertu því að þú hafir góðan möguleika á ráðgjöf og stuðningi utan skólans þegar þú þarft á því að halda?	☐	☐	☐	☐	☐
25. Hve sammála ertu því að þekking þín og reynsla sé mikið nýtt við skipulagningu skólastarfs?	☐	☐	☐	☐	☐
26. Hve sammála ertu því að foreldrar sýni samstarfi við skólann mikinn áhuga?	☐	☐	☐	☐	☐
27. Hve sammála ertu því að viðhorf foreldra til skólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
28. Hve sammála ertu því að foreldrum sé ljós stefna skólans um foreldrastarf?	☐	☐	☐	☐	☐
29. Hve sammála ertu því að samstarfið við foreldra sé ánægjulegt?	☐	☐	☐	☐	☐
30. Hve sammála ertu því að þú myndir vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu?	☐	☐	☐	☐	☐
31. Hve sammála ertu því að skólinn vinni skipulega að því að efla samstarf við foreldra?	☐	☐	☐	☐	☐
32. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá skóla til foreldra sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
33. Hve sammála ertu því að upplýsingastreymi frá foreldrum til skóla sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
34. Hve sammála ertu því að aukin áhrif foreldra muni hraða umbótum í grunnskólum?	☐	☐	☐	☐	☐
35. Hve sammála ertu því að líðan nemenda í skólanum sé góð?	☐	☐	☐	☐	☐
36. Hve sammála ertu því að viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
37. Hve sammála ertu því að námsmetnaður nemenda sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
38. Hve sammála ertu því að nemendur hafi skýra mynd af stefnu skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
39. Hve sammála ertu því að viðhorf nemenda til framhaldsnáms að loknum grunnskóla sé jákvætt?	☐	☐	☐	☐	☐
40. Hve sammála ertu því að þú þekkir einstaklingsbundnar námsþarfir allra nemenda þinna?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
41. Hve sammála ertu því að kröfur um námsástundun í skólanum séu hæfilegar?	☐	☐	☐	☐	☐
42. Hve sammála ertu því að kröfur um reglulegt heimanám nemenda séu of litlar?	☐	☐	☐	☐	☐
43. Hve sammála ertu því að kröfur um reglulegt heimanám nemenda séu of miklar?	☐	☐	☐	☐	☐
44. Hve sammála ertu því að nemendur leggi mikla alúð í heimanámið?	☐	☐	☐	☐	☐
45. Hve sammála ertu því að nemendur haldi sig vel að verki í tímum?	☐	☐	☐	☐	☐
46. Hve sammála ertu því að skólinn hvetji nemendur til að ná góðum námsárangri?	☐	☐	☐	☐	☐
47. Hve sammála ertu því að verk nemenda séu höfð reglulega til sýnis í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
48. Hve sammála ertu því að þú hrósir nemendum oft þegar þeir gera vel?	☐	☐	☐	☐	☐
49. Hve sammála ertu því að kennsluaðferðir við skólann séu almennt sniðnar að þörfum nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
50. Hve sammála ertu því að þér takist vel að koma til móts við námsþarfir allra nemenda þinna?	☐	☐	☐	☐	☐
51. Hve sammála ertu því að kennsluhættir í skólanum geri ráð fyrir samvinnu nemenda?	☐	☐	☐	☐	☐
52. Hve sammála ertu því að nemendur séu hvattir til að ræða saman um viðfangsefni sín til að leita lausna?	☐	☐	☐	☐	☐
53. Hve sammála ertu því að reglur um umgengni og hegðun í skólanum séu skráðar?	☐	☐	☐	☐	☐
54. Hve sammála ertu því að næði í kennslustundum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
55. Hve sammála ertu því að nemendur fari eftir settum reglum í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
56. Hve sammála ertu því að starfsfólk skólans sé samtaka í að framfylgja umgengnisreglum?	☐	☐	☐	☐	☐
57. Hve sammála ertu því að nemendur taki þátt í að setja umgengnisreglur?	☐	☐	☐	☐	☐
58. Hve sammála ertu því að metnaður sveitarfélagsins í að byggja upp góðan skóla sé mikill?	☐	☐	☐	☐	☐
59. Hve sammála ertu því að þjónusta skólaskrifstofu við skólann nýtist vel?	☐	☐	☐	☐	☐
60. Hve sammála ertu því að skólastefna sveitarfélagsins sé skýr?	☐	☐	☐	☐	☐

	alveg ósammála	ósammála	óákveðin/nn	sammála	alveg sammála
61. Hve sammála ertu því að skólanefndin sýni mikinn áhuga á málefnum skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
62. Hve sammála ertu því að félagsstarf í skólanum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
63. Hve sammála ertu því að nemendum standi til boða fjölbreytt tómtundastarf í skólanum?	☐	☐	☐	☐	☐
64. Hve sammála ertu því að skólinn eigi að vera miðstöð íþrótta- og félagsstarfs fyrir börn og unglunga?	☐	☐	☐	☐	☐
65. Hve sammála ertu því að að grunnskólinn eigi að veita börnum og unglingum aðstöðu til félags- og tómtundastarfa?	☐	☐	☐	☐	☐
66. Hve sammála ertu því að foreldrar styðji við nám barna sinna?	☐	☐	☐	☐	☐
67. Hve sammála ertu því að foreldrar hvetji nemendur hæfilega til náms?	☐	☐	☐	☐	☐
68. Hve sammála ertu því að foreldrar sjái til þess að nemendur virði útvistarreglur?	☐	☐	☐	☐	☐
69. Hve sammála ertu því að skólinn taki af festu á eineltismálum?	☐	☐	☐	☐	☐
70. Hve sammála ertu því að námsárangur í skólanum sé viðunandi?	☐	☐	☐	☐	☐
71. Hve sammála ertu því að unglingum í Vestmannaeyjum standi til boða fjölbreytt íþrótta- og tómtundastarf utan skólans?	☐	☐	☐	☐	☐
72. Hve sammála ertu því að félagsmiðstöðin sinni mikilvægu forvarnarstarfi á sviði æskulýðsmála?	☐	☐	☐	☐	☐
73. Hve sammála ertu því að íþróttafélög í Vestmannaeyjum leggi metnað í unglingastarf sitt?	☐	☐	☐	☐	☐
74. Hve sammála ertu því að samstarf íþrótta- og æskulýðsfélaga og skóla í Vestmannaeyjum sé gott?	☐	☐	☐	☐	☐
75. Hve sammála ertu því að öll aðstaða til íþrótta- og tómtundastarfs í Vestmannaeyjum sé eins og best gerist?	☐	☐	☐	☐	☐
76. Hve sammála ertu því að unglingum í Vestmannaeyjum séu sköpuð tækifæri til hvers konar lista- og menningarstarfsemi (tónlist, myndlist, leiklist...)?	☐	☐	☐	☐	☐

Þakkar fyrir þátttökuna